Sveigjanleiki gengis íslensku krónunnar, sem hefur að undanförnu endurspeglað undirliggjandi hagþróun, og lækkandi vextir Seðlabankans leggjast einnig á sömu sveif en meginvextir bankans hafa aldrei verið lægri. Þá hafa aðilar vinnumarkaðarins lagt sitt af mörkum til að varna efnahagslegum óstöðugleika með nýlegum kjarasamningum sín á milli. Loks má nefna að ytri staða þjóðarbúsins hefur sjaldan eða aldrei verið betri, afgangur hefur verið á viðskiptum við útlönd samfellt frá árinu 2009, hrein erlend staða var jákvæð sem nam 10% af VLF í árslok 2018 og 20% eftir fyrsta ársfjórðung 2019. Önnur birtingarmynd þessa er aukinn sparnaður heimila og fyrirtækja og lægri skuldastaða þeirra og þar með aukinn viðnámsþróttur gegn slaka í efnahagslífinu. Við þessar aðstæður geta ríkisfjármálin veitt stuðning við heildareftirspurn, samhliða því að svigrúm ætti að gefast innan peningamálastefnunnar til að lækka vexti á réttum tímapunkti í hagsveiflunni.

Aukin tiltrú á tökum stjórnvalda á hagstjórninni hefur að sama skapi endurspeglast í góðu lánshæfismati ríkissjóðs og þeim greiningum og rökstuðningi sem að baki því býr. Sú tiltrú hefur margvíslega þýðingu en ekki síst fjárhagslega: ríkissjóði hafa aldrei áður boðist jafngóð kjör á skuldabréfamörkuðum en um þessar mundir, hvort sem er í íslenskum krónum eða evrum.

Svigrúm ríkissjóðs til þess að bregðast við hægari gangi í hagþróuninni má fyrst og fremst þakka agaðri fjármálastjórn undangenginna ára. Þannig hefur jákvæð afkoma, stöðugleikaframlög vegna losunar fjármagnshafta og aðrar óreglulegar tekjur á borð við arðgreiðslur verið nýttar til að lækka skuldir ríkisins verulega. Sterk staða ríkissjóðs endurspeglast m.a. í nýbirtum ríkisreikningi ársins 2018, þar sem heildarafkoman var jákvæð

um 38 ma.kr., eða um 5 ma. kr. betri en gert var ráð fyrir í fjárlögum þess árs. Samhliða þessu hefur verið lögð áhersla á skilvirkari nýtingu opinbera fjármuna. Meðal meginverkefna komandi ára verður að halda áfram að endurmeta útgjöld með það að markmiði að bæta nýtingu fjármuna og auka skilvirkni hjá hinu opinbera, ekki síst með síaukinni áherslu á stafræna þjónustu.

**Fjárfest til framtíðar**

Sem fyrr er það ásetningur ríkisstjórnarinnar að standa vörð um mikilvæga uppbyggingu innviða og þjónustu ríkisins. Aukin framlög til opinberra framkvæmda í fjárlagafrumvarpinu vega upp á móti minnkandi atvinnuvegafjárfestingu og eru liður í aðgerðum til að milda áhrif niðursveiflu. Hlutfallsleg útgjaldaaukning hefur verið mest í samgöngu- og fjarskiptamálum á kjörtímabilinu, eða 25% að raungildi. Á árinu 2020 er gert ráð fyrir ríflega 28 ma.kr. framlögum til fjárfestinga í samgöngum. Þá verður aukinn kraftur settur í uppbyggingu nýs Landspítala. Framlög til verkefnisins verða samtals 8,5 ma.kr. á árinu 2020 en bygging spítalans er stærsta einstaka fjárfestingaverkefni ríkisins. Meðal annara stórra fjárfestingaverkefna má nefna kaup á þyrlum fyrir Landhelgisgæsluna, framlög vegna smíði nýs hafrannsóknarskips og byggingu Húss íslenskunnar. Alls nema framlög til fjárfestinga ríflega 78 ma.kr. og hafa aukist um rúma 27 ma.kr. að raungildi frá árinu 2017.

**Fjárfestingar auknar verulega**

Framlög á verðlagi 2020*




* m.v. vísitölu neysluverðs

Á sama tíma og unnið er gegn hagsveiflunni og lífskjör bætt er stefnt að því að styrkja viðnámsþrótt ríkisfjármálanna enn frekar. Í því skyni er mikilvægt að vinna að því að draga úr eignarhaldi ríkissjóðs í fjármálakerfinu. Það gefur færi á að draga úr umtalsverðri fjárhagsáhættu ríkissjóðs og nýta hluta söluandvirðis til að fjármagna fjárfestingar í innviðum, lækka beinar skuldir og lífeyrisskuldbindingar eða mynda peningalegar eignir í sjóði til að mæta annarri fjárhagsáhættu.

**Lægri skattar til hagsbóta fyrir alla**

Allt frá árinu 2013 hefur lækkun skatta á einstaklinga verið forgangsmál stjórnvalda. Á tímabilinu 2014-2018 voru þeir lækkaðir um nærri 25 ma.kr. á ársgrundvelli og ráðstöfunartekjur stórjukust. Í stefnuyfirlýsingu ríkistjórnarinnar var kveðið á um frekari lækkun tekjuskatts einstaklinga, sem næmi 1 prósentustigi á kjörtímabilinu. Í aðdraganda kjarasamninga kynnti ríkisstjórnin enn umfangsmeiri lækkun. Ný útfærsla skattkerfis felur í sér nýtt grunnþrep, auk nýs viðmiðs í þróun persónuafsláttar og þrepa, sem fylgir þróun samanlagðra breytinga á vísitölu neysluverðs og þróun framleiðni.

Nýtt skattkerfi léttir til muna skattbyrði lágtekju- og millitekjuhópa. Alls munu breytingarnar fela í sér 21 ma.kr. minni álögur þegar þær verða að fullu innleiddar, en það samsvarar um 10% af tekjum ríkisins af tekjuskatti einstaklinga. Lækkunin kemur að fullu fram á tveimur árum en ekki þremur eins og áður hafði verið boðað. Tekjuskattslækkunin eykur ráðstöfunartekjur og einkaneyslu heimilanna. Stuðlar hún þannig að efnahagslegum stöðugleika, bæði vegna tímasetningarinnar í hagsveiflunni og hás sparnaðarhlutfalls heimilanna.

Auk lækkunar tekjuskatts kemur til framkvæmdar seinni hluti 0,5 prósentustiga lækkunar tryggingagjalds, en gjaldið var lækkað um 0,25 prósentustig í upphafi árs 2019. Um áramót hefur tryggingagjald því verið lækkað um ríflega 17% frá árinu 2013, úr 7,69% í 6,35%. Lækkun tryggingagjaldsins styrkir rekstrargrundvöll og samkeppnishæfni fyrirtækja og styður almennt við vinnumarkaðinn, ekki síst fyrir smærri fyrirtæki með há launahlutföll. Lægra tryggingagjald dregur þannig úr hættu á enn meira atvinnuleysi en nú er spáð.

**Velferðar- og heilbrigðismál í forgrunni**

Í tengslum við gerð kjarasamninga á almenna vinnumarkaðnum gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um aðgerðir til stuðnings samningunum. Heildarumfang boðaðra aðgerða á tímabili samninganna er áætlað um 80 ma.kr. en áhrif aðgerðanna á árinu 2020 munu nema ríflega 16 ma.kr. Auk breytinga á tekjuskattskerfinu sem kynntar voru í aðdraganda kjarasamninga, fela aðgerðir ríkisins í sér lengra fæðingarorlof, hærri barnabætur og fjölmargar aðgerðir til að auðvelda íbúðarkaup. Flestar þessara aðgerða koma til framkvæmda á árinu 2020 og birtast í auknum framlögum, einkum til félags- og húsnæðismála. Þessu til viðbótar mun fjárfesting hins opinbera aukast verulega á árinu 2020 og er gert ráð fyrir að sú aukning muni m.a. skapa um 600 störf fram til ársins 2021. Þótt megintilgangur þessara aðgerða hafi snúið að því að liðka fyrir kjarasamningum, var aukinheldur horft til þess að flestar yrðu þær lóð á vogarskálar stjórnvalda til að stuðla að nýju hagvaxtarskeiði.

Á undanförnum árum hefur orðið töluverður vöxtur í útgjöldum ríkisins í takti við aukin umsvif í hagkerfinu og auknar tekjur ríkissjóðs. Sífellt hærra hlutfall frumútgjalda hefur á sama tíma runnið til millifærslukerfanna á kostnað rekstrar og fjárfestingar. Í tíð þessarar ríkisstjórnar, þ.e. á árunum 2017-2020, hafa árleg rammasett útgjöld að frátöldum óreglulegum liðum verið aukin um 115 ma.kr. að raunvirði en það svarar til 16% raunaukningar. Þungi þeirrar aukningar er í velferðar- og heilbrigðismálum.

**Útgjöld á mann í kr. á árinu 2020**




Framlög til heilbrigðismála halda áfram að vaxa og hækka um tæplega 12 ma.kr. eða 5% milli ára. Á árinu 2020 munu útgjöld til félags-, húsnæðis- og tryggingamála til að mynda aukast um 8% eða 18 ma. kr. en aukið atvinnuleysi kallar á aukin framlög frá ríkinu.

**Áhersla á umhverfismál**

Umhverfismál skipa veglegan sess í áherslum ríkisstjórnarinnar. Framlög til þeirra hafa vaxið um liðlega 24% að raungildi frá því að ríkisstjórnin tók við völdum. Þessi aukna áhersla hefur meðal annars skilað sér í viðamiklum aðgerðum í loftslagsmálum, stórfelldri uppbyggingu innviða á friðlýstum svæðum og aukinni landvörslu. Grænir skattar, s.s. hækkun kolefnisgjalds á eldsneyti, skattar á flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og urðun úrgangs, sem hafa einnig verið kynntir til sögunnar, eru mikilvægar aðgerðir í loftslagsmálum. Auk þess má nefna jákvæða hvata í umhverfismálum, þar sem gert er ráð fyrir auknum stuðningi við kaup á heimahleðslustöðvum og útleigu umhverfisvænna bifreiða. Hvoru tveggja eru öflugir hvatar til að hraða orkuskiptum. Grænir skattar sem styðja við aðgerðaáætlun í loftlagsmálum skapa nýjar tekjur fyrir ríkissjóð en líta verður til þess að slíkum sköttum er ekki ætlað að vera tekjuskapandi til frambúðar, enda er markmiðið beinlínis að tekjustofninn gefi eftir með breyttri hegðun sem leiðir af sér bætt umhverfi og loftslag.

**Framlög til umhverfismála**
24% aukning að raungildi frá fjárlögum 2017*




* m.v. vísitölu neysluverðs

**Mikilvægt hlutverk ríkisfjármálanna**

Með fjárlagafrumvarpi þessu er haldið áfram á þeirri braut að bæta lífskjör og styðja við stöðugleika sem veitt getur viðspyrnu fyrir nýtt hagvaxtarskeið. Afkoma ríkissjóðs einkennist öðru fremur af yfirstandandi hagsveifluskilum. Ríkissjóður er þó í þeirri öfundsverðu stöðu að geta tekist á við þessar aðstæður án þess að bregðast þurfi við með niðurskurði og er raunar enn í færum til að auka framlög til þarfra mála án þess að fara í mikinn og langvarandi halla. Það er nauðsynlegt að hafa í huga að þessi trausti grunnur ríkisfjármálanna varð ekki til af sjálfu sér.

Aukin framleiðni hagkerfisins er frumforsenda þess að lífskjör á Íslandi verði áfram meðal þeirra bestu sem þekkjast. Aukin fjárfesting hins opinbera í hefðbundnum efnislegum og óefnislegum innviðum á borð við menntun og rannsóknum er mikilvægur hlekkur í aukinni framleiðni ásamt bættu regluverki og góðu aðgengi að alþjóðlegum mörkuðum.

Það skiptir máli að halda áfram að vinna eftir og finna gott jafnvægi á milli hinna fimm grunngilda opinberra fjármála, sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæis, samhliða því að takast á við þær áskoranir sem felast í hagstjórnarhlutverki stjórnvalda á ólíkum tíma hagsveiflunnar. Aðalatriðið er þó það að lög um opinber fjármál þjóni þeim tilgangi sínum að skapa umgjörð um fjárlagagerð sem gerir stjórnvöldum kleift að koma stefnumálum sínum í framkvæmd með ábyrgum og árangursríkum hætti.

# 2 Efnahagshorfur

Útlit er fyrir að hagvaxtarskeiðinu sem hófst árið 2011 ljúki í ár með smávægilegum samdrætti landsframleiðslunnar. Hagspár eru á einu máli um að hagkerfið vaxi að nýju frá árinu 2020 þótt ólíklegt verði að teljast að vöxturinn verði jafn þróttmikill og á nýliðnu hagvaxtarskeiði, a.m.k. fyrst um sinn. Efnahagsáföllin á fyrri hluta árs hafa ekki víðtækari áhrif en raun ber vitni þar sem stoðir hagkerfisins eru sterkar, gengi krónunnar hefur virkað til sveiflujöfnunar og svigrúm til að beita hagstjórnartækjum er mikið. Óvissa ríkir þó í heimsbúskapnum og verri hagþróun meðal helstu viðskiptaríkja Íslands og takmarkanir á alþjóðaviðskiptum geta hamlað innlendum efnahagsbata.

Efnahagsforsendur fjárlagafrumvarpsins byggjast á spá Hagstofu Íslands frá því í maí 2019. Meginniðurstöður spárinnar má sjá í töflu í kafla 2.2. Spáin lá til grundvallar fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024 og endurskoðaðri fjármálastefnu sem samþykktar voru af Alþingi í júní sl. Í þessum kafla er fjallað um helstu breytingar sem hafa orðið á stöðu hagkerfisins frá því að endurskoðuð fjármálastefna var lögð fram. Heildstæðari umfjöllun um stöðu efnahagsmála má finna í framangreindum ritum. Í kaflanum er auk þess að finna umfjöllun um möguleg hagstjórnarleg áhrif ríkisfjármála og helstu áhættuþætti sem hagkerfið, og þar með ríkissjóður, stendur frammi fyrir.

### 2.1 Opinber fjármál vinna gegn niðursveiflunni

Hratt versnandi efnahagshorfur vegna minnkandi umsvifa og síðar gjaldþrots WOW Air ásamt algerum aflabresti í loðnu í fyrsta skipti frá árinu 1962 voru helstu ástæður fyrir endurskoðun gildandi fjármálastefnu og breytinga á framlögðum drögum fjármálaáætlunar í samræmi við stefnuna. Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði, sem stjórnvöld studdu við með yfirlýsingu um fjölþættar aðgerðir, drógu verulega úr þeirri óvissu sem hafði einkennt innlent efnahagslíf frá miðju ári 2018 og auðvelduðu beitingu hagstjórnartækja til samræmis við breyttar horfur.

Óvissa í efnahagslífinu minnkaði enn með samþykkt endurskoðaðrar stefnu í opinberum fjármálum í júní. Markmið hennar var að dýpka hvorki né lengja þann samdrátt sem hagspár gerðu ráð fyrir. Þess í stað er sjálfvirkum sveiflujöfnurum[1] leyft að vinna gegn þeim búsifjum sem hagkerfið hefur orðið fyrir. Afkomu hins opinbera var því leyft að versna til samræmis við breyttar efnahagshorfur án þess þó að vikið verði tímabundið frá fjármálareglum um afkomu og skuldir eins og lög um opinber fjármál heimila, ef ekki reynist nauðsynlegt að nýta það óvissusvigrúm sem tilgreint er í gildandi fjármálastefnu. Frumvarp til fjárlaga ársins 2020 er í samræmi við þessa stefnumörkun.

Þar sem breytingu á afkomu ríkissjóðs má rekja að nær öllu leyti til breyttra efnahagshorfa er mat ráðuneytisins á hagsveifluleiðréttum frumjöfnuði áranna 2019 og 2020 nær óbreytt frá greinargerð með fjármálaáætlun sem birt var í mars.[2] Samkvæmt því mati mun ríkissjóður örva eftirspurn lítillega í hagkerfinu árið 2020. Ef Alþingi hefði ekki samþykkt breytingar á upprunalegu markmiði gildandi fjármálastefnu um að afgangur af rekstri ríkissjóðs árið 2019 næmi a.m.k. 1,0% af VLF og 0,9% árið 2020 væri ríkissjóður nú dragbítur á vöxt

---

[1] Sjálfvirkir sveiflujafnarar eru hagstjórnaraðgerðir sem krefjast ekki ákvarðanatöku og hafa samstundis sveiflujafnandi áhrif á efnahag. Skattar og atvinnuleysistryggingar eru dæmi um slíka sveiflujafnara.

[2] Sjá bls. 55–56 í fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024 sem lögð var fram í mars 2019. https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5386a099-4d67-11e9-9439-005056bc4d74

efnahagsumsvifa vegna minnkandi eftirspurnarþrýstings á óheppilegum tímapunkti í hagsveiflunni.

Við núverandi efnahagsaðstæður þar sem fjárfesting atvinnuveganna hefur gefið eftir frá árinu 2018 stuðla áform ríkissjóðs um auknar fjárfestingar einnig að efnahagslegum stöðugleika. Opinber fjárfesting hefur vaxið sem hlutfall af VLF ár hvert frá því að hún var 2,6% af VLF árið 2016. Stefnt er að því að hún verði 3,6% af VLF árið 2019 og 3,8% af VLF árið 2020. Enn er opinber fjárfesting þó lægri en hún var fyrir árið 2008 sem nemur 1–1,5% af VLF. Hið opinbera getur spornað við niðursveiflunni eins og stefnt er að án þess að unnið sé gegn grunngildum um sjálfbærni og varfærni í opinberum fjármálum vegna mikið bættrar skuldastöðu ríkissjóðs og afgangs af rekstri ríkissjóðs undanfarin ár.

**Verri afkoma er að mestu leyti vegna breyttra efnahagshorfa í ár**

Breyting í afkomu milli 2019-2020




*Aukin útgjöld vegna atvinnuleysisbóta og Ábyrgðasjóðs launa.

Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir minni afgangi á frumjöfnuði ríkissjóðs en í upphaflegri fjármálastefnu fyrir árin 2018–2022 er síður en svo útlit fyrir að hann snúist í halla. Þannig er reiknað með að afgangur á frumjöfnuði ríkissjóðs nemi 1,5% af VLF í ár þrátt fyrir spár um

**Stefnt er að miklum afgangi á frumjöfnuði miðað við stöðu hagsveiflunnar**

Frumjöfnuður ríkissjóðs og hagvöxtur 1998-2018




Rauðir punktar (spá) hafa ekki áhrif á tengslin á myndinni. Gagnapunktinum fyrir árið 2008 er hent.

0,2% samdrátt og að hann nemi 1,6% af VLF árið 2020. Er þetta nokkuð meiri afgangur en búast hefði mátt við miðað við söguleg tengsl frumjafnaðar ríkissjóðs og hagsveiflunnar.

Afgangur á frumjöfnuði ríkissjóðs hefur raunar aldrei áður[3] verið jákvæður þegar hagvöxtur er minni en 1,5% og einnig má nefna að afgangurinn árin 2019 og 2020 er viðlíka og árin 2004 og 2013 þegar hagvöxtur mældist annars vegar 8,0% og hins vegar 4,1%. Þessi umbreyting getur átt rætur sínar í bætta umgjörð og framkvæmd opinberra fjármála undanfarin ár á grundvelli laga um opinberra fjármála.

Þrátt fyrir að framleiðsluspennan hafi minnkað hratt er ekki útlit fyrir að hún snúist í verulegan slaka. Því er útlit fyrir að niðursveiflan sé a.m.k. enn sem komið er aðallega vegna skammtímaáfalla á framboðshlið þjóðarbúsins frekar en langvarandi veikleika á eftirspurnarhliðinni þar sem ríkisfjármálin hefðu e.t.v. stærra hlutverki að gegna. Að svo búnu er því ekki ástæða til að slaka með meira afgerandi hætti á aðhaldi ríkisfjármála, þ.e. draga meira úr afgangi á hagsveifluleiðréttum frumjöfnuði, en stefnt er að. Ekki er heldur heppilegt við núverandi aðstæður og væntingar um skammvinnan samdrátt að vinna gegn svigrúmi peningastefnunnar til að bregðast við breyttum efnahagshorfum. Þrátt fyrir verulega lækkun vaxta á undanförnum mánuðum hefur peningastefnunefnd enn nokkuð svigrúm til vaxtalækkana telji hún tilefni til. Er þessu ólíkt farið í flestum samanburðarríkjum þar sem stýrivextir eru nálægt núlli eða jafnvel neikvæðir. Þá gæti fjármálastöðugleikaráð einnig mælt fyrir um lækkun sveiflujöfnunarauka sem stutt gæti við útlánagetu bankakerfisins ef tilefni þykir til.

**Spennan hverfur en ekki er útlit fyrir slaka**
Framleiðsluspenna og atvinnuleysi




Heimild: Hagspá Seðlabanka Íslands, Peningamál 2019/3

## 2.2 Staða og horfur í efnhagsmálum

Eins og sjá má á mynd hér fyrir neðan er spá Hagstofunnar nokkuð bjartsýn í samanburði við spár annarra greiningaraðila.[4] Aðeins matsfyrirtækið Fitch Ratings er bjartsýnna á horfurnar í ár en enginn greiningaraðili spáir meiri hagvexti árið 2020 en Hagstofan. Stærsti óvissuþátturinn við gerð spánna, sem flestar voru gerðar á vormánuðum 2019, var án nokkurs

[3] Á því tímabili sem hér er til skoðunar, þ.e. 1998–2018.
[4] Myndin byggist á hagspám Hagstofu Íslands, Seðlabanka Íslands, greiningardeildar Arion banka, greiningar Íslandsbanka, hagfræðideildar Landsbankans og lánshæfismatsfyrirtækjanna Fitch Ratings, Moody‘s og Standard & Poor‘s.

vafa þróun ferðaþjónustunnar eftir gjaldþrot WOW Air í lok mars. Þótt enn sé snemmt að segja til um endanleg áhrif gjaldþrotsins, sem gætu hæglega varað fram á næsta ár, ekki síst sökum þess að Icelandair hefur ekki getað aukið flugframboð líkt og að var stefnt vegna kyrrsetningar Boeing 737 Max-véla, þá hafa línur í ferðaþjónustu skýrst á undanförnum mánuðum.

**Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands, maí 2019**[5]

| Nafnvirði, breytingar (%) og mismunur frá síðustu spá | 2018, ma.kr | 2019 | *Br. frá feb* | 2020 | *Br. frá feb* |
|---|---|---|---|---|---|
| Einkaneysla | 1.422 | 2,4 | *-1,2* | 2,8 | *-0,1* |
| Samneysla | 661 | 1,9 | *-0,8* | 1,3 | *-0,5* |
| Fjármunamyndun | 623 | -5,7 | *-7,0* | 6,2 | *0,8* |
| Atvinnuvegafjárfesting | 398 | -10,1 | *-5,6* | 4,9 | *1,3* |
| Íbúðarhúsnæði | 121 | 16,2 | *-3,5* | 9,0 | *-2,5* |
| Opinber fjárfesting | 104 | -3,5 | *-15,2* | 7,6 | *2,9* |
| Þjóðarútgjöld | 2.717 | 0,5 | *-2,4* | 3,1 | *-0,1* |
| Útflutningur | 1.323 | -2,5 | *-4,1* | 2,5 | *0,1* |
| Innflutningur | 1.237 | -1,2 | *-5,4* | 3,6 | *0,4* |
| Verg landsframleiðsla | 2.803 | -0,2 | *-1,9* | 2,6 | *-0,2* |
| Vöru- og þjónustujöfnuður % af VLF | | 1,9 | *-0,9* | 1,4 | *-1,1* |
| Viðskiptajöfnuður % af VLF | | 1,2 | *-0,7* | 0,6 | *-1,1* |
| Neysluverðsvísitala | | 3,4 | *-0,4* | 3,2 | *-0,1* |
| Atvinnuleysi | | 3,7 | *0,4* | 3,8 | *0,2* |
| Launavísitala | | 5,6 | *-0,8* | 5,5 | *0,8* |

Hagstofan spáði um 11% fækkun ferðamanna í ár en framvegis yrði fjölgun ferðamanna nálægt meðalvexti ferðaþjónustu á heimsvísu. Flestar hagspár gera ráð fyrir 10–15% fækkun ferðamanna árið 2019 en að ferðaþjónustan taki við sér að nýju árið 2020. Í júní, eftir að flestar efnahagsspár höfðu verið birtar, birti Isavia spá um 17% fækkun ferðamanna á árinu en fyrirtækið býr yfir einna bestu gögnunum til slíkrar spágerðar. Fyrstu sjö mánuði ársins fækkaði ferðamönnum um 14% og um 19% fyrstu fjóra mánuðina eftir gjaldþrot WOW Air m.v. sama tíma ári áður.[6]

Fjöldi ferðamanna segir þó aðeins hluta sögunnar varðandi efnahagsleg áhrif ferðaþjónustunnar. Á móti fækkun ferðamanna vegur þungt að meðalneysla ferðamanna í krónum, mæld með kortaveltu erlendra greiðslukorta,[7] hefur aukist gríðarlega og meðaldvalartími þeirra lengst. Vöxtur kortaveltu í krónum er meiri en svo að hann megi rekja alfarið til gengisveikingar krónunnar, enda hefur einnig mælst talsverður vöxtur í meðalkortaveltu á föstu gengi eftir gjaldþrot WOW Air. Það bendir til þess að þeir ferðamenn sem WOW Air flutti til landsins hafi að jafnaði skilað þjóðarbúinu minni tekjum en aðrir ferðamenn. Vöxtur meðalneyslu ferðamanna á fyrri helmingi þessa árs er svo mikill að heildarneysla þeirra á tímabilinu, á áðurnefndan mælikvarða, er 2% meiri á föstu verði en á sama tíma í fyrra þrátt fyrir að

[5] Ítarlega umfjöllun um spána má sjá á vef Hagstofunnar.
[6] Fjöldi ferðamanna um Keflavíkurflugvöll.
[7] Gögn fengin frá Rannsóknasetri verslunarinnar, en þau undanskilja veltu vegna flugsamgangna.

ferðamönnum hafi fækkað um 12% á sama tíma. Samandregið gefur þróun í ferðaþjónustu frá gjaldþroti WOW Air ekki tilefni til að ætla að útflutningur í ár verði verulega frábrugðinn þeirri mynd sem dregin er upp í spá Hagstofunnar frá því í maí.

**Umsvif í ferðaþjónustu minnka minna en fjöldi ferðamanna**

Hlutfallsleg breyting milli ára




Heimild: Ferðamálastofa, Hagstofa Íslands

Vísbendingar eru hins vegar um að vöxtur einkaneyslu geti verið minni í ár en gert er ráð fyrir í spánni þar sem innflutningur neysluvara og bifreiða dróst töluvert saman á fyrri helmingi ársins. Áframhaldandi lækkun tekjuskatts styður þó við einkaneyslu árið 2020. Mikill samdráttur innflutnings þýðir að framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar verður jákvæðara en ella og stærri hluti einkaneyslu á sér stað innan lands. Heilt yfir eru horfur fyrir hagvöxt á árinu því enn sem komið er svipaðar og samkvæmt þjóðhagsspánni sem liggur til grundvallar frumvarpinu en samsetning hans kann að verða önnur. Frekari áföll, t.d. ef vandræði í álframleiðslu reynast viðvarandi, geta þó leitt til meiri samdráttar. Áhrif frekari samdráttar á ríkisfjármálin geta mótast verulega af samsetningu landsframleiðslunnar.

Á hinn bóginn eru vísbendingar um að horfur fyrir árið 2020 hafi versnað líkt og fjallað er um í kafla 2.3.




**2.3 Efnahagslegir óvissuþættir**

Óvissa í alþjóðlegum efnahagsmálum er meiri um þessar mundir en oft áður og svigrúm stjórnvalda stærstu hagkerfa heims til að bregðast við áföllum minna. Þá ríkir einnig nokkur óvissa í einstökum atvinnugreinum og mörkuðum innan lands. Af þeim ástæðum sem raktar eru hér á eftir gæti hagvöxtur ársins 2019, og sér í lagi ársins 2020, reynst lægri en samkvæmt þeirri spá sem liggur til grundvallar frumvarpinu. Meiri líkur eru á því að efnahagshorfur ársins 2020 breytist til verri vegar en að þær batni að ráði. Ef einhverjir þessara áhættuþátta raungerast hefur hagstjórnin þó talsvert svigrúm til að bregðast við eins og fyrr er rakið.

Alþjóðlegar hagvaxtarhorfur hafa versnað enn frá framlagningu endurskoðaðrar fjármálastefnu í vor og hættan á **niðursveiflu í helstu viðskiptalöndum** hefur magnast. Viðskiptastríð Bandaríkjanna og Kína færist í aukana og auknar líkur eru á að það leiði til samdráttar í fjárfestingu og á vinnumarkaði í helstu viðskiptalöndum Íslands, ekki síst í Evrópu. Vextir á 10 ára ríkisskuldabréfum í Bandaríkjunum eru nú lægri en á þriggja mánaða víxlum en slíkt hefur sögulega verið fyrirboði efnahagsþrenginga þar í landi. Svigrúm seðlabanka heims til að bregðast við versnandi efnahagshorfum er takmarkað þar sem vextir eru víða enn með lægsta móti. Sögulega lágir vextir ríkisskuldabréfa víða um heim gætu þó veitt svigrúm fyrir opinber fjármál til að bregðast við djúpum og langvarandi eftirspurnarskorti. Ríkisskuldabréf Þýskalands bera neikvæða vexti til allt að 30 ára, 15 ára í Japan, Frakklandi og Svíþjóð og 20 ára í Danmörku. Þetta lága vaxtastig, sem stafar bæði af kerfislægri langtímaþróun og áhyggjum af hagþróun til skemmri tíma, líkt og rakið var í rammagrein 1 í fjármálaáætlun sem lögð var fram í mars, myndar svigrúm til arðbærra opinberra fjárfestinga þar sem styðja þarf við eftirspurn og framleiðnivöxt til lengri tíma.[8]

Við þetta bætist að enn er óvissa um hvernig **útgöngu Bretlands úr ESB** verður háttað. Auknar líkur eru á að Bretar yfirgefi ESB án samkomulags sem myndi líklega leiða til niðursveiflu þar í landi og hafa töluverð neikvæð áhrif á hagvöxt í ESB. Um 10% af vöruútflutningi Íslands í fyrra var til Bretlands og rúm 40% til viðbótar til Írlands, Þýskalands, Hollands, Belgíu og Frakklands en það eru þau lönd ESB sem talið er að samningslaus útganga Breta muni hafa einna neikvæðustu áhrif á. Ísland, Noregur og Bretland hafa gert bráðabirgðasamning um tollkjör sem tryggir upp að vissu marki útflutning sjávarafurða og annarra vara til Bretlands verði af samningslausri útgöngu. Þrátt fyrir það myndi slíkur atburður hafa neikvæð

[8] https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5386a099-4d67-11e9-9439-005056bc4d74

áhrif á útflutning Íslands á vörum og þjónustu, bæði beint vegna mikilla viðskipta við Bretland og óbeint vegna víðtækra áhrifa á heimshagkerfið.

Enn ríkir óvissa um þróun í **ferðaþjónustu**. Fjöldi ferðamanna er mjög háður framboði á flugi til og frá landinu og nýleg þróun sýnir að framboð flugs er mjög næmt fyrir sviptingum í rekstri einstakra fyrirtækja á flugmarkaði. Framboð á flugi er enn sem komið er minna en það var fyrir gjaldþrot WOW Air, m.a. vegna kyrrsetningar MAX 737-flugvéla Boeing sem ekki sér fyrir endann á. Eftirspurn eftir ferðalögum til Íslands gæti einnig minnkað, t.d. ef alþjóðlegar efnahagshorfur versna enn. Í kjölfarið gæti áhugi stórra erlendra flugfélaga á að fljúga til landsins minnkað, en erlend flugfélög voru með um 30% hlutdeild á Keflavíkurflugvelli í júní. Ein af forsendum hagspárinnar sem liggur til grundvallar frumvarpinu er að ferðamönnum fjölgi frá og með næsta ári, en ef ofangreindir óvissuþættir raungerast gæti þeim fækkað.

Þó að óvissa um aflabrögð sé viðvarandi áhættuþáttur í íslensku efnahagslífi er óvissa um **loðnuveiðar** á næsta ári sérstaklega veigamikil. Útflutningsverðmæti loðnu nam um 0,6% af VLF árið 2018 en verður mun minna í ár þar sem engin loðna var veidd á vertíðinni. Í hagspá Hagstofunnar er gert ráð fyrir því að einhver loðna verði veidd á næsta ári en það gæti brugðist. Raunar valda loftslagsbreytingar og hlýnun sjávar vaxandi óvissu um marga nytjastofna.

Óvíst er hvort spár um áframhaldandi vöxt **íbúðafjárfestingar** gangi eftir. Spá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að heildarfjárfesting verði meiri strax á næsta ári en hún var 2018 þrátt fyrir samdrátt í atvinnuvegafjárfestingu í ár, ekki síst í því ljósi þess að gert er ráð fyrir að mikill vöxtur íbúðafjárfestingar haldi áfram og verði nærri 25% af heildarfjárfestingu árið 2020 í stað 15% árið 2016. Bregðist það gæti fjárfesting dregist meira saman en nú er spáð þrátt fyrir átak í opinberri fjárfestingu.

Þrátt fyrir að óvissa á **vinnumarkaði** hafi minnkað með kjarasamningum á almennum vinnumarkaði fyrr á þessu ári ríkir enn óvissa um þróun **atvinnuleysis**. Aðflutningur erlendra ríkisborgara hefur minnkað frá því árið 2017, en hann er enn mikill þrátt fyrir að atvinnuleysi þeirra hafi aukist mikið. Erlendir ríkisborgarar eru nú um þriðjungur allra atvinnulausra en um 20% einstaklinga á vinnumarkaði. Fjöldi fólks á vinnumarkaði vex því áfram þrátt fyrir vaxandi atvinnuleysi. Í áætlunum fjármála- og efnahagsráðuneytisins er gert ráð fyrir 3,7% skráðu atvinnuleysi í ár og 3,8% á því næsta. Á fyrstu sjö mánuðum þessa árs mældist skráð atvinnuleysi 3,3%. Atvinnuleysi, sem var 3,4% í júlí, þyrfti því að hækka í 4,2% að jafnaði á síðustu fimm mánuðum ársins til að áætluð útgjöld vegna þeirra yrðu umfram það sem þegar er gert ráð fyrir.

**Enn er mikill aðflutningur fólks til landsins**
Aðfluttir erlendir ríkisborgarar umfram brottflutta, eftir ársfjórðungum



Gengi krónunnar er sem fyrr óvissuþáttur sem erfitt er að henda reiður á. Spá Hagstofunnar grundvallaðist á þeirri tæknilegu forsendu að gengið héldist óbreytt og gengisvísitalan yrði nær 180. Hafði gengið þá veikst nokkuð frá ársbyrjun. Vísbendingar eru þó um að gengisbreytingar hafi minni áhrif en oft áður á þróun verðbólgu, bæði hér á landi og erlendis, en Alþjóðagreiðslubankinn hefur m.a. rakið þetta til aukins trúverðugleika peningastefnunnar víða um heim.[9] Eftir því sem trúverðugleiki peningastefnunnar eykst vex Seðlabankanum ásmegin til að draga úr skammtímahagsveiflum með lægra vaxtastigi. Mikill vaxtamunur við útlönd getur þó leitt til innflæðis fjármagns sem að öðru óbreyttu leiðir til lækkunar markaðsvaxta og styrkingar krónunnar. Ógni slíkt flæði fjármálastöðugleika getur Seðlabankinn, að fengnu samþykki ráðherra, virkjað að nýju sérstaka bindiskyldu.

Ekki er heldur útlit fyrir að vinnumarkaðurinn ýti undir verðbólgu umfram það sem þegar er orðið. Þó að samið hefði verið um talsverðar launahækkanir, einkum fyrir þá tekjulægstu, voru þær lægri en á undanförnum árum og samræmast betur efnahagslegum stöðugleika og háu atvinnustigi en hætta var talin á um tíma. Við núverandi aðstæður, sérstaklega í ljósi mikilla launahækkana í ferðaþjónustu og rekstrarerfiðleika sem hófust áður en ferðamönnum tók að fækka, er mögulegt að fyrirtæki fækki frekar starfsfólki en að hækka verð sem leiða myndi til aukins atvinnuleysis. Smávægilegur samdráttur í kaupmætti ráðstöfunartekna samkvæmt skattskrám árið 2018, þar sem ráðstöfunartekjur 50–54 ára lækkuðu um rúmlega 3% en hækkuðu um rúm 5% hjá 25–29 ára og 70–74 ára, gæti styrkt stöðu fyrirtækja til að takast á við kjarasamningsbundnar hækkanir sem samið var um á fyrri hluta ársins.

### 2.4. Næmnigreining – Áhrif minni alþjóðlegrar eftirspurnar á innlendan þjóðarbúskap

Alþjóðlegar hagvaxtarhorfur hafa ítrekað verið endurskoðaðar niður á við undanfarið ár vegna þeirra þátta sem ræddir eru að framan og blikur eru á lofti varðandi þróun næstu missera.

Útflutningur vöru og þjónustu nam 1.323 ma.kr. árið 2018 sem samsvarar 47% af VLF. Vaxandi líkur eru á því að eftirspurn helstu viðskiptalanda Íslands fari minnkandi eða vaxi a.m.k. ekki eins ört og áður var reiknað með. Fyrirséð er að sú þróun hefur neikvæð áhrif á innlendan efnahag.

Í þessu samhengi er gagnlegt að líta til rannsóknar Seðlabankans á fjármálasveiflunni og fjármálakreppum á Íslandi þar sem skilgreindar eru sex fjármálakreppur á Íslandi frá upphafi 20. aldar.[10] Aðeins ein þeirra á sér ekki alþjóðlega samsvörun, þ.e. alþjóðleg fjármálakreppa reið ekki yfir á sama tíma. Það var kreppan 1968–1969 sem má rekja til ofveiði síldarstofnsins er leiddi til verulegs samdráttar í innlendri eftirspurn og að lokum gjaldeyriskrísu.[11] Hinar fimm fjármálakreppurnar riðu yfir á sama tíma og fjármálakreppur áttu sér stað í viðskiptalöndunum.

---

[9] https://www.bis.org/publ/arpdf/ar2019e2.htm

[10] Heimild. Kreppurnar áttu sér stað árin 1914–1921, 1931–1932, 1948–1951, 1968–1969, 1991–1993 og 2008–2010.

[11] Þó má rökstyðja að kreppan 1991–1993 hafi hafist fyrr, eða árið 1988, þegar innlend eftirspurn dróst verulega saman. Landsframleiðslan dróst þó ekki saman fyrr en árið 1991.

**Versnandi horfur á heimsvísu hafa áhrif á innlendar efnahagshorfur**

Frávik raunvirði VLF frá spá Hagstofu




Til að gera grein fyrir áhrifum versnandi horfa í heimshagkerfinu sýnir meðfylgjandi mynd niðurstöður næmnigreiningar þar sem reynt er að meta áhrif versnandi efnahagshorfa í heimshagkerfinu á hagvöxt hér á landi. Gert er ráð fyrir að hagvöxtur viðskiptalanda Íslands og vöxtur alþjóðaviðskipta reynist 1 prósentustigi lægri árin 2019 og 2020 en gert er ráð fyrir í spá Hagstofunnar.[12] Niðurstöður greiningarinnar benda til þess að raunvirði landsframleiðslunnar gæti reynst u.þ.b. 0,4% lægra árið 2020 en spá Hagstofunnar áætlar. Miðað við söguleg tengsl hagvaxtar og afkomu ríkissjóðs gæti afgangur á frumjöfnuði reynst um 0,3% af VLF verri en ella ef forsendur næmnigreiningarinnar raungerast. Þróun efnahagsmála í viðskiptalöndum getur því haft markverð áhrif á innlenda hagþróun og afkomu hins opinbera.

[12] Forsendur næmnigreiningarinnar fela ekki í sér spá um hagþróun.

# 3 Markmið í ríkisfjármálum

Í þessum kafla er fjallað um markmið og horfur í ríkisfjármálum og helstu niðurstöður frumvarpsins um afkomu ríkissjóðs á árinu 2020 í samhengi við helstu stefnumið fjármálaáætlunar fyrir árin 2020–2024 og fjármálareglur laga um opinber fjármál. Fjallað er nánar um efnahagshorfur, tekju- og útgjaldahlið frumvarpsins og skuldaþróun í öðrum köflum greinargerðar frumvarpsins og er vísað að öðru leyti til umfjöllunar þar.

**STÖÐUG-LEIKI OG JAFNVÆGI**

**Rekstur ríkissjóðs helst í jafnvægi** árið 2020 þrátt fyrir framleiðslutap fyrra árs.

Bætt skuldastaða veigamikill þáttur í að auka **sjálfbærni ríkisfjármála.**

Stuðlað er að **efnahagslegum stöðugleika** með því að slaka á afkomumarkmiði ríkissjóðs.

Framsetning og flokkun upplýsinga um fjármál ríkissjóðs í þessum kafla er samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli um opinber fjármál, svokölluðum GFS-staðli (e. Government Finance Statistics Manual), en markmið þess staðals er að veita góða sýn á áhrif ríkisfjármálanna í efnahagslegu tilliti. Vakin er athygli á því að ríkisreikningur er birtur samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum (e. International Public Sector Accounting Standards) en fjallað er um mun á framsetningu og uppgjöri ríkisfjármála á þessum tveimur stöðlum í viðauka.

## 3.1 Markmið og horfur í ríkisfjármálum

Fjármála- og efnahagsráðherra lagði fyrir Alþingi í maí sl. þingsályktunartillögu um endurskoðaða fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2018–2022 og var hún samþykkt 20. júní. Á grunni endurskoðaðrar fjármálastefnu samþykkti Alþingi einnig í júní sl. fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024. Hún felur í sér nánari útfærslu á markmiðum í fjármálastefnunni og nánari stefnumörkun um þróun tekna, gjalda og efnahags opinberra aðila, auk tillagna að skiptingu á útgjöldum ríkissjóðs til næstu fimm ára niður á málefnasvið.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2020 byggist á fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024, sem gerir ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs og hins opinbera verði jákvæð á tímabilinu en að hún verði þó í járnum árin 2020 og 2021. Fjármálaáætlunin byggist á hinn bóginn á endurskoðaðri fjármálastefnu. Við endurskoðun stefnunnar var dregið úr fyrri áformum um afgang af heildarafkomu hins opinbera í samræmi við breyttar efnahagshorfur sem fram komu í nýjum hagspám í byrjun sumars 2019. Meðal áhersluatriða við gerð stefnunnar var að stuðla að því að aðhaldsstig opinberra fjármála yki ekki á samdrátt eða hjöðnun hagvaxtar umfram þá aðlögun sem hagkerfið gengi í gegnum. Þá var jafnframt gert ráð fyrir því að viðeigandi ráðstafanir yrðu gerðar til þess að varna því að halli myndaðist af starfsemi hins opinbera.

Nánar tiltekið er stefnumiðum í endurskoðaðri fjármálastefnu breytt á eftirfarandi hátt hvað varðar ríkissjóð:

- Afgangur af heildarafkomu ríkissjóðs sem hlutfall af VLF verði að lágmarki í jafnvægi árin 2020 og 2021, en 0,3% af VLF árið 2022. Áður var gert ráð fyrir að afkoman yrði ekki minni en 0,9% af VLF árið 2020, en 0,8% 2021 og 2022.
- Í stefnumiði um heildarafkomu hins opinbera, þ.e. afkomu A-hluta ríkissjóðs og sveitarfélaga til samans, er gert ráð fyrir óvissusvigrúmi sem nemur 0,8% af VLF sérhvert ár á tímabilinu 2019–2022. Reynist hagþróun og efnahagsforsendur fyrir áætlanagerð lakari en gengið er út frá í stefnunni er heimilt að ganga á þetta svigrúm til að aðlaga afkomu hins opinbera í sama mæli.
- Heildarskuldir ríkissjóðs samkvæmt skuldareglu laga um opinber fjármál verði komnar undir 23,1% af VLF í árslok 2020, 22,7% í árslok 2021 og 22,4% í árslok 2022. Slakað er á stefnumiðum miðað við fyrri fjármálastefnu.

Á meðfylgjandi mynd má sjá afkomumarkmið og frumjöfnuð fjárlagafrumvarps fyrir árið 2020 í samanburði við útkomu áranna 2017 og 2018, fjárlaga fyrir árið 2019 og áætlun um horfur á yfirstandandi ári. Útkoma áranna 2017 og 2018 er samkvæmt niðurstöðum Hagstofu Íslands en 2018 eru bráðabirgðatölur. Áætlun fyrir árið 2019 er mat fjármála- og efnahagsráðuneytisins á horfum miðað við stöðu ríkisfjármála í ágúst 2019.




Frumjöfnuður sem hlutfall af VLF minnkar umtalsvert, eða um 1,1%, frá fjárlögum fyrir árið 2019 til fjárlagafrumvarps fyrir árið 2020. Frumjöfnuður á Íslandi hefur verið hár í alþjóðlegum samanburði og verður það raunar enn þrátt fyrir fyrirhugaða lækkun.

Afkomumarkmiðin sem fram koma í endurskoðaðri fjármálastefnu eru til þess fallin að leyfa sjálfvirkum sveiflujöfnurum ríkisfjármálanna að virka á meðan hagkerfið leitar jafnvægis á ný og koma þannig í veg fyrir óæskileg áhrif á heildareftirspurn sem frekari lækkun útgjalda eða aukin skattheimta hefði í för með sér, eins og vikið er nánar að í kafla 2 um efnahagsforsendur. Ný afkomumarkmið stuðla þannig að stöðugleika í efnahagslífinu og að sjálfbærni

opinberra fjármála verði viðhaldið til lengri tíma litið. Þrátt fyrir þessar breytingar fylgir fjármálastefnan þeim grunngildum og skilyrðum sem kveðið er á um í lögum um opinber fjármál, að teknu tilliti til 10. gr. laganna. Í stefnunni er vikið tímabundið frá skilyrði laganna um að heildarjöfnuður yfir fimm ára tímabil skuli ávallt vera jákvæður, svo sem heimilt er skv. 1. mgr. 10. gr. laganna. Hins vegar ætti á komandi árum hvorki að koma til þess að árlegur halli yrði meiri en 2,5% af VLF né að heildarjöfnuður yfir fimm ára tímabil yrði neikvæður, að því gefnu að ekki reynist nauðsynlegt að nýta það óvissusvigrúm sem endurskoðuð fjármálastefna gerir ráð fyrir. Nánar er fjallað um endurskoðun fjármálastefnunnar í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 10/148 um fjármálastefnu fyrir árin 2018–2022.

Útfærsla fjárlagafrumvarpsins á tekju- og gjaldahlið fyrir árið 2020 er í samræmi við þau afkomumarkmið og stefnumið sem sett voru í fjármálaáætlun samhliða endurskoðun fjármálastefnunnar í júní sl. Munur á fjárlagafrumvarpi og fjármálaáætlun er því lítill og skýrist einkum af endanlegum útreikningi launa- og verðlagsbóta auk minni háttar leiðréttinga á tekju- og útgjaldahlið.

| | ma.kr. | | | % af VLF | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Þjóðhagsgrunnur | Fjármála-áætlun 2020 | Frumvarp 2020 | br. | Fjármála-áætlun 2020 | Frumvarp 2020 | br. |
| Frumtekjur | 909,9 | 910,1 | 0,2 | 29,6 | 29,6 | 0,0 |
| Frumgjöld | 861,0 | 861,7 | 0,7 | 28,0 | 28,1 | 0,0 |
| **Frumjöfnuður** | **48,9** | **48,4** | **-0,5** | **1,6** | **1,6** | **0,0** |
| Vaxtatekjur | 9,3 | 9,3 | 0,0 | 0,3 | 0,3 | 0,0 |
| Vaxtagjöld | 57,4 | 57,4 | 0,0 | 1,9 | 1,9 | 0,0 |
| **Vaxtajöfnuður** | **-48,1** | **-48,0** | **0,1** | **-1,6** | **-1,6** | **0,0** |
| Heildartekjur | 919,2 | 919,5 | 0,3 | 29,9 | 30,0 | 0,0 |
| Heildargjöld | 918,4 | 919,1 | 0,7 | 29,9 | 29,9 | 0,0 |
| **Heildarjöfnuður** | **0,8** | **0,4** | **-0,4** | **0,0** | **0,0** | **0,0** |

Með breyttum efnahagshorfum er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs dragist umtalsvert saman miðað við fyrri áætlanir. Í fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024 er því gengið út frá því að gripið verði til ráðstafana sem stuðla eiga að hallalausum ríkisrekstri.

Efnahagsþróun og ríkisfjármálastefna síðustu ára gera það að verkum að hagkerfið er mun betur í stakk búið en áður til að bregðast við lakari efnahagshorfum. Stefnumið ríkisstjórnarinnar, sem meðal annars komu fram í fjármálaáætluninni, miða að því að leggja lóð á vogarskálar jafnvægis í hagkerfinu. Stjórnvöld töldu nauðsynlegt að styðja við gerð ábyrgra kjarasamninga til að markmið um stöðugleika næðist og lögðu fram ýmsar tillögur sem koma fram í aðgerðaáætlun um stuðning stjórnvalda við lífskjarasamninga. Í fjárlagafrumvarpi þessu endurspeglast helstu áherslur og stefnumið ríkisstjórnarinnar sem fram komu í fjármálaáætluninni, má þar til dæmis nefna:

- Breyting á **tekjuskatti einstaklinga** þar sem núverandi grunnþrep verður að tveimur þrepum ásamt breytingum sem gerðar verða á persónuafslætti og skattleysismörkum. Þessi breyting á skattkerfinu á að styrkja jöfnunarhlutverk kerfisins og tryggir enn frekar að sjálfvirk sveiflujöfnun dreifist yfir alla tekjuhópa. Aðgerðin miðar að því að auka

ráðstöfunartekjur tekjulægsta hópsins og er liður í stuðningi stjórnvalda við lífskjarasamninga. Nánari umfjöllun er í kafla 4 um tekjur A-hluta ríkissjóðs.

- **Tryggingagjald** lækkar um 0,25 prósentustig á næsta ári, sem er seinni hluti 0,5 prósentustiga heildarlækkunar á gjaldinu á tveimur árum.
- Aukin áhersla á baráttuna gegn lofslagsvá með **nýjum grænum sköttum** og auknum **stuðningi við orkuskipti** í samgöngum. Sem dæmi má nefna að stefnt er að álagningu nýrra skatta, annars vegar á urðun úrgangs og hins vegar á flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Sjá nánari umfjöllun í kafla 4 um tekjur A-hluta ríkissjóðs.
- **Fæðingarorlof** lengist úr níu mánuðum í tíu frá 1. janúar 2020. Einnig eykst framlag til barnabóta um 1 ma.kr. Þetta eru aðgerðir í tengslum við lífskjarasamninga.
- Myndarleg aukning verður í **opinberum fjárfestingum**. Eins og fram kemur í fjármálaáætlun er brýnt að ekki myndist langtímafjárfestingarhalli sem gengur gegn markmiðum um sjálfbærni opinberra fjármála. Enn er talsvert eftir til að vinna upp þann slaka sem myndaðist í uppbyggingu á innviðum, einkum í samgöngumálum eftir efnahagshrunið. Framlag til samgönguframkvæmda er aukið árlega um 4 ma.kr. á árunum 2020–2024. Einnig er í stefnumiðum ríkisstjórnarinnar aukin áhersla á að styðja nýsköpun og tækniþróun, sem eru lykilatriði í að auka framleiðni til framtíðar. Framlög til nýsköpunar, rannsókna og þekkingargreina vaxa um 11% milli ára. Nánar er fjallað um útgjöld A-hluta ríkissjóðs í kafla 5.

**Afkoma ársins 2020**

Stefnumið fjármálaáætlunar gera ráð fyrir að heildarafkoma ríkissjóðs verði í jafnvægi árið 2020, þ.e. að heildartekjur verði jafnar heildargjöldum, og er útfærsla fjárlagafrumvarpsins í samræmi við það. Við frágang á talnahluta þess voru afkomuhorfur fyrir ríkissjóð endurskoðaðar með hliðsjón af útfærslu ráðuneyta á útgjaldarömmum málefnasviða í einstökum atriðum og endanlegri niðurstöðu í launa- og verðlagsreikningi fyrir komandi fjárlagaár. Tekjuáætlun og efnahagsforsendur fjárlagafrumvarps eru óbreyttar frá forsendum fjármálaáætlunar þar sem nýlega var unnið að breytingum á fjármálaáætlun í tengslum við endurskoðun fjármálastefnu.

Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir áætlað fjárstreymi ríkissjóðs 2020 í samanburði við fjárlög fyrir árið 2019. Á tekjuhlið er gert ráð fyrir að skattar á vöru- og þjónustu aukist um tæplega 17 ma.kr. milli ára sem skýrist einkum af auknum tekjum af skatti á vöru og þjónustu. Skattar á tekjur og hagnað og tekjur af tryggingagjaldi hækka hlutfallslega lítið milli ára sem endurspeglar áhrif áformaðra breytinga á tekjuskatti einstaklinga og lækkun tryggingagjalds en áætlað er að þessar breytingar lækki tekjur ríkissjóðs um 9,5 ma.kr. árið 2020 í samanburði við óbreytt kerfi. Gert er ráð fyrir í fjármálaáætlun að dregið verði úr skattbyrði á tímabilinu. Þá er áætlað að tekjur af arðgreiðslum milli ára aukist, einkum vegna hærri arðgreiðslna Landsvirkjunar í tengslum við fyrirhugaða stofnun Þjóðarsjóðs. Nánar er fjallað um tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins í kafla 4.

Á gjaldahlið er gert ráð fyrir að rekstrarútgjöld aukist um tæplega 57 ma.kr. Þar vega þyngst aukin fjárframlög til almannatrygginga, sem aukast um rúm 10% milli ára að nafnvirði, m.a. vegna aukinna framlaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Fjárfestingar aukast einnig talsvert í samræmi við stefnuviðmið ríkisstjórnarinnar um aukna innviðafjárfestingu.

Afskriftir hækka um 11,9 ma.kr. á milli ára. Sú breyting skýrist að stærstum hluta af uppfærðu mati á eignum í samræmi við mat Hagstofu Íslands. Afskriftir hafa hins vegar ekki áhrif á niðurstöðuna í heildargjöldum ríkissjóðs þar sem þær reiknast hvoru tveggja til hækkunar á rekstrarútgjöldum og til lækkunar á fastafjárútgjöldum.

| Þjóðhagsgrunnur, ma.kr. | Fjárlög 2019 | Frumvarp 2020 | br. |
|---|---|---|---|
| **Heildartekjur** | **892,0** | **919,5** | **27,4** |
| **Skatttekjur** | **698,0** | **714,9** | **16,9** |
| Skattar á tekjur og hagnað | 313,9 | 315,8 | 1,9 |
| Skattar á laungreiðslur og vinnuafl | 9,0 | 9,5 | 0,4 |
| Eignarskattar | 6,2 | 6,5 | 0,2 |
| Skattar á vöru og þjónustu | 347,1 | 360,9 | 13,7 |
| Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti | 3,5 | 3,4 | -0,1 |
| Aðrir skattar | 18,2 | 19,0 | 0,7 |
| **Tryggingagjöld** | **100,8** | **102,4** | **1,5** |
| **Fjárframlög** | **5,5** | **6,1** | **0,6** |
| **Aðrar tekjur** | **87,6** | **96,1** | **8,4** |
| Eignatekjur | 45,1 | 53,2 | 8,1 |
| þ.a. vaxtatekjur | 10,5 | 9,3 | -1,2 |
| þ.a. arðgreiðslur | 25,9 | 36,6 | 10,7 |
| Sala á vöru og þjónustu | 33,3 | 36,1 | 2,8 |
| Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur | 9,3 | 6,8 | -2,5 |
| **Heildargjöld** | **863,5** | **919,1** | **55,6** |
| **Rekstrarútgjöld** | **833,7** | **890,4** | **56,7** |
| Laun | 207,1 | 215,9 | 8,8 |
| Kaup á vöru og þjónustu | 123,4 | 131,4 | 8,0 |
| Afskriftir | 31,8 | 43,7 | 11,9 |
| Vaxtagjöld | 60,4 | 57,4 | -3,1 |
| Framleiðslustyrkir | 37,5 | 39,4 | 1,9 |
| Fjárframlög | 304,2 | 336,0 | 31,8 |
| Félagslegar tilfærslur til heimila | 22,0 | 23,0 | 1,0 |
| Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög | 47,1 | 43,6 | -3,5 |
| **Fastafjárútgjöld** | **29,8** | **28,7** | **-1,1** |
| Fjárfesting í efnislegum eignum | 61,6 | 72,4 | 10,8 |
| Afskriftir (-) | -31,8 | -43,7 | -11,9 |
| **Frumjöfnuður** | **78,5** | **48,4** | **-30,1** |
| **Vaxtajöfnuður** | **-50,0** | **-48,0** | **1,9** |
| **Heildarjöfnuður** | **28,6** | **0,4** | **-28,2** |

Lækkun tilfærsluútgjalda annarra en fjárframlaga má rekja til leiðréttinga á rekstrarframlögum til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Annars vegar stafar þetta af ofgreiddum framlögum til sjóðsins á síðustu árum og hins vegar af uppfærðum áætlunum um fjölda lánþega. Að frátöldum þessum leiðréttingum eru tilfærsluútgjöld nánast óbreytt milli ára.

Vöxtur gjalda er meiri en vöxtur tekna sem leiðir til þess að afkoman versnar um 28,2 ma.kr. frá fjárlögum fyrir árið 2019. Áætlað er að heildarafkoma ríkissjóðs verði jákvæð um 0,4 ma.kr., sem er í samræmi við þá fjármálastefnu sem Alþingi samþykkti í júní sl. Nánar er fjallað um breytingar á gjaldahlið í kafla 5.

**Afkoma ársins 2019**

Með setningu fjárlaga fyrir árið 2019 var gert ráð fyrir að heildarjöfnuður ríkissjóðs yrði 28,6 ma.kr., sem svarar til 1% af VLF. Áföll í flugrekstri í byrjun árs fólu í sér að endurskoða þurfti afkomumarkmiðin, líkt og gert var við endurskoðun fjármálastefnu og með fjármálaáætlun. Við endurmat á tekju- og útgjaldahorfum yfirstandandi árs er nú áætlað að rekstur ríkissjóðs verði að óbreyttum forsendum neikvæður um 8,8 ma.kr. árið 2019. Þannig er útlit fyrir 37,4 ma.kr. lakari afkomu en gert er ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 2019.

Verri afkomuhorfur á yfirstandandi ári skýrast að mestu af minni tekjum, en gert er ráð fyrir að þær verði 21,1 ma.kr. lægri en áætlað var í gildandi fjárlögum. Þar af er áætlun um tekjuskatt 10,7 ma.kr. lægri en í fjárlögum og áætlun um veltuskatta um 10,5 ma.kr. lægri. Gert er ráð fyrir arðgreiðslum í tekjuáætlun sem óvissa er um. Verði ekki um frekari arðgreiðslur fjármálafyrirtækja að ræða á árinu gætu tekjur ársins orðið um 7 ma.kr. lægri en áætlað var í fjárlögum og afkoman versnar þá sem því nemur. Nánar er fjallað um endurmat tekna í kafla 4.1.

Þá er áætlað að útgjöld ríkissjóðs verði 15,2 ma.kr. hærri en samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2019. Það skýrist að mestu af auknum útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs og Ábyrgðasjóðs launa í kjölfar áfalla í ferðaþjónustu og kólnunar hagkerfisins. Einnig er ljóst að útgjöld almannatrygginga munu verða verulega umfram áætlun fjárlaga, eða sem nemur 8 ma.kr., vegna endurútreiknings Tryggingastofnunar samkvæmt úrskurði umboðsmanns Alþingis og dómi Landsréttar. Annars vegar á örorkubótum vegna lækkunar greiðsluhlutfalls lífeyris í tengslum við búsetu bótaþega erlendis. Hins vegar vegna afturvirkrar skerðingar á greiðslum til ellilífeyrisþega í tengslum við greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóði, sem orsakaðist af mistökum í lagasetningu. Þá má nefna frávik í rekstrarútgjöldum stofnana og rekstrartilfærslum innan heilbrigðisþjónustunnar, svo sem hjá Landspítala sem rekinn hefur verið með vaxandi halla um nokkurt skeið og tilfærsluliðum sjúkratrygginga þar sem útgjöld hafa vaxið langt umfram forsendur fjárlaga undanfarin ár. Gert er ráð fyrir að nýta varasjóði til að mæta auknum útgjöldum að hluta.

| | **ma.kr.** | | | **% af VLF** | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Þjóðhagsgrunnur | Fjárlög 2019 | Áætlun 2019 | br. | Fjárlög 2019 | Áætlun 2019 | br. |
| Frumtekjur | 881,5 | 860,4 | -21,1 | 30,7 | 29,8 | -0,9 |
| Frumgjöld | 803,0 | 818,2 | 15,2 | 28,0 | 28,3 | 0,3 |
| **Frumjöfnuður** | **78,5** | **42,2** | **-36,3** | **2,7** | **1,5** | **-1,3** |
| Vaxtatekjur | 10,5 | 9,5 | -1,0 | 0,4 | 0,3 | 0,0 |
| Vaxtagjöld | 60,4 | 60,4 | 0,0 | 2,1 | 2,1 | 0,0 |
| **Vaxtajöfnuður** | **-49,9** | **-50,9** | **-1,0** | **-1,7** | **-1,8** | **0,0** |
| Heildartekjur | 892,0 | 869,9 | -22,1 | 31,1 | 30,1 | -1,0 |
| Heildargjöld | 863,4 | 878,7 | 15,3 | 30,1 | 30,4 | 0,3 |
| **Heildarjöfnuður** | **28,6** | **-8,8** | **-37,4** | **1,0** | **-0,3** | **-1,3** |

Á móti hækkun útgjalda vegur helst til lækkunar að nokkrar tafir hafa orðið á byggingu nýs Landspítala við Hringbraut. Einnig verða barnabætur um 500 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir í fjárlögum, en á undanförnum árum hafa tekjur barnafólks hækkað hlutfallslega meira en viðmiðunartekjur í barnabótakerfinu sem hefur haft þau áhrif að afgangur hefur verið á þessum lið.

Áætlun um afkomu ársins 2019 er lakari en sú áætlun sem birt var með fjármálaáætlun. Munur á milli áætlana skýrist að mestu af kostnaði vegna endurreiknaðra bóta almannatrygginga.

**Umfjöllun um þróun ríkisfjármála**

Hér fyrir framan er farið í stuttu máli yfir afkomuþróun ríkissjóðs árin 2019 og 2020. Til samanburðar er á meðfylgjandi mynd sýnd þróun í afkomu ríkissjóðs á árunum 2012–2020 á þjóðhagsgrunni að frátöldum óreglulegum og einskiptis liðum. Tölur áranna 2012–2017 eru niðurstöðutölur Hagstofu Íslands en tölur fyrir árið 2018 eru bráðabirgðatölur Hagstofunnar. Afkoma ársins 2019 er miðuð við horfur um afkomu yfirstandandi árs og afkoma ársins 2020 er miðuð við áætlun fjárlagafrumvarpsins.




Afkoma ríkissjóðs hefur verið góð undanfarin ár og ríkissjóður skilað tekjuafgangi. Áætlanir nú gera aftur á móti ráð fyrir að halli geti orðið á afkomunni á yfirstandandi ári og hún verði í járnum á því næsta. Að teknu tilliti til óreglulegra liða er hins vegar gert ráð fyrir því að afkoman verði lítillega neikvæð á næsta ári.

Vísbendingar eru um að staða ríkisfjármála sé lítillega þensluhvetjandi miðað við áætlaða stöðu hagkerfisins á næsta ári, sbr. umfjöllun í 2. kafla. Þá gera flestar hagspár ráð fyrir því að hagkerfið leiti fljótt í langtímajafnvægi eftir stuttan samdrátt á yfirstandandi ári. Frumvarp til fjárlaga tekur mið af þeim vendipunkti sem hagkerfið stendur frammi fyrir nú.

Samkvæmt lögum um opinber fjármál eru tvö af grunngildum fjármálaáætlunar og fjármálastefnu *sjálfbærni* og *stöðugleiki*. Ef horft er til sjálfbærni í ríkisfjármálum er æskilegt að afgangur sé á fjárlögum til að unnt sé að styrkja fjárhagsstöðu ríkissjóðs svo að hann sé betur í stakk búinn til að mæta framtíðarskuldbindingum sínum. Gera má ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs muni aukast á komandi árum, m.a. vegna aukinna krafna um þjónustu til dæmis á sviði heilbrigðismála í samræmi við almenna þróun á Vesturlöndum og vegna þess að þjóðin er að eldast, auk þess sem gert er ráð fyrir fólksfjölgun verði hægari. Íslendingar eru þó nú, og verða enn um sinn, mun yngri en flestar aðrar Evrópuþjóðir. Því er mikilvægt að neikvæðri afkomu á árinu verði breytt í jákvæða þegar efnahagslegar forsendur styrkjast.

Í þessu sambandi er ennfremur ástæða til að vekja athygli á því að vægi tilfærslna í heildarútgjöldum ríkissjóðs hefur aukist á síðustu árum. Á næstu mynd má sjá þróun útgjalda án afskrifta og vaxtagjalda og að teknu tilliti til leiðréttinga fyrir óreglulegum útgjaldaliðum. Að frátöldum framlögum til Atvinnuleysistryggingasjóðs skýrist mikil aukning tilfærsluútgjalda að stórum hluta af vaxandi framlögum til elli- og örorkulífeyrisþega, þar sem saman hafa farið kerfisbreytingar, bótahækkanir og fjölgun bótaþega. Haldi slík þróun áfram mun hún setja aukinn þrýsting á útgjöld ríkissjóðs, sem að öðru óbreyttu verður að fjármagna með aukinni skattheimtu eða með lækkun framlaga til annarra útgjalda.



* hagræn skipting á þjóðhagsgrunni

Stefnu í opinberum fjármálum er ætlað að stuðla að stöðugleika. Aðhaldsstig ríkisfjármála og breytingar á því þurfa að taka tillit til hagþróunar. Því getur talist skynsamlegt við núverandi aðstæður að stíga varlega til jarðar með tilliti til aðhaldsstigs ríkisfjármála þegar hagkerfið er á vendipunkti, einkum á sviði fjárfestinga til að mæta fjárfestingarþörf sem hefur myndast á undanförnum árum án þess að það verði til að raska jafnvægi á vinnu- og byggingamarkaðinum.

Áætluð staða ríkisfjármála á næsta ári er um margt áþekk þróuninni hjá öðrum OECD-ríkjum. Viðbrögð flestra þeirra við versnandi efnahagshorfum er að leyfa ríkisfjármálunum að bregðast við hagþróuninni líkt og hér er gert. Afkomumarkmið hins opinbera hafa versnað á milli ára hjá um helmingi OECD-ríkja þrátt fyrir lækkun vaxtastigs á alþjóðlegum lánamörkuðum.[1]

[1] OECD, Economic Outlook, maí 2019.




Stjórnvöld hafa nýtt betri greiðsluafkomu ríkissjóðs undanfarin ár til þess að greiða niður skuldir en þar hafa vegið þyngst einskiptis- og tímabundnar tekjur sem hafa fallið ríkissjóði í skaut á undanförnum árum og hagvöxtur, en aukin VLF skýrir að hluta lækkun skuldahlutfallsins.

Ráðstafanir í lánsfjármálum og festa í stjórn opinberra fjármála síðustu ár hefur skilað sér í stöðugu eða bættu lánshæfismati ríkissjóðs. Í þessu samhengi hefur m.a. verið bent á afnám gjaldeyrishafta, stöndugan gjaldeyrisforða, lækkun skulda heimila, fyrirtækja og hins opinbera, og þá staðreynd að eignir Íslendinga erlendis eru nú hærri en skuldir þeirra við umheiminn. Allt þetta hefur dregið verulega úr áhættu í hagkerfinu.[2]

Þá gerir fjárlagafrumvarp fyrir árið 2020 ráð fyrir stofnun Þjóðarsjóðs, sem ætlunin er að fjármagna með væntanlegum nýjum tekjum af orkuauðlindum og orkuvinnslu á vegum hins opinbera, einkum með arðgreiðslum frá Landsvirkjun. Er sjóðnum ætlað að safna og ávaxta fé til að milda veruleg fjárhagsleg áföll á ríkissjóð sem orðið geta vegna ófyrirséðra atburða eins og fram kemur í stjórnarfrumvarpi um Þjóðarsjóð. Frumvarpið var til umræðu á sl. vorþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Áformað er að endurflytja það á komandi haustþingi, enda er gert ráð fyrir fjárhagsáhrifum af stofnun sjóðsins bæði á tekju- og gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins. Nánar er fjallað um stofnun Þjóðarsjóðs í rammagrein 4 í fjármálaáætlun.

Ein helsta áskorun sem stjórnvöld standa nú frammi fyrir við rekstur ríkissjóðs er að standa vörð um þann ágæta árangur sem náðst hefur í ríkisfjármálum. Með skynsamlegri nýtingu ríkisfjármuna og markvissri beitingu aðgerða til eflingar stöðugleika getur ríkissjóður undirbúið jarðveginn fyrir hagvöxt á komandi árum.

### 3.2 Fjármálareglur – framvinda

Samkvæmt lögum um opinber fjármál skulu markmið fjármálastefnu og fjármálaáætlunar, sem Alþingi samþykkir, um afkomu og efnahag hins opinbera, þ.e. fyrir A-hluta ríkissjóðs og A-hluta sveitarfélaga, samræmast tölulegum skilyrðum eða fjármálareglum. Þær reglur eru reistar á grunngildum laganna um *sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi.*

[2] Sjá t.d. skýrslu Moody‘s um lánshæfismat dags. 29. júlí 2019 og skýrslu Fitch dags. 30. júlí 2019.

Fjármálareglurnar eru þríþættar og eru eftirfarandi:

1. Að heildarjöfnuður hins opinbera yfir fimm ára tímabil skuli ávallt vera jákvæður og árlegur halli ávallt undir 2,5% af landsframleiðslu (**Afkomuregla**).
2. Að heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og bankainnstæðum, séu lægri en nemur 30% af vergri landsframleiðslu (**Skuldaregla**).
3. Sé skuldahlutfallið skv. 2. tölulið hærra en 30% skal sá hluti sem umfram er lækka að meðaltali á hverju þriggja ára tímabili um a.m.k. 5% (1/20) á hverju ári (**Skuldalækkunarregla**).

**Afkomuregla**. Eins og fram kemur hér fyrir framan nær afkomureglan yfir fimm ára tímabil. Í þingsályktun um breytingu á þingsályktun nr. 10/148 um fjármálastefnu fyrir árin 2018–2022 sem samþykkt var í júní sl. var vikið tímabundið frá skilyrði þess hluta afkomureglu fyrir árin 2019–2021 sem gerir ráð fyrir jöfnuði yfir hvert fimm ára tímabil, svo sem heimilt er skv. 1. mgr. 10. gr. laga um opinber fjármála.

Líkt og kemur fram í umfjölluninni í kafla 3.1 hér fyrir framan gefa bráðabirgðaniðurstöður Hagstofu Íslands til kynna að afkoma ríkissjóðs hafi verið jákvæð um 1,3% af VLF árið 2018 en afkoma sveitarfélaga neikvæð um 0,3%. Horfur fyrir árið 2019 benda nú til þess að rekstur ríkissjóðs verði í halla um sem nemur 0,3% af VLF. Afkoma sveitarfélaga var neikvæð um 0,1% af VLF á fyrsta ársfjórðungi 2019 samkvæmt bráðabirgðamati Hagstofunnar, en við gerð fjármálaáætlunar var aftur á móti áætlað að afkoma þeirra á árinu yrði í járnum. Er því útlit fyrir að miðað við fyrirliggjandi áætlanir nái hið opinbera ekki afkomustefnumiði fjármálastefnu fyrir árið 2019, en gert er ráð fyrir að heildarjöfnuður ríkissjóðs verði í jafnvægi árið 2020. Ef áætlanir fjármálaáætlunar um afkomu ríkissjóðs og sveitarfélaga ganga eftir mun hið opinbera uppfylla framangreint skilyrði afkomureglunnar yfir fimm ára tímabilið 2018–2022.

**Skuldaregla og skuldalækkunarregla**. Samkvæmt endurskoðaðri fjármálastefnu fyrir árin 2018–2022 var mörkuð stefna um að skuldir hins opinbera yrðu komnar undir 29,5% af VLF í árslok 2020 og niður fyrir 28,5% af VLF í árslok 2022. Í gildandi fjármálaáætlun er gert ráð fyrir að skuldahlutfallið verði innan þess hámarks sem tilgreint er í endurskoðaðri fjármálastefnu.

# 4 Tekjur A-hluta ríkissjóðs

Í þessu fjárlagafrumvarpi er megináhersla á sviði skattamála lögð á lækkun tekjuskatts einstaklinga sem boðuð var í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og kynnt í tengslum við gerð kjarasamninga. Þá lækkar tryggingagjald á launagreiðslur í samræmi við fyrri áform. Einnig eru stigin mikilvæg skref í þágu loftslagsmála með tilkomu nýrra skatta á úrgang og flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og með 100% endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna kaupa og uppsetningar á hleðslustöðvum.

**LÍFSKJÖR OG LOFTSLAG**

**Umfangsmikil lækkun á tekjuskatti einstaklinga** með þriggja þrepa kerfi í þágu þeirra tekjulægri **í tengslum við lífskjarasamninga.**

Áframhaldandi **lækkun tryggingagjalds**.

Mikilvæg skref í þágu loftslagsmála, m.a. með **endurgreiðslu VSK vegna kaupa og uppsetningar á hleðslustöðvum**.

Í kaflanum eru fyrirhuguðum skattkerfisbreytingum, sem taka munu gildi á komandi ári, gerð skil í stuttu máli en ítarlegri umfjöllun er að finna í einstökum frumvörpum. Einnig er vísað til umfjöllunar um skattastefnuna og fyrirhugaðar skattkerfisbreytingar í fjármálaáætlun fyrir næstu fimm árin, sem samþykkt var á Alþingi í júní sl.

| | | Áætlun | | % af VLF | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Endurmat | Frumvarp | | Endurmat | Frumvarp |
| Rekstrargrunnur, ma.kr. | 2018[1] | 2019 | 2020 | 2018 | 2019 | 2020 |
| **Skatttekjur** | **646,2** | **676,7** | **714,9** | **23,1** | **23,4** | **23,3** |
| Skattar á tekjur og hagnað | 283,5 | 303,2 | 315,8 | 10,1 | 10,5 | 10,3 |
| Skattar á launagr. og vinnuafl | 8,5 | 9,0 | 9,5 | 0,3 | 0,3 | 0,3 |
| Eignarskattar | 5,6 | 6,1 | 6,5 | 0,2 | 0,2 | 0,2 |
| Skattar á vöru og þjónustu | 327,5 | 337,0 | 360,9 | 11,7 | 11,7 | 11,8 |
| Tollar og aðflutningsgjöld | 4,2 | 3,2 | 3,4 | 0,1 | 0,1 | 0,1 |
| Aðrir skattar | 17,0 | 18,2 | 19,0 | 0,6 | 0,6 | 0,6 |
| **Tryggingagjöld** | **97,7** | **100,2** | **102,4** | **3,5** | **3,5** | **3,3** |
| **Fjárframlög** | **2,1** | **5,6** | **6,1** | **0,1** | **0,2** | **0,2** |
| **Aðrar tekjur** | **98,3** | **87,4** | **96,1** | **3,5** | **3,0** | **3,1** |
| Eignatekjur | 55,5 | 45,5 | 53,2 | 2,0 | 1,6 | 1,7 |
| Vaxtatekjur | 12,9 | 9,5 | 9,3 | 0,5 | 0,3 | 0,3 |
| Arður og hluti af tekjum ríkisft. | 27,8 | 29,1 | 36,6 | 1,0 | 1,0 | 1,2 |
| Aðrar eignatekjur | 14,8 | 6,9 | 7,3 | 0,5 | 0,2 | 0,2 |
| Sala á vöru og þjónustu | 37,4 | 32,8 | 36,1 | 1,3 | 1,1 | 1,2 |
| Ýmsar tekjur | 5,4 | 9,1 | 6,8 | 0,2 | 0,3 | 0,2 |
| **Heildartekjur ríkissjóðs** | **844,4** | **869,9** | **919,5** | **30,1** | **30,1** | **30,0** |

[1] Framsetning ríkisreiknings (IPSAS-staðall) er aðlöguð að framsetningu fjárlaga (GFS-staðall). Sjá séryfirlit 9 á bls. 152 í ríkisreikningi 2018.

Í meðfylgjandi töflu má sjá helstu niðurstöður fyrir tekjuuppgjör ársins 2018, endurmat á tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 2019 og áætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2020 samkvæmt framsetningu þjóðhagsreikninga (GFS). Í framhaldinu er fjallað um forsendur áætlana áranna 2019 og 2020.

### 4.1 Endurmetin tekjuáætlun 2019

Breyttar efnahagsforsendur leiða til þess að endurmetin tekjuáætlun yfirstandandi árs lækkar um rúmlega 22 ma.kr. frá gildandi fjárlögum. Upplýsingar um álagningu og innheimtu skatttekna á fyrri hluta árs og tekjuuppgjör ársins 2018 eru einnig til hliðsjónar við endurmatið. Endurmetin áætlun sem hér er fjallað um er hin sama og lá til grundvallar við endurskoðun fjármálaáætlunar 2020–2024.

Heildartekjur eru nú áætlaðar tæplega 870 ma.kr., eða sem nemur 30,1% af VLF. Þar af eru skatttekjur og tryggingagjöld áætluð tæplega 777 ma.kr., eða um 22 ma.kr. lægri en í fjárlögum fyrir árið 2019. Það jafngildir 2,7% lækkun sem er í samræmi við lakari efnahagsforsendur en nafnvirði landsframleiðslu hefur einnig lækkað um 2,7% frá forsendum fjárlaga. Engu að síður hefur framlag ólíkra undirliða landsframleiðslu mismunandi áhrif á þróun einstakra tekjustofna og eru breytingar á forsendum þeirra raktar hér á eftir.

**Breyttar efnahagsforsendur skýra að mestu lægri tekjur**
Helstu breytingar á tekjuáætlun fjárlaga 2019 (ma.kr.)




Útlit er fyrir að tekjuskattur einstaklinga og tryggingagjald verði 2 ma.kr. lægra en gert var ráð fyrir í fjárlögum vegna minni launahækkana og vinnuaflseftirspurnar en áður var gert ráð fyrir. Þá lækkar áætlun um tekjur af fjármagnstekjuskatti um 6,8 ma.kr., m.a. í ljósi upplýsinga sem nú liggja fyrir um fjármagnstekjur einstaklinga 2018. Áætlaður tekjuskattur lögaðila lækkar um 2,5 ma.kr., m.a. á grundvelli gagna um innheimtu hans á fyrri hluta ársins. Álagning opinberra gjalda á lögaðila verður birt í lok september og verður áætlun um tekjuskatt lögaðila endurskoðuð í framhaldi af því.

Einkaneysluvöxtur yfirstandandi árs er nú áætlaður 2,4% í stað 3,8% við gerð fjárlaga ársins. Við það bætist fækkun ferðamanna. Þessir tveir þættir leggjast á sömu vogarskál og leiða af sér minni tekjur af virðisaukaskatti og öðrum veltusköttum en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir jafnvel þótt neysla á hvern ferðamann aukist vegna lengri meðaldvalartíma og hagstæðara

verðlags út frá heimagjaldmiðli ferðamannsins. Á grundvelli þessara breyttu efnahagsforsendna og annarra nýrra upplýsinga er virðisaukaskattur lækkaður um 8 ma.kr. frá fjárlögum, vörugjöld af ökutækjum um 1,2 ma.kr. og eldsneytisskattar um 0,6 ma.kr.

Tekjur ríkissjóðs af vöxtum á yfirstandandi ári lækka í samræmi við lægra vaxtastig. Á móti aukast tekjur af arði sem má rekja til endurmats sem tengist áformum um stofnun Þjóðarsjóðs og nýja arðgreiðslustefnu fyrir Landsvirkjun. Aðrir tekjustofnar eru að mestu óbreyttir frá fjárlögum fyrir árið 2019.

Samkvæmt venju verður tekjuáætlunin uppfærð með alhliða hætti fyrir árin 2019 og 2020 á meðan frumvarpið er í meðförum þings. Við uppfærsluna verður litið til nýjustu gagna um þróun efnahagsmála og ekki síst þróun hinna ýmsu skattstofna eins og hún birtist í álagningu og innheimtu þeirra, allt fram til október/nóvember nk. Verður áætlun yfirstandandi árs aðlöguð til samræmis þeim gögnum til að nálgast sem raunhæfast mat á skattstofnum ársins 2019. Áætlun næsta árs verður byggð á því mati auk þjóðhagsspár fyrir árið 2020 sem einnig verður uppfærð á sama tíma. Þannig er leitast við að tryggja að endanleg tekjuáætlun fjárlaga verði byggð á bestu mögulegu upplýsingum.

## 4.2 Tekjuáætlun 2020

Tekjuáætlun fyrir fjárlagaárið 2020 byggist að grunni til á endurmetinni tekjuáætlun ársins 2019 og þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá því í maí síðastliðnum, sem fjallað er um í kafla 2 um efnahagsmál. Venju samkvæmt munu tekjuforsendur verða endurmetnar þegar fyrir liggur endurskoðuð þjóðhagsspá í október nk. og munu þá enn fremur liggja fyrir nánari gögn um tekjuþróunina á yfirstandandi ári. Þá setja fyrirhugaðar skattbreytingar sinn svip á tekjuáætlun komandi árs. Hér á eftir er fjallað nánar um áhrif þessara undirliggjandi forsendna á tekjuáætlunina.

### *4.2.1 Skattbreytingar*

Á næsta ári stendur til að gera breytingar á skattkerfinu til að fylgja eftir stefnu stjórnvalda. Nú þegar hafa tvær skattkerfisbreytingar verið lögfestar sem munu taka gildi í ársbyrjun 2020, en þær eru 0,25 prósentustiga lækkun tryggingagjalds og 10% hækkun kolefnisgjalds. Að auki eru fyrirhugaðar skattkerfisbreytingar í tengslum við boðaðar skattalækkanir til einstaklinga í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og í þágu loftslagsmála, ásamt því að skatteftirlit verður eflt. Áætlað er að skattkerfisbreytingar lækki tekjur ríkissjóðs nettó um 3,7 ma.kr. á komandi ári.

Umfangsmesta skattabreytingin í fjárlagafrumvarpi 2020 er á **tekjuskatti einstaklinga** en um áramót kemur til framkvæmda fyrri áfangi innleiðingar nýs tekjuskattskerfis. Meginatriði skattkerfisbreytinganna eru eftirfarandi:

- Þriggja þrepa tekjuskattskerfi tekið upp.
- Nýtt grunnþrep verður lægra en núverandi grunnþrep en á móti verður nýtt miðþrep lítillega hærra en núverandi grunnþrep.
- Skattleysismörkum haldið óbreyttum að raunvirði með því að lækka persónuafslátt samhliða innleiðingu nýs þreps, en þau munu eftir innleiðingu breytinganna taka mið af verðbólgu og framleiðniaukningu vinnuafls.
- Þróun skattleysis- og þrepamarka mun fylgja sömu viðmiðum sem tryggir að sjálfvirk sveiflujöfnun kerfisins dreifist jafnar á alla tekjuhópa.
- Dregið úr umfangi samnýtingar skattþrepa með innleiðingu nýs grunnþreps og hækkun skattprósentu miðþreps.

| Skatthlutföll tekjuskatts | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| *Tekjuskattur til ríkis (%)* | | | |
| 1. þrep | 22,50 | 20,60 | 17,00 |
| 2. þrep | 31,80 | 22,75 | 23,50 |
| 3. þrep | | 31,80 | 31,80 |
| Meðalskatthlutfall útsvars (%) | 14,44 | 14,44 [1] | 14,44 [1] |
| *Skatthlutfall samtals í staðgreiðslu (%)* | | | |
| 1. þrep | 36,94 | 35,04 | 31,44 |
| 2. þrep | 46,24 | 37,19 | 37,94 |
| 3. þrep | | 46,24 | 46,24 |

[1] Hér er miðað við 14,44% meðalútsvar, en meðalútsvar 2020 og 2021 liggur ekki fyrir.

Tekjuskattsbreytingarnar koma til í skrefum og gert er ráð fyrir að þær lækki tekjur ríkissjóðs um 21 ma.kr. þegar þær verða að fullu komnar til framkvæmda árið 2021. Að lokinni innleiðingu mun grunnþrep verða 5,5 prósentustigum lægra en núverandi grunnþrep og ný prósenta miðþreps 1,0 prósentustigi hærri en núverandi grunnþrep. Með tilkomu þriggja þrepa kerfis verður jöfnunarhlutverki kerfisins viðhaldið í ríkara mæli en verið hefur í gegnum þrepamörk skattkerfisins. Þar að auki munu viðmiðunarfjárhæðir tekjuskattskerfisins hækka meira um hver áramót en nú tíðkast, en þær munu þá taka mið af bæði verðbólgu og framleiðniaukningu vinnuafls. Nýtt viðmið tryggir að tekjujöfnunareiginleikar skattkerfis haldist yfir tíma án þess að skerða hagstjórnaráhrif þess. Með skattalækkuninni munu ráðstöfunartekjur tekjulægstu hópanna aukast um rúmlega 10 þúsund krónur á mánuði þegar aðgerðin er að fullu komin til framkvæmdar. Áfangar næsta árs munu þýða 5,5 ma.kr. lækkun á tekjuskatti einstaklinga til ríkisins það ár. Lækkunin styður við ráðstöfunartekjur heimilanna og mun að líkindum auka tekjur ríkissjóðs af neyslusköttum.



Stigin eru mikilvæg skref í þágu loftslagsmála með tilkomu **nýrra grænna skatta** á urðun úrgangs og flúoraðar gróðurhúsalofttegundir (F-gös), sem eru m.a. notaðar í kælikerfum í iðnaði. Sköttunum er ætlað að hvetja til umhverfisvænni ákvarðana og þannig draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Sambærilegir skattar hafa verið í gildi um árabil í nágrannaríkjum okkar með góðum árangri. Árið 2017 myndaði urðun úrgangs 5% af losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis og F-gös 4%. Gert er ráð fyrir að innleiðing skattanna taki tvö ár. Lagt er upp með að fyrra skrefið verði tekið árið 2020 og skili ríkissjóði 1,5 ma.kr. í tekjur það ár og seinna skrefið verði tekið ári síðar og skili ríkissjóði til viðbótar 1 ma.kr. í tekjur, eða samtals 2,5 ma.kr. á ári eftir það. Skattlagning á urðun úrgangs er sérstaklega til þess fallin að hvetja til endurnýtingar og endurvinnslu úrgangs og er miðað við að upphæð skattsins verði 7,5 kr. á hvert kg urðaðs úrgangs á næsta ári sem hækki í 15 kr. að innleiðingu lokinni. Áætla má að skatturinn nemi nálægt 6 þús.kr. að jafnaði fyrir fjögurra manna heimili á næsta ári. Skattlagning á F-gös er til þess fallin að hvetja fyrirtæki til að leita umhverfisvænni lausna og er miðað við að álagður skattur verði eigi hærri en 10.000 kr./kg.

| Tekjuáhrif skattkerfisbreytinga á ríkissjóð 2020, ma.kr. [1] | Frumvarp |
|---|---|
| *Lögfestar breytingar* | |
| Lækkun tryggingagjalds um 0,25%-stig | -4,0 |
| Hækkun kolefnisgjalds um 10% | 0,6 |
| **Samtals** | **-3,4** |
| *Ólögfestar breytingar* | |
| Breytingar á tekjuskatti einstaklinga | -5,5 |
| Nýir grænir skattar | 1,5 |
| Frekari stuðningur við orkuskipti | -0,2 |
| Breytingar á skattlagningu ökutækja og eldsneytis | 0,9 |
| Gjaldtaka á ferðamenn | 2,5 |
| Aðgerðir gegn skattsvikum | 0,5 |
| **Samtals** | **-0,3** |
| **Lögfestar og ólögfestar breytingar samtals** | **-3,7** |

[1] Fjárhæðir tákna áhrif hverrar kerfisbreytingar í samanburði við óbreytt kerfi á árinu 2020. Fjárhæðir eru með hliðaráhrifum á virðisaukaskatt.

Önnur mikilvæg aðgerð í þágu loftslagsmála snýr að auknum **stuðningi við orkuskipti** í samgöngum. Um er að ræða þrjár tímabundnar aðgerðir sem falla undir skattastyrki. Áætluð áhrif þeirra á tekjur ríkissjóðs eru um 160 m.kr. til lækkunar árið 2020 sem má gera ráð fyrir að aukist með árunum. Í fyrsta lagi er lagt til að endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts af vinnu við uppsetningu hleðslustöðva við íbúðarhúsnæði fari úr 60% í 100% og í öðru lagi að heimila 100% endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna kaupa á hleðslustöðvum fyrir íbúðarhúsnæði. Kostnaður við kaup og uppsetningu á heimahleðslu hefur áhrif á ákvörðun heimila um kaup á rafbíl og er fyrrnefndum endurgreiðslum ætlað að draga úr þeim kostnaði og stuðla þannig að hraðari orkuskiptum en annars yrði. Í þriðja og síðasta lagi er lagt til að útleiga vistvænna bílaleigubíla verði undanþegin virðisaukaskatti. Það leiðir til þess að leiguverð vistvænna ökutækja lækkar um 19% að öllu öðru óbreyttu. Undanþágan er til þess fallin að fjölga sérstaklega vistvænum bílaleigubifreiðum og draga úr losun í samgöngum þar sem þær eru stór hluti af endurnýjun fólksbifreiða hérlendis og alla jafna ekið meira en öðrum fólksbifreiðum.

Í forsendum er gert ráð fyrir 0,9 ma.kr. tekjuauka af breytingum á skattlagningu ökutækja og eldsneytis í samræmi við samþykkta fjármálaáætlun. Tekin hefur verið ákvörðun um að hefja vinnu við útfærslu á skattlagningu á notkun ökutækja en samhliða þeirri vinnu þarf að endurskoða hvort framfylgja eigi fyrri tillögum um breytingar á skattlagningu ökutækja og eldsneytis.

Jafnframt er gert ráð fyrir 2,5 ma.kr. tekjum af gjaldtöku á ferðamenn í samræmi við forsendur tekjuáætlunar í fjármálaáætlun fyrir næstu fimm árin, sem Alþingi samþykkti í júní sl. Nýleg áföll og óvissa um þróun atvinnugreinarinnar gætu gefið tilefni til þess að þau áform yrðu tekin til endurskoðunar í meðferð þingsins á fjárlagafrumvarpinu.

Í þessu fjárlagafrumvarpi er fyrirhugað að veita aukið fé í **skatteftirlit** hjá ríkisskattstjóra til að fyrirbyggja og draga úr skattsvikum sem ætlað er að skili ríkissjóði um 250 m.kr. tekjum umfram tilkostnað á komandi ári.

Að lokum er gert ráð fyrir að **krónutölugjöld hækki um 2,5%** í samræmi við verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands þrátt fyrir að hækkun vísitölu neysluverðs sé áætluð 3,4% á þessu ári. Hækkunin nær til vörugjalda á áfengi, tóbak og eldsneyti ásamt bifreiða- og kílómetragjaldi. Jafnframt hækkar gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og útvarpsgjald um 2,5%. Verðlagsuppfærslurnar eru taldar skila ríkissjóði um 1,6 ma.kr. í tekjur að meðtöldum hliðaráhrifum á virðisaukaskatt. Tekjurnar hefðu orðið um 0,8 ma.kr. meiri ef gjöldin hefðu haldið raungildi.

*4.2.2 Umfjöllun um forsendur helstu tekjustofna*

Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 919,5 ma.kr. árið 2020 og þar af eru áætlaðar tekjur af sköttum og tryggingagjöldum 817,3 ma.kr. Gert er ráð fyrir að heildartekjur nemi 30% af VLF sem er lítilsháttar lækkun samanborið við uppgjör ársins 2018 og áætlun ársins 2019. Það má m.a. rekja til skattalækkana sem taka munu gildi í ársbyrjun 2020.

**Virðisaukaskattur er stærsti tekjustofn ríkissjóðs**

Samsetning tekna ríkisins af sköttum og tryggingagjöldum 2020




Áætlaðar tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga árið 2020 eru 206 ma.kr. Í þeirri áætlun hefur kerfisbreyting á tekjuskatti einstaklinga milli 2019 og 2020 umtalsverð áhrif en þau eru

metin á 5,5 ma.kr. Að baki áætluninni liggja jafnframt forsendur um launaþróun og vinnuaflseftirspurn.

Tekjur af tekjuskatti lögaðila eru áætlaðar 77,4 ma.kr. á næsta ári, þar af nemur sérstakur fjársýsluskattur á fjármálafyrirtæki 3,9 ma.kr. Gert er ráð fyrir að verri efnahagshorfur hafi áhrif á afkomu fyrirtækja en áætlunin verður að venju endurskoðuð þegar álagning opinberra gjalda á lögaðila vegna rekstrarársins 2018 liggur fyrir í lok september líkt og áður segir.

Stofn til fjármagnstekjuskatts, sem samanstendur einkum af vaxtatekjum, arði, leigutekjum og söluhagnaði, hækkar hóflega á næsta ári í ljósi þjóðhagsspár þar sem gert er ráð fyrir fremur hægum hagvexti og lægra vaxtastigi í samræmi við vaxtalækkanir Seðlabankans á vor- og sumarmánuðum. Gert er ráð fyrir óbreyttum reglum um skattstofn fjármagnstekjuskatts á næsta ári. Tekjur af fjármagnstekjuskatti eru áætlaðar 32,5 ma.kr. og lækka lítillega milli ára sem hlutfall af VLF.

Tekjur ríkisins af virðisaukaskatti eru nátengdar neyslu í landinu, bæði landsmanna sjálfra og erlendra gesta. Vegna sviptinga í flugsamgöngum á fyrri hluta árs eru blikur á lofti um áætlaða tekjuöflun yfirstandandi árs í ofanálag við hefðbundna óvissu um þróun mála á næsta ári. Spáð er 2,8% magnvexti einkaneyslu og einnig er reiknað með að neysla ferðamanna aukist á ný eftir samdrátt á þessu ári. Af vettvangi kerfisbreytinga verða hliðaráhrif á virðisaukaskatt af 10% hækkun kolefnisgjalds auk tekjuauka vegna herts eftirlits með skattskilum en nýir skattastyrkir, sem hvetja til orkuskipta í samgöngum, hafa í för með sér auknar endurgreiðslur virðisaukaskatts og undanþágu fyrir vistvæna bílaleigubíla. Í heild eru áætlaðar 259 ma.kr. tekjur af virðisaukaskatti á næsta ári sem er nær óbreytt hlutfall af VLF.

Gert er ráð fyrir að tekjur af vörugjöldum á ökutæki verði 7,5 ma.kr. á komandi ári. Áætlunin byggist á forsendum um neyslu heimilanna, fjölda ferðamanna og gengisþróun en þar að auki er sérstaklega horft til þess að nýjar bifreiðar verða sífellt sparneytnari sem birtist í lægri tekjum af vörugjöldum á hverja bifreið. Þá er áætlað að tekjur af eldsneytissköttum verði 31,2 ma.kr. Gert er ráð fyrir að bensín- og olíugjald hækki um 2,5% í ársbyrjun en nú þegar hefur verið lögfest 10% hækkun kolefnisgjalds 1. janúar 2020. Enn fremur er gert ráð fyrir að sala eldsneytis dragist lítillega saman vegna vaxandi hlutdeildar umhverfisvænna bifreiða í umferð. Þá er vert að nefna að 0,9 ma.kr. tekjuauki af breytingum á skattlagningu á ökutæki og eldsneyti er meðtalinn í tekjum af bifreiðagjaldi í áætluninni.

Áætlað er að tekjur af bankaskatti verði tæplega 10,5 ma.kr. árið 2020 en fyrirhugað er að lækkunarfasi hans verði á tímabilinu 2021–2024 í stað 2020–2023 líkt og áður var gert ráð fyrir. Það er talið skila ríkissjóði 1,6 ma.kr. í tekjur á næsta ári umfram það sem annars hefði orðið.

Launastofninn vex áfram á svipuðum hraða á næsta ári miðað við spá um 5,5% hækkun launa og tæplega 1% aukningu vinnuaflseftirspurnar og mun stofn tryggingagjalds því nema 1.720 ma.kr. Tekjur ríkissjóðs af tryggingagjaldinu aukast þó minna þar sem almenni hlutinn lækkar um 0,25 prósentustig í ársbyrjun 2020 þegar síðari áfangi lækkunar sem lögfest var í desember 2018 tekur gildi. Tryggingagjald og launaskattar sem reiknast af sama stofni nema alls 108,4 ma.kr. í tekjuáætluninni, eða 6,3% launastofnsins.

Vaxtatekjur ríkissjóðs eru einkum af skattkröfum, endurlánum og innstæðum. Þær hafa minnkað undanfarin ár og lækka áfram á næsta ári í alls 9,3 ma.kr., fyrst og fremst vegna lægra vaxtastigs og minni innstæðna ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands.

Arðgreiðslur frá félögum í eigu ríkissjóðs eru að stærstum hluta vegna eignarhalds ríkis í Íslandsbanka, Landsbankanum og Landsvirkjun. Í fjármálaáætlun er gert ráð fyrir að ríkið taki við sérstökum viðbótararði frá báðum bönkum umfram hagnað af reglulegri starfsemi á tímabilinu 2018–2021, þar af 8 ma.kr. samtals á árinu 2020. Sú áætlun er óbreytt. Tekjufærsla á rekstrargrunni GFS, sem er megingrunnur tekjuáætlunarinnar, er nokkru lægri fjárhæð en sem nemur arðgreiðslunni, sbr. skýringu í neðanmálsgrein meðfylgjandi töfluyfirlits yfir

áætlaðar arðgreiðslur næsta árs. Arður frá Landsvirkjun er áætlaður 10 ma.kr. sem ráðgert er að renni annars vegar til fjármögnunar væntanlegs Þjóðarsjóðs og hins vegar til sérstakra verkefna til eflingar á nýsköpun í atvinnulífinu og til uppbyggingar á hjúkrunarrýmum.

| Arður og hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja 2020, m.kr. | Rekstrar-grunnur | Greiðslu-grunnur |
|---|---|---|
| *Arður* | | |
| Íslandsbanki hf. | 9.400 | 13.200 |
| Landsbankinn hf. | 13.600 | 19.100 |
| Landsvirkjun | 10.000 | 10.000 |
| Aðrir | 575 | 575 |
| **Arður alls** | **33.575** | **42.875** |
| *Hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja* | | |
| ÁTVR | 2.000 | 2.000 |
| Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands | 1.022 | 1.022 |
| **Hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja alls** | **3.022** | **3.022** |
| **Arður og hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja alls** | **36.597** | **45.897** |

Veiðigjald er áætlað um 7 ma.kr. árið 2020. Ný lög um veiðigjald tóku gildi um síðustu áramót þar sem m.a. var settur nýr reiknistofn sem byggist á afkomu við veiðar hvers nytjastofns. Með breytingunum er dregið úr töf við meðferð upplýsinga um átta mánuði. Þá er veiðigjaldið nú ákveðið fyrir almanaksár í stað fiskveiðiárs. Jafnframt var í byrjun sumars lögfest gjaldtaka á fiskeldi. Gert er ráð fyrir að hún skili ríkissjóði um 0,1 ma.kr. á næsta ári.

Að lokum má nefna að í forsendum áætlunar er gert ráð fyrir að ríkissjóður fái um 1 ma.kr. við sölu losunarheimilda í viðskiptakerfi ESB (ETS).

### 4.3 Samantekt á breytingum á tekjuáætlun ársins 2020 frá fjármálaáætlun

Verulegar breytingar á efnahagsforsendum, sem lágu til grundvallar fjármálaáætlun sem lögð var fram í mars sl., leiddu til þess að tekjuáætlun ríkissjóðs lækkaði umtalsvert. Í framhaldi var fjármálastefnan endurskoðuð og töluverðar breytingar gerðar á fjármálaáætluninni þar sem m.a. tímasetningum og útfærslum skattkerfisbreytinga var breytt ásamt því að innleiða nýjar tekjuráðstafanir. Þar á meðal er lækkunarferli bankaskatts frestað um ár, en gert var ráð fyrir að það hæfist 2020. Einnig eru fyrirhugaðar frekari tekjuráðstafanir, svo sem álagning grænna skatta og viðbótararður frá ÁTVR.




## 4.4 Skattastyrkir

Skattastyrkir nema um 97 ma.kr. í áætlun fyrir árið 2020, sem er lægra hlutfall af VLF en árið 2019. Tæpir tveir þriðju hlutar þeirra eru vegna 11% virðisaukaskattsþrepsins, þar sem ferðaþjónusta, matur og drykkir vega þungt. Ýmsar fleiri vörutegundir njóta ívilnunar í formi lægri virðisaukaskatts, nú síðast tíðavörur og getnaðarvarnir frá 1. september í ár. Aðrir nýir skattastyrkir sem taka gildi í byrjun árs 2020 eru stuðningur við kaup á heimahleðslustöðvum og útleigu vistvænna bifreiða sem mun hraða orkuskiptum í samgöngum. Þá má nefna að húsnæðisstuðningur í formi skattastyrkja eykst áfram talsvert og nemur yfir 15 ma.kr., en dæmi um aðgerðir sem þar falla undir eru skattfrjáls ráðstöfun séreignarsparnaðar til húsnæðiskaupa, 60% endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði, helmingsafsláttur af stimpilgjaldi við fyrstu kaup og helmingsfrádráttur af skattskyldum leigutekjum þegar íbúðarhúsnæði er leigt til lengri tíma.

Skattastyrkir eru samheiti yfir hinar ýmsu ívilnanir í skattkerfinu sem heimili og fyrirtæki njóta góðs af en ríkið gefur eftir tekjur. Ef slík ívilnun er skýrt frávik frá grunngerð viðkomandi skatts og hún hefur sérstakan tilgang á grundvelli mótaðrar stefnu þá telst hún vera skattastyrkur á því málefnasviði sem um ræðir. Skattastyrkir eiga það sammerkt með fjárveitingum úr ríkissjóði að vera aðgerðir í þágu stefnu stjórnvalda með bein fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð. Fjárhagslegu áhrifin af skattastyrkjum eru hins vegar í formi tekjutaps sem lýtur ekki beinni ákvörðun stjórnvalda á sama hátt og fjárveitingar. Skattastyrkir eru því ekki jafn sýnilegir og fjárveitingar.

Meðfylgjandi yfirliti er ætlað að upplýsa um áætlað umfang skattastyrkja. Alls eru 63 tegundir skattastyrkja í yfirlitinu, sem skiptast á 15 málefnasvið en nokkra er ekki unnt að flokka með einföldum hætti eftir málefnasviði og tilvist nokkurra í viðbót er af tæknilegum ástæðum.

Skattastyrkir 2020 (áætlaðar fjárhæðir í m.kr.)

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Skattastyrkir flokkaðir eftir tegund ívilnunar** | | **Skattastyrkir flokkaðir eftir málefnasviði** | |
| Undanþága frá skattskyldu | 19.963 | 7. Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar | 213 |
| Frádráttur | 7.287 | 8. Sveitarfélög og byggðamál | 16 |
| Frádráttarheimild | 5.518 | 9. Almanna- og réttaröryggi | 180 |
| Lægri skattprósenta | 64.631 | 11. Samgöngu- og fjarskiptamál | 1.088 |
| **Alls** | **97.399** | 14. Ferðaþjónusta | 29.692 |
| | | 15. Orkumál | 40 |
| **Skattastyrkir flokkaðir eftir tegund skatts** | | 17. Umhverfismál | 3.728 |
| Tekjuskattur einstaklinga | 4.738 | 18. Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál | 3.007 |
| Tekjuskattur lögaðila | 833 | 20. Framhaldsskólastig | 391 |
| Fjármagnstekjuskattur | 4.087 | 21. Háskólastig | 530 |
| Eignarskattar | 450 | 23. Sjúkrahúsþjónusta | 96 |
| VSK | 81.110 | 27. Örorka og málefni fatlaðs fólks | 632 |
| Vörugjöld og aðrir neysluskattar | 6.182 | 29. Fjölskyldumál | 29.208 |
| **Alls** | **97.399** | 30. Vinnumál og atvinnuleysi | 223 |
| | | 31. Húsnæðisstuðningur | 15.458 |
| | | Vantar flokkun | 7.307 |
| | | Tæknileg/framkvæmdaleg ástæða | 5.590 |
| **Alls, % af VLF** | **3,2%** | **Alls** | **97.399** |

# 5 Gjöld A-hluta ríkissjóðs

Í þessum kafla er fjallað um útgjaldahlið A-hluta ríkissjóðs árið 2020 en þar er um að ræða útgjöld vegna starfsemi á vegum ríkisins, t.d. heilsugæslu, háskóla, hjúkrunarheimila eða annarra aðila, sem að stærstum hluta e0r fjármögnuð af skatttekjum ríkissjóðs. Fjallað er um helstu áherslumál á útgjaldahliðinni í frumvarpinu og skiptingu heildarfjárheimilda eftir málefnasviðum og málaflokkum auk helstu breytinga frá fjárlögum fyrir árið 2019. Einnig er fjallað um útgjaldaþróun rammasettra útgjalda málefnasviða það sem af er kjörtímabilinu eða frá árinu 2017 til 2020. Þá er gerð grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á útgjöldum málefnasviða á árinu 2020 frá því sem forsendur fjármálaáætlunar gera ráð fyrir en þær eru ekki verulegar. Auk þess er gerð grein fyrir verðlagsforsendum gjaldahliðarinnar. Því næst kemur umfjöllun um kynjaða fjárlagagerð, skuldbindingar ríkisins vegna þjónustu- og styrktarsamninga og loks er farið yfir reglur um varasjóði og millifærslur fjárveitinga. Vakin er athygli á því að þessi kafli tekur einungis til breytinga á fjárheimildum samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum en ekki til breytinga á heildarútgjöldum á þjóðhagsgrunni samkvæmt GFS-hagskýrslustaðlinum en um þær er fjallað í kafla 3.

**INNVIÐIR OG BÆTT NÝTING FJÁRMUNA**

**Rammasett útgjöld aukin um 29 ma.kr. (3,7%) að raunvirði árið 2020.**

**Uppbygging innviða og efling velferðarþjónustu í forgangi.**

**Bætt nýting fjármuna** með stafrænni þjónustu og endurmati útgjalda.

Í þessu frumvarpi er lögð áhersla á aukin framlög til byggingar og reksturs nýrra hjúkrunarheimila og áframhaldandi byggingar nýs Landspítala. Haldið er áfram með átak í samgöngumálum með auknum framlögum til vegaframkvæmda auk eflingar þjónustuþáttar Vegagerðarinnar. Auk þess eru lagðir fram auknir fjármunir til stofnframlaga til bygginga eða kaupa á almennum íbúðum, barnabóta og lengingar fæðingarorlofs í tengslum við Lífskjarasamningana. Stutt er við orkuskipti í samgöngum með auknum útgjöldum sem vinna með boðuðum hvötum á tekjuhlið fjárlaga. Flutnings- og dreifikerfi raforku er einnig styrkt til að flýta þrífösun rafmagns. Þá er fjármagn tryggt til byggingu Húss íslenskunnar og átak gert í nýliðun kennara auk þess sem gripið er til aðgerða til stuðnings við einkarekna fjölmiðla. Að lokum ber að nefna að stutt er við rannsóknarstarf með fjármunum til smíði nýs hafrannsóknarskips og til að efla haf- og matvælarannsóknir. Nánari umfjöllun um þessi og fleiri verkefni er að finna í greinargerðum um viðkomandi málefnasvið.

Áhersluverkefni þessa fjárlagafrumvarps fylgja eftir þeim megináherslum sem fram koma í fjármálaáætlun fyrir árin 2019 til 2023 og fjárlögum fyrir árin 2018 og 2019. Meðal helstu áherslumála þar má nefna:

- styrkingu heilbrigðisþjónustunnar með það að markmiði að bæta þjónustu óháð efnahag og búsetu
- eflingu menntakerfisins, bæði á framhalds- og háskólastigi
- aukna áherslu á nýsköpun og rannsóknir
- átak í samgönguframkvæmdum
- sérstakt átak um meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins
- hækkun á frítekjumarki atvinnutekna aldraðra,
- aðgerðaáætlun um máltækni
- eflingu almenningssamgangna
- aukin framlög til byggðamála
- uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum samhliða aukinni landvörslu
- eflingu ýmissa löggæslu- og landhelgisverkefna
- aðgerðir á sviði umhverfismála
- styrkingu heilsugæslunnar
- aukin framlög til að draga úr tannlæknakostnaði aldraðra og öryrkja.

Útfærsla á heildarútgjaldaramma ríkissjóðs í frumvarpinu byggist á þeirri stefnumörkun ríkisstjórnarinnar sem lögð er til grundvallar fyrir árið 2020 í fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024 en mörg áhersluverkefni komu fyrst fram í fjármálaáætlun 2019–2023 og fjárlögum áranna 2018 og 2019. Þegar horft er til breytinga á fjárheimildum málefnasviða á milli fjárlaga fyrir árið 2019 og fjárlagafrumvarps fyrir árið 2020 er mikilvægt að hafa í huga að aukning á rammasettum útgjöldum í frumvarpinu kemur til viðbótar raunaukningu útgjalda í fjárlögum sl. tvö ár vegna fyrrgreindra áherslumála ríkisstjórnarinnar. Þannig hafa rammasett útgjöld aukist frá fjárlögum fyrir árið 2017 til fjárlagafrumvarps fyrir árið 2020 um ríflega 115 ma.kr. en það samsvarar tæplega 16% hækkun.

### 5.1 Heildarfjárheimildir 2020 og breytingar frá fjárlögum fyrir árið 2019

Heildarfjárheimildir ríkissjóðs árið 2020 eru áætlaðar 1.005 ma.kr. og nemur aukning á milli ára um 72,6 ma.kr. að meðtöldum launa-, gengis- og verðlagsbreytingum, en þær nema 26,5 ma.kr. Að þeim frátöldum hækka heildarútgjöld ríkissjóðs um 46,1 ma.kr. frá fjárlögum fyrir árið 2019, eða sem nemur 4,9% að raunvirði. Frumvarpið gerir ráð fyrir að vaxtagjöld ríkissjóðs verði um 44,6 ma.kr. og lækki um 3,1 ma.kr. frá gildandi fjárlögum, en nánar er fjallað um þær breytingar í greinargerð málaflokks 33.10 í frumvarpinu. Taflan hér á eftir sýnir breytingar á hagrænni skiptingu fjárheimilda á raunvirði milli fjárlaga fyrir árið 2019 og fjárlagafrumvarps fyrir árið 2020, þ.e. með skiptingu eftir rekstrarframlögum, rekstrar- og fjármagnstilfærslum, fjárfestingarframlögum og vaxtagjöldum. Vakin er athygli á því að fjárfestingarframlög færast ekki til gjalda í ríkisreikningi heldur eru þau eignfærð og afskrifuð yfir líftíma eignarinnar.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Fjárlög 2019 | Frumvarp[1] 2020 | Breyting m.kr. | Breyting % |
|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 418.176 | 427.594 | 9.418 | 2,3 |
| Rekstrartilfærslur | 301.710 | 308.199 | 6.489 | 2,2 |
| Fjármagnstilfærslur | 21.387 | 22.947 | 1.560 | 7,3 |
| Fjárfestingarframlag | 43.601 | 55.166 | 11.565 | 26,5 |
| **Rammasett útgjöld** | **784.874** | **813.905** | **29.031** | **3,7** |
| Vaxtagjöld | 47.625 | 44.553 | -3.072 | -6,5 |
| Aðrir liðir utan ramma | 99.728 | 119.859 | 20.132 | 20,2 |
| **Heildargjöld** | **932.227** | **978.317** | **46.091** | **4,9** |
| Rekstrartekjur | 57.655 | 59.152 | 1.497 | 2,6 |
| Framlag úr ríkissjóði | 839.189 | 877.478 | 38.289 | 4,6 |
| Viðskiptahreyfingar | 35.383 | 41.687 | 6.304 | 17,8 |
| **Samtals fjármögnun** | **932.227** | **978.317** | **46.091** | **4,9** |

[1] Án verðlagshækkana

Aukningin á milli ára skýrist af þremur megintilefnum eins og sést á myndinni hér á eftir. Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar á útgjaldaskuldbindingum vegna hagrænna og kerfislægra breytinga, svo sem vegna fjölgunar aldraðra og öryrkja, eða breytinga sem eru bundnar í lögum, samningum eða með ákvörðunum ríkisstjórnar, samtals 27,6 ma.kr. Í öðru lagi eru áætluð áhrif vegna launa-, verðlags- og gengisbreytinga en þau nema 26,5 ma.kr. eða sem nemur ríflega þriðjungi af heildarbreytingunni á milli ára. Gætir hér einkum áhrifa af spá um launahækkanir í komandi kjarasamningum við opinbera starfsmenn og hækkunum bóta almannatrygginga og atvinnuleysisbóta. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4. Í þriðja lagi aukast útgjöld ríkissjóðs um 25,1 ma.kr. vegna nýrra og aukinna framlaga til ýmissa verkefna innan málefnasviða og málaflokka ráðuneyta en það svarar til 35% af hækkun heildarútgjaldanna milli ára. Samtals nemur útgjaldaaukningin af þessum þremur tilefnum rúmlega 79 ma.kr. frá fjárlögum 2019.



Í fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024 eru tiltekin aðhaldsmarkmið innbyggð í útgjaldarömmum málefnasviða og ráðuneytum falið að ákvarða nánar með hvaða hætti þeim markmiðum er mætt í fjárlagafrumvarpinu. Gerð er 2% almenn aðhaldskrafa fyrir utan undanskilda liði en lægri aðhaldskrafa er gerð á heilbrigðis-, öldrunarstofnanir og skóla, eða 0,5%.

Engin aðhaldskrafa er sett á bótakerfi almannatrygginga og atvinnuleysis, sjúkratryggingar og dómstóla. Útfærsla ráðuneyta á aðhaldsráðstöfunum á einstökum málefnasviðum felur í sér samtals 4,4 ma.kr. lækkun á útgjaldavexti. Almennt var aðhaldsráðstöfunum ráðuneyta dreift nokkuð jafnt á einstakar stofnanir og verkefni en nánar er fjallað um þessa útfærslu ráðuneyta í köflum um einstök málefnasvið.

Taflan hér á eftir sýnir ný og aukin framlög að launa– og verðlagsbreytingum undanskildum til ýmissa verkefna á milli fjárlaga 2019 og fjárlagafrumvarps 2020.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | **Viðbót 2020** |
|---|---|
| **Bundnar útgjaldaskuldbindingar og ný og aukin framlög** | |
| **Framlög í tengslum við Lífskjarasamningana:** | **4.000,0** |
| Lenging fæðingarorlofs (úr 9 í 10 mánuði af fyrirhugaðri 12 mánaða lengingu orlofsins) | 1.000,0 |
| Hækkun barnabóta (skerðingarmörk barnabóta hækkuð) | 1.000,0 |
| Aukin stofnframlög | 2.000,0 |
| **Ýmsar framkvæmdir og fjárfestingar á vegum ríkisins:** | **13.519,0** |
| Nýr Landspítali | 3.767,0 |
| Aukin framlög til samgöngumála | 3.437,0 |
| Bygging hjúkrunarheimila | 2.379,0 |
| Nýtt skrifstofuhúsnæði fyrir Alþingi | 1.496,0 |
| Hús íslenskunnar | 1.090,0 |
| Nýtt hafrannsóknarskip | 600,0 |
| Viðbygging við Stjórnarráðshúsið | 550,0 |
| Þyrlukaup (samtals framlög 2020 nema 2,1 ma.kr.) | 200,0 |
| **Önnur útgjaldamál** | **21.790,0** |
| Aukin framlög vegna hærra atvinnuleysis | 8.794,0 |
| Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja | 707,0 |
| Stuðningur við rekstur einkarekinna fjölmiðla | 400,0 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 11.889,0 |
| **Annað:** | **13.344,0** |
| **Samtals bundnar útgjaldaskuldbindingar og ný og aukin framlög** | **52.653,0** |

Útgjöld til félags,- húsnæðis- og tryggingamála[1] aukast mest frá fjárlögum fyrir árið 2019, eða um 18 ma.kr. sem svarar til 8% hækkunar að raunvirði. Skýrist sú aukning að stærstum hluta af vaxandi atvinnuleysi en gert er ráð fyrir að útgjöld til atvinnuleysisbóta aukist um tæpa 9 ma.kr. í samræmi við spá Hagstofu Íslands um þróun atvinnuleysis á komandi ári. Munu útgjöld vegna atvinnuleysisbóta þá nema rúmlega 26,6 ma.kr. Auk þessa vaxa útgjöld um tæp 5%, eða um 3,4 ma.kr., meðal annars vegna fjölgunar örorkulífeyrisþega og áhrifa á ársgrund-

[1] Til félags- húsnæðis- og tryggingarmála heyra málefnasvið 27-31.

velli af kerfisbreytingum til að bæta kjör örorkulífeyrisþega, sem voru ekki komin fram nema að hluta í fjárlögum yfirstandandi árs, eða sem nam 4 ma.kr.

Ríkisstjórnin ákvað að koma í framkvæmd nokkrum kostnaðarsömum aðgerðum til að greiða fyrir samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um Lífskjarasamningana til viðbótar við tekjuráðstafanir í sama skyni. Meðal annars var ákveðið að lengja fæðingarorlof í skrefum í 12 mánuði og hækka skerðingarmörk barnabóta. Aukin framlög ríkissjóðs vegna þessara aðgerða nema um 2 ma.kr. á árinu 2020. Heildarútgjöld vegna barnabóta verða þá orðin 13,1 ma.kr. sem er 22% aukning frá fjárlögum fyrir árið 2017. Heildarútgjöld vegna fæðingarorlofs verða 15,5 ma.kr. og hafa þá aukist um 51% frá 2017. Þá hækkun má einnig rekja til hækkunar hámarksgreiðslna í 600 þús.kr. á mánuði frá og með 1. janúar 2019. Stuðningur ríkisstjórnarinnar við kjarasamningana fólst einnig í auknum framlögum til almennra íbúða með 2 ma.kr. hækkun stofnframlaga 2020 en sú hækkun mun halda sér út gildistíma samninganna. Þessi auknu framlög bætast við hækkun á atvinnuleysisbótum í maí 2018 ásamt auknum framlögum til Ábyrgðasjóðs launa og hækkunar barnabóta sem ríkisstjórnin afréð á fyrri stigum.

Útgjöld til heilbrigðismála[2] aukast næstmest, eða um alls 10,9 ma.kr., en það svarar til 5% að raunvirði. Þar vegur þyngst rúmlega 5,7 ma.kr. hækkun framlaga til byggingar nýs Landspítala en framlög til byggingar nýs Landspítala verða samtals 8,5 ma.kr. á árinu 2020. Fjárveiting til að mæta áætluðum raunvexti og upptöku nýrra S-merktra lyfja hækkar um rúmar 800 m.kr. á milli ára. Framlög til byggingar og reksturs hjúkrunarrýma munu jafnframt aukast um rúma 3,4 ma.kr., eða um 7% að raunvirði á milli ára. Það er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um fjölgun hjúkrunarrýma en fyrirhugað er að ljúka við byggingu fyrir nærri hundrað hjúkrunarrými í Reykjavík sem taka á í notkun 2020. Að því loknu verður haldið áfram byggingu fyrir rými sem taka á í notkun síðar, líkt og fram kemur í greinargerð málefnasviðs *Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta.*

Framlög úr ríkissjóði til samgöngu- og fjarskiptamála hækka um 9% á milli ára að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Þar vega þyngst aukin framlög til framkvæmda og viðhalds á vegakerfinu í samræmi við áform í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Fjárfestingarframlög í málaflokknum eru áætluð 28,4 ma.kr. á árinu 2020 og er það 3,5 ma.kr. hækkun milli ára. Meðal annars verður unnið að uppbyggingu stofnleiða frá höfuðborgarsvæðinu og aðskilnaði akstursstefnu, þ.e. á Vesturlandsvegi, Reykjanesbraut og Suðurlandsvegi, auk þess sem fækka á einbreiðum brúm. Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar verða jafnframt efldar en útgjöld til málaflokksins aukast um 11% á milli ára. Það er hlutfallslega mesta raunaukningin í útgjöldum allra málefnasviða á milli ára.

Önnur málefnasvið hækka samanlagt um 5% á milli ára. Þar munar í fyrsta lagi mest um vaxandi greiðslur ríkissjóðs til LSR vegna fjölgunar lífeyrisþega og hækkana á lífeyri þeirra sem farnir eru á eftirlaun. Nemur hækkunin 11,9 ma.kr. frá fjárlögum fyrir árið 2019. Í öðru lagi er um að ræða aukin framlög til Alþingis vegna nýrrar skrifstofubyggingar á Alþingisreitnum sem kemur í stað núverandi leiguhúsnæðis við Austurstræti. Í þriðja lagi má nefna málefni sem snúa að réttindum einstaklinga, trúmálum og stjórnsýslu dómsmála. Þar er gert ráð fyrir 783,5 m.kr. hækkun á framlagi til að uppfylla svonefnt kirkjujarðasamkomulag við þjóðkirkjuna í samræmi við niðurstöðu reiknilíkans sem notað er til að reikna út framlög samkvæmt samningi ríkisins og kirkjunnar. Eins má nefna að gert er ráð fyrir 200 m.kr. auknum framlögum til skatteftirlits.

Taflan hér á eftir sýnir breytingu á rammasettum útgjöldum milli fjárlaga 2019 og frumvarps fyrir árið 2020 á hverju málefnasviði fyrir sig án launa- og verðlagsbreytinga, þ.e. að raunvirði.

---

[2] Til heilbrigðismála heyra málefnasvið 23-26, 32.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Fjárlög 2019 | Frumvarp[1] 2020 | br. m.kr. | br. % |
|---|---|---|---|---|
| 01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess | 5.148 | 6.709 | 1.561 | 30,3 |
| 02 Dómstólar | 3.307 | 3.268 | -39 | -1,2 |
| 03 Æðsta stjórnsýsla | 2.354 | 2.841 | 486 | 20,7 |
| 04 Utanríkismál | 11.208 | 12.139 | 930 | 8,3 |
| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla | 29.685 | 30.427 | 742 | 2,5 |
| 06 Hagskýrslugerð og grunnskrár | 3.896 | 3.936 | 40 | 1,0 |
| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar | 14.905 | 16.504 | 1.600 | 10,7 |
| 08 Sveitarfélög og byggðamál | 2.242 | 2.293 | 50 | 2,2 |
| 09 Almanna- og réttaröryggi | 30.188 | 29.889 | -298 | -1,0 |
| 10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála | 14.708 | 16.014 | 1.305 | 8,9 |
| 11 Samgöngu- og fjarskiptamál | 43.141 | 47.064 | 3.923 | 9,1 |
| 12 Landbúnaður | 16.429 | 16.150 | -279 | -1,7 |
| 13 Sjávarútvegur og fiskeldi | 6.688 | 7.108 | 419 | 6,3 |
| 14 Ferðaþjónusta | 2.276 | 1.984 | -292 | -12,8 |
| 15 Orkumál | 4.176 | 4.385 | 209 | 5,0 |
| 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj.sýsla atv.mála | 4.594 | 4.700 | 106 | 2,3 |
| 17 Umhverfismál | 19.016 | 20.058 | 1.042 | 5,5 |
| 18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál | 15.521 | 15.755 | 234 | 1,5 |
| 19 Fjölmiðlun | 4.711 | 5.300 | 589 | 12,5 |
| 20 Framhaldsskólastig | 35.141 | 35.065 | -76 | -0,2 |
| 21 Háskólastig | 46.877 | 44.061 | -2.816 | -6,0 |
| 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menn.mála | 5.327 | 5.253 | -74 | -1,4 |
| 23 Sjúkrahúsþjónusta | 100.682 | 105.482 | 4.801 | 4,8 |
| 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa | 53.397 | 54.957 | 1.560 | 2,9 |
| 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta | 50.847 | 54.271 | 3.423 | 6,7 |
| 26 Lyf og lækningavörur | 25.657 | 26.347 | 690 | 2,7 |
| 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks | 68.678 | 72.086 | 3.408 | 5,0 |
| 28 Málefni aldraðra | 79.927 | 82.425 | 2.498 | 3,1 |
| 29 Fjölskyldumál | 37.332 | 40.504 | 3.172 | 8,5 |
| 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi | 6.346 | 6.500 | 154 | 2,4 |
| 31 Húsnæðisstuðningur | 13.412 | 13.493 | 80 | 0,6 |
| 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála | 10.298 | 10.765 | 468 | 4,5 |
| 33 Fjármagnskostn., ábyrgðir og lífeyrisskuldbind. | - | - | - | - |
| 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir | 10.900 | 10.702 | -198 | -1,8 |
| 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna | 5.860 | 5.473 | -388 | -6,6 |
| **Samtals rammsett útgjöld** | **784.874** | **813.905** | **29.031** | **3,7** |
| Liðir utan ramma[2] | 99.728 | 119.859 | 20.132 | 20,2 |
| Aðlaganir að GFS staðli[3] | -81.587 | -98.558 | -16.971 | 20,8 |
| Launa- og verðlagsbætur 2020 | | 26.528 | 26.528 | - |
| **Frumgjöld samkvæmt GFS -staðli á verðlagi 2020** | **803.014** | **861.734** | **58.719** | **7,3** |
| Vaxtagjöld | 60.442 | 57.353 | -3.089 | -5,1 |
| **Heildargjöld** | **863.457** | **919.087** | **55.630** | **6,4** |

[1] Án launa- og verðlagsbreytinga.

[2] Liðir sem falla utan ramma málefnasviða eru eftirfarandi: vaxtagjöld ríkissjóðs, ríkisábyrgðir, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysistryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

[3] Hér er um að ræða aðlaganir vegna meðferðar lífeyrisskuldbindinga og afskriftir skattkrafna. Þá er einnig um að ræða aðlaganir vegna innbyrðis viðskipta milli A-hluta aðila, svo sem Ríkiskaup, þannig að ekki komi til tvítalninga útgjalda.

Rétt er að benda á að í töflunni má sjá að raunlækkun verður á útgjöldum á málefnasviðinu *Háskólastig* en það skýrist af leiðréttingum á ofgreiddum framlögum til LÍN á undanförnum árum og uppfærðri áætlun um lánveitingar í kjölfar fækkunar lánþega. Að framlögum til LÍN undanskildum hækka framlög til *Háskólastigsins* hins vegar um 3,3% á milli ára og fær sviðið 7% nýrra og aukinna framlaga í sinn hlut, eða 1,7 ma.kr.

Framlög til málefnasviðsins *Ferðaþjónusta* lækka um 13% á milli ára sem skýrist einkum af niðurfelldu framlagi til Flugþróunarsjóðs. Þá lækka útgjöld til málefnasviðsins *Alþjóðleg þróunarsamvinna* um 387,5 m.kr., eða sem nemur 4%. Skýrist það í meginatriðum af millifærslum fjárheimilda af því sviði yfir á málefnasviðið *Utanríkismál* í samræmi við ákvörðun Alþingis við þinglega meðferð fjármálaáætlunar 2020-2024. Á sama tíma er gert ráð fyrir að framlög til þróunaraðstoðar verði endurskoðuð að nýju í meðferð þingsins á fjárlagafrumvarpinu til þess að tryggja megi að markmið stjórnarsáttmálans nái fram að ganga sem er að 0,35% af vergum þjóðartekjum verði varið til þróunarsamvinnu.

**5.2 Útgjaldaþróun rammasettra útgjalda málefnasviða frá 2017 til 2020**

Að undanskildum vaxtagjöldum og óreglulegum liðum, en það eru liðir sem að öðru jöfnu ráðast að takmörkuðu leyti af ákvarðanatöku stjórnvalda, eru rammasett útgjöld áætluð 813,9 ma.kr. árið 2020 og aukast um 29 ma.kr. frá gildandi fjárlögum, eða sem nemur 3,7% að raunvirði. Þetta er að launa- og verðlagsbreytingum frátöldum og frádreginni hækkun á markaðsleigu stofnanna í fjárlögum 2019. Myndin hér á eftir sýnir raunhækkun rammasettra útgjalda í fjárlögum áranna 2017-2019 og fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2020 miðað við vísitölu neysluverðs.




Eins og sjá má hefur orðið gríðarleg aukning á rammasettum útgjöldum frá árinu 2017 og hafa þau aukist um ríflega 115 ma.kr., eða tæp 16% að raunvirði á verðlagi ársins 2020 á þessu tímabili. Hlutfallsleg aukning hefur orðið mest í samgöngu- og fjarskiptamálum. Þar munar mest um aukningu vegna átaks í samgönguframkvæmdum á árunum 2019–2021 þar sem samtals 16,5 ma.kr. er bætt í samgönguframkvæmdir fyrir þau ár eða 5,5 ma.kr. á ári. Þetta átak er fjármagnað af tímabundnum tekjuáhrifum af umframarðgreiðslum frá

fjármálafyrirtækjum. Þá má nefna þessu til viðbótar að frumvarpið gerir ráð fyrir tæplega 4 ma.kr. hækkun á framlögum til samgönguframkvæmda á árinu 2020. Framlög til umhverfismála hafa á þessu tímabili aukist um rúman fjórðung, eða um 4,2 ma.kr., en þar munar mest um verkefni tengd loftslagsmálum og aðgerðir til að tryggja verndun náttúrufarslegra verðmæta og sjálfbæra nýtingu. Í krónum talið hefur mest aukning orðið í framlögum til heilbrigðismála og félags-, húsnæðis- og tryggingamála en útgjöld til þessara málaflokka hafa hækkað samtals um 77 ma.kr. á tímabilinu, eða um 19%. En meðal verkefna innan heilbrigðisþjónustu sem lögð hefur verið áhersla á er bygging nýs Landspítala, aukin framlög til sjúkratrygginga meðal annars vegna innleiðingu nýrra lyfja, sérfræðiþjónustu og sjúkra-, tal og iðjuþjálfunar. Þá hefur auknu fjármagni verið varið til að draga úr greiðsluþátttöku sjúklinga. Framlög til málefna aldraðra og öryrkja hafa aukist um 26 ma.kr. á tímabilinu en það skýrist meðal annars af því að bætur almannatrygginga hafa hækkað að raunvirði, lífeyrisþegum hefur fjölgað og framlög hafa hækkað vegna fyrirhugaðra kerfisbreytinga til að bæta kjör örorkulífeyrisþega svo eitthvað sé nefnt. Að lokum má nefna ríflega 20% hækkun til mála tengdum almanna- og réttaröryggi. Sú hækkun skýrist fyrst og fremst af áhrifum vegna kaupa á þremur nýjum þyrlum fyrir Landhelgisgæsluna en í frumvarpinu er gert ráð fyrir 2,1 ma.kr. framlagi til kaupanna, sem kemur til viðbótar 1,9 ma.kr. framlagi í fjárlögum 2019, en samtals er gert ráð fyrir að kostnaður við kaupin nemi um 14 ma.kr.

### 5.3 Útgjaldabreytingar frá fjármálaáætlun

Í fjármálaáætluninni sem samþykkt var í júní sl. voru settir fram útgjaldarammar fyrir 35 málefnasvið í rekstri ríkissjóðs fyrir tímabilið 2020–2024 á verðlagi ársins 2019. Gengið var út frá því að rammarnir héldust óbreyttir að raungildi í fjárlagagerð ráðuneyta og framkvæmd fjárlaga miðaði við þær forsendur sem þeir voru reistir á. Í framhaldi af samþykkt áætlunarinnar útfærðu ráðuneytin útgjaldarammana nánar niður á málaflokka fyrir fjárlagafrumvarp fyrir árið 2020 og fjárveitingar niður á einstakar stofnanir og verkefni sem birtar eru í fylgiriti með frumvarpinu.

Rammasett útgjöld í fjármálaáætluninni fyrir málefnasviðin 35 námu 813,7 ma.kr. á verðlagi ársins 2019 að frádregnum liðum sem falla utan útgjaldaramma, en þar er einkum átt við óreglulega liði á borð við lífeyrisskuldbindingar og atvinnuleysisbætur, auk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Samkvæmt endanlegri útfærslu ráðuneyta í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rammasett útgjöld verði 0,2 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjármálaáætluninni. Þetta minni háttar frávik skýrist fyrst og fremst af millifærslum milli málefnasviða, bæði á milli ráðuneyta og innan sama ráðuneytis, auk annarra tæknilegra leiðréttinga, svo sem uppfærslu á reiknilíkönum og aðlagana á tölulegum forsendum fjármálaáætlunar. Í töflunni hér á eftir má sjá sundurliðun þeirra breytinga eftir einstökum málefnasviðum.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Rammi - fjárm.áætl. 2020 | Rammi - frumvarp 2020 | br. frá fjármála-áætlun | Breyting % |
|---|---|---|---|---|
| 01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess | 6.709 | 6.709 | 0 | 0,0 |
| 02 Dómstólar | 3.267 | 3.268 | 1 | 0,0 |
| 03 Æðsta stjórnsýsla | 2.900 | 2.841 | -59 | -2,0 |
| 04 Utanríkismál | 12.092 | 12.139 | 46 | 0,4 |
| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla | 30.254 | 30.427 | 173 | 0,6 |
| 06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál | 3.936 | 3.936 | 0 | 0,0 |
| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar | 16.469 | 16.504 | 35 | 0,2 |
| 08 Sveitarfélög og byggðamál | 2.273 | 2.293 | 20 | 0,9 |
| 09 Almanna- og réttaröryggi | 29.840 | 29.889 | 50 | 0,2 |
| 10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála | 15.910 | 16.014 | 104 | 0,7 |
| 11 Samgöngu- og fjarskiptamál | 47.044 | 47.064 | 20 | 0,0 |
| 12 Landbúnaður | 16.222 | 16.150 | -72 | -0,4 |
| 13 Sjávarútvegur og fiskeldi | 6.993 | 7.108 | 114 | 1,6 |
| 14 Ferðaþjónusta | 1.959 | 1.984 | 25 | 1,3 |
| 15 Orkumál | 4.345 | 4.385 | 40 | 0,9 |
| 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atv.mála | 4.735 | 4.700 | -35 | -0,7 |
| 17 Umhverfismál | 20.058 | 20.058 | 0 | 0,0 |
| 18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál | 15.755 | 15.755 | 0 | 0,0 |
| 19 Fjölmiðlun | 5.300 | 5.300 | 0 | 0,0 |
| 20 Framhaldsskólastig | 35.065 | 35.065 | 0 | 0,0 |
| 21 Háskólastig | 44.061 | 44.061 | 0 | 0,0 |
| 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála | 5.253 | 5.253 | 0 | 0,0 |
| 23 Sjúkrahúsþjónusta | 105.617 | 105.482 | -135 | -0,1 |
| 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa | 54.932 | 54.957 | 25 | 0,0 |
| 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta | 54.390 | 54.271 | -120 | -0,2 |
| 26 Lyf og lækningavörur | 26.348 | 26.347 | -1 | 0,0 |
| 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks | 72.066 | 72.086 | 20 | 0,0 |
| 28 Málefni aldraðra | 82.425 | 82.425 | 0 | 0,0 |
| 29 Fjölskyldumál | 40.260 | 40.504 | 244 | 0,6 |
| 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi | 6.500 | 6.500 | 0 | 0,0 |
| 31 Húsnæðisstuðningur | 13.493 | 13.493 | 0 | 0,0 |
| 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála | 11.056 | 10.765 | -291 | -2,6 |
| 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar | - | - | - | - |
| 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir | 10.702 | 10.702 | 0 | 0,0 |
| 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna | 5.473 | 5.473 | 0 | 0,0 |
| **Samtals rammasett útgjöld** | **813.702** | **813.905** | **203** | **0,0** |
| Liðir utan ramma[1] | 119.750 | 119.859 | 109 | 0,1 |
| Aðlaganir að GFS-staðli[2] | -96.919 | -98.558 | -1.639 | 1,7 |
| Launa- og verðlagsbætur 2020 | 24.475 | 26.528 | 2.053 | 8,4 |
| **Frumgjöld samkvæmt GFS-staðli á verðlagi 2020** | **861.008** | **861.734** | **726** | **0,1** |
| Vaxtagjöld samtals | 57.392 | 57.353 | -39 | -0,1 |
| **Heildargjöld samkvæmt GFS-staðli** | **918.400** | **919.087** | **687** | **0,1** |

[1] Liðir sem falla utan ramma málefnasviða eru eftirfarandi: vaxtagjöld ríkissjóðs, ríkisábyrgðir, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysistryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

[2] Hér er m.a. um að ræða aðlaganir vegna meðferðar lífeyrisskuldbindinga og afskriftir skattkrafna. Þá er einnig um að ræða aðlaganir vegna innbyrðis viðskipta milli A-hluta aðila, svo sem Ríkiskaup, þannig að ekki komi til tvítalningar útgjalda.

### 5.4 Verðlagsforsendur útgjaldahliðar

Í fjárlagafrumvarpinu eru fjárheimildir málefnasviða og málaflokka settar fram á áætluðu verðlagi ársins 2020. Verðlagsbreytingar á milli áranna 2019 og 2020 miðast við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá maí sl. en áætlaðar launabætur til stofnana taka mið af kjarasamningum sem samið var um síðasta vor, svokölluðum lífskjarasamningum. Ekki er spáð fyrir um gengi gjaldmiðla heldur er það uppfært miðað við gildi þeirra fyrsta virka dag ágústmánaðar, þ.e. 1. ágúst 2019. Alls nema verðlags-, gengis- og launabreytingar á fjárheimildum málefnasviða og málaflokka í frumvarpinu 26,5 ma.kr. eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.

| Rekstrargrunnur | útgjöld ma.kr. |
|---|---|
| **Launaforsendur** | **13,1** |
| Endurmat á launaforsendum fjárlaga 2019 | 2,6 |
| Áætlaðar launahækkanir 2020 | 10,5 |
| **Almennar verðlagsbreytingar** | **6,6** |
| **Gengisforsendur** | **0,5** |
| **Bótahækkanir** | **6,3** |
| **Samtals** | **26,5** |

**Launaforsendur.** Hækkun fjárheimilda málefnasviða og málaflokka í fjárlagafrumvarpinu vegna launahækkana er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða endurmat launaforsendna fyrir árið 2019 og mat á áhrifum þeirra á ársgrundvelli fyrir árið 2020. Við gerð fjárlaga fyrir árið 2019 var gert ráð fyrir almennri 3,4% launahækkun sem tæki gildi 1. apríl 2019 þar sem nær allir kjarasamningar ríkisstarfsmanna voru lausir frá og með þeim tíma. Enn er ósamið við stéttarfélög ríkisstarfsmanna en samkvæmt mati sem byggist á þeim kjarasamningum sem gerðir voru á almennum vinnumarkaði sl. vor er áætlað að launahækkanir ríkisstarfsmanna á árinu 2019 verði að meðaltali nálægt um 4% á ársgrundvelli. Áætlað er að útgjöld ríkissjóðs vegna endurmats á þessum launaforsendum nemi 2,6 ma.kr. vegna fjárlaga fyrir árið 2019.

Hins vegar eru einnig reiknaðar inn áætlaðar launahækkanir fyrir árið 2020. Mat á launahækkunum ríkisstarfsmanna byggist á fyrrgreindum samningum á almenna vinnumarkaðinum. Samkvæmt því mati er áætlað að launahækkanir á árinu 2020 verði um 3% að meðaltali miðað við að hækkanirnar taki gildi 1. apríl. Rétt er að benda á að matið er háð ákveðinni óvissu þar sem enn er ósamið við stéttarfélög ríkisstarfsmanna eins og áður segir. Áætluð útgjöld ríkissjóðs vegna þessara launahækkana eru 10,5 ma.kr. á árinu 2020.

Beinn launakostnaður ríkisins ásamt launalið í aðkeyptri þjónustu, t.d. vegna þjónustusamninga, nemur ríflega 300 ma.kr., eða sem svarar til um þriðjungs af fjárheimildum ríkisins þegar vaxtagjöld eru undanskilin. Samanlagt er áætlað að framangreindar launabreytingar auki brúttólaunakostnað ríkisins um 13,1 ma.kr.

**Atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga.** Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að prósentuhækkun bóta almannatrygginga, þ.e. elli- og örorkulífeyris, og bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, verði 3,5% frá og með 1. janúar 2020. Hækkunin byggist á mati á áætluðum meðaltaxtahækkunum á vinnumarkaðinum í heild fyrir árið 2020 samkvæmt launagögnum Hagstofu Íslands sem liggja til grundvallar við útreikning og spár um vísitölu launa. Framangreindar forsendur eru í samræmi við 69. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, þar sem kveðið er á um að bæturnar skuli breytast árlega og taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. Líkt og venja

hefur verið er gert ráð fyrir að sama prósentuhækkun, þ.e. 3,5% hækkun, verði á atvinnuleysisbótum frá og með 1. janúar 2020. Áætlað er að kostnaður ríkisins vegna framangreindra hækkana á bótafjárhæðum nemi 6,3 ma.kr.

**Almennar verðlagsforsendur**. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 3,2% hækkun annarra rekstrargjalda en launa á milli áranna 2019 og 2020. Hækkunin er í samræmi við verðbólguspá fyrir árið 2020 samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá maí síðastliðnum. Algengt er að slík rekstrargjöld nemi um 20–30% af veltu stofnana en gert er ráð fyrir að aukin útgjöld vegna þessara verðlagsbreytinga nemi 6,6 ma.kr.

**Gengisforsendur.** Í forsendum fjárlagafrumvarps hefur ekki tíðkast að spá fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla. Í frumvarpinu fyrir árið 2020 er miðað við gengisforsendurnar fyrsta virka dag ágústmánaðar eða þann mánuð sem talnabálka fjárlagafrumvarpsins var lokað. Í forsendum fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2020 hefur gengi íslensku krónunnar tekið nokkrum breytingum frá forsendum fjárlaga fyrir árið 2019. Þannig er gengisvísitalan 1,7% hærri, gengi dollara hefur hækkað um 4,8% og gengi evru um 1,7%. Þá hefur gengi breska pundsins lækkað um 2,3% gagnvart krónu. Þessar breytingar á gengi gjaldmiðla leiða samtals til liðlega 0,5 ma.kr. brúttóhækkunar á fjárheimildum málefnasviða og málaflokka í frumvarpinu í þeim tilvikum þar sem tiltekin útgjöld eru beintengd við gjaldmiðla. Það á t.d. við um stóran hluta útgjalda í utanríkismálum og lyfjakostnaði.

### 5.5 Endurmat útgjalda og stafræn þjónusta

Með **endurmati útgjalda** er lagt mat á þann árangur sem fjárveitingar til tiltekinna verkefna hafa skilað og einnig hvort og þá hvernig bæta megi framkvæmdina og nýta fengna reynslu til hagræðingar. Kerfisbundið endurmat útgjalda þarf að vera mikilvægur hluti af fjárlagaferlinu sem og útgjaldagreiningar til að meta skilvirkni og árangur við ráðstöfun opinberra fjármuna.

Á árinu 2019 hefur verið lagður grunnur að markvissu útgjaldaendurmati innan ráðuneyta og á vegum ríkisstjórnar með tveimur „tilraunaverkefnum“ er lutu að endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar og rekstri sýslumannsembætta. Í fjármálaáætlun 2020–2024 eru síðan ný verkefni kynnt til sögunnar sem snúa að framhaldsfræðslu fyrir einstaklinga á vinnumarkaði, tilfærslukerfi almannatrygginga, lyfjakostnaði, innheimtukostnaði og fasteignaumsýslu ríkisins. Vinnu við þessi verkefni er ætlað að bæta afkomu ríkissjóðs með lækkun útgjalda frá og með árinu 2021. Ákveðinn sparnaður er ekki tilgreindur á þessu stigi og áhersla lögð á vandaðan undirbúning.

Með hliðsjón af umfangi og mögulegum sparnaði þarf að styrkja almennar forsendur og umgjörð vinnunnar sem fram undan er. Markmiðið er að ríkisstjórnin geti á grundvelli hagræðingar og hlutlægs árangursmats samtímis dregið úr útgjaldavexti og staðið vörð um aukin eða ný verkefni sem gert er ráð fyrir í fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024.

Áhersla er lögð á umgjörð, verkaskiptingu og frekari útfærslu við endurmat útgjalda til að styrkja framkvæmdina:

- Starfseining sérfræðinga innan fjármála- og efnahagsráðuneytisins annist og haldi utan um endurmatið.
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið afmarki sviðin sem tekin eru til skoðunar og fagráðuneytin að tryggja viðeigandi upplýsingagjöf fyrir endurmatið.
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið tryggi að öll stærstu útgjaldaverkefnin komi til endurmats a.m.k. fjórða hvert ár (á einu kjörtímabili).
- Niðurstöður heildstæðs útgjaldaendurmats, hvort sem þær eru til aukningar eða lækkunar, hafa pólitíska þýðingu og ákvarðanir sem byggjast á þeim verði teknar af ríkisstjórn (ráðherranefnd um ríkisfjármál).

Þessu til áréttingar má einnig minna á ábendingar frá OECD eins og þær að endurmat útgjalda sé útfært sem órjúfanlegur hluti af fjárlagaferlinu og feli í sér kröfu um tilgreind markmið um hagræðingu eða sparnað. Áhersla er lögð á skýra markmiðssetningu, gagnsæi og ótvírætt umboð starfseininganna sem sjá um útgjaldaendurmatið. Með heildstæðu útgjaldaendurmati er lagt mat á hagkvæmni og ávinning af skilgreindum viðfangsefni fyrir samfélagið, en það getur einnig beinst að því að leggja mat á aðra valkosti og leiðir að lækka kostnað án skerðingar á þjónustu. Ef ávinningur eða gagnsemi tiltekinnar þjónustu er metinn minni en tilkostnaðurinn er t.d. líklegt að niðurstaða heildstæðs útgjaldaendurmats leiði bæði til hagræðingar og samdráttar í þjónustu. Meðal annars af þeirri ástæðu er lögð áhersla á að ákvörðun að loknu heildstæðu útgjaldaendurmati um eftirfylgnina sé tekin af ríkisstjórn í framhaldi af umfjöllun í ráðherranefnd um ríkisfjármál.

**Stafræn þjónusta.** Skýrari, einfaldari og hraðvirkari opinber þjónusta er meðal áherslumála ríkisstjórnarinnar á þessu kjörtímabili. Verkefnastofan Stafrænt Ísland leiðir vinnuna við þróun stafrænnar þjónustu en aðrar áherslur verkefnastofunnar snúa að því að byggja upp sterka stafræna innviði og stuðla að auknum samrekstri opinberra aðila.

Meðal helstu verkefna sem unnið er að um þessar mundir er uppbygging á miðlægri, stafrænni þjónustugátt undir merkjum Ísland.is, sem ætlað er að auðvelda samskipti borgara og atvinnulífs við hið opinbera. Markmiðið er að fyrir árslok 2020 verði 80% af núverandi stafrænni þjónustu hins opinbera á Ísland.is. Jafnframt er unnið að því að auka framboð á stafrænni þjónustu og er sem dæmi verið að útbúa ferli við stafrænar umsóknir um fæðingarorlof. Þannig verður hægt að lækka kostnað og spara vinnu fyrir bæði starfsfólk Fæðingarorlofssjóðs og þá 13 þúsund foreldra sem árlega fá greiðslur úr sjóðnum.

Undirstaða miðlægrar þjónustugáttar eru örugg gagnasamskipti á milli upplýsingakerfa stofnana. Því er unnið að uppsetningu Straumsins, gagnaflutningslags sem tryggir og stuðlar að samvirkni upplýsingakerfa hjá mismunandi stofnunum. Í samskiptum við hið opinbera mun því einungis þurfa að skrá upplýsingar einu sinni, gögn munu svo ferðast á milli stofnana en ekki fólk.

Á árinu 2020 eiga stafræn samskipti að vera meginsamskiptaleið ríkisins við fyrirtæki og almenning. Dregið verður úr bréfasendingum og samskipti birt í pósthólfi á Ísland.is en gert er ráð fyrir að á árinu verði 50 þjónustuveitendur til viðbótar tengdir við pósthólfið.

Til að leggja sterkan grunn að samhæfðri opinberri þjónustu við borgara landsins þvert á stofnanir og sveitarfélög er jafnframt unnið að skilgreiningu tæknilegs ramma sem opinberir aðilar skulu fylgja við uppbygginguna og skipulag á notkun upplýsingatækni. Við skilgreiningu rammans er gætt að atriðum er varða öryggi, hagkvæmni og skilvirkni veittrar þjónustu.

**5.6 Kynjuð fjárlagagerð**

Mótun fjármálaáætlunar og fjárlaga felur í sér ákvörðun um félagslega og efnahagslega forgangsröðun stjórnvalda. Vegna mismunandi stöðu kvenna og karla hefur tekjuöflun og ráðstöfun opinbers fjár ólík áhrif á kynin sem þarf að taka mið af við ákvarðanatöku. Sú aðferð sem er beitt við það er kölluð kynjuð fjárlagagerð. Innleiðing kynjaðrar fjárlagagerðar á Íslandi hefur frá upphafi haft að leiðarljósi að réttlæti og sanngirni haldist í hendur við efnahagslega velferð. Réttlætissjónarmiðin snúa að því að skapa réttlátt og sanngjarnt samfélag þar sem jafnrétti ríkir. Á sama tíma er haft í huga að jafnrétti fylgir efnahagslegur ávinningur en misrétti er samfélögum dýrkeypt.

Íslandi leiddi nýlega sérfræðihóp Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) um kynjaða fjárlagagerð, sem er til marks um stöðu Íslands í jafnréttismálum á alþjóðavísu þó að fullu jafnrétti sé vissulega enn ekki náð. Kynjabil er fyrir hendi á mörgum sviðum samfélagsins og þarf sérstaklega að hafa það hugfast að munurinn er oft meiri þegar horft er til fólks sem

verður fyrir margþættri mismunun, svo sem vegna fötlunar eða uppruna. Með því að taka mið af þessum mun geta stjórnvöld tekið ákvarðanir sem bæði styðja við markmið um jafnrétti og betri nýtingu opinbers fjár.

Kynjuð fjárlagagerð er lögbundin samkvæmt 18. gr. laga um opinber fjármál. Nú er unnið að því að tengja kynja- og jafnréttissjónarmið við gerð fjármálaáætlunar og fjárlaga í anda leiðbeininga frá OECD. Stofnunin mælist til þess að kynjasjónarmið séu samþætt við allt fjárlagaferlið, að ferlar og greiningartæki séu tengd við niðurstöður jafnréttisgreininga og að kynja- og jafnréttissjónarmið séu samþætt við ákvarðanatöku varðandi stefnumótun og áætlanagerð. Þetta er haft að leiðarljósi í fimm ára áætlun um kynjaða fjárlagagerð fyrir árin 2019–2023 sem fjármála- og efnahagsráðherra lagði fram og samþykkt er af ríkisstjórn. Áætlunin er höfð til hliðsjónar við stefnumótun málefnasviða skv. 20. gr. laga um opinber fjármál og við gerð frumvarps til fjárlaga. Á grundvelli áætlunarinnar var jafnframt gefin út í fyrsta sinn grunnskýrsla um kynjaða fjárlagagerð en þar má finna greiningu á stöðu kynjanna á flestum málefnasviðum A-hluta ríkissjóðs.

Ef litið er til reynslu annarra landa þá er ljóst að vinna og uppbygging kynjaðrar fjárlagagerðar er langtímaverkefni. Nauðsynlegt er að byggja undirstöður og móta þekkingu innan kerfisins til þess að vinnan skili árangri.

### 5.7 Skuldbindandi samningar og styrktarsamningar

Árlega stofna ráðuneyti og stofnanir til útgjalda með samningum, á grundvelli 40. gr. laga um opinber fjármál og 42. gr. sömu laga, um styrkveitingar, við samtök, einkaaðila og sveitarfélög. Tilgangur og markmið með samningum eða styrkjum samkvæmt þessum greinum laganna geta verið margs konar.

**Flokkun samninga.** Samningar um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni falla undir 40. gr. laga um opinber fjármál. Samkvæmt þeirri grein er ráðherrum veitt heimild, með samþykki fjármála- og efnahagsráðherra, til að gera samninga um þjónustu- og rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs í senn en þó að hámarki til fimm ára, að öðrum kosti þurfi samþykki Alþingis. Með samningi um rekstur er átt við samning um afmarkaða rekstrarþætti eða þjónustu sem ríkið veitir, enda sé ekki um að ræða verkefni sem fela í sér vald til að taka ákvarðanir er lúta að réttindum og skyldum nema fyrir því liggi skýr lagaheimild. Skriflegir samningar eiga að vera til um öll lögbundin verkefni sem ráðuneyti og stofnanir hafa samið um og aðrir en ríkisaðilar inna af hendi. Réttarstaða þeirra sem þjónustan beinist að breytist því ekki þó að ríkið feli öðrum aðila að sjá um lögbundinn rekstur eða þjónustu. Með 40. gr. laga um opinber fjármál er stofnunum einnig veitt heimild til að gera samninga um afmörkuð rekstrarverkefni, án samþykkis hlutaðeigandi ráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis, ef samanlögð árleg fjárskuldbinding ríkisaðilans vegna samninga fer ekki yfir 15% af árlegum heildarútgjöldum hans. Þar er þó fyrst og fremst um að ræða minni háttar samninga eins og rekstur upplýsingakerfa, tölvuumsjón og rekstrarleigusamninga. Það er á ábyrgð ríkisaðila að tryggja að útgjöld vegna samninga séu í samræmi við þá stefnumörkun sem liggur til grundvallar fjármálaáætlun og rúmist innan þeirra fjárheimilda sem Alþingi hefur samþykkt til þess málefnasviðs og málaflokks sem verkefnið fellur undir.

Ráðherrum er samkvæmt lögunum einnig heimilt að gera styrktar- og samstarfssamninga um verkefni sem ekki falla beinlínis undir lögbundin verkefni ríkisins. Um slíka samninga gildir 42. gr. laga um opinber fjármál sem fjallar um styrkveitingar. Samkvæmt greininni er hverjum ráðherra heimilt að veita tilfallandi styrki og framlög til verkefna sem varða þá málaflokka sem þeir bera ábyrgð á. Markmið þeirra er að styrkja eða ganga til samstarfs við aðila um verkefni sem almennt eru uppbyggileg eða nauðsynleg í samfélaginu. Við úthlutun styrkja og framlaga skal gæta jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Áb. | Fj. samn. | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrar- og þjónustusamningar** | | | | | | |
| 04 Utanríkismál | UTN | 2 | 799 | 845 | 845 | 845 |
| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla | FJR | 8 | 2.050 | 2.182 | 1.813 | 1.541 |
| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar | ANR | 4 | 92 | 92 | 87 | 88 |
| 08 Sveitarfélög og byggðamál | SRN | 1 | 204 | 210 | 210 | 210 |
| 09 Almanna- og réttaröryggi | DMR | 3 | 630 | 651 | 643 | 598 |
| 10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála | DMR | 1 | 34 | 34 | 34 | 34 |
| 11 Samgöngu- og fjarskiptamál | SRN | 13 | 6.175 | 6.355 | 6.091 | 5.908 |
| 12 Landbúnaður | ANR | 1 | 7 | 7 | 7 | 7 |
| 13 Sjávarútvegur og fiskeldi | ANR | 5 | 448 | 452 | 432 | 422 |
| 14 Ferðaþjónusta | ANR | 3 | 157 | 160 | 15 | 15 |
| 15 Orkumál | ANR | 3 | 62 | 62 | 62 | 62 |
| 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj.sýsla atv.mála | ANR | 5 | 87 | 87 | 87 | 87 |
| 19 Fjölmiðlun | MRN | 1 | 4.645 | 4.645 | 4.645 | 4.645 |
| 20 Framhaldsskólastig | MRN | 7 | 5.671 | 6.535 | 6.535 | 6.535 |
| 21 Háskólastig | ANR | 1 | 209 | 181 | 177 | 174 |
| 21 Háskólastig | MRN | 3 | 5.247 | 5.469 | 5.469 | 5.469 |
| 23 Sjúkrahúsþjónusta | HRN | 2 | 58.109 | 60.617 | 60.617 | 60.617 |
| 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa | HRN | 30 | 24.829 | 25.826 | 25.826 | 25.826 |
| 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta | HRN | 20 | 37.717 | 40.726 | 40.726 | 40.726 |
| 29 Fjölskyldumál | FEL | 3 | 1.413 | 1.515 | 1.515 | 1.515 |
| 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi | FEL | 3 | 887 | 968 | 882 | 882 |
| 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála | HRN | 1 | 328 | 333 | 333 | 333 |
| **Samtals rekstrar- og þjónustusamningar** | | **120** | **149.799** | **157.950** | **157.050** | **156.537** |
| **Styrktar- og samstarfssamningar** | | | | | | |
| 03 Æðsta stjórnsýsla | FOR | 1 | 10 | 10 | 10 | |
| 04 Utanríkismál | UTN | 4 | 51 | 51 | 51 | 51 |
| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar | ANR | 2 | 40 | 40 | 40 | 40 |
| 08 Sveitarfélög og byggðamál | SRN | 6 | 785 | 711 | 567 | 493 |
| 09 Almanna- og réttaröryggi | DMR | 1 | 12 | 12 | 12 | 12 |
| 10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála | DMR | 2 | 1.945 | 2.848 | 2.792 | 2.737 |
| 12 Landbúnaður | ANR | 4 | 14.240 | 14.503 | 14.412 | 14.260 |
| 13 Sjávarútvegur og fiskeldi | ANR | 3 | 59 | 59 | 52 | 52 |
| 14 Ferðaþjónusta | ANR | 4 | 72 | 72 | 25 | 25 |
| 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj.sýsla atv.mála | ANR | 1 | 26 | 13 | | |
| 17 Umhverfismál | UAR | 2 | 48 | 53 | 26 | |
| 18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál | MRN | 46 | 2.853 | 3.079 | 3.069 | 3.069 |
| 20 Framhaldsskólastig | MRN | 10 | 1.115 | 1.147 | 1.131 | 1.147 |
| 21 Háskólastig | MRN | 13 | 384 | 399 | 399 | 399 |
| 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menn.mála | MRN | 17 | 726 | 737 | 737 | 737 |
| 29 Fjölskyldumál | FEL | 5 | 263 | 262 | 240 | 223 |
| 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála | FEL | 2 | 56 | 15 | 15 | 15 |
| 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna | UTN | 48 | 2.536 | 2.486 | 2.157 | 2.084 |
| **Samtals styrktar- og samstarfssamningar** | | **171** | **25.221** | **26.497** | **25.734** | **25.343** |
| **Samtals skuldbindandi samningar** | | **291** | **175.020** | **184.447** | **182.784** | **181.880** |
| **Hlutfall af frumútgjöldum** | | | **22%** | **21%** | **-** | **-** |

**Heildarumfang skuldbindandi samninga**. Umfang skuldbindandi samninga ríkissjóðs er umtalsvert, bæði hvað varðar fjölda og fjárhagslegt umfang. Taflan hér á undan sýnir heildarskuldbindingu og fjölda allra rekstrar- og þjónustusamninga annars vegar og styrktar- og samstarfssamninga hins vegar eftir málefnasviðum. Rétt er að vekja athygli á því að í yfirliti 6 í fylgiriti með fjárlagafrumvarpinu eru sýndir allir skuldbindandi samningar eftir málefnasviðum og málaflokkum.

Skuldbindandi samningar sem í gildi eru á þessu ári eru alls 291 talsins. Þar af eru 120 vegna rekstrar- og þjónustuverkefna en 171 vegna styrktar- og samstarfsverkefna. Heildarútgjöld samninganna eru áætluð 184.447 m.kr., eða sem nemur 21% af frumútgjöldum ríkissjóðs.

## 5.8 Varasjóðir og millifærslur fjárheimilda innan fjárlagaárs

Í fjárlögum ár hvert ákveður Alþingi skiptingu fjárheimilda til málefnasviða og málaflokka og verður þeim ákvörðunum ekki breytt nema með lögum. Þó er eðli máls samkvæmt heimilt að gera millifærslur á fjárheimildum málaflokka 34.10 Almennur varasjóður og 34.20 Sérstakar fjárráðstafanir, í samræmi við ákvarðanir um ráðstöfun þeirra, enda er fjárheimildum þessum ætlað að mæta útgjaldatilefnum án tillits til hvaða málaflokkur ber þau útgjöld. Með sama hætti er hægt að millifæra fjárheimildir vegna útgjaldatilefna óháð hagrænni skiptingu. Heildarumfang almenns varasjóðs og sértækra fjárráðstafana nemur 10,9 ma.kr. fyrir árið 2020.

Með nýtingu þessara liða er mögulegt að taka á frávikum sem upp kunna að koma í starfsemi ríkisins umfram það sem hægt er að mæta með millifærslum innan málaflokka eða varasjóðum málaflokka, án þess að leita þurfi til Alþingis um auknar fjárheimildir. Um nýtingu almenns varasjóðs gilda þó ákveðnar forsendur sem raktar eru í kaflanum.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið ber ábyrgð á eftirliti með framkvæmd fjárlaga og hefur umsjón með millifærslum fjárveitinga í samræmi við það sem kemur fram hér síðar. Fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnir ákvarðanir um millifærslur til fjárlaganefndar Alþingis.

**Almennur varasjóður.** Samkvæmt 24. gr. laga um opinber fjármál skal gera ráð fyrir óskiptum almennum varasjóði til að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg og óhjákvæmileg. Almennur varasjóður er einkum til að mæta frávikum í launa-, gengis- og verðlagsforsendum fjárlaga og meiri háttar ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum, svo sem vegna náttúruhamfara eða útgjöldum sem ókleift er að mæta með öðrum hætti á grundvelli annarra fyrirliggjandi heimilda í fjárlögum. Almennur varasjóður skal nema a.m.k. 1% af fjárheimildum fjárlaga. Fjármála- og efnahagsráðherra fer með almennan varasjóð og tekur ákvörðun um ráðstöfun úr honum.

Ráðherra sem telur þörf á viðbótarframlagi úr almennum varasjóði skilar tillögu um framlag ásamt greinargerð þar að lútandi til fjármála- og efnahagsráðherra. Greinargerðin skal á fullnægjandi hátt upplýsa um forsendur þeirra útgjalda sem ráðherra telur að mæta þurfi: Lýsa skal til hvaða aðgerða ráðherra hafi gripið, sbr. 34. gr. laga um opinber fjármál, þ.e. til lækkunar útgjalda, millifærslna innan málaflokks eða ráðstafað úr varasjóði málaflokks. Þá skal skýra hvernig tillaga um framlag uppfylli ákvæði 24. gr. laga um opinber fjármál um almennan varasjóð, þ.e. að útgjöld séu tímabundin, ófyrirsjáanleg og óhjákvæmileg. Tillaga um framlag úr almennum varasjóði þarf að uppfylla öll þessi skilyrði.

Fjármála- og efnahagsráðherra metur greinargerð ráðherra með tilliti til skilyrða laganna. Sé fallist á að tilefni uppfylli skilyrði um millifærslu úr almennum varasjóði kynnir ráðherra ákvörðun sína fyrir fjárlaganefnd Alþingis. Fjármála- og efnahagsráðherra getur einnig ákveðið að kynna ríkisstjórn ákvarðanir um millifærslur úr almennum varasjóði. Þegar áætlanir hlutaðeigandi aðila hafa verið endurskoðaðar með tilliti til ákvörðunarinnar er fjárveiting millifærð úr almennum varasjóði. Fjármála- og efnahagsráðherra gerir fjárlaganefnd Alþingis rökstudda grein fyrir nýtingu hennar þegar ákvörðun liggur fyrir.

**Sérstakar fjárráðstafanir.** Fjárheimild málaflokksins *Sérstakar fjárráðstafanir* skiptist annars vegar í útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum og hins vegar til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Fjárheimild þessa málaflokks má millifæra, í samræmi við ákvarðanir sem teknar eru um ráðstöfun þeirra, til þeirra málaflokka sem útgjöld eru færð til

gjalda á eða eftir atvikum eignfærð á. Fjárveitingu til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar má nýta til að mæta útgjöldum vegna verkefna eða áherslna sem falla til innan fjárlagaársins. Ráðstöfunarfé ríkisstjórnar er þannig ætlað að skapa ríkisstjórninni svigrúm til að mæta sérstökum áherslum sem hún telur mikilvægastar hverju sinni, en tilgangur almenns varasjóðs er af öðrum toga. Fjárveiting vegna útgjalda samkvæmt heimildarákvæðum er vegna kostnaðar sem kann að skapast vegna 6. gr. fjárlaga. Í greininni er að finna ýmsar heimildir til handa fjármála- og efnahagsráðherra til kaupa, sölu eða leigu fasteigna og annarra eigna. Ljóst er að fjárveitingin nægir ekki til að nýta allar heimildir greinarinnar og er því mikilvægt að fjármála- og efnahagsráðherra hafi tiltekið svigrúm til að forgangsraða nýtingu þessara heimilda innan fjárveitingarinnar.

**Millifærsla fjárveitinga innan málaflokks.** Samkvæmt 29. gr. laga um opinber fjármál er hverjum ráðherra heimilt að breyta skiptingu fjárveitinga innan málaflokks frá því sem birt hefur verið í fylgiriti fjárlaga. Ráðuneyti skal rökstyðja ákvörðun sína og senda fjármála- og efnahagsráðherra til staðfestingar. Forstöðumanni eða ábyrgðaraðila verkefnis ber að uppfæra rekstraráætlun til samræmis og skila ráðuneyti til staðfestingar innan þess frests sem gefinn er. Breytt rekstraráætlun skal færð í fjárhagskerfi ríkisins samhliða millifærslunni. Fjármála- og efnahagsráðuneyti annast birtingu ákvarðana og skal upplýsa fjárlaganefnd Alþingis áður en þær taka gildi. Ekki er í slíkum tilfellum heimilt að færa fjárveitingar milli rekstrar, tilfærslna eða fjárfestinga. Sé fjárveiting lækkuð skal ákvörðunin rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi forstöðumanni eða ábyrgðaraðila verkefnis með a.m.k. sex vikna fyrirvara.

**Varasjóðir málaflokka.** Varasjóður málaflokks skal nýttur til að mæta frávikum í rekstri ríkisaðila og verkefna. Ef ekki koma fram slík frávik á fyrri helmingi ársins er hverjum ráðherra heimilt að ráðstafa úr varasjóði málaflokks í samræmi við verklagsreglur þar að lútandi sem settar eru af fjármála- og efnahagsráðherra og í samræmi við stefnu þess málaflokks. Ráðstöfun á þriðja ársfjórðungi skal aldrei nema meira en helmingi af fjárveitingu varasjóðs. Að loknum þriðja ársfjórðungi og árslokaspá skal heimila ráðstöfun úr varasjóði málaflokks til að mæta fyrirséðum frávikum í rekstri og því sem eftir stendur til að vinna að stefnumálum þess málaflokks. Við ráðstöfun úr varasjóði gildir verklag um millifærslur fjárveitinga innan málaflokks en fjárveiting varasjóðs skal nema að hámarki 2% af fjárheimildum viðkomandi málaflokks. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2020 eru varasjóðir málaflokka 35 talsins og nemur heildarumfang þeirra 1,3 ma.kr. líkt og sjá má í töflunni hér á eftir. Vakin er athygli á að á árinu 2018 var ráðstafað 1,7 ma.kr. úr varasjóðum málaflokka, en fjárveiting til þeirra ásamt verðlagsbótum nam rúmlega 2,3 ma.kr. Því til viðbótar hafði verið flutt 2,4 ma.kr. óráðstöfuð fjárveiting frá 2017, þannig að á árinu 2019 eru 5 ma.kr. til ráðstöfunar í varasjóðum málaflokka þegar tekið hefur verið tillit til fjárveitingar á fjárlögum 2019.

| Varasjóðir málaflokka | Fjárheimildir 2020 m.kr. |
|---|---|
| 02.20 Héraðsdómstólar | 8,1 |
| 04.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála | 107,8 |
| 05.10 Skattar og innheimta | 77,4 |
| 05.20 Eignaumsýsla ríkisins | 10,2 |
| 05.30 Fjármálaumsýsla ríkisins | 30,8 |
| 05.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála | 41,1 |
| 07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar | 0,3 |
| 09.10 Löggæsla | 41,2 |
| 09.20 Landhelgi | 3,2 |
| 11.10 Samgöngur | 205,5 |
| 13.10 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis | 20,5 |
| 13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi | 11,9 |
| 16.10 Markaðseftirlit og neytendamál | 2,6 |
| 17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla | 13,5 |
| 17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands | 13,5 |
| 17.50 Stjórnsýsla umhverfismála | 5,9 |
| 18.10 Safnamál | 4,7 |
| 18.20 Menningarstofnanir | 4,9 |
| 18.30 Menningarsjóðir | 2,1 |
| 18.40 Íþrótta- og æskulýðsmál | 1,1 |
| 20.10 Framhaldsskólar | 113,4 |
| 21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi | 234,2 |
| 22.30 Stjórnsýsla mennta- og menningarmála | 3,5 |
| 23.10 Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta | 178,6 |
| 23.20 Almenn sjúkrahúsþjónusta | 20,0 |
| 24.10 Heilsugæsla | 54,4 |
| 24.30 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun | 2,4 |
| 24.40 Sjúkraflutningar | 3,3 |
| 25.20 Endurhæfingarþjónusta | 10,9 |
| 29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn | 28,1 |
| 29.60 Bætur vegna veikinda og slysa | 10,5 |
| 30.20 Vinnumarkaður | 2,0 |
| 32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit | 3,0 |
| 32.30 Stjórnsýsla heilbrigðismála | 2,5 |
| 32.40 Stjórnsýsla félagsmála | 28,2 |
| **Samtals** | **1.301,3** |

# 6 Fjárreiður ríkisaðila í B-hluta

Til B-hluta teljast fyrirtæki og lánastofnanir í eigu ríkisins sem hvorki eru sameignar- né hlutafélög en eru undir beinni stjórn ríkisins og rekin á ábyrgð ríkissjóðs. Þessir aðilar starfa á markaði og standa að stærstum hluta undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja. Fyrirtæki og sjóðir í þessum flokki eru ÁTVR, Happdrætti Háskóla Íslands, Íslenskar orkurannsóknir, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Byggðastofnun, Lánasjóður íslenskra námsmanna og Íbúðalánasjóður. Í eftirfarandi töflu er samandregið rekstrar- og sjóðstreymisyfirlit fyrir ríkisaðila í B-hluta í heild.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Fjárlög 2019 | Frumvarp 2020 | Breyting |
|---|---|---|---|
| **Rekstraráætlun:** | | | |
| Rekstrartekjur | 47.794 | 49.240 | 1.447 |
| Rekstrargjöld | -49.159 | -50.067 | -908 |
| Fjármunatekjur | 58.620 | 55.657 | -2.963 |
| Fjármagnsgjöld | -58.367 | -54.518 | 3.848 |
| Framlög í afskriftasjóð útlána | -5.318 | -3.231 | 2.087 |
| **Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi** | **-6.431** | **-2.920** | **3.511** |
| Framlag til rekstrar úr ríkissjóði | 9.337 | 5.820 | -3.517 |
| Fengin framlög og óreglulegar tekjur | 0 | 630 | 630 |
| **Hagnaður (-tap)** | **2.906** | **3.530** | **624** |
| **Sjóðstreymi:** | | | 0 |
| Hagnaður (-tap) | 2.906 | 3.530 | 624 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé | 2.592 | -138 | -2.731 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | -1.485 | 15 | 1.500 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **4.014** | **3.407** | **-607** |
| Veitt löng lán | -25.672 | -20.534 | 5.138 |
| Afborganir af veittum löngum lánum | 97.806 | 93.328 | -4.478 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir, nettó | -945 | -1.352 | -407 |
| Ávöxtunarsamningar og áhættufjármunir, nettó | -50.801 | -24 | 50.777 |
| Sala fullnustueigna | 720 | 0 | -720 |
| **Fjárfestingarhreyfingar, samtals** | **21.108** | **71.419** | **50.311** |
| Tekin löng lán | 9.500 | 2.500 | -7.000 |
| Afborganir af teknum löngum lánum | -32.733 | -30.970 | 1.763 |
| Arðgreiðsla í ríkissjóð | -1.000 | -2.000 | -1.000 |
| Greitt til Háskóla Íslands | -580 | -950 | -370 |
| **Fjármögnunarhreyfingar samtals** | **-24.813** | **-31.420** | **-6.607** |
| **Breyting á handbæru fé** | 308 | 43.405 | 43.097 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 84.509 | 93.617 | 9.108 |
| Handbært fé í árslok | 84.818 | 137.023 | 52.205 |

Framsetning á fjárreiðum aðila í B-hluta er eins og í reikningsskilum fyrirtækja í sambærilegum rekstri og reikningsskil þeirra skulu uppfylla kröfur laga um ársreikninga.

Á árinu 2020 er gert ráð fyrir að halli af reglulegri starfsemi B-hluta aðila verði samtals um

3,5 ma.kr. minni en á yfirstandandi ári, meðal annars vegna lægri framlaga í afskriftasjóð útlána á komandi ári. Þessi breyting skýrist einkum af áætlaðri lækkun á framlögum Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) í afskriftasjóð. Sem hlutfall af heildarútlánum munu framlög á árinu 2020 nema tæpum 16% af áætluðum heildarútlánum. Aftur á móti er áætlað að þau nemi rúmum 20% af heildarútlánum á þessu ári.

Áætlanir gera ráð fyrir að rekstrarframlög ríkissjóðs til B-hluta lækki samtals um 3,5 ma.kr. árið 2020 frá yfirstandandi ári vegna lægri framlaga ríkissjóðs til LÍN. Annars vegar stafar þetta af því að gert er ráð fyrir að lánþegum LÍN fækki um 27% árið 2020 frá forsendum fjárlaga fyrir árið 2019 en lánþegum hefur verið að fækka allt frá skólaárinu 2011-2012 og hins vegar hefur sjóðurinn á undanförnum árum fengið framlög umfram raunþörf. Því er áætlað að hluti af fjárþörf sjóðsins árin 2020–2022 verði fjármagnaður með uppsöfnuðu handbæru fé sjóðsins. Í áætlunum LÍN er gert ráð fyrir að ný lög um sjóðinn taki gildi um mitt ár 2020.

Þegar tekið hefur verið tillit til rekstrarframlaga, einkum frá A-hluta ríkissjóðs, er gert ráð fyrir að hagnaður af rekstri B-hlutans verði samtals 3,5 ma.kr. á næsta ári en það er um fimmtungi meira en í gildandi fjárlögum. Áhrif rekstrarliða sem ekki hafa áhrif á handbært fé og breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum valda því að gert er ráð fyrir að handbært fé frá rekstri 2020 lækkar um 15% frá yfirstandandi ári.

Í heild er talið að fjárfestingarhreyfingar B-hlutans verði jákvæðar um rúmlega 71 ma.kr. 2020, til samanburðar er áætlað að þær muni nema 21 ma.kr. á þessu ári. Þar munar mestu áætlun Íbúðarlánasjóðs í gildandi fjárlögum um ríflega 50 ma.kr. bindingu fjár í ávöxtunarsamningum og öðrum eignum utan lánasafns, en ekki er gert ráð fyrir samsvarandi á næsta ári. Hér er aðallega um að ræða fjárfestingu í ríkisbréfum og stuttum bréfum eins og víxlum og bundnum innlánum. Í áætlunum ÍLS hefur ekki verið tekið tillit til væntanlegra breytinga á fyrirkomulagi sjóðsins. Nánar er fjallað um ÍLS í kafla 9, fjárhagsáhætta ríkissjóðs.

Byggðastofnun er eini aðilinn sem áætlar lántökur á næsta ári. Íbúðalánasjóður fyrirhugar ekki nýjar lántökur á næsta ári frekar en í ár því að reiknað er með að uppgreiðslur og afborganir af veittum lánum sjóðsins standi undir fjárþörf til nýrra útlána. Sama á við um LÍN í ljósi sterkrar fjárhagsstöðu sjóðsins en nánar verði farið yfir þau áform fyrir 2. umræðu frumvarpsins.

Arðgreiðsla B-hluta aðila í ríkissjóð á árinu 2020 er áætluð 2 ma.kr. Einungis Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins greiðir arð í ríkissjóð. Happdrætti Háskóla Íslands greiðir hluta af hagnaði sínum beint til Háskóla Íslands. Áætlað er að á árinu 2020 verði framlag happdrættisins til framkvæmda og viðhalds fasteigna Háskóla Íslands 950 m.kr.

Gangi framangreindar forsendur eftir eykst handbært fé B-hluta aðila um 43 ma.kr. á árinu 2020 og verður um 137 ma.kr. í árslok, sem einkum má rekja til breytinga á fjárfestingahreyfingum ÍLS frá yfirstandandi ári eins og greint er frá hér að framan.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir nokkrar lykilstærðir úr fjárreiðuáætlunum B-hluta aðila samkvæmt frumvarpinu.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Hagnaður / Tap | Arður til ríkissjóðs | Fjárfesting, nettó | Tekin langtímalán | Veitt langtímalán |
|---|---|---|---|---|---|
| Fyrirtæki | | | | | |
| Happdrætti Háskóla Íslands | 1.175 | | 347 | | |
| Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins | 2.130 | 2.000 | 350 | | |
| Íslenskar orkurannsóknir | -50 | | 40 | | |
| Sjóðir | | | | | |
| Lánasjóður íslenskra námsmanna | 3.568 | | 415 | | 12.784 |
| Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins | -287 | | | | |
| Orkusjóður | 2 | | | | |
| Íbúðalánasjóður | -3.079 | | | | 5.000 |
| - þar af húsbréfadeild | -4.242 | | | | |
| - þar af leiguíbúðir og hjúkrunarheimili | -4.049 | | | | |
| - þar af viðbótarlán | -265 | | | | |
| - þar af byggingarsjóðir ríkis og verkam. | -2.190 | | | | |
| - þar af íbúðalánadeild | 7.666 | | | | 5.000 |
| Byggðastofnun | 71 | | 200 | 2.500 | 2.750 |
| **Samtals** | **3.530** | **2.000** | **1.352** | **2.500** | **20.534** |

# 7 Efnahagur, lántökur og endurlán

Hér er gerð grein fyrir skuldastöðu, lánsfjárþörf, lántökum og afborgunum hjá A-hluta ríkissjóðs, fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta og öðrum aðilum sem taka lán á grundvelli sérlaga. Vísað er til 5. gr. frumvarpsins. Ekki er gert ráð fyrir neinum endurlánum ríkissjóðs á árinu 2020 en stærsti lántakinn, Lánasjóður íslenskra námsmanna, gerir að svo stöddu ekki ráð fyrir lántöku. Einnig er gerð grein fyrir þróun efnahags A-hluta ríkissjóðs. Um ríkisábyrgðir er fjallað í kafla 9 um fjárhagsáhættu ríkissjóðs.

## 7.1 Horfur í lánamálum ríkissjóðs fyrir árið 2019

Endurskoðaðar áætlanir gera ráð fyrir að heildarskuldir ríkissjóðs nemi um 892 ma.kr. í lok árs 2019 og skuldahlutfall samkvæmt lögum um opinber fjármál verði því sem næst 23%. Í fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024 var gert ráð fyrir áframhaldandi lækkun skulda ríkissjóðs og að þær myndu nema um 832 ma.kr. í árslok 2019. Í þeirri áætlun var ekki gert ráð fyrir erlendri lántöku ríkissjóðs á árinu. Um mitt ár gerði ríkissjóður hins vegar tilboð í útistandandi fjárhæð skuldabréfa í evrum sem gefin voru út á árinu 2014 og gaf út nýtt skuldabréf að fjárhæð 500 milljónir evra sem samsvarar 70 ma.kr. Skuldabréfið ber 0,1% vexti, sem eru hagstæðustu vextir sem ríkissjóður hefur nokkru sinni fengið. Þessi skuldabréfaútgáfa er í samræmi við langtímastefnu í lánamálum en miðað er við að halda úti 1–2 viðmiðum í erlendri útgáfu á hverjum tíma en það er mikilvægt fyrir aðra innlenda aðila sem þurfa að sækja sér fjármagn á alþjóðamarkaði. Tilgangur útgáfunnar er einnig að breikka fjárfestahóp í skuldabréfum ríkissjóðs, setja nýtt viðmið á hagstæðari vaxtakjörum en áður og nýta núverandi markaðsaðstæður sem eru skuldabréfaútgefendum þjóðríkja einstaklega hagfelldar um þessar mundir. Vegna útgáfunnar aukast heildarskuldir ríkissjóðs um tæplega 62 ma.kr. á árinu, eða sem nemur 2% af landsframleiðslu. Nettóskuldir samkvæmt skuldareglu laga um opinber fjármál hækka hins vegar ekki þar sem andvirði útgáfunnar er lagt inn í Seðlabanka Íslands sem hluti af gjaldeyrisforða og dregst því frá eins og aðrar innstæður þegar nettóskuldahlutfall er reiknað.

## 7.2 Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða árið 2020

Eftirstandandi skuldir ríkissjóðs eru að langstærstum hluta óuppgreiðanlegar. Sökum þess eru möguleikar til frekari lækkunar brúttóskulda takmarkaðir. Hins vegar er tækifæri og fullt tilefni til þess að nettóskuldir lækki á mælikvarða skuldareglu laga um opinber fjármál með því móti að sjóðstaða ríkissjóðs styrkist eða við það að innleysanlegar peningalegar eignir myndast í Þjóðarsjóði sem áformað er að koma á fót.

Áætlað er að á árinu 2020 muni heildarskuldir A-hluta ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða í B-hluta og Landsvirkjunar lækka um samtals 131,9 ma.kr. Nýjar lántökur þessara aðila eru áætlaðar samtals 79,9 ma.kr. og afborganir þeirra af lánum eru áætlaðar 211,8 ma.kr.

Langtímalántökur A-hluta ríkissjóðs á árinu 2020 eru áætlaðar 40 ma.kr. og afborganir af teknum lánum 120,5 ma.kr. Þar munar mestu um RIKB 20 sem er á gjalddaga í febrúar og eftirstöðvar evruskuldabréfs frá árinu 2014 sem er á gjalddaga í júlí. Er því áætlað að skuldir A-hluta ríkissjóðs muni lækka um 80,5 ma.kr. að nafnvirði á næsta ári.

| Í milljörðum króna | Horfur 2019 Innlent | Horfur 2019 Erlent | Horfur 2019 Samtals | Frumvarp 2020 Innlent | Frumvarp 2020 Erlent | Frumvarp 2020 Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Lántökur** | **45,0** | **68,6** | **113,6** | **42,5** | **37,4** | **79,9** |
| Ríki | 45,0 | 68,6 | 113,6 | 42,5 | 0,0 | 42,5 |
| A-hluti | 40,0 | 68,6 | 108,6 | 40,0 | 0,0 | 40,0 |
| B-hluti | 5,0 | 0,0 | 5,0 | 2,5 | 0,0 | 2,5 |
| Landsvirkjun | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 37,4 | 37,4 |
| **Afborganir** | **77,9** | **31,3** | **109,3** | **131,5** | **80,3** | **211,8** |
| Ríki | 77,9 | 8,9 | 86,9 | 104,1 | 40,8 | 144,9 |
| A-hluti | 55,2 | 8,3 | 63,5 | 80,3 | 40,2 | 120,5 |
| B-hluti | 22,7 | 0,6 | 23,4 | 23,8 | 0,6 | 24,4 |
| Landsvirkjun | 0,0 | 22,4 | 22,4 | 27,4 | 39,5 | 66,9 |
| **Hrein lánsfjárþörf** | **-33,0** | **37,3** | **4,3** | **-89,0** | **-43,0** | **-132,0** |
| **Hlutfall af vergri landsframleiðslu** | **-1,1%** | **1,3%** | **0,1%** | **-2,9%** | **-1,4%** | **-4,3%** |

Reiknað er með að í ár verði lántökur 45,1 ma.kr. umfram afborganir. Er því talið að langtímaskuldir A-hluta ríkissjóðs verði greiddar niður um 35,4 ma.kr. á þessum tveimur árum. Sveiflur á milli ára skýrast af erlendri lántöku á árinu 2019 og hærri sjóðstöðu í árslok sem svo gengur til baka að hluta árið 2020 þegar erlendur skuldabréfaflokkur er á gjalddaga. Þessi skuldalækkun er einkum fjármögnuð með því að nýta sjóðsstöðu ríkissjóðs, með stöðugleikaframlögum frá slitabúum föllnu bankanna,[1] um 23 ma.kr., og arðgreiðslum frá Íslandsbanka og Landsbanka. Rétt er að benda á að í 5. gr. frumvarpsins er sótt heimild fyrir allt að 58 ma.kr. lántöku A-hluta ríkissjóðs til að fjármagna eigið fé Seðlabanka Íslands ef eftir því verður kallað. Einnig er sótt heimild fyrir allt að 100 ma.kr. lántöku til endurfjármögnunar eldri lána eða til að styrkja gjaldeyrisforðann, en þó er ekki gert ráð fyrir að sú heimild verði nýtt.

Áætlað er að á árinu 2020 muni lántökur fyrirtækja og sjóða í B-hluta, sem hafa heimild til lántöku í sérlögum, og lántökur Landsvirkjunar nema samtals 39,9 ma.kr. Á móti er gert ráð fyrir að afborganir sömu aðila af útistandandi skuldum muni nema 91,3 ma.kr. Gangi áætlanir eftir munu þessir aðilar því lækka skuldir sínar um 51,5 ma.kr. á næsta ári.

Á heildina litið er því áætlað að á árinu 2020 verði afborganir umfram lántökur A-hluta ríkissjóðs 80,5 ma.kr. og afborganir fyrirtækja og sjóða í B-hluta og Landsvirkjunar umfram nýjar lántökur eru áætlaðar 51,5 ma.kr. Er því áætlað að samtals greiði þessir aðilar niður skuldir um 132 ma.kr. á næsta ári, eða sem nemur 4,3% af vergri landsframleiðslu. Þar af eru um 89 ma.kr. í ISK og um 43 ma.kr. í erlendri mynt. Ekki er gert ráð fyrir nýjum lántökum Landsvirkjunar með ríkisábyrgð. Um aðrar ríkisábyrgðir er fjallað í kafla 9 um fjárhagsáhættu ríkissjóðs.

### 7.3 Sjóðstreymi og lánsfjárþörf A- hluta ríkissjóðs

Handbært fé frá rekstri er það fé sem regluleg starfsemi í rekstri ríkisins skilar þegar frá eru taldar rekstrarfærðar tekjur og gjöld sem ekki koma til innheimtu eða útgreiðslu á árinu. Áætlað er að á árinu 2020 verði handbært fé frá rekstri A-hluta ríkissjóðs neikvætt um 13,4 ma.kr. Það er breyting um 11,4 ma.kr. til lækkunar milli ára miðað við endurskoðaða áætlun ársins 2019.

[1] Að undanskildum Íslandsbanka

Lækkunin skýrist að stórum hluta af stöðugleikaframlögum en ekki er gert ráð fyrir stöðugleikaframlögum á árinu 2020. Lækkun á handbæru fé frá rekstri er meiri þegar áætlun er borin saman við fjárlög fyrir árið 2019 og endurspeglar það breyttar afkomuhorfur ríkissjóðs, sbr. umfjöllun í kafla 3.

Fjárfestingar í efnislegum eignum, lánveitingar o.fl. teljast til fjárfestingahreyfinga sjóðstreymis. Þar er einnig gerð grein fyrir mótteknum arði. Gert er ráð fyrir að fjárfestingahreyfingar verði samtals neikvæðar um 13 ma.kr. árið 2020, einkum vegna fjárfestingarframlaga til málefnasviða. Þá gerir áætlun ársins 2020 ekki ráð fyrir lánveitingu til B- eða C-hluta fyrirtækja í samræmi við áætlanir þeirra. Til fjárfestingahreyfinga teljast einnig innborganir ríkissjóðs vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga sem nema 7 ma.kr. á næsta ári, en nánar er fjallað um ófjármagnaðar lífeyrissjóðsskuldbindingar í kafla 9. Áætlað er að hreinn lánsfjárjöfnuður, þ.e. það fé sem má nýta til að greiða niður skuldir án þess að ganga á handbært fé, verði neikvæður um 18,6 ma.kr. á árinu 2019 og neikvæður um 26,3 ma.kr. á árinu 2020.

| Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs | Fjárlög 2019 | Horfur 2019 | Frumvarp 2020 |
|---|---|---|---|
| **Handbært fé frá rekstri** | **41.358** | **-1.970** | **-13.360** |
| ***Fjárfestingarhreyfingar*** | | | |
| Fjárfesting | -43.621 | -42.121 | -55.317 |
| Sala eigna | 560 | 670 | 674 |
| Veitt löng lán | -16.000 | -9.000 | 0 |
| Innheimtar afborganir af veittum lánum | 3.500 | 3.500 | 3.513 |
| Móttekinn arður | 36.250 | 37.850 | 45.897 |
| Fyrirframgreiðsla til LSR | -7.000 | -7.000 | -7.000 |
| Eiginfjárframlög og hlutabréfakaup | -600 | -487 | -750 |
| **Fjárfestingarhreyfingar samtals** | **-26.911** | **-16.588** | **-12.983** |
| **Hreinn lánsfjárjöfnuður** | **14.447** | **-18.558** | **-26.342** |
| ***Fjármögnunarhreyfingar*** | | | |
| Tekin langtímalán | 40.000 | 108.600 | 40.000 |
| Afborganir af teknum lánum | -59.000 | -63.500 | -120.500 |
| **Fjármögnunarhreyfingar samtals** | **-19.000** | **45.100** | **-80.500** |
| **Breyting á handbæru fé** | **-4.553** | **26.542** | **-106.842** |

Fjármögnunarhreyfingar gera grein fyrir áhrifum á sjóðstöðu vegna lántöku og afborganir ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir því að lántaka umfram afborganir verði 45,1 ma.kr. á yfirstandandi ári en að afborganir verði 80,5 ma.kr. meiri en lántaka á næsta ári. Vakin er athygli á því að í 1. tölul. 5. gr. frumvarpsins er lögð til heimild fyrir allt að 45 ma.kr. lántökum ríkissjóðs á árinu 2020, en í lánsfjáráætlun ríkissjóðs og sjóðstreymi, sbr. 2. gr. frumvarpsins, er hins vegar reiknað með 40 ma.kr. lántöku á næsta ári. Til að hafa borð fyrir báru er sótt um 5 ma.kr. heimild umfram það.

Þegar lagður er saman hreinn lánsfjárjöfnuður og fjármögnunarhreyfingar fæst breyting á handbæru fé. Þannig er gert ráð fyrir því að handbært fé muni vaxa um 26,5 ma.kr. á yfirstandandi ári en lækka um 106,8 ma.kr. á því næsta. Handbært fé er notað til þess að greiða

upp innlenda og erlenda skuldabréfaflokka sem eru á gjalddaga á næsta ári. Þessi breyting á handbæru fé er í samræmi við áætlun um sjóðstýringu ríkissjóðs.

Undir liðnum fjárfestingahreyfingar í sjóðstreymi er að finna áætlun um kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög. Undir þennan lið falla eiginfjárframlög og hlutafjárkaup sem eru færð til eignar í efnahagsreikningi ríkissjóðs. Áætlun gerir ráð fyrir að ríkissjóður greiði 487 m.kr. í eiginfjárframlög til alþjóðastofnana á yfirstandandi ári. Gert er ráð fyrir samtals 623 m.kr. framlögum vegna hlutabréfakaupa og stofnfjárframlaga á árinu 2020 en auk þess er gert ráð fyrir 127 m.kr. svigrúmi vegna annarra ótilgreindra framlaga. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir helstu eiginfjárframlög miðað við horfur fyrir árið í ár og áætlun um framlög á næsta ári.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Horfur 2019 | Frumvarp 2020 |
|---|---|---|
| Alþjóðaframfarastofnunin (IDA) | 414 | 414 |
| Alþjóðabankinn (IBRD) og Alþjóðalánastofnunin (IFC) | 0 | 209 |
| Innviðafjárfestingabanki Asíu (AIIB) | 73 | 0 |
| Önnur hluta- og stofnfjárframlög | 0 | 127 |
| **Samtals** | **487** | **750** |

### 7.4 Skuldir, kröfur og hrein staða ríkissjóðs

Skuldir ríkissjóðs hafa lækkað hratt á undanförnum árum. Í árslok 2018 námu heildarskuldir ríkissjóðs 841 ma.kr. og 22,8% af VLF að frádregnum innstæðum. Á árinu 2019 er gert ráð fyrir að heildarskuldir nemi 892 ma.kr. og 22,6% af VLF að frádregnum innstæðum en þær hækka um 51 ma.kr. á milli ára að mestu leyti vegna erlendrar lántöku. Skuldir ríkissjóðs voru 1.501 ma.kr. þegar þær fóru hæst árið 2012 og eru lán sem tekin voru til eflingar gjaldeyrisforða og færð voru í bækur Seðlabankans þá ekki með talin. Gert er ráð fyrir frekari lækkun skulda á árinu 2020, eða um 72 ma.kr., og er áætlað að heildarskuldir nemi 820 ma.kr. í lok ársins og fari undir 22% af VLF að frádregnum innstæðum.



Á aðeins sjö árum hafa skuldirnar því lækkað um 680 ma.kr. Sem hlutfall af landsframleiðslu voru heildarskuldir ríkissjóðs hæstar 86% árið 2011, en í lok árs 2019 er brúttó-skuldahlutfall áætlað 30%, þ.e. þegar innstæður eru ekki dregnar frá. Í lok árs 2020 er gert ráð fyrir að hlutfallið verði tæplega 27%. Skuldahlutfallið nálgast óðum það sem það var fyrir hrun bankakerfisins en það var 23% í lok árs 2007.

Á árinu 2020 verður RIKB 20 á gjalddaga í febrúar en útistandandi fjárhæð flokksins er um 76 ma.kr. Þá verða 40 ma.kr. eftirstöðvar skuldabréfs í evrum, sem gefið var út á árinu 2014, á gjalddaga í júlí á næsta ári. Áætlanir gera ráð fyrir að þessum gjalddögum verði mætt með því að nýta innstæður á stöðugleikareikningi sem og almennar innstæður ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands. Skuldir ríkissjóðs samkvæmt skilgreiningu laga um opinber fjármál eru áætlaðar 22,6% af VLF í lok árs 2019 og 21,8% í lok árs 2020.

| Stöðutölur í m.kr. á verðlagi í lok hvers árs | 2016 | 2017 | 2018 | Áætlun 2019 | Frumvarp 2020 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Skuldir ríkissjóðs** | **1.128.471** | **916.570** | **840.924** | **891.588** | **819.950** |
| Ríkisbréf, ríkisvíxlar og spariskírteini | 676.374 | 683.676 | 676.996 | 668.538 | 639.696 |
| Vegna eiginfjárframlags til fjármálastofnana* | 200.214 | 69.985 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrir innlendir aðilar | 49.934 | 46.817 | 39.319 | 34.673 | 31.585 |
| Lántaka vegna gjaldeyrisforða | 201.949 | 116.092 | 124.609 | 188.377 | 148.669 |
| Önnur erlend lán | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Kröfur ríkissjóðs** | **262.482** | **167.285** | **151.399** | **155.500** | **159.200** |
| Veitt lán | 158.355 | 88.741 | 70.699 | 74.800 | 78.500 |
| Viðskiptareikningur, nettó | 104.127 | 78.544 | 80.700 | 80.700 | 80.700 |
| **Hreinar lántökur ríkissjóðs** | **865.989** | **749.284** | **689.525** | **736.088** | **660.750** |
| Handbært fé vegna gjaldeyrisvaraforða | 185.972 | 81.800 | 87.100 | 153.600 | 114.600 |
| Handbært fé, annað, nettó | 88.275 | 84.378 | 113.423 | 76.600 | 35.000 |
| **Hrein staða ríkissjóðs** | **-591.742** | **-583.106** | **-489.002** | **-505.888** | **-511.150** |
| Hlutafé, eignarhlutir, stofnfé og stöðugleikaframlög | 502.680 | 859.822 | 909.642 | 910.242 | 910.842 |
| **Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna** | **-89.062** | **276.716** | **420.640** | **404.354** | **399.692** |
| **Skuldir ríkissjóðs m.v. skuldareglu** | **854.224** | **750.392** | **640.401** | **653.188** | **670.350** |
| *Í hlutfalli af VLF (%)* | | | | | |
| **Skuldir ríkissjóðs** | **45,3** | **35,0** | **30,0** | **30,9** | **26,7** |
| **Kröfur ríkissjóðs** | **10,5** | **6,4** | **5,4** | **5,4** | **5,2** |
| **Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna** | **-3,6** | **10,6** | **15,0** | **14,0** | **13,0** |
| **Skuldir ríkissjóðs m.v. skuldareglu** | **34,3** | **28,7** | **22,8** | **22,6** | **21,8** |

**Skuldabréf útgefið til Seðlabanka Íslands meðtalið.*

Áætlanir gera ráð fyrir að heildarskuldir ríkissjóðs í árslok 2019 verði 892 ma.kr., eða 31% af VLF. Þar af eru innlendar skuldir 704 ma.kr. og erlendar skuldir 188 ma.kr. Innlendar skuldir ríkissjóðs samanstanda fyrst og fremst af útgefnum verðtryggðum og óverðtryggðum ríkisbréfum og ríkisvíxlum, eða 668 ma.kr. Önnur innlend lán samanstanda mestmegnis af yfirteknum ríkisábyrgðum auk skuldabréfa sem gefin voru út í tengslum við kaup á eignarhlutum Akureyrarbæjar og Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun og nema þau um 35 ma.kr. Lán ríkissjóðs í erlendri mynt hafa fyrst og fremst verið tekin til að styrkja gjaldeyrisforðann. Önnur

sjónarmið eru þó farin að vega þungt í því sambandi, eins og frekari áhættudreifing og stöðugt og tryggt aðgengi landsins að alþjóðlegum lánamörkuðum. Kröfur ríkissjóðs, þ.e. veitt lán og viðskiptareikningar nettó, eru áætlaðar 156 ma.kr. í lok árs 2019. Handbært fé, bæði innlent og erlent, er áætlað 230 ma.kr.

Heildarskuldir ríkissjóðs í lok árs 2020 eru áætlaðar 820 ma.kr., eða 27% af VLF. Innstæður ríkissjóðs eru áætlaðar um 150 ma.kr. í lok ársins og að teknu tilliti til þeirra nema skuldir ríkissjóðs samkvæmt skilgreiningu laga um opinber fjármál um 670 ma.kr. eða 22% af landsframleiðslu. Gert er ráð fyrir að innlendar skuldir nemi 671 ma.kr. og erlendar skuldir 149 ma.kr. Kröfur ríkissjóðs hækka um 4 ma.kr. á milli ára og nema samkvæmt áætlunum 159 ma.kr. í árslok. Handbært fé er áætlað nokkru lægra en í árslok 2019, eða 150 ma.kr., en eins og áður segir er gert ráð fyrir að nýta innstæður til þess að mæta gjalddögum lána á næsta ári. Hrein staða að teknu tilliti til eignarhluta í félögum og stöðugleikaframlaga verður jákvæð um 400 ma.kr., eða 14% af VLF. Stærstu eignarhlutirnir eru í Landsvirkjun, Landsbanka og Íslandsbanka.

**Lánshæfi ríkissjóðs.** Á vormánuðum 2019 tók fjármála- og efnahagsráðuneytið við því ábyrgðarhlutverki að vera í samskiptum við lánshæfismatsfyrirtæki, sem var áður í höndum Seðlabanka Íslands. Langtímalánshæfismat ríkissjóðs hefur haldist óbreytt í A-flokki hjá matsfyrirtækjunum þremur á árinu, Moody´s, Standard & Poors og Fitch Ratings. Fitch hækkaði hins vegar skammtímaeinkunnir ríkissjóðs úr F1 í F1+ í maí vegna breyttrar aðferðafræði. Ráðstafanir í efnahags- og ríkisfjármálum, stefnufesta, hröð niðurgreiðsla skulda og afnám gjaldeyrishafta, hafa átt sinn þátt í hagstæðri þróun lánshæfismats. Bætt lánshæfi leiðir að óbreyttu til bættra vaxtakjara ríkissjóðs og innlendra aðila á erlendum fjármagnsmörkuðum.

Áfram verður unnið að því meginmarkmiði í skuldastýringu að lágmarka fjármagnskostnað ríkissjóðs og styrkja fjárhagsstöðu hans með niðurgreiðslu skulda, endurfjármögnun á hagstæðari kjörum og forgreiðslum inn á ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar.

### 7.5 Lántökur ríkisfyrirtækja og sjóða – ríkisábyrgðir

Í 2. tölul. 5. gr. frumvarpsins er sett hámark á nýtingu lántökuheimilda ríkisfyrirtækja og sjóða sem kveðið er á um í sérlögum. Í gildandi fjárlögum er þetta hámark 34,3 ma.kr. en í endurskoðaðri áætlun fyrir árið í ár er talið að lántökur þessara aðila verði um 5 ma.kr. Munar þar mest um lántöku Landsvirkjunar, en ekki er gert ráð fyrir því að Landsvirkjun nýti lántökuheimild á árinu. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir samtals 40 ma.kr. lántökum þessara aðila á árinu 2020.

Reiknað er með að ríkisfyrirtæki og sjóðir í B-hluta ásamt Landsvirkjun muni greiða allt að 45,8 ma.kr. í afborganir af teknum lánum í ár og 91,3 ma.kr. á árinu 2020. Áætluð aukning afborgana milli ára er 45,6 ma.kr., þar af 44,5 ma.kr. hjá Landsvirkjun, 1 ma.kr. hjá Íbúðalánasjóði en endurgreiðslur Byggðastofnunar haldast nær óbreyttar. Samkvæmt þessu er áætlað að skuldir B-hluta aðila og Landsvirkjunar lækki að nafnvirði um 40,8 ma.kr. í ár og um 51,5 ma.kr. á árinu 2020. Lánasjóður íslenskra námsmanna tekur lán hjá ríkissjóði og því eru lántökur og afborganir hans ekki taldar með í þessum tölum. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því að Lánasjóður íslenskra námsmanna nýti lántökuheimild á árinu 2019 og í áætlunum sjóðsins er ekki gert ráð fyrir lántöku á árinu 2020, eins og nánar er fjallað um í 6. kafla frumvarpsins.

Hér á eftir eru raktar lántökuheimildir sem lagt er til að verði veittar skv. 2. tölul. 5. gr. Nánari greinargerð um fjárreiður ríkisaðila í B-hluta er í 6. kafla frumvarpsins.

**Landsvirkjun.** Landsvirkjun hefur 31,8 ma.kr. lántökuheimild í fjárlögum fyrir árið 2019 en ekki er reiknað með að heimildin verði nýtt á árinu. Við afgreiðslu gildandi fjárlaga var

reiknað með að fyrirtækið myndi greiða allt að 51 ma.kr. í afborganir af teknum lánum en nú er reiknað með að afborganirnar verði 22,4 ma.kr. Lagt er til að Landsvirkjun verði heimiluð allt að 37,5 ma.kr. lántaka með ríkisábyrgð á árinu 2020 og áætlað er að fyrirtækið muni greiða allt að 66,9 ma.kr. í afborganir af teknum lánum. Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir möguleika á endurfjármögnun skulda en sem fyrr ríkir veruleg óvissa um þá fjárhæð. Gangi þessar forsendur eftir heldur skuldastaða fyrirtækisins áfram að batna.

**Byggðastofnun.** Í rekstraráætlun Byggðastofnunar er gert ráð fyrir svipaðri starfsemi á árinu 2020 og er á árinu 2019. Reiknað er með 5 ma.kr. lántöku á árinu 2019, þar af 2 ma.kr. sem teknir voru að láni á grundvelli ónýttrar heimildar frá 2017, 0,5 ma.kr. á grundvelli ónýttrar heimildar frá 2018 og 2,5 ma.kr. með heimild í fjárlögum fyrir árið 2019. Í þessu frumvarpi er sótt um 2,5 ma.kr. lánsfjárheimild fyrir Byggðastofnun á árinu 2020. Afborganir af teknum lánum eru áætlaðar um 1,3 ma.kr. í ár og 1,3 ma.kr. á næsta ári. Miðað við það munu skuldir stofnunarinnar aukast um 4,8 ma.kr. á þessum tveimur árum.

**Íbúðalánasjóður.** Ekki er gert ráð fyrir að Íbúðalánasjóður taki ný lán í ár og engar lántökur eru fyrirhugaðar á árinu 2020 því að talið er að afborganir veittra lána muni standa undir fjárþörf til nýrra útlána. Ekki er því sótt um lánsfjárheimild fyrir sjóðinn í frumvarpinu. Nánar er fjallað um málefni Íbúðalánasjóðs í 9. kafla frumvarpsins.

# 8 Heimildir

Í 40. gr. stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944, segir að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Enn fremur segir í 46. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, að ríkisaðilar í A-hluta skuli hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, skip og flugvélar, söfn og safnhluta sem hafa að geyma menningarverðmæti, eignarhluti ríkisins í félögum og aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa. Lagaheimilda til þessara aðgerða er aflað í 6. gr. fjárlaga. Heimildum fjármála- og efnahagsráðherra er skipt í sjö flokka og eru þær alls 119 talsins. Heimildirnar skiptast þannig að 2 heimildir eru til eftirgjafar gjalda, 21 til sölu húsnæðis, 13 til sölu eignarhluta í húsnæði, 27 til sölu lóða og jarða, 11 til kaupa og sölu hlutabréfa, 21 til kaupa og leigu á fasteignum og ýmsar heimildir eru 24 talsins. Í frumvarpinu er lagt til að fjárheimild vegna útgjalda sem kunna að falla til vegna heimildargreinarinnar nemi 308,7 m.kr.

Í fyrsta flokki er heimild fjármála- og efnahagsráðherra til að fella niður virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar. Í þessum flokki er einnig að finna heimild til að endurgreiða virðisaukaskatt af sérhæfðum íþróttabúnaði fyrir fatlaða íþróttamenn. Báðar heimildirnar eru óbreyttar frá fyrra ári.

Í öðrum og þriðja flokki eru heimildir til sölu húsnæðis og eignarhluta í húsnæði. Flestar heimildirnar eru til sölu fasteigna sem eru óhentugar eða nýtast ekki lengur í ríkisrekstrinum. Sem dæmi um heimildir í þessum flokki má nefna heimild 2.3 sem er almennt orðuð heimild til sölu á húsnæði dómstóla, lögreglu- og sýslumannsembætta og til kaupa eða leigu á öðru hentugra húsnæði. Heimildinni er ætlað að veita yfirvöldum svigrúm til að endurskipuleggja húsnæðismál þessara aðila í tengslum við skipulagsbreytingar sem eiga sér stað í málaflokknum. Breyting er gerð á heimild 2.1 þar sem óskað er eftir heimild til að selja Hafnargötu 11, Seyðisfirði í almennri sölu til endurnýjunar á húsinu. Heimild 2.5 er ætluð til þess að gera kleift að selja óhentugar eða óhagkvæmar húseignir utanríkisþjónustunnar erlendis og kaupa eða leigja hentugra húsnæði. Til skoðunar er að selja sendiherrabústaði í Washington DC og London. Heimild 2.8 er til sölu á Rauðarárstíg 10 í Reykjavík. Hluti þeirra stofnana sem voru í húsnæðinu hafa flutt í annað húsnæði og áhugi er á því að skoða hvort rétt sé að flytja þá starfsemi sem enn er í húsnæðinu í annað hentugra húsnæði. Heimild 2.10 er vegna áforma um að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Ríkislögreglustjóri og aðrir viðbragðsaðilar samnýti hentugt húsnæði á nýjum stað. Heimild 2.11 er til sölu á Tollhúsinu við Tryggvagötu og kaupa eða leigu á öðru hentugra húsnæði fyrir embættið. Búið er að sameina starfsemi Ríkisskattstjóra og innheimtuhluta Tollstjóra og fyrir liggja tillögur um frekari samþættingu eða samruna starfsemi RSK og Tollstjóraembættisins. Af þeim ástæðum m.a. er þörf á að finna starfseminni hentugra húsnæði. Heimild 2.12 er til að selja húsnæði sem áður hýsti sýslumannsembættið í Reykjavík og Útlendingastofnun og er nú nýtt til bráðabirgða undir starfsemi ráðuneyta. Heimild 2.13 er til að selja eignarhlut ríkisins í húsnæði er hýsir heilsugæsluna á Akureyri en unnið er að því að finna hentugra húsnæði fyrir starfsemina. Heimild 2.15 er vegna óska Hólaskóla um sölu á íbúðarhúsi sem ekki hefur verið nýtt í þágu skólans um nokkurt skeið. Heimildir 2.17 og 2.18 eru til að heimila Jarðasjóði að selja eða leigja húsakost fyrrum vitajarðanna Sauðaness í Fjallabyggð og Grund-Dalatanga í Fjarðabyggð. Til skoðunar er að ganga til samninga við fyrrum vitaverði sem nýtt hafa eignirnar um árabil en að öðrum kosti verða eignirnar seldar á almennum markaði. Heimildir 2.19 og 2.20 eru vegna sölu á fasteignum við Reynimel 55 og Skólavörðustíg 37 í Reykjavík sem báðar voru nýttar undir

heilbrigðistengda starfsemi Landspítalans. Heimild 3.8 er til komin vegna áhuga á að kanna hvort æskilegt sé að selja núverandi húsnæði Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg og flytja starfsemi dómsins og Landsréttar í annað hentugra húsnæði. Heimild 3.9 er til að selja fyrrverandi húsnæði Tryggingastofnunar við Laugaveg. Heimild 3.10 er til sölu á þeim eignarhluta ríkisins í Bjarnabraut 8 sem ekki er nýttur á vegum ríkisins. Heimild 3.11 er til að selja 40% óskiptan eignarhlut ríkisins í Hafnarbraut 1, Neskaupstað. Heimild 3.12 er til að selja íbúðareign við Hamrabakka 10, Seyðisfirði sem áður var nýtt undir starfsmann Heilbrigðisstofnunar Austurlands.

Fjórði flokkurinn eru heimildir til sölu lóða og jarða. Heimildirnar eru margar óbreyttar frá fyrra ári. Heimildir 4.8–4.20 eru til komnar vegna almennrar umsýslu Jarðasjóðs. Heimild 4.21 er vegna aukinnar þarfar á að ríkið kaupi jarðir eða jarðahluta vegna náttúruverndarsjónarmiða eða annarrar hagnýtingar á grundvelli almannahagsmuna. Heimild 4.22 er til komin vegna áhuga á að selja uppgróið landgræðsluland núverandi ábúendum eða þeim sem uppræðslulandið tilheyrði áður. Með heimildum 4.24 og 4.25 er til skoðunar að selja land í eigu ríkisins til sveitarfélaga til íbúðaruppbyggingar. Heimild 4. 27 er vegna áhuga Skaftárhrepps að eignast land í eigu ríkisins á Kirkjubæjarklaustri. Um er að ræða samtals 18 lóðir sem sveitarfélagið hefur áhuga á að útbúa deiliskipulag fyrir undir aukna íbúðabyggð.

Í fimmta flokki er fjallað um heimildir til að kaupa og selja hlutabréf og eru þær flestar óbreyttar frá núgildandi fjárlögum. Óskað er eftir endurnýjuðum heimildum til sölu á þeim eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum og sparisjóðum sem ríkissjóður eignaðist í kjölfar falls fjármálakerfisins haustið 2008. Annars vegar er um að ræða eignarhluti ríkisins í Íslandsbanka hf. og eignarhluti ríkisins í Landsbankanum hf., umfram 70% hlut ríkissjóðs af heildarhlutafé bankans. Hins vegar er um að ræða eignarhluti ríkissjóðs í Sparisjóði Austurlands. Í samræmi við heimild 5.6 er til skoðunar að selja 17,8% hlut ríkisins í Endurvinnslunni. Til greina kemur að ÁTVR, sem einnig er 20% hluthafi, kaupi hlut ríkisins í félaginu. Heimild 5.7 er til komin vegna skoðunar á því að selja hlut ríkisins í Vísindagarðinum ehf. sem er eignarhaldsfélag á Egilsstöðum sem ríkið á um helmings hlut í á móti sveitarfélaginu. Með heimild 5.8 er lagt til að almenn heimild verði veitt til að selja óverulega eignarhluti í félögum sem ríkið hefur eignast með ýmsum hætti og engin sérstök þörf er fyrir að ríkið eigi áfram. Er hér t.d. átt við minni háttar eignarhluti sem ríkið hefur eignast frá einstaklingum sem áttu enga skylduerfingja. Með heimild 5.9 er lagt til að almenn heimild verði veitt til að koma á fót félögum með lágmarkshlutafé til hægt sé að halda áfram með undirbúning á ýmsum verkefnum sem heyra undir það opinbera. Ávallt þyrfti þó að leita sérstaklega til þingsins hvað varðar endanlega fjármögnun slíkra verkefna. Með heimild 5.11 er til skoðunar að hefja viðræður um kaup ríkisins á eignarhlut Landsvirkjunar, RARIK, Orkubús Vestfjarða og Orkuveitu Reykjavíkur í Landsneti í samræmi við stefnu stjórnvalda í orkumálum.

Í sjötta flokki eru heimildir til að kaupa og leigja fasteignir. Flestar þeirra eru óbreyttar frá fyrra ári og skýra sig að mestu sjálfar. Heimild 6.4 er almenn heimild til að hægt sé að leysa húsnæðismál heilbrigðisstofnana í samræmi við breyttar þarfir víðs vegar um landið. Er hér átt við húsnæði undir ýmiss konar heilbrigðistengda starfsemi, hvort sem það er undir heilsugæslu, geðheilsuteymi eða annars konar heilbrigðisþjónustu. Heimild 6.14 er vegna skoðunar á því hvort ríkið gangi til samninga við Seltjarnarnesbæ um að það eignist húsnæði sem átti að byggja undir lækningaminjasafn á sínum tíma. Heimild 6.16 er til að kaupa eða leigja land undir bílastæði innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Þar er aðallega átt við bílastæði fyrir gesti þjóðgarðsins. Heimild 6.18 er til að kaupa eða leigja geymsluhúsnæði vegna sameiginlegra þarfa ríkisstofnana en mikil þörf er talin vera á sérútbúnu geymsluhúsnæði fyrir margar og ólíkar stofnanir ríkisins, sem er gert skylt að geyma gögn og annað í töluverðan tíma. Meðal annars er til skoðunar að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Þjóðskjalasafn Íslands og aðra

sambærilega aðila. Heimild 6.21 kemur til vegna fyrirhugaðrar stækkunar og endurbóta á flugskýli Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurflugvelli. Meðan á því stendur þarf að færa starfsemina úr núverandi húsnæði.

Í sjöunda flokki eru ýmsar heimildir sem flestar eru óbreyttar frá fyrra ári og skýra sig að mestu sjálfar. Með heimild 7.2 er stefnt að því að ganga til samninga við Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Isavia ohf. um skipulag og þróun lands í nágrenni Keflavíkurflugvallar. Miðað er við að Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ohf. annist umsjón og fjármögnun verkefnisins og fái aukið hlutverk við ráðstöfun á lóðum og landi í eigu ríkisins á því svæði. Heimild 7.7 er til að leggja Seðlabankanum til eigið fé ef á þyrfti að halda í samræmi við ákvæði í lögum um bankann. Uppreiknuð fjárhæð í samræmi við hækkun á vísitölu frá 2014 er samtals 57.762 m.kr. Heimild 7.17 er til að bjóða út og ganga til samninga um framleiðslu ökuskírteina til allt að sex ára. Heimild 7.19 er vegna fyrirhugaðs útboðs um kaup á þremur nýjum björgunarþyrlum fyrir Landhelgisgæsluna og sölu eldri þyrlu, TF-LIF. Með heimild 7.20 er til skoðunar að kaupa eða bjóða út nýtt rannsóknaskip fyrir Hafrannsóknastofnun og selja eldri skip. Með heimild 7.21 er Veðurstofu Íslands heimilað að endurnýja tvær veðursjár, aðra á Keflavíkurflugvelli og hina á Fljótsdalsheiði. Með heimild 7.22 er stefnt að því að auka hlut Íslands í Alþjóðabankanum (IBRD) og Alþjóðalánastofnuninni (IFC) fyrir allt að 32,6 milljónum Bandaríkjadala. Með heimild 7.23 er gert kleift að ganga til samninga við Reykjavíkurborg um nýtt fyrirkomulag eignarhalds og rekstrar fasteignarinnar Hörpu. Með heimild 7.24 er stefnt að því að bjóða út skýjaumhverfi fyrir upplýsingavinnslu ríkisaðila til allt að tíu ára. Heimildarákvæði 7.16, 7.17 og 7.24 eru til komin sökum þess að talið er að fimm ára samningstími, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, sé of skammur þegar kemur að kaupum á þessari tilteknu þjónustu. Í samræmi við 2. mgr. 40. gr. laganna þarf heimild þingsins til að semja megi til lengri tíma en fimm ára enda eiga þau skilyrði við sem þar koma fram.

# 9 Fjárhagsáhætta ríkissjóðs

Ríkissjóður stendur frammi fyrir fjárhagsáhættu sem tengist beinum og óbeinum skuldbindingum hans og býr auk þess við ýmsa ytri áhættuþætti. Hér er fjallað í stuttu máli um helstu fjárhagsáhætturnar en að öðru leyti er vísað til fyllri umfjöllunar um málefnið í fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024. Gjöld sem falla munu á ríkissjóð með fullri vissu og á ákveðnum tíma teljast til beinna skuldbindinga. Fjárhagslegar skuldbindingar sem mögulega munu falla á ríkissjóð við ákveðin skilyrði í framtíðinni eru óbeinar skuldbindingar, en óvissa ríkir um hvort og hvenær gjöldin falla til. Ytri áhættuþættir sem geta haft áhrif á fjárhagsstöðu ríkissjóðs eru m.a. innlend efnahagsleg áföll, áföll í fjármálakerfi, dómsmál og náttúruhamfarir. Ríkissjóður getur einnig orðið fyrir fjárhagslegum skakkaföllum af völdum efnahagslegra áfalla eða neikvæðra breytinga í helstu viðskiptalöndum. Þá veldur þróun gengis, verðlags og vaxta einnig óvissu fyrir afkomu ríkissjóðs. Í þessari umfjöllun verður einkum tæpt á þeim áhættuþáttum sem gætu ógnað afkomu ríkissjóðs eða haft neikvæð áhrif á skuldbindingar eða skuldastöðu á árinu 2020. Fjallað er um helstu efnahagslegu áhættuþætti fyrir árið 2020 í kafla 2.

Stærstu skuldbindingar ríkissjóðs snúa að lífeyrisskuldbindingum, fjárhagslegum samskiptum ríkissjóðs og Seðlabankans og ríkisábyrgðum.

Stærsta beina skuldbinding ríkissjóðs lýtur að ófjármögnuðum lífeyrisskuldbindingum vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Áhætta ríkissjóðs af lífeyrisskuldbindingum árið 2020 snýr fyrst og fremst að áhrifum launahækkana opinberra starfsmanna á lífeyrisskuldbindingar sem námu 647 ma.kr. í árslok 2018. Áætlanir gera ráð fyrir 7 ma.kr. viðbótar framlagi úr ríkissjóði til B-deildar LSR á ári frá og með árinu 2019. Með lögum nr. 127/2016 var lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt og með því var áhættu ríkissjóðs gagnvart A-deild LSR að mestu eytt. Eftir stendur sú áhætta að reyna muni á varasjóði vegna A-deildar sem gæti gerst við ákveðin skilyrði. Ríkissjóður lagði til 8,4 ma.kr. í sérstakan varúðarsjóð í vörslu LSR sem ætlað er að mæta óvissu í tryggingafræðilegum forsendum fyrir lífeyrisaukasjóðnum. Það framlag var einnig eignfært í efnahagsreikning ríkissjóðs og kemur til lokauppgjörs að 20 árum liðnum.

Áhætta ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka Íslands snýr að 58 ma.kr. innkallanlegu eigin fé bankans sem hann getur sótt í ríkissjóð samkvæmt ákvæðum laga um Seðlabankann. Vaxtatekjur bankans hafa dregist saman á undanförnum árum þar sem bankinn veitir nú færri lán en fyrir hrun fjármálakerfisins og í kjölfar breytinga sem hafa orðið á lausafjárstýringu bankakerfisins. Vaxtagjöld hafa hins vegar verið nokkur vegna hárra innstæðna viðskiptabankanna og Íbúðalánasjóðs. Bankinn hefur gripið til aðgerða til að draga úr þeim kostnaði. Vaxtakostnaður af gjaldeyrisforðanum er einnig verulegur þar sem forðinn er fjármagnaður innan lands miðað við innlend vaxtakjör en er fjárfestur í öruggum auðseljanlegum eignum erlendis sem skila lágri ávöxtun. Eigið fé bankans var 58 ma.kr. í árslok 2018 og hækkaði úr 22 ma.kr. frá árinu áður en gengishagnaður ársins nam 55 ma.kr. Niðurstöður sviðsmyndagreiningar á þróun afkomu og eigin fjár bankans frá árinu 2019 til 2027 benda til svipaðrar afkomu og á árinu 2017 þegar hún var neikvæð um 23 ma.kr. Í því ljósi var ákveðið að halda eiginfjármarkmiði sem bankinn hefur sett sér óbreyttu í 150 ma.kr.

Veittar ríkisábyrgðir samkvæmt lögum nr. 121/1997 eru stærsta óbeina skuldbinding ríkissjóðs. Ríkisábyrgðir námu 941 ma.kr. í lok júní 2019 (33% af VLF) og voru 92% þeirra vegna Íbúðalánasjóðs og Landsvirkjunar. Undanfarin ár hefur dregið úr áhættu ríkissjóðs vegna ríkisábyrgða, bæði með bættri afkomu og samdrætti í skuldabréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs og uppgreiðslu skulda Landsvirkjunar.

Áhætta ríkissjóðs vegna ÍLS er margþætt vegna stærðar og fjölbreytileika eignasafns sjóðsins. Unnið er að því að draga úr þeirri áhættu ríkissjóðs. Mikilvægur þáttur í þeirri vinnu er fyrirhuguð uppskipting á Íbúðalánasjóði, m.a. með það að markmiði að einangra fortíðarvanda sjóðsins og gera úrlausn efnahagsreiknings hans einfaldari. Samkvæmt ársreikningi ÍLS fyrir árið 2018 eru heildareignir þess hluta sjóðsins sem snýr að fortíðarvandanum 604 ma.kr., skuldir nema samtals 596 ma.kr. og eigið fé er jákvætt um 7,3 ma.kr. Eftir miklar lækkanir markaðsvaxta á undanförnum árum hefur hins vegar orðið mikill munur á bókfærðu virði og gangvirði eigna og skulda sjóðsins. Um miðbik árs 2019 má ætla að sá munur sé rétt um 200 ma.kr. og endurspeglar það þá áhættu sem ríkissjóður stendur frammi fyrir. Felur það í sér að kostnaður ríkissjóðs af því að gera upp efnahagsreikninginn við núverandi efnahagsaðstæður væri líklega nærri þeirri upphæð. Að núverandi forsendum óbreyttum er óhjákvæmilegt að bregðast við þeim vanda sem fyrir liggur, enda myndi hann ella raungerast með tilheyrandi kostnaði fyrir ríkissjóð.

Afkoma Landsvirkjunar hefur verið góð á síðustu árum og við lok fyrri hluta ársins 2019 var eiginfjárhlutfall félagsins í sögulegu hámarki, eða 50,3%. Brúttó vaxtaberandi skuldir Landsvirkjunar námu um 194 ma.kr. í lok júní 2019, þ.a. um 91 ma.kr. með ríkisábyrgð. Í ljósi mjög styrkrar fjárhagsstöðu fyrirtækisins eru hverfandi líkur á að áhætta ríkissjóðs gagnvart Landsvirkjun muni raungerast árið 2020. Aðrar ríkisábyrgðir eru óverulegar.

Eignarhaldi ríkisins á tveimur af þremur viðskiptabönkum landsins fylgir áhætta. Ef horft er til virði eigin fjár Landsbankans og Íslandsbanka í ríkisreikningi 2018 er ríkissjóður með um 330 ma.kr. bundna í eignarhlutum í viðskiptabankakerfinu. Áföll á fjármálamarkaði eða breytt landslag vegna annarra ytri þátta geta rýrt verðmæti eignarhlutanna. Síðustu ár hafa verið gerðar grundvallarbreytingar á laga- og eftirlitsumhverfi banka til að bregðast við vanköntum sem íslenska bankahrunið leiddi í ljós og til að fullnægja skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Á meðal aðgerða má nefna umbætur til að treysta rekstur banka og takmarka tjón af mögulegum vandkvæðum í rekstri þeirra. Eru því ekki taldar vera teljandi líkur á áfalli vegna bankanna til skemmri tíma litið en slík eignarhaldsáhætta fer hins vegar vaxandi eftir því sem til lengri tíma er litið.

| Eftirstöðvar ríkisábyrgða | % af heild | 30/6 2019 | Árslok 2018 | Árslok 2017 |
|---|---|---|---|---|
| Íbúðalánasjóður | 82 | 767.440 | 777.716 | 794.068 |
| Landsvirkjun sf. | 10 | 91.359 | 93.430 | 152.567 |
| Lánasjóður íslenskra námsmanna | 6 | 59.937 | 60.325 | 61.572 |
| Byggðastofnun | 1 | 13.707 | 11.569 | 9.970 |
| Farice ehf. | 0 | 0 | 5.508 | 5.547 |
| Annað | 1 | 8.343 | 8.261 | 8.102 |
| **Alls** | **100** | **940.786** | **956.809** | **1.031.826** |

# 10 Yfirlit yfir lagabreytingar

***Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins:***
**Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt.** Lagt verður til þriggja þrepa skattkerfi einstaklinga með nýju lágtekjuþrepi. Miðað er við að sú aðgerð auki ráðstöfunartekjur tekjulægsta hópsins um tíu þúsund krónur á mánuði.

**Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt.** Lagt verður til að skerðingarmörk barnabóta hækki í 325 þús.kr. á mánuði á árinu 2020.

**Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt.** Lagt verður til að tímabundin hækkun á vaxtabótum, sem að óbreyttu hefði fallið niður um næstu áramót, verði framlengd um eitt ár. Því er ártalinu 2020 bætt við ákvæði til bráðabirgða XLI í lögunum, en það hefur að geyma ákvæði um vaxtabætur á árunum 2011–2019. Gert er ráð fyrir að ákvæðið komi til framkvæmda við ákvörðun á fyrirframgreiðslu vaxtabóta og við álagningu opinberra gjalda á árinu 2020.

**Lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.** Lagt verður til þriggja þrepa skattkerfi einstaklinga með nýju lágtekjuþrepi. Miðað er við að sú aðgerð auki ráðstöfunartekjur tekjulægsta hópsins um 10 þús.kr. á mánuði.

**Lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald.** Lagt verður til að olíugjald, kílómetragjald og sérstakt kílómetragjald hækki um 2,5% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2020.

**Lög nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.** Lagt verður til að almennt og sérstakt vörugjald af bensíni hækki um 2,5% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2020.

**Lög nr. 39/1988, um bifreiðagjald.** Lagt verður til að bifreiðagjald hækki um 2,5% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2020.

**Lög nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki.** Lagt verður til að áfengisgjald og tóbaksgjald hækki um 2,5% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2020.

**Lög nr. 86/2011, um verslun með áfengi og tóbak.** Lögð verður til hækkun á verðlagningu áfengis og tóbaks.

**Lög nr. 23/2013, um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannaþágu.** Lögð verður til 2,5% hækkun á sérstöku gjaldi til Ríkisútvarpsins í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2020.

**Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra.** Lögð verður til 2,5% hækkun á gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2020.

**Lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald.** Breytingar vegna tillagna stjórnar Úrvinnslusjóðs um breytingar á fjárhæðum úrvinnslugjalda.

**Lög nr. 129/2009 um umhverfis- og auðlindaskatta.** Lagt verður til að urðun almenns úrgangs verði skattlögð í þeim tilgangi að beina úrgangi í aðra, umhverfisvænni farvegi.

**Lög nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta.** Í þeim tilgangi að hraða útfösun flúoraðra lofttegunda (f-gasa), sem lið í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, verður lagt til að álögur verði lagðar á slík efni.

**Lög nr. 70/2012 um loftslagsmál.** Lagt verður til að fjárhæð losunargjalds vegna gjaldskyldrar losunar skv. 4. mgr. 14. gr. verði breytt til samræmis við breytingar á meðalverði losunarheimilda á Evrópska efnahagssvæðinu eins og það er á árstímabili sem lýkur 31. júlí árið áður.

***Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins:***
**Lög nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl.** Lagt verður til að festa fjárhæð sóknargjalda við 930 kr. á einstakling á mánuði en samkvæmt því mun ákvörðuð hækkun sóknargjaldsins nema um 0,56%.

**Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra.** Lögð verður til framlenging á því að Framkvæmdasjóði aldraðra sé heimilt að verja fé til að standa straum af rekstrarkostnaði hjúkrunarrýma fyrir aldraða.

**Lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.** Lögð verður til breyting í því skyni að koma í veg fyrir víxlverkanir örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða fyrir árið 2020.

**Lög nr. 166/2011, um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara.** Lögð verður til hækkun á hlutfalli af álagningarstofni sem gjaldskyldir aðilar skulu greiða miðað við áætlaðan rekstrarkostnað stofnunarinnar fyrir árið 2020 með hliðsjón af áætlaðri stöðu í árslok 2019.

**Lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.** Lögð verður til breyting á eftirlitsgjaldi í samræmi við áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins og lögbundið hámark á eigið fé stofnunarinnar.

**Lög nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.** Lögð verður til framlenging á bráðabirgðaákvæðum þar sem kveðið er annars vegar á um að starfsendurhæfingarsjóðir fái ekki tekjur af almennu tryggingagjaldi á árinu 2020 og hins vegar að atvinnurekendur, þeir sem stunda sjálfstæða starfsemi og lífeyrissjóðir greiði áfram sama hlutfall af stofni til iðgjalds á árinu 2020, eða 0,10%.

**Ný löggjöf um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna.** Lagt verður til nýtt stuðningskerfi til handa námsmönnum til samræmis við það sem kynnt var í fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024 og mun það koma í staðinn fyrir gildandi námslánakerfi.

**Lög nr. 38/2011, um fjölmiðla.** Lagðar verða til ýmsar aðgerðir sem ætlað er að styðja við rekstur einkarekinna fjölmiðla, enda hafi þeir hlutverki að gegna í samfélaginu við að efla samfélagslega umræðu, tjáningarfrelsi og lýðræðisþátttöku almennings með miðlun frétta, fréttatengds efnis og um samfélagsmál.

**Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.** Lögð er til framlenging á ákvæði til bráðabirgða um samanburð á útreikningi kostnaðarþátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

**Lög nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof.** Lagt verður til að samanlagður réttur foreldra til fæðingarorlofs lengist úr níu mánuðum í tíu mánuði vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2020 eða síðar.

**Lög nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.** Lögð verður til breyting á 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í því skyni að koma í veg fyrir víxlverkanir örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða fyrir árið 2020.

**Lög nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.** Lögð verður til breyting á 18. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í því skyni að koma í veg fyrir víxlverkanir örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða fyrir árið 2020.

**Lög nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.** Gert er ráð fyrir breytingum á því skilyrði fyrir greiðslu hálfs lífeyris frá almannatryggingum að samanlagður áunninn réttur til ellilífeyris frá lífeyrissjóðum og frá almannatryggingum verði að lágmarki jafnhár fullum ellilífeyri almannatrygginga, þ.e. að skilyrði verði sett fyrir töku hálfs lífeyris þannig að lífeyrisþegi stundi að hámarki hálft starf og að greiðslur verði tekjutengdar.

**Frumvarp til laga um félagslegan stuðning við aldraða.** Gert er ráð fyrir að sett verði sérstök löggjöf um félagslega aðstoð ríkisins þar sem heimilt verði að veita öldruðum einstaklingum, sem ekki hafa búið nægjanlega lengi á Íslandi til að hafa öðlast full réttindi til ellilífeyris hér á landi, viðbótarstuðning. Stuðningur þessi greiðist eingöngu þeim sem eru búsettir og dvelja á Íslandi, hafa heildartekjur undir ákveðnu tekjuviðmiði og eiga ekki eignir í peningum eða verðbréfum yfir tilgreindri fjárhæð.

**Frumvarp til laga um fyrstu kaup íbúðarhúsnæðis.** Með frumvarpinu eru lögð til úrræði til að auðvelda ungu fólki og tekjulágum fyrstu kaup íbúðarhúsnæðis.

# Greinargerð ráðuneyta um málefnasvið og málaflokka

Hér á eftir fer umfjöllun um stefnumið, áform og aðgerðir næsta fjárlagaárs fyrir þau 35 málefnasvið og 102 málaflokka sem frumvarpið tekur til. Í umfjölluninni er gerð grein fyrir helstu áherslum á hverju málefnasviði árið 2020, ábyrgð á einstökum sviðum, fjárheimildum og helstu tillögum um breytingar á útgjaldarömmum málefnasviða frá gildandi fjárlögum eftir tilefnum og hagrænni skiptingu. Framtíðarsýn og meginmarkmiðum hvers málefnasviðs er lýst í fjármálaáætlun og er vísað til þeirrar umfjöllunar. Því næst er fjallað um helstu verkefni í hverjum málaflokki sem og breytingar á heildarfjárheimildum frá gildandi fjárlögum.

Greinargerðin felur í sér nánari útfærslu á þeirri stefnumörkun sem birtist í fjármálaáætlun sem Alþingi samþykkti sl. vor fyrir tímabilið 2020–2024, en þar var fjallað um þróun innan einstakra málefnasviða og málaflokka til næstu fimm ára. Í þeirri greinargerð sem hér fer á eftir er einungis gerð grein fyrir þeim verkefnum og aðgerðum sem taka til næsta fjárlagaárs og sundurliðun fjárheimilda eins og hún birtist í frumvarpinu.

Varðandi umfjöllun um fjárhagslega þróun málefnasviða og málaflokka er vakin athygli á því að:

- í reikningstölum fyrir árið 2018 hafa afskriftir ársins, þar sem við á, verið dregnar frá í útgjöldum stofnana og verkefna en fjárfestingum ársins, sem færðar eru um efnahagsreikning, er bætt við. Með þessu fæst skýrari samanburður við fjárveitingar til stofnana og verkefna í fjárlögum.
- umfjöllun um breytingar á útgjaldarömmum málefnasviða frá gildandi fjárlögum greinist í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra: í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignarstofnunum og einkaaðilum. Í öðru og þriðja lagi eru tilfærslur fjár úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga. Í fjórða og síðasta lagi er fjallað um fjárfestingarframlög en vakin er athygli á því að í uppgjöri ríkisfjármála samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum eru þau framlög ekki gjaldfærð í rekstrarreikningi heldur eignfærð í efnahagsreikningi.
- fjallað er um almennar launa-, gengis- og verðlagsforsendur, sbr. umfjöllun um breytingar á heildarfjárheimildum til málaflokka, í kafla 5.4 í greinargerð þessa frumvarps, um verðlagsforsendur útgjaldahliðar.

Með ítarlegri kynningu á stefnum fyrir málefnasvið í fjármálaáætlun að vori er leitast við að tryggja að Alþingi búi yfir sem greinarbestum upplýsingum um meginlínur og áherslur þegar það fjallar um áætlun sem er stefnumarkandi fyrir ríkisstarfsemina í heild sinni til meðallangs tíma. Þegar kemur að umfjöllun þingsins um fjárlagafrumvarp aðeins nokkrum mánuðum síðar stendur þessi fimm ára stefnumörkun nær óbreytt og því er rökrétt að leggja áherslu á að veita þinginu nánari upplýsingar og skýringar er varða útfærslu og breytingar á fjárheimildum málaflokka á því fjárlagaári sem frumvarpið tekur til. Með þessu móti er stuðlað að því að umfjöllun og ákvarðanataka um starfsemi og verkefni á einstökum málefnasviðum og málaflokkum við setningu fjárlaga til eins árs í senn sé sett í skýrara samhengi við stefnumið fjármálaáætlunar til næstu fimm ára.

# 1 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð Alþingis. Það skiptist í tvo málaflokka en þeir eru *Alþingi* og *Eftirlitsstofnanir Alþingis*. Forseti Alþingis ber ábyrgð á rekstri Alþingis, hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess og skipuleggur þinghaldið í samráði við forsætisnefnd. Forsætisnefnd hefur fjármálalega yfirumsjón með málefnasviðinu í heild, svo sem með afgreiðslu fjárlagatillagna, en að öðru leyti eru eftirlitsstofnanir þess sjálfstæðar í störfum sínum. Framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **01.10 Alþingi** | **4.175,4** | **4.048,3** | **5.789,4** | **43,0** | **38,7** |
| 00 Æðsta stjórn ríkisins | 4.175,4 | 4.048,3 | 5.789,4 | 43,0 | 38,7 |
| **01.20 Eftirlitsstofnanir Alþingis** | **1.093,1** | **1.100,1** | **1.100,1** | **0,0** | **0,6** |
| 00 Æðsta stjórn ríkisins | 1.093,1 | 1.100,1 | 1.100,1 | 0,0 | 0,6 |
| **Samtals** | **5.268,5** | **5.148,4** | **6.889,5** | **33,8** | **30,8** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**EFLING ALÞINGIS**

**Bæta aðstoð við þingflokka og þingmenn** með 62 m.kr. fjárframlagi til að fjölga starfsmönnum þingflokka um fimm.

**Styrkja löggjafarstarf Alþingis** með eflingu sérfræðiaðstoðar við þingnefndir og þingmenn.

**Endurbætur á upplýsingakerfum Alþingis** með breyttum forgangi innan ramma til að mæta auknum kröfum um gæði og öryggi.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er efling Alþingis eitt af forgangsmálum hennar, þ.e. styrking sjálfstæðis þingsins með auknum stuðningi við nefndastarf og þingflokka. Á árinu 2020 hækka fjárframlög um 62 m.kr. til að fjölga starfsmönnum þingflokka um fimm.

### Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðs *Alþingis og eftirlitsstofnana þess* árið 2020 eru áætluð 6.890 m.kr. og aukast um 1.741 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019, eða sem svarar til 34%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.560 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 30%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 1.634 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið fellur niður í frumvarpinu tímabundið framlag til verkefnis hjá umboðsmanni, alls 4 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 1.630 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 69 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
d. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 181 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 6.890 m.kr. Þar vega þyngst áhrif af áætluðum launahækkunum á árinu 2019 miðað við áhrif þeirra á ársgrundvelli og mati á launahækkunum sem áætlað er að taki gildi á árinu 2020 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa taka hækkunum samkvæmt spá um almennar verðbreytingar fyrir árið 2020. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun *Alþingis og eftirlitsstofnana þess* breytast milli ára sem hér segir:

| 01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 4.911,4 | 4.862,7 | 5.106,1 | 5,0 | 4,0 |
| Rekstrartilfærslur | 250,8 | 127,7 | 127,7 | 0,0 | -49,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 106,3 | 158,0 | 1.655,7 | 947,9 | 1.457,6 |
| **Heildarútgjöld** | **5.268,5** | **5.148,4** | **6.889,5** | **33,8** | **30,8** |
| Rekstrartekjur | - | 140,9 | 79,9 | -43,3 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 5.007,5 | 6.809,6 | 36,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **5.148,4** | **6.889,5** | **33,8** | - |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 5.106 m.kr. og hækka um 243 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um framlög til Norðurlandaráðsþings, 70 m.kr., og fjölgunar starfsmanna þingflokka, 62 m.kr., auk hækkunar launa- og verðlagsbóta um 181 m.kr.
b. **Rekstrartilfærslur** breytast ekki á milli ára.
c. **Fjármagnstilfærslur** eru engar.
d. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 1.656 m.kr. og er það 1.498 m.kr. hækkun milli ára. Þar vegur þyngst framlag til nýbyggingar Alþingis.

**1.1 Alþingi**

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Undir þennan málaflokk fellur bæði hin eiginlega þingstarfsemi og starfsemi skrifstofu þingsins.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Ráðnir allt að 5 starfsmenn þingflokka. | Forsætisnefnd Alþingis. | 1 |
| Aukin sérfræðiþjónusta við þingnefndir með fjölgun starfsmanna. | Forsætisnefnd Alþingis. | 2 |
| Endurgerð þingmálakerfis. | Forsætisnefnd Alþingis. | 3 |

## Fjárheimildir

| 01.10 Alþingi | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.818,3 | 3.773,0 | 4.016,7 | 6,5 | 5,2 |
| Rekstrartilfærslur | 250,8 | 127,7 | 127,7 | 0,0 | -49,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 106,3 | 147,6 | 1.645,0 | 1.014,5 | 1.447,5 |
| **Heildarútgjöld** | **4.175,4** | **4.048,3** | **5.789,4** | **43,0** | **38,7** |
| Rekstrartekjur | - | 37,3 | 27,9 | -25,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 4.011,0 | 5.761,5 | 43,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **4.048,3** | **5.789,4** | **43,0** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 5.789 m.kr. og hækkar um 1.600 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 141 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 62 m.kr. til að efla þjónustu við þingflokka með ráðningu fimm starfsmanna, sbr. markmið nr. 1.
b. Alþingi fær tímabundna fjárveitingu, 70 m.kr., til að halda Norðurlandaráðsþing í október 2020.
c. Fjárveiting til nýbyggingar á Alþingisreit hækkar um 1.496 m.kr. og verður 1.600 m.kr.
d. Aðhaldskrafa á Alþingi er 47 m.kr.

### 1.2 Eftirlitsstofnanir Alþingis

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og málefni/verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum umboðsmanns Alþingis og ríkisendurskoðanda.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Leggja aukna áherslu á frumkvæðis- og vettvangsathuganir. | Umboðsmaður Alþingis. | 2a |
| OPCAT-eftirlit: aðkeypt sérfræðiaðstoð, þýðingar, erlent samstarf og aðstoð við umboðsmann. | Umboðsmaður Alþingis. | 2a |
| Sérstakur starfsmaður sinnir aukinni upplýsingagjöf. | Umboðsmaður Alþingis. | 3a |
| Kanna ráðstöfun fjárveitinga til allra málefnasviða og málaflokka, hafa eftirlit með ríkistekjum og endurskoða alla ríkisaðila í A-hluta á hverju ári. | Ríkisendurskoðandi. | 1b |
| Haga endurskoðun með tilliti til skilgreinds mats á mikilvægi og áhættu. Annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga með vísun til málefnasviða og málaflokka. Skila í skýrslum skýrum niðurstöðum um endurskoðun og ábendingar til úrbóta. | Ríkisendurskoðandi. | 1b |

| | | |
|---|---|---|
| Verkefnaval stjórnsýsluúttekta tekur mið af umfangi á fjárlögum. Úttektir verði stærri og skýrari í framsetningu og ályktunum er skili meiri árangri og verði áhrifameiri. | Ríkisendurskoðandi. | 2b |
| Taka upp rafræna þjónustugátt vegna skila á gögnum frá stjórnmálasamtökum og frambjóðendum, sjóðum, sjálfseignarstofnunum og kirkjugörðum. Stuðla að því að ríkisaðilar leggi áherslu á að veita rafræna þjónustu til viðskiptavina sinna. Jafnframt skal sinna almennu leiðbeiningarstarfi á þessu sviði. | Ríkisendurskoðandi. | 3b |
| Fylgjast með tekjum ríkisins, kanna forsendur afskrifta skattkrafna, yfirfara forsendur álagningar og gera dreifiúttektir á störfum skattyfirvalda, fylgjast með innheimtu opinberra gjalda, að reikningar séu gerðir og endurskoða allar rekstrartekjur stofnana. | Ríkisendurskoðandi. | 4b |

## Fjárheimildir

| 01.20 Eftirlitsstofnanir Alþingis | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.093,1 | 1.089,7 | 1.089,4 | 0,0 | -0,3 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 10,4 | 10,7 | 2,9 | - |
| **Heildarútgjöld** | **1.093,1** | **1.100,1** | **1.100,1** | **0,0** | **0,6** |
| Rekstrartekjur | - | 103,6 | 52,0 | -49,8 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 996,5 | 1.048,1 | 5,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **1.100,1** | **1.100,1** | **0,0** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 1.100 m.kr. og lækkar um 40 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema einnig 40 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild umboðsmanns Alþingis er aukin um 4 m.kr. til að efla OPCAT-eftirlit, sbr. markmið nr. 2.
b. Fjárheimild ríkisendurskoðanda er aukin um 16 m.kr. til að bæta við einu stöðugildi og efla tekjueftirlit, sbr. markmið 4.
c. Ríkisendurskoðandi fær 15 m.kr. til að endurnýja tölvubúnað og uppfæra netkerfi stofnunarinnar.
d. Breyting er gerð til lækkunar á rekstrartekjum ríkisendurskoðanda um 53 m.kr. og samsvarandi lækkun á rekstrargjöldum að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum.
e. Aðhaldskrafa á umboðsmann er 6 m.kr. og aðhaldskrafa á ríkisendurskoðanda er 16 m.kr.

# 2 Dómstólar

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð dómsmálaráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka en þeir eru: *Hæstiréttur*, *Héraðsdómstólar*, *Landsréttur*, og *Dómstólasýslan*. Hlutverk dómstóla er að skera úr réttarágreiningi hvort heldur er á milli einstaklinga eða lögaðila, taka til meðferðar mál sem handhafar ákæruvalds höfða til refsingar lögum samkvæmt og kveða upp úr um embættistakmörk yfirvalda. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 02 Dómstólar | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **02.10 Hæstiréttur** | **429,7** | **488,2** | **457,3** | **-6,3** | **6,4** |
| 00 Æðsta stjórn ríkisins | 230,8 | 245,0 | 212,2 | -13,4 | -8,1 |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 198,9 | 243,2 | 245,1 | 0,8 | 23,2 |
| **02.20 Héraðsdómstólar** | **1.653,6** | **1.774,3** | **1.840,5** | **3,7** | **11,3** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 1.653,6 | 1.774,3 | 1.840,5 | 3,7 | 11,3 |
| **02.30 Landsréttur** | **701,9** | **705,5** | **729,8** | **3,4** | **4,0** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 701,9 | 705,5 | 729,8 | 3,4 | 4,0 |
| **02.40 Dómstólasýslan** | **272,5** | **339,0** | **356,4** | **5,1** | **30,8** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 272,5 | 339,0 | 356,4 | 5,1 | 30,8 |
| **Samtals** | **3.057,7** | **3.307,0** | **3.384,0** | **2,3** | **10,7** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**STYRKING STAFRÆNNA INNVIÐA**

**Rafrænn flutningur gagna þvert á stofnanir réttarvörslukerfisins** með áherslu á skilvirka og örugga þjónustuferla.

**Rafræn málsmeðferð frá þingfestingu fram að aðalmeðferð** með áherslu á rafrænar skýrslutökur í dómstólum og stofnunum.

### Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðs 02 *Dómstólar* árið 2020 eru áætluð 3.384 m.kr. og lækka um 39 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2020, eða sem svarar til 1,2%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 77 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 2,3%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Breyting á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingu sem fellur til á árinu 2020 og nemur 39 m.kr. til lækkunar.
b. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 116 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 3.384 m.kr. Þar vega þyngst áhrif af áætluðum launahækkunum á árinu 2019 miðað við áhrif þeirra á ársgrundvelli og mati á launahækkunum sem áætlað er að taki gildi á árinu 2020 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa taka hækkunum samkvæmt spá um almennar verðbreytingar fyrir árið 2020. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

## Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun breytast milli ára sem hér segir:

| 02 Dómstólar | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.057,3 | 3.249,9 | 3.318,8 | 2,1 | 8,6 |
| Rekstrartilfærslur | 0,4 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 57,1 | 65,2 | 14,2 | - |
| **Heildarútgjöld** | **3.057,7** | **3.307,0** | **3.384,0** | **2,3** | **10,7** |
| Rekstrartekjur | - | 1,2 | 1,2 | 0,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 3.305,8 | 3.382,8 | 2,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **3.307,0** | **3.384,0** | **2,3** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins falla að stærstum hluta í flokkinn rekstrarframlög en þar er einkum um að ræða beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignarstofnunum og einkaaðilum. Rekstrarframlögin eru áætluð 3.318,8 m.kr. og hækka um 68,9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Af einstökum breytingum munar mest um 116 m.kr. vegna launa- og verðlagshækkana. Fjárfestingarframlög eru áætluð 65,2 m.kr. og hækka um 14,2 m.kr.

## 2.1 Hæstiréttur

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Verkefni og aðgerðir á þessu málefnasviðið má finna undir málaflokki 02.4 Dómstólasýslan.

## Fjárheimildir

| 02.10 Hæstiréttur | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 429,7 | 486,4 | 455,4 | -6,4 | 6,0 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 1,8 | 1,9 | 5,6 | - |
| **Heildarútgjöld** | **429,7** | **488,2** | **457,3** | **-6,3** | **6,4** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 488,2 | 457,3 | -6,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **488,2** | **457,3** | **-6,3** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 457,3 m.kr. og lækkar um 45 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 14,1 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Framlag til ritunar 100 ára afmælisrits Hæstaréttar lækkar um 6 m.kr.
b. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 39 m.kr. vegna fækkunar um tvö stöðugildi hæstaréttardómara.

## 2.2 Héraðsdómstólar

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Verkefni og aðgerðir á þessu málefnasviðið má finna undir málaflokki 2.4 Dómstólasýslan.

### Fjárheimildir

| 02.20 Héraðsdómstólar | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.653,3 | 1.767,7 | 1.833,7 | 3,7 | 10,9 |
| Rekstrartilfærslur | 0,3 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 6,6 | 6,8 | 3,0 | - |
| **Heildarútgjöld** | **1.653,6** | **1.774,3** | **1.840,5** | **3,7** | **11,3** |
| Rekstrartekjur | - | 1,2 | 1,2 | 0,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.773,1 | 1.839,3 | 3,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **1.774,3** | **1.840,5** | **3,7** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 1.840,5 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 66,2 m.kr.

## 2.3 Landsréttur

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Verkefni og aðgerðir á þessu málefnasviðið má finna undir málaflokki 2.4 Dómstólasýslan.

## Fjárheimildir

| 02.30 Landsréttur | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 701,9 | 705,5 | 729,8 | 3,4 | 4,0 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **701,9** | **705,5** | **729,8** | **3,4** | **4,0** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 705,5 | 729,8 | 3,4 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **705,5** | **729,8** | **3,4** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 729,8 m.kr. og er óbreytt milli ára að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 24,3 m.kr.

### 2.4 Dómstólasýslan

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Dómstólasýslan hefur það meginhlutverk að annast og vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnsýslu dómstólanna allra með það að markmiðið að efla og styrkja stjórnsýslu þeirra og um leið stuðla að samræmingu í framkvæmd er varðar innri starfsemi allra dómstiganna þriggja. Því er gerð grein fyrir verkefnum og aðgerðum allra dómstiga sameiginlega í þessum málaflokki.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Á árinu 2020 er áætlað að taka rafrænt ferli í notkun fyrir önnur kærumál, auk áfrýjunarmála til viðbótar við rafrænt kæruferli sakamála og rannsóknarmála sem farið var í 2019.<br>Þróa og bæta gagnaflutninga í kærumálum sem hefur í för með sér mikið hagræði, svo sem tímasparnað og minni pappírssóun. | Dómstólasýslan. | 1, 2 og 3 |
| Á árinu fer fram ítrun á virkni nýrrar málaskrár héraðsdómstóla og Landsréttar ásamt því að gera kerfið notendavænna. Kerfið er nýtt til að samræma fornskjöl og vinnslu dómsmála. Skoðað verður að tengja málaskrárkerfi dómstóla við lagasafn Alþingis til að tryggja samþættingu og lágmarka villuhættu við tilvitnun í ákvæði laga. | Dómstólasýslan. | 1, 2 og 3 |
| Undirbúin og send inn umsókn um rafræn skil stjórnsýslumála fyrir héraðsdómstólana og Landsrétt til Þjóðskjalasafns. Samhliða verður farið í innleiðingu á endurskoðaðri skjalastefnu dómsmálanna. | Dómstólasýslan. | 2 |
| Samræmd vinnubrögð og verkferlar við nýtingu tæknibúnaðar ásamt því að stuðla að auknu upplýsingaöryggi með bættu verklagi og samræmdri sýn sem byggist á samþykktri | Dómstólasýslan. | 1 og 2 |

| | | |
|---|---|---|
| upplýsingatæknistefnu. Áhersla lögð á þjálfun starfsmanna og þróun á hæfni þeirra | | |
| Rafræn málsmeðferð með áherslu á rafrænar skýrslutökur í dómstólum og stofnunum, sem felur í sér nýtingu á skjám og öðrum búnaði í dómsölum sem eykur verulega á hagræði og skilvirkni við rekstur dómsmála. | Dómstólasýslan. | |
| Gert ráð fyrir uppsetningu á fjarfundabúnaði í hverjum dómstól. | Dómstólasýslan. | 2 |
| Talgreinir þróaður og tengingarmöguleikar við málaskrárkerfið skoðað. | Dómstólasýslan. | 2 |
| Endurskoðun ferla við vinnslu gagna með tilliti til nýrrar tækni og lögum breytt til samræmis.<br>Þátttaka í samvinnu um gagnaskilgreiningar vegna samnýtingar gagna þvert á stofnanir réttarvörslukerfisins. | DMR og stofnanir réttarvörslukerfisins. | 1, 2 og 3 |

## Fjárheimildir

| 02.40 Dómstólasýslan | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 272,4 | 290,3 | 299,9 | 3,3 | 10,1 |
| Rekstrartilfærslur | 0,1 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 48,7 | 56,5 | 16,0 | - |
| **Heildarútgjöld** | **272,5** | **339,0** | **356,4** | **5,1** | **30,8** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 339,0 | 356,4 | 5,1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **339,0** | **356,4** | **5,1** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 356,4 m.kr. og hækkar um 6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 11,4 m.kr. Breyting á fjárheimildum málaflokksins felst í 6 m.kr. auknu framlagi til áframhaldandi endurnýjunar á málaskrárkerfum og tölvubúnaði dómstólanna.

# 3 Æðsta stjórnsýsla

Málefnasviðið *Æðsta stjórnsýsla* er á ábyrgð forsætisráðherra og skiptist í þrjá málaflokka en þeir eru *Embætti forseta Íslands, Ríkisstjórn* og *Forsætisráðuneyti.* Framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 03 Æðsta stjórnsýsla | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **03.10 Embætti forseta Íslands** | **323,0** | **358,4** | **364,3** | **1,6** | **12,8** |
| 00 Æðsta stjórn ríkisins | 323,0 | 358,4 | 364,3 | 1,6 | 12,8 |
| **03.20 Ríkisstjórn** | **596,6** | **636,6** | **660,9** | **3,8** | **10,8** |
| 00 Æðsta stjórn ríkisins | 596,6 | 636,6 | 660,9 | 3,8 | 10,8 |
| **03.30 Forsætisráðuneyti** | **1.424,2** | **1.359,2** | **1.882,5** | **38,5** | **32,2** |
| 01 Forsætisráðuneyti | 1.424,2 | 1.359,2 | 1.882,5 | 38,5 | 32,2 |
| **Samtals** | **2.343,8** | **2.354,2** | **2.907,7** | **23,5** | **24,1** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**SAMRÆMING OG SAMRÁÐ**

**Vönduð stjórnsýsla og góðir starfshættir í þágu íbúa.**

**Auka gagnsæi og gæði við undirbúning lagasetningar.**

**Eftirfylgni með stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.**

**Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum**

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhalds-markmiði.




**Heildargjöld** Æðstu stjórnsýslu árið 2020 eru áætluð 2.908 m.kr. og aukast um 487 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019, eða sem svarar til 20,7% Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 554 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 23,5%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 491 m.kr. til hækkunar.
b. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 34 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
c. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 30 m.kr.
d. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 67 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 2.908 m.kr. Þar vega þyngst áhrif af áætluðum launahækkunum á árinu 2019 miðað við áhrif þeirra á ársgrundvelli og mati á launahækkunum sem áætlað er að taki gildi á árinu 2020 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa taka hækkunum samkvæmt spá um almennar verðbreytingar fyrir árið 2020. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins *Æðsta stjórnsýsla* breytast milli ára sem hér segir:

| 03 Æðsta stjórnsýsla | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 2.134,9 | 2.262,4 | 2.271,3 | 0,4 | 6,4 |
| Rekstrartilfærslur | 143,7 | 56,6 | 50,0 | -11,7 | -65,2 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 65,2 | 35,2 | 586,4 | - | 799,4 |
| **Heildarútgjöld** | **2.343,8** | **2.354,2** | **2.907,7** | **23,5** | **24,1** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.354,2 | 2.907,7 | 23,5 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **2.354,2** | **2.907,7** | **23,5** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 2.271,3 m.kr. og hækka um 8,9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs, að meðtöldum launa- og verðlagsbreytingum ársins 2020.
b. **Rekstrartilfærslur** lækka um 6,6 m.kr. og verða 50,0 m.kr. en eru 56,6 m.kr. í fjárlögum fyrir árið 2019. Lækkunin skýrist að mestu af aðhaldskröfu.
c. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 586,4 m.kr. og er það 551,2 m.kr. hækkun milli ára. Það skýrist af því að á árinu 2020 er gert ráð fyrir því að veitt verði 550 m.kr. framlag vegna viðbyggingar austan við Stjórnarráðshúsið. Með þessari byggingu verður hægt að koma allri starfsemi forsætisráðuneytis fyrir á einum stað, en nú er hún dreifð milli fimm bygginga með tilheyrandi óhagræði.

### 3.1 Embætti forseta Íslands

Undir þennan málaflokk fellur rekstur forsetaembættisins. Það er viðvarandi verkefni að tryggja umgjörð embættisins í samræmi við stöðu forseta Íslands sem þjóðhöfðingja, æðsta handhafa framkvæmdarvalds og annars handhafa löggjafarvalds í landinu. Málaflokkurinn heyrir undir forsætisráðherra.

### Fjárheimildir

| 03.10 Embætti forseta Íslands | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 323,0 | 349,3 | 354,9 | 1,6 | 9,9 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 9,1 | 9,4 | 3,3 | - |
| **Heildarútgjöld** | **323,0** | **358,4** | **364,3** | **1,6** | **12,8** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 358,4 | 364,3 | 1,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **358,4** | **364,3** | **1,6** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 364,3 m.kr. og lækkar um 7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 12,9 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimild málaflokksins eru eftirfarandi:

a. Sett er 7 m.kr. aðhaldskrafa á málaflokkinn í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
b. Launa- og verðlagsbreytingar nema 12,9 m.kr. til hækkunar.

### 3.2 Ríkisstjórn

Undir þennan málaflokk falla laun ráðherra og aðstoðarmanna þeirra. Hlutverk ráðherra er að fara með og bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, hver á sínu málefnasviði samkvæmt ákvæðum forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og forsetaúrskurði um skiptingu starfa ráðherra. Málaflokkurinn heyrir undir forsætisráðherra.

### Fjárheimildir

| 03.20 Ríkisstjórn | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 596,6 | 636,6 | 660,9 | 3,8 | 10,8 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **596,6** | **636,6** | **660,9** | **3,8** | **10,8** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 636,6 | 660,9 | 3,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **636,6** | **660,9** | **3,8** | - |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 660,9 m.kr. og hækkar ekki frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum sem nema 24,3 m.kr. Helsta breyting á fjárheimild málaflokksins er eftirfarandi:

a. Launaliður ríkisstjórnarinnar hækkar um 24,3 m.kr. sem skýrist alfarið af almennum launa- og verðlagsbreytingum.

### 3.3 Forsætisráðuneyti

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Undir þennan málaflokk fellur aðalskrifstofa forsætisráðuneytisins og tengd verkefni sem ekki verða auðveldlega felld undir önnur málefnasvið og málaflokka. Umfang og áherslur í starfsemi og rekstri forsætisráðuneytisins ráðast mjög af stefnumálum og áherslum ríkisstjórnar hverju sinni og verkaskiptingu samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta.

### Verkefni

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Fylgja eftir stjórnarsáttmála með framgangsskýrslum um áherslur í stjórnarsáttmála tvisvar á ári. | FOR og aðstoðarmenn ráðherra. | 1 |
| Aukið gagnsæi og aðhald með gæðum lagasetningar með söfnun, greiningu og miðlun upplýsinga. Skýrsla um stöðu og þróun gefin út a.m.k. árlega. | FOR | 2 |
| Áframhaldandi þróun og samhæfing vinnuferla ráðuneyta við undirbúning frumvarpa, stefnumótun og áætlanagerð. | FOR | 2 |

| | | |
|---|---|---|
| Fræðsluátak um stjórnsýslulög/siðareglur/vandaða stjórnsýsluhætti. | FOR | 3 |
| Áframhaldandi umbætur á bættri upplýsingagjöf til almennings, m.a. með þróun og kynningu á starfi ráðgjafa um upplýsingarétt almennings. | FOR | 3 |
| Ýmsar úrbætur í meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins. | FOR í víðtæku samráði við ótal aðila. | 3 |

## Fjárheimildir

| 03.30 Forsætisráðuneyti | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.215,3 | 1.276,5 | 1.255,5 | -1,6 | 3,3 |
| Rekstrartilfærslur | 143,7 | 56,6 | 50,0 | -11,7 | -65,2 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 65,2 | 26,1 | 577,0 | 2.110,7 | 785,0 |
| **Heildarútgjöld** | **1.424,2** | **1.359,2** | **1.882,5** | **38,5** | **32,2** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.359,2 | 1.882,5 | 38,5 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **1.359,2** | **1.882,5** | **38,5** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 1.882,5 m.kr. og hækkar um 493,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 29,9 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárfestingaframlag hækkar um 550 m.kr. vegna fyrirhugaðra framkvæmda viðbyggingar við Stjórnarráðshúsið.
b. Af 30 m.kr. útgjaldasvigrúmi er gert ráð fyrir að veita 15 m.kr. framlag til að styrkja stöðu málaflokks hinsegin fólks og 15 m.kr. framlag til að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun.
c. Gerð er 27 m.kr. aðhaldskrafa á rekstur ráðuneytisins í samræmi við forsendur fjármálaáætlunar 2020–2024.
d. Loks nema millifærslur til embættis ríkislögreglustjóra vegna öryggismála alls 59,5 m.kr.

# 4 Utanríkismál

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð utanríkisráðherra og skiptist það í fjóra málaflokka en þeir eru *Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála, Utanríkisviðskipti, Samstarf um öryggis- og varnarmál* og *Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs.*

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka þess á tímabilinu 2018–2020. Vakin er athygli á því að í frumvarpinu er fjárheimild vegna málaflokksins 04.4 Þróunarsamvinna flutt á nýtt málefnasvið, 35 *Alþjóðleg þróunarsamvinna,* og undir málaflokk 35.1 Þróunarsamvinna. Í fjárlögum yfirstandandi árs nemur þessi fjárheimild 5.860 m.kr. Fjárheimildir málaefnasviðsins *Utanríkismál* lækka sem þessu nemur frá núgildandi fjárlögum. Búið er að taka tillit til breytinganna í tölum í fjárlögum fyrir árið 2019 og reikningi 2018. Gerð er grein fyrir framlögum til þróunarsamvinnu í umfjöllun málefnasviðs 35 *Alþjóðleg þróunarsamvinna*.

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024 er gerð grein fyrir framtíðarsýn og meginmarkmiðum málefnasviðsins. Við afgreiðslu fjármálaáætlunar fyrir árin 2020–2024 í júní sl. voru gerðar tvær breytingar á fjárheimild til málefnasviðsins. Annars vegar var hún hækkuð varanlega um 25 m.kr. til að efla rannsóknir og tengsl við norðurslóðaþjóðir og hagsmunaaðila sem hyggja á nýtingu svæðisins í tengslum við siglingar og innviðauppbyggingu þeim tengdum sem og auðlinda almennt. Í samræmi ákvörðun Alþingis við þinglega meðferð fjármálaáætlunar 2020-2024 eru 300 m.kr. færðar á málefnasviðið af málefnasviði 35 *Alþjóðleg þróunarsamvinna*. Á sama tíma er gert ráð fyrir að framlög til þróunarsamvinnu verði endurskoðuð að nýju í meðferð þingsins á fjárlagafrumvarpinu til þess að tryggja megi að markmið stjórnarsáttmálans nái fram að ganga sem er að 0,35% af vergum þjóðartekjum verði varið til þróunarsamvinnu.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 04 Utanríkismál | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **04.10 Utanríkisþj.og stjórnsýsla utanríkismála** | **5.399,3** | **6.259,9** | **6.382,6** | **2,0** | **18,2** |
| 03 Utanríkisráðuneyti | 5.399,3 | 6.259,9 | 6.382,6 | 2,0 | 18,2 |
| **04.20 Utanríkisviðskipti** | **752,0** | **796,0** | **842,0** | **5,8** | **12,0** |
| 03 Utanríkisráðuneyti | 752,0 | 796,0 | 842,0 | 5,8 | 12,0 |
| **04.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál** | **1.890,8** | **2.184,7** | **2.669,6** | **22,2** | **41,2** |
| 03 Utanríkisráðuneyti | 1.890,8 | 2.184,7 | 2.669,6 | 22,2 | 41,2 |
| **04.50 Samningsbundin framlög v. fjölþj.samst.** | **1.325,3** | **1.967,7** | **2.600,6** | **32,2** | **96,2** |
| 03 Utanríkisráðuneyti | 1.325,3 | 1.967,7 | 2.600,6 | 32,2 | 96,2 |
| **Samtals** | **9.367,4** | **11.208,3** | **12.494,8** | **11,5** | **33,4** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**VIRK ÞÁTTTAKA Í ALÞJÓÐA-SAMVINNU**

**Með virkri þátttöku á vettvangi alþjóðastofnana stöndum við vörð um þjóðarétt.**

**Formennska í Norðurskautsráðinu og framboð til UNESCO** gefur okkur færi á að láta rödd Íslands heyrast á alþjóðavettvangi.

**Styrkja stoðir útflutnings** með fjölgun fríverslunarsamninga, öflugri hagsmuna-gæslu innan EES og nánu samstarfi við atvinnulífið.

**Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum**

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** utanríkismála árið 2020 eru áætluð 12.494,8 m.kr. og aukast um 930,2 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019, eða sem svarar til 8,3%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.286,5 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 11,5%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 1.132,5 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög til ýmissa verkefna, alls 194,5 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 938 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 181,7 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.

d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins, sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 173,9 m.kr.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 356,3 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 12.494,8 m.kr. Þar vegur þyngst áhrif af áætluðum launahækkunum á árinu 2019 miðað við áhrif þeirra á ársgrundvelli og mati á launahækkunum sem áætlað er að taki gildi á árinu 2020 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa taka hækkunum samkvæmt spá um almennar verðbreytingar fyrir árið 2020 en auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytist milli ára sem hér segir:

| 04 Utanríkismál | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 5.690,4 | 8.279,4 | 8.824,4 | 6,6 | 55,1 |
| Rekstrartilfærslur | 3.677,0 | 2.865,5 | 3.566,8 | 24,5 | -3,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 63,4 | 103,6 | 63,4 | - |
| **Heildarútgjöld** | **9.367,4** | **11.208,3** | **12.494,8** | **11,5** | **33,4** |
| Rekstrartekjur | - | 277,6 | 299,5 | 7,9 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 10.930,7 | 12.195,3 | 11,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **11.208,3** | **12.494,8** | **11,5** | - |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 8.824,4 m.kr. og hækka um 545 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um 300 m.kr. framlag til að mæta útgjöldum vegna uppsafnaðs viðhalds á öryggis- og varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, samkvæmt ákvörðun Alþingis við afgreiðslu fjármálaáætlunar í júní sl. Önnur framlög hækka um 253,7 m.kr. Á móti vegur til lækkunar 181,7 m.kr. aðhald og tímabundin framlög sem falla niður samtals 194,5 m.kr. Rekstrarframlög hækka um 305,5 m.kr. vegna launa-, gengis- og verðlagsbóta.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 701,3 m.kr. og verða 3.566,8 m.kr. en eru 2.865,6 m.kr. í fjárlögum fyrir árið 2019. Þar munar mest um 582,8 m.kr. framlag til Uppbyggingarsjóðs EES, 46 m.kr. hækkun á framlagi til Íslandsstofu í samræmi við áætlaða hækkun á markaðsgjaldi og 25 m.kr. varanleg hækkun á framlagi til norðurslóðaverkefna í samræmi við ákvörðum Alþingis við afgreiðslu fjármálaáætlunar í júní sl.
c. **Fjármagnstilfærslur** eru engar og eru óbreyttar frá fjárlögum.
d. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 103,6 m.kr. og er það 40,2 m.kr. hækkun milli ára. Þar vega þyngst aukin framlög til endurnýjunar á aðstöðu og ýmsum búnaði fyrir aðalskrifstofu og sendiskrifstofur.

## 4.1 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu ráðuneytisins, þýðingamiðstöðvar, sendiráða, sendiskrifstofa og borgaraþjónustu. Markmið og aðgerðir málaflokksins skarast að einhverju leyti við markmið og aðgerðir málaflokks 04.2 Utanríkisviðskipti.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Styrkja stofnanir, verkefni og viðburði sem stuðla að auknum mannréttindum, jafnrétti, þjóðarétti og mannúð á heimsvísu; bæði í samstarfi við aðra og að eigin frumkvæði, sbr. viðburði á rakarastofu og fullgilda og staðfesta alþjóðlega samninga. | UTN | 1 |
| Innleiðing stefnu fyrir borgaraþjónustu utanríkisráðuneytis. | UTN | 2 |
| Tryggja virkari þátttöku Íslands í mótun EES-löggjafar með því að fjölga fulltrúum, efla þá, byggja upp og viðhalda þekkingu á EES-samningnum innan stjórnsýslunnar. | UTN og fagráðuneyti. | 3 |
| Bæta frammistöðu við upptöku og innleiðingu EES-gerða. | UTN og fagráðuneyti. | 3 |
| Tryggja hagsmuni Íslands í samningaviðræðum sem leiða af útgöngu Bretlands úr ESB í samræmi við stefnu ríkisstjórnar. | UTN | 3 |
| Vinna að gerð fríverslunarsamninga fyrir atvinnulífið, efla samráð við hagsmunaaðila og byggja upp og viðhalda þekkingu á fríverslunarsamningnum innan stjórnsýslunnar. | UTN | 3 |
| Hefja móttöku umsókna um vegabréfsáritanir í sendiráðum Íslands í London, Washington og Nýju-Delí. | UTN | 3 |
| Auka virkni sendiskrifstofa á samfélagsmiðlum til að auka skilvirka og skjóta upplýsingamiðlun. | UTN | 1, 2 og 3 |
| Styrkja málsvarastarf, samvinnu og þátttöku á vettvangi alþjóðastofnana og í svæðabundnu samstarfi; auka samráð innan utanríkisþjónustunnar og Stjórnarráðsins alls. | UTN | 2 |
| Tryggja hagsmuni Íslands í málefnum er varða sjálfbæra nýtingu auðlinda, þ.m.t. á sviði hafréttar, með virkri þátttöku í samningaviðræðum, alþjóðlegum viðburðum og svæðasamstarfi, með nægum mannafla og virkri stefnumótun þvert á fagráðuneyti. | UTN | 2 |
| Auka áhrif Íslands í alþjóðlegu samstarfi um umhverfis- og loftslagsmál, þ.m.t. samningaviðræðum við ESB og Noreg um innri skiptingu ábyrgðarstarfa í loftslagsmálum. | UTN | 2 |
| Efla gerð og miðlun grunnupplýsinga um brýn hagsmunamál Íslands sem nýtast ráðuneytum og sendiskrifstofum til að efla þekkingu almennings á Íslandi og erlendis á málefnasviðum ráðuneytisins í gegnum innlenda og erlenda fjölmiðla, samfélagsmiðla, með skýrslugjöf og fundum heima fyrir og erlendis. | UTN | 1, 2 og 3 |

## Fjárheimildir

| 04.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 5.299,4 | 6.114,5 | 6.172,0 | 0,9 | 16,5 |
| Rekstrartilfærslur | 99,9 | 82,0 | 107,0 | 30,5 | 7,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 63,4 | 103,6 | 63,4 | - |
| **Heildarútgjöld** | **5.399,3** | **6.259,9** | **6.382,6** | **2,0** | **18,2** |
| Rekstrartekjur | - | 161,8 | 172,5 | 6,6 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 6.098,1 | 6.210,1 | 1,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **6.259,9** | **6.382,6** | **2,0** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 6.382,6 m.kr. og lækkar um 104,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 226,8 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 77 m.kr. vegna formennsku í Norðurskautsráðinu og er það í samræmi við markmið nr. 1 og aðgerðir nr. 1 og 2. Heildarútgjöld vegna verkefnisins verða 142 m.kr. á næsta ári og áætlaður heildarkostnaður 318 m.kr. á árunum 2018–2021.
b. Veitt verður 30 m.kr. af almennu útgjaldasvigrúmi til að styrkja ráðuneytið við hagsmunagæslu vegna útgöngu Breta úr Evrópusambandinu, í daglegu tali kallað Brexit. Í fjárlögum fyrir árið 2018 kom inn 30 m.kr. tímabundið framlag til að sinna verkefninu á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Eftir að framlagið fellur niður í árslok 2019 verður verkefnum innan ráðuneytisins forgangsraðað svo unnt verði að sinna hagsmunagæslunni áfram auk þess sem veitt verður framlag af almennu útgjaldasvigrúmi. Er það í samræmi við markmið nr. 3.
c. Af almennu útgjaldasvigrúmi verður 41,5 m.kr. ráðstafað til ýmissa verkefna á borð við aukna hagsmunagæslu á sviði hafréttar, leyfisveitinga til hergagnaflutninga með loftförum, sem fluttar voru frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu til utanríkisráðuneytisins árið 2018, og undirbúnings fyrir formennsku í Evrópuráðinu 2022 og 2023 í samræmi við markmið nr. 2 og aðgerðir nr. 9.
d. Í samræmi við ákvörðun Alþingis við afgreiðslu fjármálaáætlunar fyrir árin 2020–2024 í júní sl. er fjárheimild málaflokksins hækkuð um 25 m.kr. Um er að ræða varanlega hækkun til að efla rannsóknir og tengsl við norðurslóðaþjóðir og hagsmunaaðila sem hyggja á nýtingu svæðisins í tengslum við siglingar og innviðauppbyggingu þeim tengdum sem og auðlinda almennt.
e. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 27,2 m.kr. vegna framboðs Íslands til framkvæmdastjórnar UNESCO. Til viðbótar er 15 m.kr. ráðstafað af almennu útgjaldasvigrúmi til verkefnisins. Er þetta í samræmi við markmið nr. 1. Samanlagður heildarkostnaður vegna framboðs og stjórnarsetu nemur um 422 m.kr. á tímabilinu 2019–2025.
f. Niður falla 194,5 m.kr. tímabundnar fjárheimildir. Hér er meðal annars um að ræða verkefni sem er að ljúka eða njóta ekki lengur sérstakra fjárframlaga, eins og

formennska í norrænu ráðherranefndinni, ræðismannaráðstefna, seta Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, framlag vegna Hringborðs Norðurslóða og aðstoð við fyrrverandi forseta ásamt hagsmunagæslu vegna Brexit, sem fjármagnað verður áfram samanber b-lið hér að ofan.

g. Veitt verður 56,9 m.kr. af almennu útgjaldasvigrúmi til að mæta uppsafnaðri þörf á úrbótum í húsnæðismálum og endurnýja búnaði fyrir aðalskrifstofu ráðuneytisins og sendiskrifstofur. Er það í samræmi við markmið nr. 1, 2 og 3. Meðal annars verður borgaraþjónustan efld í samræmi við markmið nr. 2.
h. Aðhald á málefnasviðinu, samtals 181,7 m.kr., er allt útfært á málaflokkinn. Annars vegar verður hagrætt í rekstri sendiráða og sendiskrifstofa og hins vegar með því að taka lokaskrefið í sameiningu Þróunarsamvinnustofnunar við ráðuneytið. Í þessu felst að gerðar verða skipulagsbreytingar sem endurspegla auknar áherslur ríkisstjórnarinnar á alþjóðlega þróunarsamvinnu auk þess sem starfsemi utanríkisþjónustu verður færð í sama horf og hjá nágrannalöndum okkar. Af þessu leiðir að aðlaga verður starfsemi utanríkisþjónustunnar í samræmi við það.

**4.2 Utanríkisviðskipti**

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Undir málaflokkinn fellur Íslandsstofa, sjálfseignarstofnun, en um hana gilda lög nr. 38/2010, með síðari breytingum. Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins vinnur náið með Íslandsstofu. Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu ráðuneytisins og Íslands-stofu. Náið samstarf er haft við Íslandsstofu um ýmis verkefni á sviði markaðssetningar og kynningarstarfs erlendis á íslenskum vörum, þjónustu og menningu. Markmið og aðgerðir málaflokksins skarast af þeim sökum að einhverju leyti við markmið og aðgerðir málaflokks 04.1 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála.

Unnið er að stefnumótun fyrir málaflokkinn ásamt langtímastefnu stjórnvalda og atvinnulífsins fyrir útflutning, sem unnin er í samstarfi við atvinnulífið, utanríkisþjónustuna og aðra hagaðila. Verður stefnan borin undir útflutnings- og markaðsráð til samþykkis.

Stjórn Íslandsstofu hefur nú lokið gerð tillagna sem stendur til að leggja og lagt fyrir útflutnings- og markaðsráð á fundi sem er fyrirhugaður 9. september nk.

Unnið er að þjónustusamningi við Íslandsstofu þar sem mælikvarðar og markmið verða sett fram fyrir þá þjónustu sem Íslandsstofu er ætlað að veita fyrir 842 m.kr. fjárveitingu sem fylgir áætluðum tekjum af markaðsgjaldi.

## Fjárheimildir

| 04.20 Utanríkisviðskipti | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Rekstrartilfærslur | 752,0 | 796,0 | 842,0 | 5,8 | 12,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **752,0** | **796,0** | **842,0** | **5,8** | **12,0** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 796,0 | 842,0 | 5,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **796,0** | **842,0** | **5,8** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 842 m.kr. og hækkar um 46 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Hækkunin er í samræmi við áætlaða hækkun tekna ríkisins af markaðsgjaldi í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2020. Ráðherra ákvarðar fjárveitingar til Íslandsstofu á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum og skal hún aldrei vera lægri en sem nemur markaðsgjaldi, sbr. 1. gr. laga nr. 47/2018, um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur. Breytt lög um Íslandsstofu kveða á um þjónustusamning milli ríkisins og Íslandsstofu og er unnið að gerð slíks samnings.

Sú fjárhæð sem birtist hér endurspeglar ekki öll útgjöld utanríkisþjónustunnar vegna utanríkisviðskipta. Hér er aðeins um að ræða fjárheimildir vegna Íslandsstofu. Megnið af fjárveitingum vegna utanríkisviðskipta fellur undir málaflokkinn utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála og rennur til aðalskrifstofu, þýðingamiðstöðvar og sendiskrifstofa.

### 4.3 Samstarf um öryggis- og varnarmál

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Í stjórnarsáttmálanum er lögð áhersla á að varnar- og öryggismál séu í traustum skorðum og þjóðaröryggisstefna Íslands sé leiðarljós stjórnvalda í þeirri vegferð. Málaflokkurinn er á ábyrgð utanríkisráðherra en náið samstarf er við dómsmálaráðuneytið. Öryggis- og varnarmál eru einnig ríkur þáttur í starfsemi sendiskrifstofa Íslands.

Varnartengdum verkefnum sinnir varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins ásamt Landhelgisgæslunni og Ríkislögreglustjóra á grundvelli verksamninga með heimild í varnarmálalögum. Á komandi ári verður lögð áhersla á þau verkefni sem nefnd eru í eftirfarandi töflu.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Átak til að vinna á uppsöfnuðu viðhaldi öryggis- og varnarmannvirkja. | LHG | 1 |
| Uppfærslur ratsjárkerfanna en verkefnið er að mestu greitt af mannvirkjasjóði NATO. | UTN og LHG | 2 |
| Auka þjálfun og færni starfsmanna sem vinna við loftrýmisgæslu og rekstur ratsjárkerfisins með aukinni þátttöku í námskeiðum hjá bandalagsríkjunum og stofnunum Atlantshafsbandalagsins. | UTN og LHG | 3 |

| | | |
|---|---|---|
| Bæta aðbúnað, öryggi og fjölga gistirýmum á öryggissvæðunum með endurbótum á húsnæði og byggingu nýrra gistihúsa. | UTN og LHG | 3 |
| Liðs- og birgðaflutningaáætlun NATO. Ný varnartengd mannvirki. | UTN og LHG | 3 |

## Fjárheimildir

| 04.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 389,3 | 2.164,9 | 2.652,4 | 22,5 | 581,3 |
| Rekstrartilfærslur | 1.501,5 | 19,8 | 17,2 | -13,1 | -98,9 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **1.890,8** | **2.184,7** | **2.669,6** | **22,2** | **41,2** |
| Rekstrartekjur | - | 115,8 | 127,0 | 9,7 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.068,9 | 2.542,6 | 22,9 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **2.184,7** | **2.669,6** | **22,2** | - |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 2.669,6 m.kr. og hækkar um 405,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 79,4 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 300 m.kr. og er framlaginu ætlað að vinna á uppsafnaðri viðhaldsþörf, tryggja óbreytta starfsemi og viðhalda verðmæti og getu innviða. Er þetta í samræmi við markmið nr. 2 í fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024 og þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Viðhald varnarmannvirkja Atlantshafsbandalagsins og íslenska ríkisins hér á landi telst til framlags Íslands til sameiginlegra varna og hefur ekki verið sinnt sem skyldi frá árinu 2006 vegna ónógra fjárveitinga. Því er óhjákvæmilegt að hækka fjárframlög til viðhalds um a.m.k. 300 m.kr. til þess að hægt verði að ráðast í átak við að vinna upp uppsafnaða viðhaldsþörf.
b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 50 m.kr. til að efla gistiaðstöðu á öryggissvæðum á Keflavíkurflugvelli. Um er að ræða samningsbundið verkefni í samræmi við skyldur Íslands og markmið nr. 3 í fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024.
c. Veitt er 55,5 m.kr. af almennu útgjaldasvigrúmi málefnasviðsins til nokkurra tilefna. Helst er að nefna verkefni sem tengist liðs- og birgðaflutningaáætlun NATO í samræmi við markmið nr. 3; útgjöld vegna POLAD, nýja stöðu við nýja Atlantshafsflotaherstjórn NATO í Norfolk í samræmi við markmið nr. 1, ásamt smærri verkefnum í samræmi við markmið nr. 3.

### 4.4 Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Undir málaflokkinn falla aðildargjöld Íslands vegna fjölþjóðasamstarfs þvert á málaflokka. Málaflokkurinn er á ábyrgð utanríkisráðuneytisins.

## Fjárheimildir

| 04.50 Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1,7 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Rekstrartilfærslur | 1.323,6 | 1.967,7 | 2.600,6 | 32,2 | 96,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **1.325,3** | **1.967,7** | **2.600,6** | **32,2** | **96,2** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.967,7 | 2.600,6 | 32,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **1.967,7** | **2.600,6** | **32,2** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 2.600,6 m.kr. og hækkar um 582,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 50,1 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru hækkun á framlögum til Uppbyggingarsjóðs EES, en framlög til hans aukast um 582,8 m.kr. frá fjárlögum fyrir árið 2019 í samræmi við nýjustu áætlanir frá sjóðnum.

Engin stefnumótun hefur átt sér stað fyrir málaflokkinn og því hafa hvorki markmið né aðgerðir verið sett fyrir hann.

# 5 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka en þeir eru; *Skattar og innheimta, Eignaumsýsla ríkisins, Fjármálaumsýsla og mannauðsmál ríkisins* og *Stjórnsýsla ríkisfjármála.* Framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **05.10 Skattar og innheimta** | **8.292,8** | **8.748,9** | **8.865,3** | **1,3** | **6,9** |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 8.292,8 | 8.748,9 | 8.865,3 | 1,3 | 6,9 |
| **05.20 Eignaumsýsla ríkisins** | **8.093,6** | **11.482,4** | **12.621,1** | **9,9** | **55,9** |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 8.093,6 | 11.482,4 | 12.621,1 | 9,9 | 55,9 |
| **05.30 Fjármálaumsýsla ríkisins** | **5.081,7** | **4.859,5** | **5.113,7** | **5,2** | **0,6** |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 5.081,7 | 4.859,5 | 5.113,7 | 5,2 | 0,6 |
| **05.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála** | **5.611,3** | **4.594,3** | **4.765,0** | **3,7** | **-15,1** |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 5.611,3 | 4.594,3 | 4.765,0 | 3,7 | -15,1 |
| **Samtals** | **27.079,4** | **29.685,1** | **31.365,1** | **5,7** | **15,8** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**BETRI OG SKILVIRKARI ÞJÓNUSTA**

**Einföldun í umgjörð** álagningar og innheimtu til að bregðast við **breyttum viðskiptaháttum og örum tæknibreytingum.**

**Áhættustjórnun og áhættugreining** 200 m.kr. viðbótarframlagi í **skatteftirlit.**

**Skilvirkari stjórnarhættir og aukið aðgengi** að upplýsingum við umsýslu ríkiseigna.

### Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðs 5 *Skatta, eigna- og fjármálaumsýsla* árið 2020 eru áætluð 31.365 m.kr. og aukast um 742,0 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019, eða sem svarar til 2,5%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.680,0 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 5,7%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 1.072,1 m.kr. til hækkunar. Þar vegur þyngst 1.085,1 m.kr. aukning vegna leiðréttingar á rekstrarumfangi stofnana til samræmis við áætlanir. Um er að ræða breytingu sem hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Þá hækka framlög til málefnasviðsins um 200 m.kr. vegna aukinnar áherslu á skatteftirlit.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög til ýmissa verkefna, alls 120,6 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 951,5 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 309,6 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 100 m.kr.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020 eru áætlaðar 938,4 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 31.365 m.kr. Þar vega þyngst áhrif af áætluðum launahækkunum á árinu 2019 miðað við áhrif þeirra á ársgrundvelli og mati á launahækkunum sem áætlað er að taki gildi á árinu 2020 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa taka hækkunum samkvæmt spá um almennar verðbreytingar fyrir árið 2020. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðs 5 *Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla* breytist milli ára sem hér segir:

| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 24.321,8 | 26.830,1 | 29.236,6 | 9,0 | 20,2 |
| Rekstrartilfærslur | 960,7 | 1.034,7 | 1.018,1 | -1,6 | 6,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 8,1 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjárfestingarframlög | 1.788,8 | 1.820,3 | 1.110,4 | -39,0 | -37,9 |
| **Heildarútgjöld** | **27.079,4** | **29.685,1** | **31.365,1** | **5,7** | **15,8** |
| Rekstrartekjur | - | 14.662,5 | 16.251,3 | 10,8 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 15.022,6 | 15.113,8 | 0,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **29.685,1** | **31.365,1** | **5,7** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

1. **Rekstrarframlög** eru áætluð 29.236,6 m.kr. og hækka um 2.406,5 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Að frátöldum launa- og verðlagsbótum munar mest um eftirfarandi breytingar: Fyrst má nefna 1.085,1 m.kr. aukningu gjalda vegna leiðréttingar á rekstrarumfangi stofnana til samræmis við endurmetnar áætlanir um rekstrartekjur þeirra. Þessar breytingar hafa ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem þær hafa samsvarandi áhrif á tekjuhlið. Þá eru framlög til skatteftirlits aukin um 200 m.kr. Auk þess lækka rekstrarframlög um 70 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður. Að lokum eru gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
2. **Rekstrartilfærslur** lækka um 16,6 m.kr. sem nema almennum ráðstöfunum til að draga úr útgjaldavexti.
3. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 1.110,4 m.kr. og er það 709,9 m.kr. lækkun milli ára. Skýrist lækkunin í fyrsta lagi af því að gerð er breyting á hagrænni skiptingu fjárheimilda sem nemur 440 m.kr. Við þá breytingu lækka fjárfestingarframlög um 440 m.kr. en rekstrarframlög hækka um samsvarandi upphæð. Breytingin hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Í öðru lagi lækka framlög til stjórnarráðsbygginga um 195 m.kr. í takt við áætlanir. Aðrar breytingar skýrast af 50,6 m.kr. lækkun framlaga vegna verkefna sem falla niður samkvæmt áætlunum og almennum ráðstöfunum til að draga úr útgjaldavexti.

### 5.1 Skattar og innheimta

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum embættis ríkisskattstjóra, embættis skattrannsóknarstjóra, embættis tollstjóra og yfirskattanefndar.

| **Helstu verkefni 2020** | **Framkvæmdaraðili** | **Tengist markmiði** |
|---|---|---|
| Efla eftirfylgni við yfirferð umsókna og eftirlit vegna umsókna um skattafslátt vegna rannsóknar- og þróunarverkefna. | FJR og Rannís. | 1 |
| Skattrannsóknir og -eftirlit eflt, m.a. með áherslu á áhættustjórnun og áhættugreiningu. | FJR, RSK og SRS. | 1 |
| Greining á mismunandi áhrifum skattkerfisins á kynin. | FJR og RSK. | 1 |
| Endurskoðun tryggingagjalds, m.a. með tilliti til samspils atvinnutryggingagjalds og almenna tryggingagjaldsins. | FJR í samráði við FRN og hagsmunaaðila. | 2 |
| Endurskoða gjaldtöku í samgöngum út frá því markmiði að framtíðarskattlagning ökutækja byggist í auknum mæli á notkun. | FJR í samráði við SSR, ANR og UAR. | Tengist málaflokki 17.5 |
| Skoða með heildstæðum hætti skatta og skattívilnanir sem varða stefnumörkun í umhverfismálum. | FJR í samráði við UAR og RSK. | Tengist málaflokki 17.5 |
| Aukin áhersla á rafræn skil og sjálfvirkni í innheimtu. | FJR, RSK og tollstjóri. | 2 |
| Unnið að samþættingu verkefna RSK og tollstjóra. | FJR, RSK og tollstjóri. | 2 |

### Fjárheimildir

| 05.10 Skattar og innheimta | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 8.292,3 | 8.605,1 | 8.769,2 | 1,9 | 5,8 |
| Rekstrartilfærslur | 0,5 | 1,4 | 1,4 | 0,0 | 180,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 142,4 | 94,7 | -33,5 | - |
| **Heildarútgjöld** | **8.292,8** | **8.748,9** | **8.865,3** | **1,3** | **6,9** |
| Rekstrartekjur | - | 1.068,4 | 1.030,9 | -3,5 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 7.680,5 | 7.834,4 | 2,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **8.748,9** | **8.865,3** | **1,3** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 8.865,3 m.kr. og lækkar um 186,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 302,7 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 200 m.kr. til að efla skatteftirlit, sbr. markmið málaflokksins og skilgreinda aðgerð í málaflokknum. Með auknu skatteftirliti er gert ráð fyrir auknum tekjum ríkissjóðs á næstu árum og þannig jákvæðum áhrifum á afkomu ríkissjóðs.
b. Áfram verður veitt framlag til embættis tollstjóra til að innleiða og reka farþegalistakerfi. Leiðir verkefnið af skuldbindingu sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir á grundvelli Schengen-samstarfsins. Framlög til verkefnisins lækka um 43 m.kr. í takt við áætlanir.
c. Tímabundin framlög að fjárhæð 120,6 falla niður í takt við áætlanir.

### 5.2 Eignaumsýsla ríkisins

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum Bankasýslu ríkisins, Ríkiseigna og Framkvæmdasýslu ríkisins.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Unninn verður miðlægur gagnagrunnur með fjárhagslegum upplýsingum um félög í eigu ríkisins ásamt greiningartólum. Stefnt er að því að a.m.k. hluti gagnanna verði í framhaldinu aðgengilegur almenningi rafrænt. | FJR | 1 |
| Gefin verði út endurskoðuð almenn eigandastefna ásamt viðauka með reglum um val á stjórnarmönnum. Einnig verði gerð drög að viðaukum fyrir orkufyrirtæki í eigu ríkisins og Isavia. | FJR | 1 |
| Formfesta reglulega fundi með stærri félögum ríkisins þar sem farið verði yfir áætlanir til 5 ára í senn og fylgt eftir meginreglum, viðmiðum og markmiðum sem fram koma í eigandastefnu. | FJR | 1 |
| Innleiðing nýrrar eigandastefnu fyrir jarðir, land, lóðir og auðlindir í eigu ríkisins. | FJR | 2 |
| Mótun framtíðarfyrirkomulags fasteignaumsýslu og lokið við færslu fasteigna í miðlæga umsýslu. | FJR leiðir verkefnið í samráði við Ríkiseignir. | 2 |
| Eignfæra allar eignir ríkisins í samræmi við breyttar reikningsskilareglur og taka upp markaðsleigu fyrir fasteignir ríkisins. | FJR leiðir verkefnið í samráði við Fjársýslu ríkisins og Ríkiseignir. | 2 |
| Fjárfestingaráætlun gerð til 5 ára vegna húsnæðis- og framkvæmdamála ríkisins. | Framkvæmdasýsla ríkisins leiðir verkefnið í samstarfi við FJR. | 2 |
| Ljúka greiningu og skráningu upplýsinga um jarðeignir og auðlindir í eigu ríkisins í korta- og landgrunnupplýsingakerfi. | Ríkiseignir. | 2 og 3 |
| Vinna að nýrri rammalöggjöf um nýtingu lands í eigu ríkisins í atvinnuskyni. | FJR | 3 |
| Hefja reglubundna söfnun kyngreindra tölfræðigagna um eignir ríkisins. Leiðrétta þarf kynjahalla ef hann er til staðar. | FJR | 1 |

## Fjárheimildir

| 05.20 Eignaumsýsla ríkisins | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 6.377,4 | 10.202,8 | 11.983,3 | 17,5 | 87,9 |
| Rekstrartilfærslur | 0,1 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 1.716,1 | 1.279,6 | 637,8 | -50,2 | -62,8 |
| **Heildarútgjöld** | **8.093,6** | **11.482,4** | **12.621,1** | **9,9** | **55,9** |
| Rekstrartekjur | - | 10.692,4 | 12.038,8 | 12,6 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 790,0 | 582,3 | -26,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **11.482,4** | **12.621,1** | **9,9** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 12.621,1 m.kr. og hækkar um 764,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 374,4 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 973,9 m.kr. vegna breytinga á áætluðum rekstrartekjum stofnana til samræmis við áætlanir. Breytingarnar hafa ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem þær hafa samsvarandi áhrif á tekjuhlið. Munar þar mestu um 831,9 m.kr. hækkun á rekstrartekjum Ríkiseigna þar sem áætlaðar rekstrartekjur stofnunarinnar eru færðar til samræmis við rauntekjur undanfarinna ára.
b. Tímabundið framlag vegna endurbóta Stjórnarráðsins sem nemur 195 m.kr. er fellt niður.

## 5.3 Fjármálaumsýsla og mannauðsmál ríkisins

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum Fjársýslu ríkisins, Rekstrarfélags Stjórnarráðsins og Ríkiskaupa. Auk þess falla undir málaflokkinn verkefni Kjara- og mannauðssýslu ríkisins sem er skipulagslega hluti af fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Greining á tækifærum til sjálfvirknivæðingar ferla við fjármálaumsýslu. | FJR og Fjársýsla ríkisins. | 1, 2 |
| Innleiðing á innkaupakerfi fyrir stofnanir A-hluta. | FJR, Fjársýsla ríkisins og Ríkiskaup. | 1 |
| Gerð og úrvinnsla þjónustukönnunar hjá stofnunum ríkisins með það að markmiði að bæta markvisst almannaþjónustu. | FJR í samstarfi við FOR. | 2,3 |
| Framkvæmd aðgerða úr nýsköpunarstefnu. | FJR í samstarfi við hlutaðeigandi ráðuneyti. | 2 |
| Framkvæmd aðgerða í stjórnendastefnu ríkisins (ráðningarferli, stjórnendasamtal og endurgjöf, starfslok). | FJR | 2 |

| | | |
|---|---|---|
| Þróun aðferða við mat á mannaflaþörf fyrir starfsemi ríkisins – tilraunaverkefni. | FJR | 2, 3 |
| Móta og innleiða stefnu ríkisins í mannauðsmálum. | FJR | 2 |
| Aukin hagkvæmni í nýtingu skrifstofuhúsnæðis fyrir starfsemi ríkisins með sameiginlegri leigu á húsnæði fyrir margar ólíkar stofnanir. | FJR og Ríkiseignir. | 3 |
| Koma á fót vettvangi fyrir umbótamál ríkisins. | FJR | 3 |
| Móta og innleiða innkaupastefnu ríkisins. | FJR | 3 |

## Fjárheimildir

| 05.30 Fjármálaumsýsla ríkisins | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 5.008,8 | 4.727,6 | 4.994,6 | 5,6 | -0,3 |
| Rekstrartilfærslur | 0,2 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 72,7 | 131,9 | 119,1 | -9,7 | 63,8 |
| **Heildarútgjöld** | **5.081,7** | **4.859,5** | **5.113,7** | **5,2** | **0,6** |
| Rekstrartekjur | - | 2.332,8 | 2.565,8 | 10,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.526,7 | 2.547,9 | 0,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **4.859,5** | **5.113,7** | **5,2** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 5.113,7 m.kr. og hækkar um 99,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 154,9 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru vegna breytinga á áætluðum rekstrartekjum ríkisaðila sem hefur ekki áhrif á greiðslur úr ríkissjóði.

## 5.4 Stjórnsýsla ríkisfjármála

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Framkvæmd greiningar á launaútgjöldum ríkissjóðs út frá kynjasjónarmiðum. | FJR | 1 |
| Endurnýjun þjóðhagslíkans sem taki mið af þróun opinberra fjármála og endurspegli betur áhrif fjármálastefnu og fjármálaáætlunar. | FJR og Hagstofa Íslands. | 1 |
| Skilgreining viðfangsefna fyrir útgjaldagreiningar á ýmsum þáttum ríkisrekstrar. | FJR í samstarfi við fagráðuneyti. | 1 |

| | | |
|---|---|---|
| Efling greiningarstarfs og upplýsingamiðlunar, birting bókhaldsupplýsinga og endurbætt framsetning gagna á vef. | FJR | 1 |
| Aukin fræðsla og hagnýt þjálfun í þróun mælikvarða og markmiða. | FJR í samvinnu við FOR. | 2 |
| Bætt áætlanagerð og upplýsingagjöf um fimm ára áætlun í ríkisfjármálum með hagnýtingu upplýsingatækni. | FJR | 1 og markmið 1 í málaflokki 5.3 |
| Samþætting og þróun stoðþjónustu ráðuneyta með flutningi miðlægra verkefna til þjónustueiningar Stjórnarráðsins. | Ráðuneyti og Rekstrarfélag Stjórnarráðsins. | Markmið 3 í málaflokki 5.3 |
| Ljúka stefnumörkun um högun opinberra upplýsingakerfa og hefja innleiðingu á skipulagi (landsarkitektúr). | FJR | Markmið 3 í málaflokki 5.3 |
| Uppsetning Straumsins og tengingar við grunnupplýsingakerfi ríkisins. | FJR | Markmið 3 í málaflokki 5.3 |
| Hefja ferli við kaup á skýjaumhverfi fyrir ríkið. | FJR | Markmið 3 í málaflokki 5.3 |

Verkefni um landsarkitektúr féll undir málaflokki 6.1 í fjármálaáætlun. Verkefni um Strauminn og skýjaumhverfi ríkisins voru ekki listuð upp í fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024 en birtust í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2019 í málaflokki 5.4 líkt og nú.

## Fjárheimildir

| 05.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 4.643,3 | 3.294,6 | 3.489,5 | 5,9 | -24,8 |
| Rekstrartilfærslur | 959,9 | 1.033,3 | 1.016,7 | -1,6 | 5,9 |
| Fjármagnstilfærslur | 8,1 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 266,4 | 258,8 | -2,9 | - |
| **Heildarútgjöld** | **5.611,3** | **4.594,3** | **4.765,0** | **3,7** | **-15,1** |
| Rekstrartekjur | - | 568,9 | 615,8 | 8,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 4.025,4 | 4.149,2 | 3,1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **4.594,3** | **4.765,0** | **3,7** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 4.765,0 m.kr. og hækkar um 64,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 106,4 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 100 m.kr. til að greiða fyrir auknu framboði á stafrænni þjónustu með samrekstri stafrænna innviða, m.a. Straumnum (X-road) og rafrænni auðkenningu í samræmi við markmið 3 í málaflokki 5.3 og 6.1. Auk þess verður unnið að bættri áætlanagerð og upplýsingagjöf um fimm ára áætlun í ríkisfjármálum.
b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 25 m.kr. til að tryggja að markmið laga nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nái fram að ganga og efla eftirlit með umsóknum um skattfrádrátt vegna rannsóknar- og þróunarverkefna, sbr. aðgerð í málaflokki 5.1.

# 6 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, forsætisráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra. Undir þetta svið heyrir einn málaflokkur sem ber sama heiti og málefnasviðið. Framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins á tímabilinu 2018–2020.

| 06 Hagskýrslugerð og grunnskrár | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og uppl.mál** | **4.013,1** | **3.895,8** | **4.058,4** | **4,2** | **1,1** |
| 01 Forsætisráðuneyti | 1.527,1 | 1.587,2 | 1.637,6 | 3,2 | 7,2 |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 113,7 | 88,1 | 86,3 | -2,0 | -24,1 |
| 10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti | 2.028,2 | 1.884,9 | 1.993,8 | 5,8 | -1,7 |
| 14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 344,1 | 335,6 | 340,7 | 1,5 | -1,0 |
| **Samtals** | **4.013,1** | **3.895,8** | **4.058,4** | **4,2** | **1,1** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**STYRKJA STAFRÆNA INNVIÐI**

**Netöryggisvitund efld.**

**Aukið framboð stafrænnar þjónustu** gegnum Ísland.is

**Stefna um högun opinberra upplýsingakerfa.**

### Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2020 eru áætluð 4.058,4 m.kr. og aukast um 39,6 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019, eða sem svarar til 3,2%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 162,6 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 4,2%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 103 m.kr. til hækkunar. Þar munar mestu um 60 m.kr. framlag til Þjóðskrár Íslands sem heyrir undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, en framlaginu er ætlað að mæta auknu rekstrarumfangi sem fjármagnað er með ríkistekjum, sbr. verkefni um rafræn ferðaskilríki.
b. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 78 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
c. Gert er ráð fyrir að 15 m.kr. útgjaldasvigrúm málefnasviðsins verði notað til að veita framlög til kjaratölfræðinefndar sem heyrir undir forsætisráðuneytið.
d. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 122,8 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 4.058,4 m.kr. Þar vega þyngst áhrif af áætluðum launahækkunum á árinu 2019 miðað við áhrif þeirra á ársgrundvelli og mati á launahækkunum sem áætlað er að taki gildi á árinu 2020 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa taka hækkunum samkvæmt spá um almennar verðbreytingar fyrir árið 2020. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðs 6 breytist milli ára sem hér segir:

| 06 Hagskýrslugerð og grunnskrár | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.972,9 | 3.816,5 | 4.003,8 | 4,9 | 0,8 |
| Rekstrartilfærslur | 40,2 | 0,3 | 0,3 | 0,0 | -99,3 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 79,0 | 54,3 | -31,3 | - |
| **Heildarútgjöld** | **4.013,1** | **3.895,8** | **4.058,4** | **4,2** | **1,1** |
| Rekstrartekjur | - | 1.093,6 | 1.214,2 | 11,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.802,2 | 2.844,2 | 1,5 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **3.895,8** | **4.058,4** | **4,2** | - |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 4.003,8 m.kr. og hækka um 187,3 m.kr. frá fjárlögum þessa árs að meðtöldum launa- og verðlagsbreytingum ársins 2020.
b. **Rekstrartilfærslur** eru samtals 0,3 m.kr. og eru óbreyttar milli ára.
c. **Fjárfestingarframlög** eru samtal 54,3 m.kr. og lækka um 31,1 m.kr. milli ára.

### 6.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

Markmið málaflokksins eru sett fram í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Málaflokkurinn samanstendur af Þjóðskrá Íslands, sem er á forræði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, málefnum upplýsingasamfélagsins, sem er á forræði fjármála- og efnahagsráðuneytis, Hagstofu Íslands, sem er á forræði forsætisráðuneytis, og Landmælingum Íslands, sem eru á forræði umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Eftirfarandi þættir varða málefnasviðið:

a. Miðlun upplýsinga og rekstur á grunnskrám um mikilvæg réttindi.
b. Hagskýrslugerð, samræming hagtalna og rannsóknir.
c. Rafrænar lausnir, upplýsinga- og þjónustuveitur og útgáfa skilríkja.
d. Grunngerð, öflun, viðhald og miðlun landupplýsinga.
e. Stefnumótun, innleiðing og samræming rafrænnar stjórnsýslu og upplýsingatækni hjá hinu opinbera.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Framkvæmd hluta af aðgerðaáætlun netöryggisstefnu. Úttektir, fræðsluefni, námskeið, ráðgjöf og tæknilegur búnaður varðandi net- og upplýsingaöryggi og sérhæfð ráðgjöf á sviði netöryggismála. | SRN | 4 |
| Á árinu 2020 verði lokið við endurskoðun á aðferðafræði við fasteignamat til að tryggja betra samræmi í fasteignamati og aukið jafnræði skatta og gjalda sem á því grundvallast. | Þjóðskrá Íslands. | 4 |

| | | |
|---|---|---|
| Á árinu 2020 er gert ráð fyrir útgáfu nýrra nafnskírteina hjá Þjóðskrá, sem verða jafnframt rafræn ferðaskilríki og eru ígildi vegabréfa í flestum löndum Evrópu. | Þjóðskrá Íslands. | 4 |
| Efla miðlæga þjónustugátt, auka þjónustuframboð og tengja fleiri þjónustuveitendur við gáttina Ísland.is | FJR í samvinnu við Þjóðskrá Íslands. | 3 |
| Framhald innleiðingar á þriðja og síðasta viðauka áætlunar um grunngerð stafrænna landupplýsinga (INSPIRE) til næstu fjögur ára. | Landmælingar Íslands | |
| Framhald á bættri upplýsingagjöf um húsnæðismál, ferðaþjónustu og menningu og listir. | Hagstofa Íslands. | 1 |
| Auka sundurbrot gagna og birta fleiri breytur eftir menntunarstigi. | Hagstofa Íslands. | 1 |
| Auka framboð á sögulegum hagtölum og bæta framsetningu þeirra. | Hagstofa Íslands. | 1 |
| Safna upplýsingum um umhverfisskatta og gjöld, orkuflæðisreikninga og losun gróðurhúsalofttegunda. | Hagstofa Íslands. | 1 |
| Byggja upp gagnagrunna og hefja innlestur vegna rafræns manntals. | Hagstofa Íslands. | 1 |
| Uppbygging á rannsóknadeild Hagstofu, þ.m.t. sviðsmyndagreininga fyrir þjóðhagsspá. | Hagstofa Íslands. | 1 |

## Fjárheimildir

| 06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.972,9 | 3.816,5 | 4.003,8 | 4,9 | 0,8 |
| Rekstrartilfærslur | 40,2 | 0,3 | 0,3 | 0,0 | -99,3 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 79,0 | 54,3 | -31,3 | - |
| **Heildarútgjöld** | **4.013,1** | **3.895,8** | **4.058,4** | **4,2** | **1,1** |
| Rekstrartekjur | - | 1.093,6 | 1.214,2 | 11,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.802,2 | 2.844,2 | 1,5 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **3.895,8** | **4.058,4** | **4,2** | - |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 4.058,4 m.kr. og hækkar um 162,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að meðtöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 123 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild Þjóðskrár Íslands hækkar um 108,9 m.kr. á milli ára, að meðtöldum 64,9 m.kr. launa- og verðlagsbreytingum á árinu 2020. En þar munar mest um 60 m.kr. hækkun rekstrartekna, m.a. vegna aukningar á þjónustuumfangi í tengslum við útgáfu nýrra nafnskírteina. En á móti þessari hækkun er 37,7 m.kr. aðhaldskrafa.
b. Framlag til Hagstofu Íslands hækkar um 3,3 m.kr. á föstu verðlagi 2019. Til hækkunar koma 15 m.kr. útgjaldasvigrúm vegna aukinna umsvifa kjaratölfræðinefndar, en á móti þessum hækkunum vegur 11,7 m.kr. aðhaldskrafa til lækkunar.

# 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

Málefnasviðið er á ábyrgð forsætisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Málefnasviðið skiptist í tvo málaflokka, en þeir eru: *Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum* og *Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar*. Framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **07.10 Vísindi og samkeppnissj. í rannsóknum** | **8.777,3** | **8.538,3** | **9.580,8** | **12,2** | **9,2** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti ............ | 5.619,2 | 5.822,7 | 6.895,4 | 18,4 | 22,7 |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti ........ | 3.158,1 | 2.715,6 | 2.685,4 | -1,1 | -15,0 |
| **07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargr. ..** | **6.558,4** | **6.366,5** | **7.037,1** | **10,5** | **7,3** |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti ........ | 6.558,4 | 6.366,5 | 7.037,1 | 10,5 | 7,3 |
| **Samtals** .................................................................. | **15.335,7** | **14.904,8** | **16.617,9** | **11,5** | **8,4** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**ÖFLUGAR RANNSÓKNIR OG NÝSKÖPUN**

**Endurskoðun á stuðningsumgjörð vísinda, tækni og nýsköpunar.**

**Aukin fjárfesting í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.**

**Nýsköpun í þágu sjálfbærni, velferðar og samkeppnishæfni.**

Helstu áherslur og framtíðarsýn málefnasviðsins snúa að endurskoðun á umgjörð og framlögum til vísinda, tækni og nýsköpunar. Unnið verður að endurskipulagningu og breytingu á lagaumhverfi Vísinda og tækniráðs (VTR). Greining á helstu samfélagslegu áskorunum fór fram á árinu 2018 á vegum VTR og í kjölfarið var sameinast um þrjú áherslusvið: Umhverfismál og sjálfbærni, heilsu og velferð og í þriðja lagi líf og störf í heimi breytinga. Þessar áskoranir móta áherslur í markáætlun stjórnvalda á sviði vísinda og tækni sem og í nýsköpunarstefnu. Í tengslum við nýsköpunarstefnu verður unnið að einföldun á stuðningsumhverfi nýsköpunar með það að markmiði að ná fram aukinni skilvirkni, einföldun regluverks og gagnsæi í opinberum stuðningi. Lögð verður áhersla á að stefna stjórnvalda í nýsköpun sé fyrst og fremst sú að viðhafa alla þá árvekni sem þarf til þess að tryggja að Ísland geti verið nýsköpunarland þar sem góðar hugmyndir finna sér frjósaman farveg til vaxtar. Sjálfbærnimarkmið verða höfð að leiðarljósi og stefnt að aukinni hagnýtingu tæknilausna í þágu loftslagsmála. Lögð verður áhersla á að bæta rekstrarumhverfi frumkvöðla og

nýsköpunarfyrirtækja, allt frá þróun hugmynda til vaxtar og markaðssetningar á erlendum mörkuðum í samræmi við það markmið að auka útflutningsverðmæti á grunni nýsköpunar og bæta samkeppnishæfni atvinnulífs í alþjóðlegu samhengi. Framlög til rannsókna og þróunar verða aukin með endurgreiðslum skatta. Einnig verður sett fram áætlun um fjármögnun sprotafyrirtækja og nýsköpunar í samstarfi stjórnvalda og einkafjárfesta.

**Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum**

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2020 eru áætluð 16.617,9 m.kr. og aukast um 1.599,6 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga fyrir árið 2019, eða sem svarar til 10,7%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.713,1 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 11,5%.

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 1.908,2 m.kr. til hækkunar
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög til ýmissa verkefna, alls 69 m.kr. Nettólækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 1.839,2 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 239,6 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
d. Ekki er gerð breyting á útgjaldasvigrúmi þessa málefnasviðs.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 113,5 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 16.617,9 m.kr. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðs *07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar* breytist milli ára sem hér segir:

| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.904,2 | 2.055,4 | 2.219,4 | 8,0 | 16,6 |
| Rekstrartilfærslur | 1.594,0 | 1.269,1 | 1.102,1 | -13,2 | -30,9 |
| Fjármagnstilfærslur | 11.698,0 | 11.545,3 | 13.260,9 | 14,9 | 13,4 |
| Fjárfestingarframlög | 139,5 | 35,0 | 35,5 | 1,4 | -74,6 |
| **Heildarútgjöld** | **15.335,7** | **14.904,8** | **16.617,9** | **11,5** | **8,4** |
| Rekstrartekjur | - | 1.319,1 | 1.491,4 | 13,1 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 13.585,7 | 15.126,5 | 11,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **14.904,8** | **16.617,9** | **11,5** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

- **Rekstrarframlög** eru áætluð 2.219,4 m.kr. og hækka um 164 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um hækkun á tekjuáætlunum, flutning á fjárveitingu af málefnasviði 16 yfir á málefnasvið 7 og aðhaldskröfu.
- **Rekstrartilfærslur** lækka um 167 m.kr. og verða 1.102,1 m.kr. en eru 1.269,1 m.kr. í fjárlögum fyrir árið 2019. Þar munar mest um tímabundna niðurfellingu á fjárveitingu til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi og um aukna fjárveitingu til nýsköpunarmála.
- **Fjármagnstilfærslur** eru áætlaðar 13.260,9 m.kr. og er það 1.715,6 m.kr. hækkun milli ára. Þar vega þyngst aukin framlög til styrkja til nýsköpunarfyrirtækja og hækkun fjárveitingar til rammaáætlana ESB um menntun, rannsóknir og nýsköpun.
- **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 35,5 m.kr. og er það 0,5 m.kr. hækkun milli ára.

**7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum**

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum Vísinda- og tækniráðs og nær einnig til samkeppnissjóða í rannsóknum. Undir málaflokkinn fellur einnig þátttaka Íslands í samstarfsáætlunum Evrópusambandsins. Umsýsla málaflokksins er að miklu leyti í höndum Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís).

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| **Stefnumótun.** Móta nýja stefnu Vísinda- og tækniráðs. | Vísinda- og tækniráð. | 1 |
| **Endurskoðun á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs.** A) Starfshópur skilar tillögum að endurskoðun laga um Vísinda- | FOR í samstarfi við MRN og ANR. | 1 |

| | | |
|---|---|---|
| og tækniráð, nr. 2/2003, laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003, og laga um stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, nr. 75/2007. B) Vinna frumvörp til nýrra laga í framhaldi. | | |
| **Vandaðir starfshættir í vísindum.** Innleiðing laga um vandaða starfshætti í vísindum. | FOR | 1 |
| **Stefnur og aðgerðaáætlanir Vísinda- og tækniráðs.** Vinna áfram að aðgerðum í gildandi stefnu og aðgerðaáætlun: A) Auglýsa og framkvæma markáætlun á sviði samfélagslegra áskorana. B) Gera verkáætlun um miðlun og framkvæmd vísinda og tækni. C) Starfshópur um gæði og skilvirkni í háskólastarfi skilar niðurstöðum, m.a. tillögum að breytingum á reglum um fjárveitingar til háskóla nr. 646/1999. D) Gera úttekt á skattalegu umhverfi rannsókna og nýsköpunar (FJR). E) Skipa stjórn Innviðasjóðs og auglýsa eftir verkefnum í vegvísi um rannsóknarinnviði. Birta vegvísi. F) Birta stefnu um opinn aðgang að rannsóknarniðurstöðum og rannsóknargögnum og hefja innleiðingu. (Sjá aðgerðir á sviði nýsköpunar í málaflokki 7.2 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar og aðgerðir í málaflokki 21.1 Háskólar og rannsóknarstarfsemi). | FOR og MRN | 1 |
| **Rannsóknasjóður.** Vinna áhrifamat á sjóðnum. | MRN | 1 |
| **Upplýsingakerfi um rannsóknir.** Innleiða kerfið. | MRN | 1 |
| **Samstarfsáætlun ESB.** Lokaundirbúningur að nýjum áætlunum á sviði vísinda- og nýsköpunar (*Horizon Europe*), menntamála (*Erasmus*) og menningarmála (*Creative Europe*) fyrir tímabilið 2021–2027. | MRN | 1 |

## Fjárheimildir

| 07.10 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 100,3 | 233,0 | 206,1 | -11,5 | 105,5 |
| Rekstrartilfærslur | 51,9 | 35,0 | 30,0 | -14,3 | -42,2 |
| Fjármagnstilfærslur | 8.485,6 | 8.252,3 | 9.326,7 | 13,0 | 9,9 |
| Fjárfestingarframlög | 139,5 | 18,0 | 18,0 | 0,0 | -87,1 |
| **Heildarútgjöld** | **8.777,3** | **8.538,3** | **9.580,8** | **12,2** | **9,2** |
| Rekstrartekjur | - | 189,7 | 203,9 | 7,5 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 8.348,6 | 9.376,9 | 12,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **8.538,3** | **9.580,8** | **12,2** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 9.580,8 m.kr. og hækkar um 986,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 55,8 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 5 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun Rannsóknasjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs (AVS).
b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 9 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.
c. Framlag til rammaáætlana ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun hækkar um 1.129 m.kr. Hækkunin skýrist annars vegar af auknu framlagi til áætlananna sjálfra og hins vegar af breytingum á greiðslustuðli Íslands, sem ræðst m.a. af gengisþróun íslensku krónunnar gagnvart evru og samanburði á hagvexti á Íslandi og Evrópusambandsríkja.
d. Aðhaldskrafa málaflokksins nam 112,3 m.kr.

## 7.2 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum Hugverkastofunnar, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja, m.a. í formi skattendurgreiðslna vegna rannsókna og þróunar, falla einnig undir þennan málaflokk.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Mat og endurskoðun á starfsemi opinberra stofnana og sjóða sem koma að nýsköpun. | ANR | 1 |
| Áætlun um fjármögnun sprotafyrirtækja og nýsköpunar í samstarfi stjórnvalda og einkafjárfesta. | ANR | 1 |
| Stuðningur við frumkvöðla og fyrirtæki á sviði grænnar tækni, aðgerðir til að auka hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum. | ANR, UAR. | 2 |
| Átak um nýsköpun og tækniþróun í þágu heilbrigðis og velferðar, svo sem notkun gagnasafna og gervigreindar í þágu bættrar heilsu. | ANR, HRN, FRN. | 1,3 |
| Mótuð umgjörð fyrir stafrænar smiðjur (Fablabs). | ANR, MRN | 3 |

## Fjárheimildir

| 07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.803,9 | 1.822,4 | 2.013,3 | 10,5 | 11,6 |
| Rekstrartilfærslur | 1.542,1 | 1.234,1 | 1.072,1 | -13,1 | -30,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 3.212,4 | 3.293,0 | 3.934,2 | 19,5 | 22,5 |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 17,0 | 17,5 | 2,9 | - |
| **Heildarútgjöld** | **6.558,4** | **6.366,5** | **7.037,1** | **10,5** | **7,3** |
| Rekstrartekjur | - | 1.129,4 | 1.287,5 | 14,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 5.237,1 | 5.749,6 | 9,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **6.366,5** | **7.037,1** | **10,5** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 7.037,1 m.kr. og hækkar um 612,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 57,7 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 50 m.kr. þar sem tímabundin niðurfelling á fjárveitingu frá árinu 2019 gengur til baka.
b. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 300 m.kr., sem er tímabundin ráðstöfun til að bæta afkomu ríkissjóðs, og verður dregið úr endurgreiðslum til kvikmyndagerðar.
c. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 707 m.kr. vegna endurmats fyrirkomulags á styrkjum til nýsköpunarfyrirtækja.
d. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 150 m.kr. til að efla stuðning við nýsköpun í samræmi við áherslur ríkisstjórnarinnar, sbr. markmið nr. 1.
e. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 25 m.kr. þar sem tímabundið viðbótarframlag til Hönnunarmiðstöðvar meðan unnið var að útfærslu hönnunarstefnu er fellt niður. Á móti verður forgangsraðað til hönnunarmála innan málaflokksins.
f. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 50 m.kr. vegna flutnings á fjárveitingu vegna hönnunarmála af málefnasviði *16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar*.
g. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 10 m.kr. vegna flutnings á fjárveitingu til aukinna verkefna í orkumálum á málefnasviði 15 *Orkumál*.
h. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 5 m.kr. vegna flutnings á fjárveitingu til styrkja til verkefna og viðburða á málefnasviðum ráðherra á málefnasviði 16 *Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar*.
i. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 90,9 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun Hugverkastofunnar.
j. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 32,3 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.
k. Aðhaldskrafa málaflokksins nam 127,3 m.kr.

# 8 Sveitarfélög og byggðamál

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka en þeir eru: *Framlög til sveitarfélaga* og *Byggðamál*. Framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 08 Sveitarfélög og byggðamál | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **08.10 Framlög til sveitarfélaga** | **19.579,7** | **20.916,9** | **21.723,1** | **3,9** | **10,9** |
| 10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti | 19.348,3 | 20.698,4 | 21.504,6 | 3,9 | 11,1 |
| 14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 231,4 | 218,5 | 218,5 | 0,0 | -5,6 |
| **08.20 Byggðamál** | **2.180,2** | **2.023,7** | **2.080,6** | **2,8** | **-4,6** |
| 10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti | 2.180,2 | 2.023,7 | 2.080,6 | 2,8 | -4,6 |
| **Samtals** | **21.759,9** | **22.940,6** | **23.803,7** | **3,8** | **9,4** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

### Málaflokkur 8.1 Framlög til sveitarfélaga.

**EFLING SVEITARSTJÓRNARSTIGSINS**

- Jöfnunarsjóði gert kleift að veita **aukinn fjárhagslegan stuðning** við sameiningu sveitarfélaga.
- **Staða og hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga skilgreind.**
- **Átak til að efla stafræna stjórnsýslu og þjónustu sveitarfélaga.**

### Málaflokkur 8.2 Byggðamál.

**JÁKVÆÐ BYGGÐAÞRÓUN**

- **Ísland ljóstengt** Veittir verða byggðastyrkir til sveitarfélaga.
- **Störf án staðsetningar** Ráðuneyti og stofnanir þeirra skilgreina hvaða störf geta verið unnin óháð staðsetningu.
- **Fjarheilbrigðisþjónusta** Stutt verður við áætlanir heilbrigðisráðuneytis um innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu.

**Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum**

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2020 eru áætluð 23.803,7 m.kr. og aukast um 190,1 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga fyrir árið 2019, eða sem svarar til 2,9%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 863,1 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 3,8%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 160 m.kr. til hækkunar. Munar þar mestu um 139,4 m.kr. framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna endurskoðunar á áætlun um hækkun lögbundinna framlaga. Framlag til Flutningssjóðs olíuvara hækkar um 20,1 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um tekjur af flutningsjöfnunargjaldi á olíuvörur.
b. Gert er ráð fyrir 100 m.kr. útgjaldasvigrúm fari til málaflokks byggðamála.
c. Gert er ráð fyrir að tímabundið framlag til byggðamála að fjárhæð 30 m.kr. falli niður.
d. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 39,7 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 673 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 23.803,7 m.kr. Þar vega þyngst áhrif af áætluðum launahækkunum á árinu 2019 miðað við áhrif þeirra á ársgrundvelli og mati á launahækkunum sem áætlað er að taki gildi á árinu 2020 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa taka hækkunum samkvæmt spá um almennar verðbreytingar fyrir árið 2020. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytist milli ára sem hér segir:

| 08 Sveitarfélög og byggðamál | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 18,2 | 40,0 | 140,0 | 250,0 | 669,2 |
| Rekstrartilfærslur | 21.741,7 | 22.900,6 | 23.663,7 | 3,3 | 8,8 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **21.759,9** | **22.940,6** | **23.803,7** | **3,8** | **9,4** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 22.940,6 | 23.803,7 | 3,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **22.940,6** | **23.803,7** | **3,8** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** hækka um 100 m.kr. og eru áætluð 140 m.kr. á árinu 2020, en um er að ræða framlag til byggðaáætlunar.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 763,1 m.kr. og verða 23.663,7 m.kr. en eru 22.900,6 m.kr. í fjárlögum ársins 2019. Þar munar mest um hækkun framlags til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

## 8.1 Framlög til sveitarfélaga

Markmið málaflokksins eru sett fram í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga sem lögð verður fram á haustþingi 2019, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Málaflokkurinn skiptist niður á tvö viðföng: Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem er á ábyrgð samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, og skipulagsmál sveitarfélaga, sem er á ábyrgð umhverfis- og auðlindaráðherra.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfar á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga og er hlutverk hans að greiða sveitarfélögum framlög til jöfnunar á tekjum þeirra og útgjaldaþörf á grundvelli laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi hans. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga. Meginmarkmið Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er einföldun regluverks, þróun útgjaldamælinga í því skyni að bæta jöfnunaráhrif framlaga sjóðsins og fá betri yfirsýn yfir starfsemi hans.

Skipulagssjóður starfar á grundvelli skipulagslaga og hlutverk hans er að standa straum af kostnaði við gerð aðal- og svæðisskipulagsáætlana og þróunarverkefna og rannsókna á sviði skipulagsmála sem nýtast sveitarfélögum við gerð skipulagsáætlana og grunnkorta, svo sem gróður- og vistgerðarkorta.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Reglum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verður breytt til að tryggja aukinn fjárhagslegan stuðning við sameiningar sveitarfélaga. | SRN | - |
| Skýra stöðu og hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga. | SRN | - |
| Ráðist verður í átak til að efla stafræna stjórnsýslu og þjónustu sveitarfélaga. | SRN | - |

## Fjárheimildir

| 08.10 Framlög til sveitarfélaga | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 11,2 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Rekstrartilfærslur | 19.568,5 | 20.916,9 | 21.723,1 | 3,9 | 11,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **19.579,7** | **20.916,9** | **21.723,1** | **3,9** | **10,9** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 20.916,9 | 21.723,1 | 3,9 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **20.916,9** | **21.723,1** | **3,9** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 21.723,1 m.kr. og hækkar um 806,2 frá gildandi fjárlögum að meðtöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 666,8 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins skýrast einkum af launa og verðlagsbreytingum ásamt endurskoðun á lögbundnum framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem reiknast af skatttekjum og útsvarstekjum.

## 8.2 Byggðamál

Markmið málaflokksins eru sett fram í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni.

Málaflokkurinn Byggðamál skiptist í fjögur viðföng sem heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, þ.e. byggðaáætlun, sóknaráætlanir landshluta, Jöfnunarsjóð flutningskostnaðar og Flutningsjöfnunarsjóð olíuvara. Ein stofnun tilheyrir málaflokknum, sem er Byggðastofnun, en hún hefur það hlutverk að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Í byggðaáætlun 2018–2024 koma fram markmið, mælikvarðar og aðgerðir í tengslum við byggðamál. Um sóknaráætlanir landshluta gilda lög nr. 69/2015 og eru nú í gildi átta samningar milli ríkisins og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Svæðisbundin flutningsjöfnun var sett á með lögum nr. 160/2011 og hefur það markmið að styðja við framleiðsluiðnað og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni með því að jafna flutningskostnað framleiðenda sem eru með framleiðslu og lögheimili fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn. Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara starfar samkvæmt lögum nr. 103/1994. Markmið hans er að jafna flutningskostnað olíuvara á milli landshluta. Lagt er flutningsjöfnunargjald á allar

olíuvörur sem fluttar eru til landsins og ætlaðar eru til nota innan lands og rennur gjaldið í þann sjóð.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Ísland ljóstengt. Haldið áfram að veita byggðastyrki til að flýta fyrir að öll lögheimili og fyrirtæki með heilsársbúsetu eða starfsemi í dreifbýli eigi kost á ljósleiðaratengingu. | SRN | 1 |
| Fjarheilbrigðisþjónusta. Stutt verður við áætlanir heilbrigðisráðuneytisins um innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu, fyrst og fremst með stuðningi við tækjakaup. | HRN | 1 |
| Þverfagleg landshlutateymi. Styrkja og auka heildstæða þjónustu á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála. | SRN í samráði við FRN, HRN og MRN. | 1 |
| Fjarvinnslustöðvar. Opinberum gögnum komið á stafrænt form og atvinnutækifærum á landsbyggðinni fjölgað. | SRN | 2 |
| Brothættar byggðir. Stutt verður við smærri byggðakjarna til að sporna gegn fólksfækkun. | Byggðastofnun. | 3 |
| Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða. Heimamönnum færð aukin ábyrgð á ráðstöfun opinberra fjármuna og sóknaráætlanir landshluta tengdar byggðaáætlun. | SRN, Byggðastofnun. | 3 |
| Alþjóðleg verkefni, svo sem þátttaka í ESPON, NPA og NORA. | SRN, Byggðastofnun. | 3 |

## Fjárheimildir

| 08.20 Byggðamál | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 7,0 | 40,0 | 140,0 | 250,0 | - |
| Rekstrartilfærslur | 2.173,2 | 1.983,7 | 1.940,6 | -2,2 | -10,7 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **2.180,2** | **2.023,7** | **2.080,6** | **2,8** | **-4,6** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.023,7 | 2.080,6 | 2,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **2.023,7** | **2.080,6** | **2,8** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 2.080,6 m.kr. og hækkar um 56,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að meðtöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum sem nema 6,5 m.kr. Gert er ráð fyrir að fjárveiting fari til verkefna sem tengjast byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024 og stjórnarsáttmálanum, t.d. til að styrkja sóknaráætlanir landshluta.

# 9 Almanna- og réttaröryggi

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð dómsmálaráðherra og forsætisráðherra. Það skiptist í fimm málaflokka en þeir eru: *Löggæsla*, *Landhelgi*, *Ákæruvald og réttarvarsla*, *Réttaraðstoð og bætur* og *Fullnustumál*. Framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 09 Almanna- og réttaröryggi | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **09.10 Löggæsla** | **15.505,7** | **17.315,4** | **17.641,4** | **1,9** | **13,8** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 15.505,7 | 17.315,4 | 17.641,4 | 1,9 | 13,8 |
| **09.20 Landhelgi** | **6.560,8** | **6.834,7** | **7.070,6** | **3,5** | **7,8** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 6.560,8 | 6.834,7 | 7.070,6 | 3,5 | 7,8 |
| **09.30 Ákæruvald og réttarvarsla** | **1.532,1** | **1.669,9** | **1.690,5** | **1,2** | **10,3** |
| 01 Forsætisráðuneyti | 322,6 | 330,5 | 334,8 | 1,3 | 3,8 |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 1.209,5 | 1.339,4 | 1.355,7 | 1,2 | 12,1 |
| **09.40 Réttaraðstoð og bætur** | **2.938,4** | **2.216,0** | **2.381,2** | **7,5** | **-19,0** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 2.938,4 | 2.216,0 | 2.381,2 | 7,5 | -19,0 |
| **09.50 Fullnustumál** | **1.994,4** | **2.151,5** | **2.225,2** | **3,4** | **11,6** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 1.994,4 | 2.151,5 | 2.225,2 | 3,4 | 11,6 |
| **Samtals** | **28.531,4** | **30.187,5** | **31.008,9** | **2,7** | **8,7** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**AUKIÐ ÖRYGGI Á LANDI OG SJÓ**

**Auka öryggis- og þjónustustig í leit og björgun.**

**Innleiðing löggæsluáætlunar** með áherslu á markmið og mælikvarða í þjónustu og öryggisstigi.

**Rafrænn flutningur gagna þvert á stofnanir réttarvörslukerfisins** með áherslu á skilvirka og örugga þjónustuferla.

### Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhalds-markmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2020 eru áætluð 31.008,9 m.kr. og lækka um 298,2 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga fyrir árið 2019, eða sem svarar til 1%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 821,4 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 2,7%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 369,8 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög til ýmissa verkefna, alls 181 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 188,8 m.kr.
c. Gerðar voru ráðstafanir til að mæta 487 m.kr. aðhaldskröfu til málefnasviðsins, sem reiknað var með í forsendum gildandi fjármálaáætlunar. Ráðuneytið ákvað að verja 244 m.kr. innan ramma málefnasviðsins til að milda aðhaldskröfuna fremur en að veita fé í ný verkefni en við það fer aðhaldsstigið í 243 m.kr.
d. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 1.119,6 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 31.008,9 m.kr. Þar vegur þyngst áhrif af áætluðum launahækkunum á árinu 2019 miðað við áhrif þeirra á ársgrundvelli og mati á launahækkunum sem áætlað er að taki gildi á árinu 2020 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa taka hækkunum samkvæmt spá um almennar verðbreytingar fyrir árið 2020 en auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytist milli ára sem hér segir:

| 09 Almanna- og réttaröryggi | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 27.651,6 | 26.900,2 | 28.016,2 | 4,1 | 1,3 |
| Rekstrartilfærslur | 511,1 | 356,0 | 314,5 | -11,7 | -38,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 99,1 | 18,5 | 18,5 | 0,0 | -81,3 |
| Fjárfestingarframlög | 269,6 | 2.912,8 | 2.659,7 | -8,7 | 886,5 |
| **Heildarútgjöld** | **28.531,4** | **30.187,5** | **31.008,9** | **2,7** | **8,7** |
| Rekstrartekjur | - | 2.489,8 | 2.568,0 | 3,1 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 27.697,7 | 28.440,9 | 2,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **30.187,5** | **31.008,9** | **2,7** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 28.016,2 m.kr. og hækka um 1.116 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka framlögin óverulega, eða um 18,7 m.kr.
b. **Rekstrartilfærslur** eru áætlaðar 314,5 m.kr. og lækka um 41,5 m.kr. frá fjárlögum þess árs. Að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka framlögin um 50 m.kr. sem felst í niðurfellingu framlags vegna sanngirnisbóta.
c. **Fjármagnstilfærslur** eru óbreyttar milli ára.
d. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 2.659,7 m.kr. og lækka um 253,1 m.kr. milli ára. Þar vegur þyngst 206 m.kr. millifærsla tekna vegna kaupa á lögreglubifreiðum yfir á rekstur lögreglubifreiða.

### 9.1 Löggæsla

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum Ríkislögreglustjóra og níu lögregluembætta en undir það fellur einnig landamæraeftirlit, menntun lögreglumanna, almannavarnir og leit og björgun á landi.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Fyrstu niðurstöður liggja fyrir úr mælingum á grundvelli settra markmiða og mælikvarða. | DMR og Ríkislögreglustjóri. | 1,2 og 3 |
| Fyrstu námskeið voru haldin í fyrra og er stefnt að áframhaldi þeirra árið 2020. | Ríkislögreglustjóri. | 1 og 2 |
| Endurnýja og auka búnað á landamærastöðvum. | Ríkislögreglustjóri/lögregluembættin. | 1 og 2 |
| Kerfi til farþegalistagreiningar verður tekið í notkun á árinu. | DMR, FJR, Ríkislögreglustjóri/lögregluembættið á Suðurnesjum. | 1 og 2 |

| | | |
|---|---|---|
| Á síðasta ári var fjárfest í nýju hugbúnaðarkerfi til að mæla útkallsviðbragð og vinna við uppsetningu þess og prófanir munu halda áfram á næsta ári. | Ríkislögreglustjóri. | 1 og 2 |
| Tímabundin aukning vegna almennrar löggæslu gerð varanleg. | Lögregluembættin. | 1, 2 og 3 |
| Árið 2020 verður m.a. tekið í notkun nýtt fingrafarakerfi og búnaður ásamt því sem hlustunarbúnaður lögreglu verður endurnýjaður. | Ríkislögreglustjórinn og lögreglu-embættin. | 2 |
| Endurskoðun ferla við vinnslu gagna með tilliti til nýrrar tækni og lögum breytt til samræmis. Þátttaka í samvinnu um gagnaskilgreiningar vegna samnýtingar gagna. | DMR og stofnanir réttarvörslu-kerfisins. | 1, 2 og 3 |

## Fjárheimildir

| 09.10 Löggæsla | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 14.963,4 | 16.449,6 | 16.997,1 | 3,3 | 13,6 |
| Rekstrartilfærslur | 276,5 | 249,9 | 258,4 | 3,4 | -6,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 265,8 | 615,9 | 385,9 | -37,3 | 45,2 |
| **Heildarútgjöld** | **15.505,7** | **17.315,4** | **17.641,4** | **1,9** | **13,8** |
| Rekstrartekjur | - | 1.396,0 | 1.441,3 | 3,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 15.919,4 | 16.200,1 | 1,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **17.315,4** | **17.641,4** | **1,9** | - |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 17.641,4 m.kr. og lækkar um 403,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 729,2 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 88 m.kr. vegna niðurfellingar tímabundinnar ráðstöfunar á útgjaldasvigrúmi málefnasviðsins til Landhelgisgæslunnar.
b. Framlag til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er aukið um 16 m.kr. til fjölgunar um eitt stöðugildi til að mæta áhrifum nýrra laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Það er til viðbótar 64 m.kr. framlagi á fjárlögum fyrir árið 2019 til fjölgunar um fjögur stöðugildi.
c. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 136 m.kr. vegna niðurfellingar tímabundins framlags til endurnýjunar á búnaði á landamærastöðvum og þróunar og kaupa á upplýsingakerfum í samræmi við aðgerðaáætlun um framkvæmd landamæravörslu og samþætta landamærastjórnun.
d. Gerðar voru ráðstafanir til að mæta 325 m.kr. aðhaldskröfu til málaflokksins í samræmi við forsendur gildandi fjármálaáætlunar. Ráðuneytið ákvað að verja 163

m.kr. innan ramma málaflokksins til að milda aðhaldskröfuna fremur en að veita fé í ný verkefni.

e. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 72 m.kr. til að milda aðhaldskröfu annarra málaflokka málefnasviðsins. Gert er ráð fyrir að lækkun fjárheimildar málaflokksins verði mætt með framlögum úr óráðstöfuðum varasjóðum málefnasviðsins.

## 9.2 Landhelgi

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum Landhelgisgæslu Íslands sem sér um öll verkefni málaflokksins en einnig Landhelgissjóður sem fjármagnar kaup eða leigu á skipum, loftförum eða öðrum tækjum til að sinna verkefnum Landhelgisgæslunnar.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Á árinu 2020 er áætlað að fari fram valferli, samningaviðræður og samningagerð. | LHG | 1 og 2 |
| Áframhaldandi vinna við mælingar á hafsbotninum við Ísland með nútímatækni og í samræmi við áætlun LHG og samning við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. | DMR og LHG. | 1 |
| Tryggja viðunandi húsnæði undir loftför LHG. | DMR og LHG. | 1 og 2 |
| Þarfagreining á varðskipum og áhöfnum á þau. | DMR og LHG. | 1 og 2 |
| Komin er aðgangur að AIS kerfinu og það nýtt nú þegar. | DMR og LHG. | 1 |

### Fjárheimildir

| 09.20 Landhelgi | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 6.433,0 | 4.549,2 | 4.808,8 | 5,7 | -25,2 |
| Rekstrartilfærslur | 28,1 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 99,1 | 18,5 | 18,5 | 0,0 | -81,3 |
| Fjárfestingarframlög | 0,6 | 2.267,0 | 2.243,3 | -1,0 | - |
| **Heildarútgjöld** | **6.560,8** | **6.834,7** | **7.070,6** | **3,5** | **7,8** |
| Rekstrartekjur | - | 490,7 | 505,8 | 3,1 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 6.344,0 | 6.564,8 | 3,5 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **6.834,7** | **7.070,6** | **3,5** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 7.070,6 m.kr. og hækkar um 66 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 169,9 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Framlag til Landhelgisgæslunnar er aukið um 200 m.kr., úr 1.900 m.kr. í 2.100 m.kr., til kaupa á þremur nýjum þyrlum, sbr. aðgerð 1. Áætlað kaupverð hverrar þyrlu er 4,7 ma.kr. og heildarfjárfestingin því upp á ríflega 14 ma.kr. Gildandi fjármálaáætlun gerir ráð fyrir að til viðbótar framlagi áranna 2019 og 2020 komi 10 ma.kr. til greiðslu á tímabilinu 2021–2023.
b. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 88 m.kr. vegna niðurfellingar tímabundinnar ráðstöfunar á útgjaldasvigrúmi málefnasviðsins til uppfærslu á eftirlitsbúnaði flugvélarinnar TF-SIF. Til uppfærslunnar var varið 225 m.kr. og eru þær 137 m.kr. sem eftir standa nýttar til að fullfjármagna fjölgun þyrluáhafna úr fimm í sex, sbr. aðgerð 1.
c. Gerðar voru ráðstafanir til að mæta 91 m.kr. aðhaldskröfu til málaflokksins í samræmi við forsendur gildandi fjármálaáætlunar. Ráðuneytið ákvað að verja 45 m.kr. innan ramma málefnasviðsins til að milda aðhaldskröfuna fremur en að veita fé í ný verkefni.

### 9.3 Ákæruvald og réttarvarsla

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum embættis ríkissaksóknara, embættis héraðssaksóknara og lögregluembætta hvað varðar meðferð ákæruvalds og eru þau á ábyrgð dómsmálaráðherra. Undir málaflokkinn fellur einnig starfsemi óbyggðanefndar og ríkislögmanns sem er á ábyrgð forsætisráðherra.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Ríkissaksóknari heldur málstofur og námskeið fyrir ákærendur til að auka gæði ákæruvaldsstarfa. | Ríkissaksóknari. | 1 og 2 |
| Málsmeðferð kynferðisbrota bætt í samræmi við aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota. | Ríkissaksóknari, héraðssaksóknari og lögregluembættin. | 1 og 2 |
| Endurskoðun ferla við vinnslu gagna með tilliti til nýrrar tækni og lögum breytt til samræmis. Þátttaka í samvinnu um gagnaskilgreiningar vegna samnýtingar gagna. | DMR og stofnanir réttarvörslukerfisins. | 1 og 2 |

### Fjárheimildir

| 09.30 Ákæruvald og réttarvarsla | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.531,4 | 1.661,3 | 1.681,7 | 1,2 | 9,8 |
| Rekstrartilfærslur | 0,7 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 8,6 | 8,8 | 2,3 | - |
| **Heildarútgjöld** | **1.532,1** | **1.669,9** | **1.690,5** | **1,2** | **10,3** |
| Rekstrartekjur | - | 20,7 | 21,4 | 3,4 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.649,2 | 1.669,1 | 1,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **1.669,9** | **1.690,5** | **1,2** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 1.690,5 m.kr. og lækkar um 40 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 60,6 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild héraðssaksóknara lækkar um 21 m.kr. vegna niðurfellingar tímabundins framlags til kaupa á upplýsingakerfi til að taka á móti og halda utan um tilkynningar um peningaþvætti.
b. Gerðar voru ráðstafanir til að mæta 33 m.kr. aðhaldskröfu til málaflokksins í samræmi við forsendur gildandi fjármálaáætlunar. Dómsmálaráðuneytið ákvað að verja 14 m.kr. innan ramma málefnasviðsins til að milda aðhaldskröfuna fremur en að veita fé í ný verkefni.

### 9.4 Réttaraðstoð og bætur

Til málaflokksins heyrir fjárhagslegur stuðningur ríkisins við þá sem leita þurfa réttar síns fyrir dómstólum en hafa ekki til þess fjárhagslegt bolmagn, greiðslur til brotaþola vegna líkamstjóns og miska sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum og greiðsla kostnaðar sem embætti lögreglustjóra, héraðsdómstólar og embætti ríkissaksóknara greiða öðrum en starfsmönnum viðkomandi embættis vegna rannsóknar og reksturs opinberra mála. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki verður fjallað um markmið og aðgerðir varðandi starfsemi hans.

### Fjárheimildir

| 09.40 Réttaraðstoð og bætur | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 2.732,9 | 2.113,6 | 2.328,8 | 10,2 | -14,8 |
| Rekstrartilfærslur | 205,5 | 102,4 | 52,4 | -48,8 | -74,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **2.938,4** | **2.216,0** | **2.381,2** | **7,5** | **-19,0** |
| Rekstrartekjur | - | 449,3 | 462,1 | 2,8 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.766,7 | 1.919,1 | 8,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **2.216,0** | **2.381,2** | **7,5** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 2.381,2 m.kr. og hækkar um 90 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 75,2 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Framlag vegna málskostnaðar í opinberum málum er aukið um 130 m.kr.
b. Framlag vegna opinberrar réttaraðstoðar er aukið um 120 m.kr.
c. Framlag vegna sanngirnisbóta er lækkað um 160 m.kr. vegna niðurfellingar tímabundins framlags til að mæta sanngirnisbótum til vistmanna sem urðu fyrir ofbeldi á Kópavogshæli.

## 9.5 Fullnustumál

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum Fangelsismálastofnunar, fangelsa ríkisins og innheimta sekta og sakarkostnaðar hjá embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Gerð þarfa- og kostnaðargreiningar vegna breytinga á fangelsunum á Kvíabryggju, Litla-Hrauni og Sogni. | Fangelsismálastofnun og DMR | 1 |
| Settur hefur verið á laggirnar starfshópur um heilbrigðisþjónustu við fanga og áætlað er að þeirri vinnu ljúki í lok árs. Frekari efling á sviði sálfræði og meðferðarúrræða fyrir árið 2020 mun taka mið af niðurstöðum slíkrar endurskipulagningar. | Fangelsismálastofnun og DMR. | 1 og 2 |
| Endurskoðun ferla við vinnslu gagna með tilliti til nýrrar tækni og lögum breytt til samræmis. Þátttaka í samvinnu um gagnaskilgreiningar vegna samnýtingar gagna. | DMR og stofnanir réttarvörslukerfisins. | 1 og 3 |

### Fjárheimildir

| 09.50 Fullnustumál | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.990,9 | 2.126,5 | 2.199,8 | 3,4 | 10,5 |
| Rekstrartilfærslur | 0,3 | 3,7 | 3,7 | 0,0 | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 3,2 | 21,3 | 21,7 | 1,9 | 578,1 |
| **Heildarútgjöld** | **1.994,4** | **2.151,5** | **2.225,2** | **3,4** | **11,6** |
| Rekstrartekjur | - | 133,1 | 137,4 | 3,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.018,4 | 2.087,8 | 3,4 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **2.151,5** | **2.225,2** | **3,4** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 2.225,2 m.kr. og lækkar um 11 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 84,7 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru þær að gerðar voru ráðstafanir til að mæta 33 m.kr. aðhaldskröfu til málaflokksins í samræmi við forsendur gildandi fjármálaáætlunar. Ráðuneytið ákvað að verja 22 m.kr. innan ramma málefnasviðsins til að milda aðhaldskröfuna fremur en að veita fé í ný verkefni.

# 10 Réttindi einstaklinga

Málefnasviðið nær yfir starfsemi stjórnvalda sem miðar með einum eða öðrum hætti að því að veita einstaklingum þjónustu og tryggja grundvallarréttindi þeirra. Starfsemi málefnasviðsins er á ábyrgð dómsmálaráðherra og skiptist það í eftirfarandi fimm málaflokka en þeir eru: *Persónuvernd*, *Trúmál*, *Sýslumenn*, *Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis* og *Útlendingamál*. Framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **10.10 Persónuvernd** | **218,6** | **304,1** | **305,5** | **0,5** | **39,8** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 218,6 | 304,1 | 305,5 | 0,5 | 39,8 |
| **10.20 Trúmál** | **7.512,8** | **6.588,2** | **7.511,9** | **14,0** | **0,0** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 7.512,8 | 6.588,2 | 7.511,9 | 14,0 | 0,0 |
| **10.30 Sýslumenn** | **2.850,8** | **3.101,5** | **3.256,2** | **5,0** | **14,2** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 2.850,8 | 3.101,5 | 3.256,2 | 5,0 | 14,2 |
| **10.40 Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis** | **1.379,5** | **1.095,9** | **1.520,9** | **38,8** | **10,3** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 1.379,5 | 1.095,9 | 1.520,9 | 38,8 | 10,3 |
| **10.50 Útlendingamál** | **4.286,6** | **3.618,4** | **3.948,2** | **9,1** | **-7,9** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 4.286,6 | 3.618,4 | 3.948,2 | 9,1 | -7,9 |
| **Samtals** | **16.248,3** | **14.708,1** | **16.542,7** | **12,5** | **1,8** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

BÆTT ÞJÓNUSTA

**Styrking stafrænna innviða.** Bætt þjónusta við borgarana og betri nýting ríkisfjármuna með aukinni stafrænni málsmeðferð og gagnvirkri upplýsingagjöf.

**Upplýsingagjöf og fræðsla** gagnvart starfsfólki og þjónustuþegum svo málsmeðferðin verði í senn samræmdari og vandaðri.

**Endurskoðun ferla.** Tækniframfarir kalla á annan þankagang og nauðsynlega endurskoðun verklags.

### Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2020 eru áætluð 16.542,7 m.kr. og hækka um 1.305,4 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga fyrir árið 2019, eða sem svarar til 8,9%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.834,6 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 12,5%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 1.685,4 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög til ýmissa verkefna, alls 90 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 1.595,4,7 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 290 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun um aðhaldsstig.
d. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 529,2 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 16.542,7 m.kr. Þar vegur þyngst áhrif af áætluðum launahækkunum á árinu 2019 miðað við áhrif þeirra á ársgrundvelli og mati á launahækkunum sem áætlað er að taki gildi á árinu 2020 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa taka hækkunum samkvæmt spá um almennar verðbreytingar fyrir árið 2020 en auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun á málefnasviðinu breytist milli ára sem hér segir:

| 10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 12.522,3 | 11.209,5 | 13.017,9 | 16,1 | 4,0 |
| Rekstrartilfærslur | 3.726,0 | 3.464,7 | 3.482,7 | 0,5 | -6,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 33,9 | 42,1 | 24,2 | - |
| **Heildarútgjöld** | **16.248,3** | **14.708,1** | **16.542,7** | **12,5** | **1,8** |
| Rekstrartekjur | - | 383,8 | 493,7 | 28,6 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 14.324,3 | 16.049,0 | 12,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **14.708,1** | **16.542,7** | **12,5** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 13.017,9 m.kr. og hækka um 1.808,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum munar mest um 856,9 m.kr. framlag til þjóðkirkjunnar til að uppfylla kirkjujarðasamkomulagið svokallaða, 398 m.kr. framlag vegna forsetakosninga, 150 m.kr. framlag til að styrkja rekstrargrundvöll sýslumannsembættanna og 137,5 m.kr. til Útlendingastofnunar til að fjölga starfsmönnum á verndarsviði og til að mæta breytingum á afgreiðslu vegabréfaáritana.

b. **Rekstrartilfærslur** eru áætlaðar 3.482,7 m.kr. og hækka um 18 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum munar mest um 65 m.kr. lækkun framlaga vegna sóknargjalda trúfélaga í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun um aðhaldsstig.

c. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 42,1 m.kr. og hækka um 8,9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs sem að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum skýrist af 7 m.kr. framlagi til Útlendingastofnunar til að hefja endurnýjun upplýsingakerfa.

## 10.1 Persónuvernd

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum Persónuverndar sem annast m.a. eftirlit með framkvæmd persónuverndarlaga.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Verkefninu er formlega lokið en var m.a. framkvæmt með þjónustuborði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, landsfundaherferð Persónuverndar, útgáfu bæklinga o.fl. Verkefnið var að hluta styrkt af Evrópusambandinu. Áframhaldandi fræðsla fyrirhuguð með framkvæmd fræðslustefnu. | Persónuvernd. | 3 |

| | | |
|---|---|---|
| Stefnt er að reglulegum úttektum á fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum með reglulegu millibili byggðum á úttektar-, eftirlits- og frumkvæðisstefnu Persónuverndar. Markmið úttekta er að ná fram betri vernd fyrir stjórnarskrárvarin réttindi einstaklinga til persónuverndar. | Persónuvernd. | 2 og 3 |
| Í samræmi við fræðslustefnu verður unnið að útgáfu fræðsluefnis, fræðslufundum fyrir hagsmunahópa, myndbandagerð og samstarfi við mismunandi aðila sem koma að vernd persónuupplýsinga. Markmið stefnunnar er að Persónuvernd nái betur til almennings og þeirra sem vinna með persónuupplýsingar þannig að stjórnarskrárvarin réttindi séu tryggð. | Persónuvernd. | 2 og 3 |

## Fjárheimildir

| 10.10 Persónuvernd | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 218,6 | 291,7 | 292,7 | 0,3 | 33,9 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 12,4 | 12,8 | 3,2 | - |
| **Heildarútgjöld** | **218,6** | **304,1** | **305,5** | **0,5** | **39,8** |
| Rekstrartekjur | - | 3,3 | 3,4 | 3,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 300,8 | 302,1 | 0,4 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **304,1** | **305,5** | **0,5** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 305,5 m.kr. og lækkar um 8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 9,4 m.kr. Breytingar á fjárheimildum málaflokksins felast í 2 m.kr. lækkun tímabundins framlags og 6 m.kr. lækkun framlags til að uppfylla aðhaldskröfu gildandi fjármálaáætlunar.

## 10.2 Trúmál

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Undir málaflokkinn falla útgjöld til starfsemi þjóðkirkjunnar, kirkjumálasjóðs og kirkjugarða. Þá fellur einnig undir trúmál úthlutun sóknargjalda til skráðra lífsskoðunar- og trúfélaga.

## Fjárheimildir

| 10.20 Trúmál | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 4.063,2 | 3.223,3 | 4.131,1 | 28,2 | 1,7 |
| Rekstrartilfærslur | 3.449,6 | 3.364,9 | 3.380,8 | 0,5 | -2,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **7.512,8** | **6.588,2** | **7.511,9** | **14,0** | **0,0** |
| Rekstrartekjur | - | 141,9 | 146,4 | 3,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 6.446,3 | 7.365,5 | 14,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **6.588,2** | **7.511,9** | **14,0** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 7.511,9 m.kr. og hækkar um 688,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 235,6 m.kr. Breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Framlag til þjóðkirkjunnar er aukið um 856,9 m.kr. til að uppfylla kirkjujarða-samkomulagið svokallaða.
b. Framlag til kirkjugarða er aukið um 19,2 m.kr. í samræmi við samkomulag um reiknilíkan fyrir framlaginu. Til viðbótar kemur launa- og verðlagshækkun.
c. Tímabundið 50 m.kr. framlag til kirkjugarða fellur niður.
d. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð samtals um 138 m.kr. til að uppfylla aðhaldskröfu gildandi fjármálaáætlunar.

## 10.3 Sýslumenn

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum sýslumannsembætta sem eru níu talsins og fara með staðbundið framkvæmdarvald ríkisins í héruðum.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Rafrænar þinglýsingar verða innleiddar í áföngum og er miðað við að hluti áfanganna verði þegar innleiddur í ársbyrjun og flest allir aðrir fyrir árslok. | DMR. | 1,2 og 3 |
| Miðað er við að stefnumótun hefjist í byrjun árs á grundvelli tillagna samkvæmt skýrslu um endurmat útgjalda. Umbótarverkefnum verður hrundið í verk seinni hluta ársins. | DMR. | 1 og 2 |
| Í byrjun árs er stefnt að niðurlagningu eldri málaskrárkerfa og að endurskoðun vefsíðu sýslumanna verði lokið. Seinni hluta ársins verður lokið við hönnun annarra starfskerfa, þ. á m. leyfakerfis, og þau tekin í notkun fyrir árslok. | Sýslumannaráð. | 1,2 og 3 |
| Í ársbyrjun liggja fyrir verkferlar fyrir þinglýsingar og skráningu og meðferð mála í starfakerfum sýslumanna, | Sýslumannaráð. | 1, 2 og 3 |

| | | |
|---|---|---|
| ásamt aðgengi að tölfræðiupplýsingum. Stefnt er að því að útbúa fleiri verkferla fyrir lok ársins. | | |
| Áherslan verður lögð á að hefja endurskoðun löggjafar sem gildir um stærstu málaflokka sýslumanna svo að hægt verði að taka skref í átt að stafrænni málsmeðferð. | DMR. | 2 |

## Fjárheimildir

| 10.30 Sýslumenn | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 2.850,7 | 3.086,4 | 3.240,7 | 5,0 | 13,7 |
| Rekstrartilfærslur | 0,1 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 15,1 | 15,5 | 2,6 | - |
| **Heildarútgjöld** | **2.850,8** | **3.101,5** | **3.256,2** | **5,0** | **14,2** |
| Rekstrartekjur | - | 123,8 | 89,5 | -27,7 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.977,7 | 3.166,7 | 6,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **3.101,5** | **3.256,2** | **5,0** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 3.256,2 m.kr. og hækkar um 36,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 117,8 m.kr. Breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er hækkuð um 150 m.kr. til að styrkja rekstrargrundvöll sýslumannsembættanna með áherslu á að greiða niður skuldir, efla starfsemina og stafræna innviði.
b. Tímabundið 40 m.kr. framlag til innleiðingar á rafrænum þinglýsingum fellur niður.
c. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 34,1 m.kr. vegna minna rekstrarumfangs sem fjármagnað er með sértekjum.
d. Gerðar voru ráðstafanir til að mæta 59 m.kr. aðhaldskröfu til málaflokksins í samræmi við forsendur gildandi fjármálaáætlunar. Ráðuneytið ákvað að verja 10 m.kr. innan ramma málaflokksins og 20 m.kr. innan ramma málefnasviðs 9 til að milda aðhaldskröfuna fremur en að veita fé í ný verkefni.

## 10.4 Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytisins

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum dómsmálaráðuneytis og eru verkefnin almennur rekstur ráðuneytisins, Stjórnartíðindi, Schengen-landamærasjóður o.fl.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Réttarvörslugáttin – áfram unnið að samtengingu kerfa, stofnana í réttarvörslukerfinu og hagaðila. | DMR | 1 |
| Endurmat útgjalda umbótarverkefni úr skýrslu. | DMR | 1 |

## Fjárheimildir

| 10.40 Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.103,2 | 994,6 | 1.417,5 | 42,5 | 28,5 |
| Rekstrartilfærslur | 276,3 | 99,8 | 101,9 | 2,1 | -63,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 1,5 | 1,5 | 0,0 | - |
| **Heildarútgjöld** | **1.379,5** | **1.095,9** | **1.520,9** | **38,8** | **10,3** |
| Rekstrartekjur | - | 112,7 | 115,1 | 2,1 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 983,2 | 1.405,8 | 43,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **1.095,9** | **1.520,9** | **38,8** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 1.520,9 m.kr. og hækkar um 382,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 42,4 m.kr. Breytingar á fjárheimildum málaflokksins felast aðallega í 398 m.kr. auknu framlagi til að mæta forsetakosningum á árinu 2020.

### 10.5 Útlendingamál

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum Útlendingastofnunar og kærunefndar um útlendingamál.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Stefnt er að vinnu við þarfagreiningu á samræmdum gagnagrunni og upplýsingakerfum aðila sem starfa við útlendingamál verði þegar hafin í upphafi ársins og greiningin liggi fyrir um mitt árið. | ÚTL | 1 |
| Val og innleiðing á samræmdum gagnagrunnum og upplýsingakerfum fyrir aðila sem starfa við útlendingamál. | DMR/ÚTL | 1 |
| Unnið verður lagafrumvarp sem stefnt er á að lagt verði fyrir Alþingi fyrir lok árs, sem felur í sér innleiðingu á skuldbindingum samkvæmt Schengen samningnum varðandi dvöl umsækjenda um alþjóðlega vernd. Byggt verður á greiningu á nauðsynlegum aðgerðum svo koma megi til móts við athugasemdir úttektarnefndar með Schengensamningnum um þessi efni. | DMR | 1 |
| Í byrjun árs verður innleitt verkbókhald til að greina raunverulegan vinnutíma við hverja umsókn. | ÚTL | 1 og 2 |

## Fjárheimildir

| 10.50 Útlendingamál | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 4.286,6 | 3.613,5 | 3.935,9 | 8,9 | -8,2 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 4,9 | 12,3 | 151,0 | - |
| **Heildarútgjöld** | **4.286,6** | **3.618,4** | **3.948,2** | **9,1** | **-7,9** |
| Rekstrartekjur | - | 2,1 | 139,3 | 6.533,3 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 3.616,3 | 3.808,9 | 5,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **3.618,4** | **3.948,2** | **9,1** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 3.948,2 m.kr. og hækkar um 205,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 124 m.kr. Breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Framlag til Útlendingastofnunar er aukið um 144,5 m.kr. Skiptist það þannig að 73 m.kr. eru ætlaðar til fjölgunar starfsmanna á verndarsviði til að mæta auknum fjölda umsókna um alþjóðlega vernd, 64,5 m.kr. til að mæta breytingum á afgreiðslu áritunarmiða og 7 m.kr. til þarfagreiningar á nýju upplýsingakerfi.
b. Fjárheimild málaflokksins er hækkuð um 132,9 m.kr. vegna aukins rekstrarumfangs sem fjármagnað er með sértekjum.
c. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð samtals um 71,6 m.kr. til að uppfylla aðhaldskröfu gildandi fjármálaáætlunar.

# 11 Samgöngu- og fjarskiptamál

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka en þeir eru: *Samgöngur*, *Fjarskipti og póstþjónusta* og *Stjórnsýsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis*. Framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 11 Samgöngu- og fjarskiptamál | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **11.10 Samgöngur** | **38.902,7** | **40.875,4** | **45.416,7** | **11,1** | **16,7** |
| 10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti | 38.902,7 | 40.875,4 | 45.416,7 | 11,1 | 16,7 |
| **11.20 Fjarskipti** | **1.691,6** | **1.391,5** | **1.344,7** | **-3,4** | **-20,5** |
| 10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti | 1.691,6 | 1.391,5 | 1.344,7 | -3,4 | -20,5 |
| **11.30 Stjórnsýsla samgönguráðuneytis** | **855,5** | **874,0** | **880,1** | **0,7** | **2,9** |
| 10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti | 855,5 | 874,0 | 880,1 | 0,7 | 2,9 |
| **Samtals** | **41.449,8** | **43.140,9** | **47.641,5** | **10,4** | **14,9** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

### Málaflokkur 11.1 Samgöngur

**HRAÐARI UPPBYGG-ING**

**Stórsókn í vegamálum** með aukinni uppbyggingu og viðhaldi vega.

**Jafna aðgengi að þjónustu fyrir íbúa landsbyggðar** með kostnaðar-þátttöku í flug-fargjöldum innan lands.

**Áframhaldandi upp-bygging almennings-samgangna um land allt.**

### Málaflokkur 11.2 Fjarskipti og póstþjónusta

**NÝ TÆKI-FÆRI Í TENGINGU BYGGÐA**

**Ísland ljóstengt** Ljósleiðarvæðing í dreifbýli.

**Ný heildarlög um fjarskipti.**

**Netöryggi** Efling netöryggis-sveitar og aukin vernd mikilvægra innviða.

**Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum**

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

**Breytingar á ramma milli áranna 2019 - 2020**




**Heildargjöld** á málefnasviði samgangna- og fjarskipta árið 2020 eru áætluð 47.641,5 m.kr. og aukast um 3.922,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga fyrir árið 2019, eða sem svarar til 9,0%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 4.500,6 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 10,4%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 1.205 m.kr. til lækkunar. Munar þar mestu um framlag til Dýrafjarðargangna og botndælubúnaðar við Landeyjahöfn.
b. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 384,2 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
c. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins, samtals 5.512 m.kr. Framlagið verður notað til uppbyggingar í samgöngum í samræmi við aðgerðir í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og samgönguáætlun.
d. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 578 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 47.641,5 m.kr. Þar vega þyngst áhrif af áætluðum launahækkunum á árinu 2019 miðað við áhrif þeirra á ársgrundvelli og mati á launahækkunum sem áætlað er að taki gildi á árinu 2020 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa taka hækkunum samkvæmt spá um almennar verðbreytingar fyrir árið 2020. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðs 11 breytist milli ára sem hér segir:

| 11 Samgöngu- og fjarskiptamál | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 12.985,6 | 13.081,8 | 13.868,0 | 6,0 | 6,8 |
| Rekstrartilfærslur | 4.324,1 | 3.640,3 | 3.933,9 | 8,1 | -9,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 1.523,9 | 1.502,1 | 1.403,7 | -6,6 | -7,9 |
| Fjárfestingarframlög | 22.616,2 | 24.916,7 | 28.435,9 | 14,1 | 25,7 |
| **Heildarútgjöld** | **41.449,8** | **43.140,9** | **47.641,5** | **10,4** | **14,9** |
| Rekstrartekjur | - | 1.859,0 | 1.964,2 | 5,7 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 41.281,9 | 45.677,3 | 10,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **43.140,9** | **47.641,5** | **10,4** | - |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 13.868 m.kr. og hækka um 786,2 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um ýmsa liði samgangna. Meðal annars hækkar fjárheimild til þjónustu á vegakerfinu um 651,5 m.kr., þar af nema launa- og verðlagsbreytingar samtals 201,5 m.kr. Framlag til framkvæmda við vita og hafnir hækkar um 110,4 m.kr. og framlag til flugvalla og flugleiðsöguþjónustu hækkar um 136,9 m.kr., þar af nema launa- og verðlagsbreytingar 73,1 m.kr.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 293,6 m.kr. og verða 3.933,9 m.kr. en eru 3.640,3 m.kr. í fjárlögum fyrir árið 2019.
c. **Fjármagnstilfærslur** eru áætlaðar 1.403,7 m.kr. og er það 98,4 m.kr. lækkun milli ára.
d. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 28.435,9 m.kr. og er það 3.519,2 m.kr. hækkun milli ára. Þar vega þyngst aukin framlög til framkvæmda og viðhalds á vegakerfinu, samtals fjárhæð 3.889,7 m.kr. Tímabundin fjárfestingarframlög sem falla niður eru 826 m.kr. til Dýrafjarðarganga og 586 m.kr. vegna botndælubúnaðar við Landeyjahöfn, en framlagið er nýtt áfram til fjárfestinga og fer til framkvæmda og viðhalds á vegakerfinu.

**11.1 Samgöngur**

Markmið málaflokksins eru sett fram í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni.

Stofnanir samgöngumála eru Samgöngustofa, Vegagerðin og Rannsóknarnefnd samgönguslysa. Samgöngustofa fer með stjórnsýslu og eftirlit er lýtur að alls kyns samgöngumáta og -mannvirkjum, öryggisáætlanagerð og framkvæmd löggjafar á þeim sviðum sem undir hana heyra. Vegagerðin fer með þjónustu, viðhald og framkvæmdir við vegakerfi, almenningssamgöngur, viðhald og rekstur leiðsögukerfa á sjó, hlut ríkisins við sjóvarnir og hafnargerð, auk ýmissa rannsókna. Rannsóknarnefnd samgönguslysa starfar sjálfstætt, óháð stjórnvöldum, við rannsóknir samgönguslysa. Opinbera hlutfélagið Isavia ohf. annast viðhald,

framkvæmdir og þjónustu á flugvallakerfinu, flugumsjón og flugleiðsögu samkvæmt þjónustusamningi.

Unnið er að stefnugerð í samgöngum fyrir árin 2020–2034 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2020–2024, sem áætlað er að leggja fram nú á haustþingi. Í gildi er samgönguáætlun áranna 2019–2034 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023. Í samgönguáætlun koma meðal annars fram markmið og mælikvarðar í samgöngum og tekur þessi greinargerð mið af því og áherslum ríkisstjórnarinnar.

| **Helstu verkefni 2020** | **Framkvæmdaraðili** | **Tengist markmiði** |
|---|---|---|
| Unnið að uppbyggingu meginstofnleiða frá höfuðborgarsvæðinu og aðskilnaði akstursstefnu, þ.e. á Vesturlandsvegi, Reykjanesbraut og Suðurlandsvegi. | Vegagerðin. | 1, 2 og 3 |
| Lok framkvæmda við Dýrafjarðargöng. Unnið að uppbyggingu Dettifossvegar. Hafnar verða framkvæmdir við Vestfjarðaveg um Gufudalssveit. | Vegagerðin. | 1,2 og 5 |
| Hafin verður kostnaðarþátttaka ríkisins í flugfargjöldum innan lands fyrir íbúa landsbyggðarinnar. | SRN | 1 og 5 |
| Hafnar verði viðræður við Isavia um nýtt fyrirkomulag rekstrar Reykjavíkurflugvallar, Akureyrarflugvallar og Egilsstaðarflugvallar. | SRN, FJR, Isavia ohf. | 1–5 |
| Aukin áhersla á viðhald og þjónustu vega, þ.m.t. vetrarþjónustu og vegmerkingar. | Vegagerðin. | 1 og 2 |
| Fækka einbreiðum brúm og stytta þá vegkafla í byggð sem enn hafa óbundið slitlag. | Vegagerðin. | 1 og 5 |
| Unnið að undirbúningi Borgarlínu og uppbyggingu stofnstíga fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur í samvinnu við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. | Vegagerðin. | 1–5 |
| Aukin áhersla á viðhald innanlandsflugvalla, þ.m.t. endurnýjun slitlags á Egilsstaðaflugvelli. | Isavia. | 1,2 og 5 |
| Innleiðing á heildarstefnu í almenningssamgöngum á landi, lofti og legi. | SRN og stofnanir. | 1–5 |
| Efling á rafrænni þjónustu, svo sem upplýsingakerfi um skip, réttindi sjófarenda og rafræna landskrá flutningsaðila. | Samgöngustofa. | 2 og 3 |
| Áframhaldandi átak í fræðslu og áróðri sem beint verður til erlendra ökumanna og gegn notkun snjalltækja undir stýri. Unnið samkvæmt ársáætlun umferðaröryggisáætlunar með sérstaka áherslu á öryggi barna í umferðinni. | Samgöngustofa. | 2 |

## Fjárheimildir

| 11.10 Samgöngur | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 11.332,9 | 11.460,2 | 12.523,5 | 9,3 | 10,5 |
| Rekstrartilfærslur | 4.185,8 | 3.503,6 | 3.551,6 | 1,4 | -15,2 |
| Fjármagnstilfærslur | 799,6 | 1.011,6 | 923,0 | -8,8 | 15,4 |
| Fjárfestingarframlög | 22.584,4 | 24.900,0 | 28.418,6 | 14,1 | 25,8 |
| **Heildarútgjöld** | **38.902,7** | **40.875,4** | **45.416,7** | **11,1** | **16,7** |
| Rekstrartekjur | - | 1.674,2 | 1.824,1 | 9,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 39.201,2 | 43.592,6 | 11,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **40.875,4** | **45.416,7** | **11,1** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 45.416,7 m.kr. og hækkar um 4.003,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum, þar af eru 537,8 m.kr. almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Hækkun á framlagi til framkvæmda og viðhalds á vegakerfinu nemur 3.889,7 m.kr. Sérstök áhersla lögð á umferðaröryggi með því að aðskilja akstursstefnur á umferðaþyngstu vegum. Stefnt er að því að bæta viðhald verulega þannig að heildarframlag til viðhalds verði um 10,5 ma.kr. á árinu og framlag til framkvæmda verði rúmlega 16,5 ma.kr.
b. Framlag til þjónustu á vegakerfinu er aukið um 651,5 m.kr. á milli ára að meðtöldum launa- og verðlagsbreytingum sem nema 169,5 m.kr. Framlagið verður nýtt til að bæta umferðaröryggi m.a. með betri vegmerkingum og málun kantlína. Stefnt er að greiðari og öruggari samgöngum.
c. Styrkir til almenningssamgangna lækka um 54,7 m.kr. á föstu verðlagi 2019 vegna aðhaldsráðstafanna, en að meðtöldum launa- og verðlagsbreytingum ársins 2020 hækkar framlagið um 53,3 m.kr.
d. Hækkun er á framlagi til flugvalla og flugleiðsöguþjónustu að fjárhæð 136,9 m.kr. að meðtöldum launa- og verðlagsbreytingum á árinu 2020. Framlagið verður m.a. nýtt í nauðsynlegt viðhald flugvalla og búnaðar, sbr. markmið um öruggar samgöngur.
e. Hækkun er á framlagi til framkvæmda við vita og hafnir að fjárhæð 110,4 m.kr. í samræmi við samgönguáætlun.
f. Botndælubúnaður við Landeyjahöfn er fjármagnaður og því fellur niður tímabundið framlag til verkefnisins að fjárhæð 586 m.kr., framlaginu er forgangsraðað til annarra verkefna innan málaflokks samgangna.
g. Fjárheimild Samgöngustofu hækkar um 98,2 m.kr., sem skýrist að mestu af áætluðum tekjubreytingum stofnunarinnar og launa- og verðlagsbreytingum á árinu 2020, sem nema 50,1 m.kr.

## 11.2 Fjarskipti og póstþjónusta

Markmið málaflokksins eru sett fram í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur meginumsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála. Fjarskiptasjóður úthlutar fjármunum til verkefna með hliðsjón af markmiðum fjarskiptaáætlunar, einkum til uppbyggingar fjarskiptainnviða utan markaðssvæða. Stefnt er að því að Íslandspóstur ohf. sinni alþjónustu í pósti á Íslandi á grundvelli þjónustusamnings frá 1. janúar 2020, en þá verður einkaréttur Íslandspósts á tiltekinni póstþjónustu afnumin.

Í gildi er stefna um fjarskipti fyrir árin 2019–2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2022 (nefnist einu nafni fjarskiptaáætlun). Þar koma fram markmið, mælikvarðar og verkefni tengd fjarskiptum, netöryggismálum, póstmálum og málefnum Þjóðskrár Íslands og tekur þessi greinargerð mið af því.

| **Helstu verkefni 2020** | **Framkvæmdaraðili** | **Tengist markmiði** |
|---|---|---|
| Innleiðing og framkvæmd fjarskiptaáætlunar. | SRN, Póst- og fjarskiptastofnun, Þjóðskrá. | 1–4 |
| Ísland ljóstengt – landsátak í uppbyggingu fjarskiptainnviða utan markaðssvæða í dreifbýli. Ríkið styrkir ljósleiðaravæðingu sveitarfélaga með fjárveitingum í gegnum Fjarskiptasjóð. Aðgerðarár 5 af 6.<br>Lokið verður við hringtengingu ljósleiðara á Austfjörðum, milli Seyðisfjarðar og Neskaupstaðar um Mjóafjörð. | SRN | 1 |
| Lagt verður fram frumvarp um nýtt heildarregluverk í fjarskiptum á árinu 2020. | SRN | 1–4 |
| Innleiðing laga um net- og upplýsingaöryggi sem taka gildi 1. september 2020 en í henni felst m.a. efling netöryggissveitarinnar og aukin vernd mikilvægra innviða með fræðslu, samvinnu við að koma á skipulagi netöryggis, úttektum, æfingum og prófunum. | SRN, Póst- og fjarskiptastofnun. | 2 |
| Brugðist verður við ráðleggingum í skýrslu Oxford-háskóla um stöðu netöryggis á Íslandi og staðan endurmetin.[1] | SRN | 2 |
| Lög um íslenska landslénið .is verða sett og innleidd. | SRN | 2 |
| Greindar verða leiðir til að auka öryggi og hagkvæmni í gagnaflutningum til og frá landinu, m.a. með framkvæmd botnrannsókna á árinu 2020. | SRN, Fjarskiptasjóður. | 2 |
| Nýtt heildarregluverk í póstþjónustu innleitt, m.a. með gildistöku og eftirfylgni við væntanlegan þjónustusamning milli Íslandspósts og ráðuneytanna frá 1. janúar 2020. | SRN, FJR, Póst- fjarskiptastofnun. | 3 |
| Sett verða gæðaviðmið og fjarskiptaþjónusta mæld samkvæmt þeim. Upplýsingar um gæði þjónustunnar verða aðgengilegar neytendum 2021. | Póst- og fjarskiptastofnun. | 3 |
| Allir fjarskiptainnviðir verða kortlagðir á heildstæðan hátt í gagnagrunni um fjarskipti. | Póst- og fjarskiptastofnun. | 3 |

[1] Oxford skýrsla, samantekt um aðgerðir: *https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2018/04/30/Uttekt-Oxford-haskola-a-stodu-netoryggis-og-adgerdir-til-eflingar-thess/*

## Fjárheimildir

| 11.20 Fjarskipti | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 880,9 | 834,8 | 551,3 | -34,0 | -37,4 |
| Rekstrartilfærslur | 54,6 | 54,7 | 300,8 | 449,9 | 450,9 |
| Fjármagnstilfærslur | 724,3 | 490,5 | 480,7 | -2,0 | -33,6 |
| Fjárfestingarframlög | 31,8 | 11,5 | 11,9 | 3,5 | -62,6 |
| **Heildarútgjöld** | **1.691,6** | **1.391,5** | **1.344,7** | **-3,4** | **-20,5** |
| Rekstrartekjur | - | 78,1 | 29,6 | -62,1 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.313,4 | 1.315,1 | 0,1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **1.391,5** | **1.344,7** | **-3,4** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 1.344,7 m.kr. og lækkar um 46,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að meðtöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 13,6 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild Póst- og fjarskiptastofnunar lækkar um 39,2 m.kr., sem stafar að mestu af áætlun um tekjubreytingu stofnunarinnar að fjárhæð 29,8 m.kr.
b. Gert er ráð fyrir breyttri forgangsröðun á fjárveitingu innan málaflokks fjarskipta. Verkefninu um Farice er lokið og er gert ráð fyrir að fjárveiting sem farið hefur til þessa verkefnis verði forgangsraðað innan ramma og hún nýtt til brýnna verkefna á sviði póst- og netöryggismála sem þegar hafa verið samþykkt á Alþingi, samtals fjárhæð 365,1 m.kr.

## 11.3 Stjórnsýsla samgönguráðuneytis

Markmið málaflokksins eru sett fram í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni.

Undir málaflokkinn fellur aðalskrifstofa samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, fastanefndir, ráðstöfunarfé ráðherra, samningur við Slysavarnaskóla sjómanna og ýmis önnur verkefni sem ekki verða auðveldlega felld undir önnur málefnasvið eða málaflokka. Undirstofnanir ráðuneytisins eru sex og hlutafélög sem tengjast ábyrgðarsviðum ráðuneytisins eru þrjú. Þá heyra tveir sjóðir undir ráðuneytið, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Fjarskiptasjóður. Stjórnarmálefni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis skipast milli 7 málaflokka á 4 málefnasviðum.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Samræming og samþætting áætlana ráðuneytisins. | SRN | 1 og 2 |
| Undirbúningur á vefsíðu um stefnur, framkvæmdir, árangur og dreifingu fjármuna á landshluta í málaflokkum ráðuneytisins. Vefurinn og mælaborðið tengist samþættingu áætlana og er ætlað að bæta ákvarðanatöku og upplýsingagjöf. | SRN | 1 og 2 |

## Fjárheimildir

| 11.30 Stjórnsýsla samgönguráðuneytis | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 771,8 | 786,8 | 793,2 | 0,8 | 2,8 |
| Rekstrartilfærslur | 83,7 | 82,0 | 81,5 | -0,6 | -2,6 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 5,2 | 5,4 | 3,8 | - |
| **Heildarútgjöld** | **855,5** | **874,0** | **880,1** | **0,7** | **2,9** |
| Rekstrartekjur | - | 106,7 | 110,5 | 3,6 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 767,3 | 769,6 | 0,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **874,0** | **880,1** | **0,7** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 880,1 m.kr. og hækkar um 32,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að meðtöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 26,6 m.kr.

# 12 Landbúnaður

Málefnasviðið *Landbúnaður* er á ábyrgð sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og skiptist í tvo málaflokka: *Stjórnun landbúnaðarmála* og *Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum***.** Framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 12 Landbúnaður | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **12.10 Stjórnun landbúnaðarmála** | **15.864,6** | **16.273,0** | **16.459,9** | **1,1** | **3,8** |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | 15.864,6 | 16.273,0 | 16.459,9 | 1,1 | 3,8 |
| **12.20 Rannsókn., þróun og nýsk. í landb.mál.** | **176,8** | **155,5** | **200,5** | **28,9** | **13,4** |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | 176,8 | 155,5 | 200,5 | 28,9 | 13,4 |
| **Samtals** | **16.041,4** | **16.428,5** | **16.660,4** | **1,4** | **3,9** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**HEILNÆM OG SJÁLFBÆR FRAMLEIÐSLA**

**Áhættumat og vöktun áhættuþátta í matvælum.**

**Samkeppnishæfni innlendrar matvælaframleiðslu.**

**Þróun gagnagrunna og rafrænna lausna.**

Skipað hefur verið í áhættumatsnefnd vegna matvæla, fóðurs, áburðar og sáðvöru eins og mælt er fyrir um í lögum um matvæli og lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Hlutverk nefndarinnar er að veita og hafa umsjón með framkvæmd vísindalegs áhættumats á sviði matvæla, fóðurs, áburðar og sáðvöru. Skipan nefndarinnar er hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda sem miðar að því að efla matvælaöryggi, tryggja vernd búfjárstofna og bæta samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og heilbrigðisráðherra hafa undirritað yfirlýsingu um sameiginlegt átak til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería. Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt aðgerðir sem stýrihópur beggja ráðuneyta hefur skilað af sér og verður unnið að þeim aðgerðum á árinu. Meðal annars verður skipað í tvo starfshópa sérfræðinga sem annars vegar útbúa viðbragðsáætlanir er fylgja ber þegar sýklalyfjaónæmar bakteríur greinast í dýrum, sláturafurðum og matvælum og hins vegar gerðar leiðbeiningar um skynsamlega notkun og val á sýklalyfjum fyrir dýr, þ.m.t. sníkjudýralyf. Ráðuneytin munu verja alls 45 m.kr. í verkefnið og mun Ríkisstjórn Íslands tryggja framtíðarfjármögnun verkefnisins.

Áhersla verður lögð á að styrkja samkeppnishæfni innlendrar matvælaframleiðslu. Unnið verður að framkvæmd aðgerðaáætlunar um matvælaöryggi og vernd búfjárstofna sem felur í sér 17 aðgerðir. Meðal þeirra aðgerða sem hrint verður í framkvæmd er mótun matvælastefnu fyrir Ísland, átak um betri merkingar matvæla og að kanna þróun tollverndar og greina stöðu íslensks landbúnaðar gagnvart breytingum í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi. Fjármögnun aðgerðanna hefur verið tryggð.

Fyrirhugað er að þróa rafrænt vefsvæði þannig að stjórnsýsla í tengslum við úthlutun tollkvóta verði rafræn. Rafrænt vefsvæði mun einfalda framkvæmd úthlutunar til muna og gera ferlið aðgengilegra og gagnsærra. Unnið verður að því að uppfæra gagnagrunninn Heilsu sem heldur utan um skráningar dýralækna á notkun sýklalyfja fyrir tiltekin dýr. Fyrirhuguð er vinna við verkefni vegna innleiðingar á reglugerð ESB um opinbert eftirlit, svo sem viðbætur við núverandi eftirlitsgagnagrunn og sameiginlegan gagnaskilagrunn.

**Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum**

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** landbúnaðar árið 2020 eru áætluð 16.660,4 m.kr. og lækka um 278,8 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga fyrir árið 2019, eða sem svarar til -1,7 %. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 231,9 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 1,4%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Bundin útgjöld málefnasviðsins lækka um 278,8 m.kr. sem skýrist af 236,7 m.kr. breytingum á búvörusamningi og almennu aðhaldi 42,1 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun. Í árslok 2017 tóku gildi nýir búvörusamningar.

b. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 510,7 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 16.660,4 m.kr. Þar vega þyngst áhrif af áætluðum launahækkunum á árinu 2019 miðað við áhrif þeirra á ársgrundvelli og mati á launahækkunum sem áætlað er að taki gildi á árinu 2020 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa taka hækkunum samkvæmt spá um almennar verðbreytingar fyrir árið 2020. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun Landbúnaðar breytist milli ára sem hér segir:

| 12 Landbúnaður | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 2.019,2 | 2.085,6 | 2.020,6 | -3,1 | 0,1 |
| Rekstrartilfærslur | 14.022,2 | 14.327,4 | 14.623,8 | 2,1 | 4,3 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 15,5 | 16,0 | 3,2 | - |
| **Heildarútgjöld** | **16.041,4** | **16.428,5** | **16.660,4** | **1,4** | **3,9** |
| Rekstrartekjur | - | 537,3 | 542,1 | 0,9 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 15.891,2 | 16.118,3 | 1,4 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **16.428,5** | **16.660,4** | **1,4** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 2020,6 m.kr. og lækka um 65 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um launa og verðlagsbætur ásamt lækkun búvörusamnings en upphaflegur samningur gerði ráð fyrir að ákveðnir liðir án verðlags og vísitölu lækkuðu eftir því sem liði á samningstímann.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 296,4 m.kr. og verða 14.623,8 m.kr. en eru 14.327,4 m.kr. í fjárlögum ársins 2019. Þar munar mest um launa- og verðlagsbætur búvörusamnings.
c. **Fjármagnstilfærslur** eru engar og eru óbreyttar á milli ára.
d. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 16 m.kr. og er það 0,5 m.kr. hækkun milli ára.

**12.1 Stjórnun landbúnaðarmála**

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum Matvælastofnunar auk þess sem búvörusamningar falla undir málaflokkinn sem og greiðslur vegna varna gegn dýrasjúkdómum.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Endurskoðun regluverks. | ANR | 1 |
| Þróa gagnagrunna og rafrænar lausnir. | ANR/Matvælastofnun. | 1 |
| Eftirfylgni vegna endurskoðunar búvörusamninga 2019. | ANR | 1 |
| Aðgerðaáætlun um matvælaöryggi og vernd búfjárstofna. | ANR | 3 |

## Fjárheimildir

| 12.10 Stjórnun landbúnaðarmála | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.912,0 | 1.993,7 | 1.917,6 | -3,8 | 0,3 |
| Rekstrartilfærslur | 13.952,6 | 14.263,8 | 14.526,3 | 1,8 | 4,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 15,5 | 16,0 | 3,2 | - |
| **Heildarútgjöld** | **15.864,6** | **16.273,0** | **16.459,9** | **1,1** | **3,8** |
| Rekstrartekjur | - | 537,3 | 542,1 | 0,9 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 15.735,7 | 15.917,8 | 1,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **16.273,0** | **16.459,9** | **1,1** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 16.459,9 m.kr. og lækkar um 320,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 507,8 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 42 m.kr. vegna breytinga á lögum er varða fiskeldi, þar af eru 13 m.kr. stofnkostnaður á árinu 2020.
b. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 187,2 m.kr. í samræmi við ákvæði samninga um starfsskilyrði í nautgriparækt, sauðfjárrækt og garðyrkju og rammasamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins.
c. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 114,5 m.kr. vegna flutnings málefna Búnaðarstofu frá Matvælastofnun til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.
d. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 12 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun Matvælastofnunar. Lækkunin skýrist af því að stofnunin hefur fengið greiðslur frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti vegna verkefnis í tengslum við búvörusamninga. Verkefnið hefur verið unnið af Búnaðarstofu sem flyst til ráðuneytisins í ársbyrjun 2020.
e. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 10 m.kr. vegna millifærslu á málaflokk 12.2. Tímabundnu verkefni sem féll undir málaflokk 12.1 er lokið og verður framlaginu nú forgangsraðað í verkefni á málaflokki 12.2.
f. Aðhaldskrafa málaflokksins nam 39,2 m.kr.

## 12.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Undir málaflokkinn falla ýmsir samningar og hagrannsóknir um landbúnað. Engin stofnun fellur undir málaflokkinn.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Koma á fót öflugum sjóði sem styrkir nýsköpunar- og þróunarverkefni í matvælaframleiðslu. | ANR | 1 |
| Þróun tollverndar og stöðu íslensks landbúnaðar gagnvart breytingum í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi. | ANR | 1 |
| Samstarf við sauðfjárbændur um minni losun gróðurhúsalofttegunda og aukna bindingu kolefnis við búskap og landnotkun. | UAR/ANR | 1 |

## Fjárheimildir

| 12.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 107,2 | 91,9 | 103,0 | 12,1 | -3,9 |
| Rekstrartilfærslur | 69,6 | 63,6 | 97,5 | 53,3 | 40,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **176,8** | **155,5** | **200,5** | **28,9** | **13,4** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 155,5 | 200,5 | 28,9 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **155,5** | **200,5** | **28,9** | - |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 200,5 m.kr. og hækkar um 42,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 2,9 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 35 m.kr. meðal annars til að auka rannsóknir vegna sýklalyfjaónæmis í matvælum en eins og að framan greinir er vinnuhópur að störfum.
b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 10 m.kr. vegna millifærslu af málaflokki 12.1. Tímabundnu verkefni sem féll undir málaflokk 12.1 er lokið og verður framlaginu nú forgangsraðað í verkefni á málaflokki 12.2.
c. Aðhaldskrafa málaflokksins nam 2,9 m.kr.

# 13 Sjávarútvegur og fiskeldi

Málefnasviðið *Sjávarútvegur og fiskeldi* er á ábyrgð sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og skiptist í tvo málaflokka: *Stjórnsýsla fiskveiða og fiskeldis* og *Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi og fiskeldi*. Framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 13 Sjávarútvegur og fiskeldi | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **13.10 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis** | **1.410,2** | **1.342,7** | **1.449,7** | **8,0** | **2,8** |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | 1.410,2 | 1.342,7 | 1.449,7 | 8,0 | 2,8 |
| **13.20 Rannsóknir, þróun og nýsk. í sjávarútv.** | **4.971,0** | **5.345,6** | **5.841,8** | **9,3** | **17,5** |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | 4.971,0 | 5.345,6 | 5.841,8 | 9,3 | 17,5 |
| **Samtals** | **6.381,2** | **6.688,3** | **7.291,5** | **9,0** | **14,3** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**SJÁLFBÆR AUÐLINDA -NÝTING**

**Bætt stjórnsýsla, eftirlit og heilbrigðis-kröfur í fiskeldi** með samtals 103 m.kr. framlagi ríkissjóðs.

**Efling grunnrannsókna** með samtals 750 m.kr. framlagi til rannsókna og fjárfestinga.

**Bætt eftirlit Fiskistofu, tillögur um úrbætur** Óverulegur kostnaður á árinu 2020 vegna undirbúningsvinnu.

Á 149. löggjafarþingi voru samþykkt ný lög og breytingar á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi þar sem meðal annars var leitast við að bæta stjórnsýslu, eftirlit og heilbrigðiskröfur í fiskeldi. Unnið verður að innleiðingu þessara breytinga á árinu 2020, m.a. með aðkomu Matvælastofnunar, Hafrannsóknastofnunar og Umhverfissjóðs sjókvíaeldis.

Áfram verður unnið að eflingu grunnrannsókna. Frá árinu 2017 hefur Hafrannsóknastofnun fengið 200 m.kr. framlag á ári vegna kortlagningar hafsbotnsins umhverfis Ísland. Verkefnið er liður í stórátaki í kortlagningu hafsbotnsins innan íslensku efnahagslögsögunnar, sem er um 754.000 km$^2$, og er stefnt að því að verkefninu ljúki á árinu 2029. Þá eru ætlaðar 600 m.kr. í byggingu nýs hafrannsóknaskips sem mun efla grunnrannsóknir til muna. Undirbúningur hófst á árinu 2019, m.a. með skipun smíðanefndar sem mun leiða vinnu við þarfagreiningu um búnað og aðstöðu í skipinu og í framhaldinu hefja vinnu að frumhönnun og síðar útboðslýsingu.

Á árinu var skipaður samráðshópur og verkefnastjórn um bætt eftirlit með fiskveiðiauðlindinni þar sem farið verður yfir athugasemdir og ábendingar sem fram koma í skýrslu Ríkisendurskoðunar um eftirlit Fiskistofu, m.a. með tilliti til ábendinga sem fram komu við umfjöllun hjá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og atvinnuveganefnd Alþingis. Gerðar verða

tillögur um úrbætur í rekstri Fiskistofu, mat lagt á fjárþörf Fiskistofu til að hún geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt lögum og settar verða fram ábendingar um nauðsynlegar breytingar á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem varða hlutverk og viðfangsefni stofnunarinnar til að tryggja skilvirkni í störfum hennar. Kostnaður vegna þessa verður óverulegur á árinu 2020 þar sem verkefnið fellur vel að öðrum verkefnum ráðuneytisins, stofnana og annarra sem að málinu koma.

**Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum**

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

**Breytingar á ramma milli áranna 2019 - 2020**




**Heildargjöld** Sjávarútvegs og fiskeldis árið 2020 eru áætluð 7.291,5 m.kr. og aukast um 419,3 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019, eða sem svarar til 6,3%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 603,2 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 9%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 242,8 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög til ýmissa verkefna, alls 450 m.kr. Nettólækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 207,2 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 123,5 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 750 m.kr.

e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 183,9 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 7.291,5 m.kr. Þar vegur þyngst áhrif af áætluðum launahækkunum á árinu 2019 miðað við áhrif þeirra á ársgrundvelli og mati á launahækkunum sem áætlað er að taki gildi á árinu 2020 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa taka hækkunum samkvæmt spá um almennar verðbreytingar fyrir árið 2020 en auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytist milli ára sem hér segir:

| 13 Sjávarútvegur og fiskeldi | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 5.586,5 | 5.787,7 | 5.408,8 | -6,5 | -3,2 |
| Rekstrartilfærslur | 539,7 | 424,0 | 799,8 | 88,6 | 48,2 |
| Fjármagnstilfærslur | 254,8 | 260,0 | 260,0 | 0,0 | 2,0 |
| Fjárfestingarframlög | 0,2 | 216,6 | 822,9 | 279,9 | - |
| **Heildarútgjöld** | **6.381,2** | **6.688,3** | **7.291,5** | **9,0** | **14,3** |
| Rekstrartekjur | - | 1.596,3 | 1.452,5 | -9,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 5.092,0 | 5.839,0 | 14,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **6.688,3** | **7.291,5** | **9,0** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 5.408,8 m.kr. og lækka um 378,9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um niðurfellingu á tímabundnu framlagi til undirbúnings byggingar nýs hafrannsóknaskips og tekjubreytingar.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 375,8 m.kr. og verða 799,8 m.kr. en eru 424 m.kr. í fjárlögum ársins 2019. Þar munar mest um viðbótarframlag til að efla grunnrannsóknir á sviði hafrannsókna og matvælarannsókna ásamt viðbótarframlagi vegna nýrra laga um fiskeldi.
c. **Fjármagnstilfærslur** eru áætlaðar 260 m.kr. og er það óbreytt á milli ára.
d. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 822,9 m.kr. og er það 606,3 m.kr. hækkun milli ára. Þar vega þyngst aukin framlög til byggingar á nýju hafrannsóknaskipi.

## 13.1 Stjórnsýsla fiskveiða og fiskeldis

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs, Fiskræktarsjóðs og Umhverfissjóðs sjókvíaeldis.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Endurskoðun eftirlits Fiskistofu í samræmi við niðurstöðu vinnuhóps. | ANR/Fiskistofa. | 1 |
| Endurskoðun á umgjörð stjórnsýslu, heilbrigðiseftirlits er við kemur fiskeldi. | ANR | 1 |
| Endurskoðun á ráðstöfun 5,3% aflaheimilda og byggðafestu. | ANR | 1 |

## Fjárheimildir

| 13.10 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.040,4 | 1.080,6 | 1.102,5 | 2,0 | 6,0 |
| Rekstrartilfærslur | 369,8 | 248,4 | 333,7 | 34,3 | -9,8 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 13,7 | 13,5 | -1,5 | - |
| **Heildarútgjöld** | **1.410,2** | **1.342,7** | **1.449,7** | **8,0** | **2,8** |
| Rekstrartekjur | - | 149,9 | 155,2 | 3,5 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.192,8 | 1.294,5 | 8,5 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **1.342,7** | **1.449,7** | **8,0** | - |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 1.449,7 m.kr. og hækkar um 67,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 39,7 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 90 m.kr. vegna breytinga á lögum er varða fiskeldi, sbr. markmið nr. 1.
b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 1,0 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun Fiskistofu sem gerir ráð fyrir að tekjustofnar ýmist hækki eða lækki með tilliti til umfangs verkefna. Samanlagt hafi breytingarnar þau áhrif að tekjur stofnunarinnar hækki um 1 m.kr.
c. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 1,6 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun vegna strandveiðigjalds sem var m.a. unnin með tilliti til reynslu síðustu ára og fyrirliggjandi forsendna fyrir árið 2020.
d. Aðhaldskrafa málaflokksins nam 22,1 m.kr.

### 13.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi og fiskeldi

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum Hafrannsóknastofnunar og Verkefnasjóðs sjávarútvegsins.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Smíði nýs hafrannsóknarskips. | Hafrannsóknarstofnun. | 3 |
| Endurskoðun áhættumats, eldissvæða, burðarþols og rannsókna er lúta að fiskeldi í samræmi við nýlega samþykkt lög í málaflokknum. | ANR/Hafrannsóknarstofnun. | 2 |

### Fjárheimildir

| 13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 4.546,1 | 4.707,1 | 4.306,3 | -8,5 | -5,3 |
| Rekstrartilfærslur | 169,9 | 175,6 | 466,1 | 165,4 | 174,3 |
| Fjármagnstilfærslur | 254,8 | 260,0 | 260,0 | 0,0 | 2,0 |
| Fjárfestingarframlög | 0,2 | 202,9 | 809,4 | 298,9 | - |
| **Heildarútgjöld** | **4.971,0** | **5.345,6** | **5.841,8** | **9,3** | **17,5** |
| Rekstrartekjur | - | 1.446,4 | 1.297,3 | -10,3 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 3.899,2 | 4.544,5 | 16,5 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **5.345,6** | **5.841,8** | **9,3** | - |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 5.841,8 m.kr. og hækkar um 352 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 144,2 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 600,0 m.kr. til byggingar nýs hafrannsóknaskips, sbr. markmið nr. 3.
b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 280,0 m.kr. til að efla grunnrannsóknir á sviði hafrannsókna og matvælarannsókna.
c. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 150,0 m.kr. vegna breyttra forsendna hjá Verkefnasjóði sjávarútvegsins.
d. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 25,6 m.kr. vegna húsnæðiskostnaðar Hafrannsóknastofnunar í kjölfar flutnings stofnunarinnar í nýtt húsnæði í Hafnarfirði sem sniðið er að hennar þörfum og kemst starfsemin þar með undir eitt þak.
e. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 15,9 m.kr. vegna flutnings framlaga til styrkja, verkefna og viðburða á málefnasviðum ráðherra af málefnasviði 16 *Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar*.
f. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 13,0 m.kr. vegna breytinga á lögum er varða fiskeldi, sbr. markmið nr. 2.

g. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 300,0 m.kr. vegna niðurfellingar tímabundins framlags í eitt ár í fjárlögum fyrir árið 2019 til undirbúnings og hönnunar nýs hafrannsóknaskips.
h. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 180,1 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun Hafrannsóknastofnunar þar sem ekki er gert ráð fyrir útleigu skips ásamt því að einhverjir styrkir munu falla niður í kjölfar verkefnaloka.
i. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 150,0 m.kr. vegna niðurfellingar tímabundins framlags í eitt ár í fjárlögum fyrir árið 2019 vegna kostnaðar við flutning Hafrannsóknastofnunar.
j. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 1,0 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun Sjóðs til síldarrannsókna en vaxtatekjur sjóðsins hafa lækkað undanfarin ár.
k. Aðhaldskrafa málaflokksins nam 101,4 m.kr.

# 14 Ferðaþjónusta

Málefnasviðið *Ferðaþjónusta* er á ábyrgð ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Undir því er einn málaflokkur, *Ferðaþjónusta*. Framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins á tímabilinu 2018–2020.

| 14 Ferðaþjónusta | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **14.10 Ferðaþjónusta** | **2.021,5** | **2.276,0** | **2.006,1** | **-11,9** | **-0,8** |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | 2.021,5 | 2.276,0 | 2.006,1 | -11,9 | -0,8 |
| **Samtals** | **2.021,5** | **2.276,0** | **2.006,1** | **-11,9** | **-0,8** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**LEIÐANDI Í SJÁLFBÆRRI ÞRÓUN**

**Langtímastefna í ferðaþjónustu.**

**Þróun og innleiðing jafnvægisáss ferðamála.**

**Skilgreining og uppbygging fyrirmyndaráfangastaða.**

Helstu áherslur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra á árinu 2020 snúa að því að Ísland sem ferðamannaland verði leiðandi í sjálfbærri þróun. Áhersluatriðin um langtímastefnu í ferðaþjónustu og þróun og innleiðingu jafnvægisáss ferðamála eru nátengd, en í sáttmála stjórnarflokkanna um ríkisstjórnarsamstarf frá árinu 2017 kemur fram að mörkuð skuli langtímastefna um ferðaþjónustu í samvinnu við hagsmunaaðila. Frá sama tíma hefur verið unnið í tveimur áföngum að greiningu og gildissetningu sjálfbærnivísa (*jafnvægisás ferðamála*) og á þessu ári var unnið að framtíðarsýn og leiðarljósi í ferðaþjónustu til 2030 og afraksturinn kynntur undir yfirskriftinni „Leiðandi í sjálfbærri þróun“. Með þessum tveimur verkefnum hefur verið lagður traustur grunnur að því að ráðast í langtímastefnumótun. Nú í haust hefst vinna við aðgerðabundna langtímastefnu á vettvangi Stjórnstöðvar ferðamála í samvinnu stjórnvalda, sveitarstjórnarstigsins og atvinnugreinarinnar og er áætlað að hún verði lögð fram og niðurstöður kynntar vorið 2020 að loknu víðtæku samráði. Samhliða verður unnið að því að þróa og innleiða jafnvægisás ferðamála þannig að hann gegni til fulls því hlutverki sínu að meta álag af ferðaþjónustu á innviði landsins og veita stjórnvöldum leiðsögn varðandi þolmörk og álagsstýringu. Kostnaður við verkefnið felst í vinnu þeirra fjölmörgu aðila sem koma munu að verkefninu en tilfallandi kostnaður verður greiddur af Stjórnstöð ferðamála

Í *Vegvísi í ferðaþjónustu* frá árinu 2015 kemur fram að skilgreina eigi fyrirmyndaráfangastaði í ferðaþjónustu þar sem undirbúningur fyrir hönnun og uppbyggingu

verði samkvæmt bestu fyrirmyndum. Í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu er unnið að því í samvinnu við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og fleiri hagaðila að skilgreina hvað einkennir fyrirmyndaráfangastað í ferðaþjónustu, m.a. með hliðsjón af erlendum fyrirmyndum, alþjóðlegum viðmiðum og leiðbeiningum, og vinna að því að annars vegar Geysir og hins vegar Skaftafell uppfylli skilyrði til að verða fyrirmyndaráfangastaðir. Í framhaldinu verður svo horft til annarra landshluta og helstu segla þar.

**Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum**

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2020 eru áætluð 2.006,1 m.kr. og lækka um 291,6 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga fyrir árið 2019, eða sem svarar til -12,8%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 269,9 m.kr. milli ára, eða sem svarar til -11,9%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 26,7 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög til ýmissa verkefna, alls 372,8 m.kr. Nettólækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 346,1 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 45,5 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins, sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 100 m.kr.

e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 21,7 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 2.006,1 m.kr. Þar vegur þyngst áhrif af áætluðum launahækkunum á árinu 2019 miðað við áhrif þeirra á ársgrundvelli og mati á launahækkunum sem áætlað er að taki gildi á árinu 2020 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa taka hækkunum samkvæmt spá um almennar verðbreytingar fyrir árið 2020 en auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytist milli ára sem hér segir:

| 14 Ferðaþjónusta | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 509,8 | 770,3 | 780,2 | 1,3 | 53,0 |
| Rekstrartilfærslur | 852,9 | 979,7 | 710,7 | -27,5 | -16,7 |
| Fjármagnstilfærslur | 640,7 | 524,4 | 513,5 | -2,1 | -19,9 |
| Fjárfestingarframlög | 18,1 | 1,6 | 1,7 | 6,3 | -90,6 |
| **Heildarútgjöld** | **2.021,5** | **2.276,0** | **2.006,1** | **-11,9** | **-0,8** |
| Rekstrartekjur | - | 38,3 | 15,5 | -59,5 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.237,7 | 1.990,6 | -11,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **2.276,0** | **2.006,1** | **-11,9** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 780,2 m.kr. og hækka um 9,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum.
b. **Rekstrartilfærslur** lækka um 269 m.kr. og verða 710,7 m.kr. en eru 979,7 m.kr. í gildandi fjárlögum. Þar munar mest um að framlög til Flugþróunarsjóðs falla niður en þau hafa verið 300 m.kr. á ári sl. þrjú ár. Þrátt fyrir það verður áfram hægt að úthluta úr sjóðnum þar sem framlögin hafa ekki verið fullnýtt á liðnum árum. Þá fellur niður 72,8 m.kr. framlag til markaðsverkefna. Gert er ráð fyrir 100 m.kr. útgjaldsvigrúmi sem varið verður til söfnunar gagna og rannsókna.
c. **Fjármagnstilfærslur** eru áætlaðar 513,5 m.kr. og er það 10,9 m.kr. lækkun milli ára.
d. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 1,7 m.kr. og er það 0,1 m.kr. hækkun milli ára.

### 14.1 Ferðaþjónusta

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum Ferðamálastofu og Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Skammtímaleiga til ferðamanna – efling eftirlits. | ANR | 1, 2 |
| Skilgreining og uppbygging fyrirmyndaráfangastaða. | ANR | 1, 2, 3 |
| Samkeppnismat á regluverki í ferðaþjónustu. | OECD | 1, 2, 3 |
| Þróun og innleiðing jafnvægisáss ferðamála. | ANR | 1, 2, 3 |

**Fjárheimildir**

| 14.10 Ferðaþjónusta | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 509,8 | 770,3 | 780,2 | 1,3 | 53,0 |
| Rekstrartilfærslur | 852,9 | 979,7 | 710,7 | -27,5 | -16,7 |
| Fjármagnstilfærslur | 640,7 | 524,4 | 513,5 | -2,1 | -19,9 |
| Fjárfestingarframlög | 18,1 | 1,6 | 1,7 | 6,3 | -90,6 |
| **Heildarútgjöld** | **2.021,5** | **2.276,0** | **2.006,1** | **-11,9** | **-0,8** |
| Rekstrartekjur | - | 38,3 | 15,5 | -59,5 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.237,7 | 1.990,6 | -11,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **2.276,0** | **2.006,1** | **-11,9** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 2.006,1 m.kr. og lækkar um 291,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 21,7 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 100 m.kr. vegna niðurfellingar frá árinu 2019 sem gengur til baka á árinu 2020. Til að bregðast við fækkun ferðamanna verður kynningarstarf erlendis í þágu ferðaþjónustu eflt í samvinnu við Íslandsstofu. Það verður að hluta til gert með breyttri forgangsröðun verkefna í markaðs- og kynningarmálum og að hluta til með auknu fjármagni frá ráðuneytinu af því svigrúmi sem til staðar er.
b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 25 m.kr. til að efla upplýsingaöflun og tölfræði til að greina fjölda ferðamanna og þróun tekna.
c. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 300 m.kr. vegna niðurfellingar á framlagi til Flugþróunarsjóðs. Uppsafnað fjármagn af fjárveitingu sl. þriggja ára mun nýtast áfram í verkefni á vegum Flugþróunarsjóðs.

d. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 72,8 m.kr. þar sem tímabundið framlagi til markaðssetningar Íslands í Norður-Ameríku fellur niður og umfang og umgjörð verkefnisins felld að nýjum heildarsamningi við Íslandsstofu.
e. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 25 m.kr. til að efla eftirlit með heimagistingu, sbr. markmið nr. 1 og aðgerð 1.
f. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 23,3 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun Ferðamálastofu.
g. Aðhaldskrafa málaflokksins nam 45,5 m.kr.

# 15 Orkumál

Málefnasvið 15 *Orkumál* er á ábyrgð ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Undir málefnasviðinu er einn málaflokkur, *Stjórnun og þróun orkumála*. Framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins á tímabilinu 2018–2020.

| 15 Orkumál | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **15.10 Stjórnun og þróun orkumála** | **4.011,6** | **4.175,8** | **4.488,4** | **7,5** | **11,9** |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | 4.011,6 | 4.175,8 | 4.488,4 | 7,5 | 11,9 |
| **Samtals** | **4.011,6** | **4.175,8** | **4.488,4** | **7,5** | **11,9** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**SAMKEPPNISHÆFNI ORKUMARKAÐAR**

**Vinna að orkuskiptum í samræmi við aðgerðaáætlun og stjórnarsáttmála** með 200 m.kr. úthlutun til orkuskipta í gegnum Orkusjóð.

**Vinna að langtímaorkustefnu fyrir Ísland**.

**Efling flutnings- og dreifikerfis raforku** með því að flýta áformum um þrífösun í tengslum við stefnumótandi byggðaáætlun.

Vinna að orkuskiptum í samræmi við aðgerðaráætlun og stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar hófst á þessu ári með úthlutun til tvenns konar styrkja úr Orkusjóði, annars vegar til uppbyggingar á hraðhleðslustöðvum fyrir rafbíla og hins vegar til uppbyggingar á hleðslustöðvum fyrir rafbíla við gististaði. Á árinu 2020 er ráðgert að úthluta 200 m.kr. til orkuskipta, í gegnum Orkusjóð, og er nú unnið að tillögum um hvernig þeim fjármunum verði varið. Aðgerðir munu byggja annars vegar á aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum og hins vegar þingsályktun um aðgerðaráætlun um orkuskipti.

Vinna við heildstæða langtímaorkustefnu var ýtt úr vör þegar ráðherra orkumála skipaði fyrir tæpu ári síðan starfshóp um mótun stefnunnar. Starfshópurinn er skipaður fulltrúum úr öllum þingflokkum auk fulltrúa fjögurra ráðuneyta. Í erindisbréfinu kemur meðal annars fram að horfa skuli til yfirstandandi vinnu við rammaáætlun og aðgerðaráætlun á sviði loftslagsmála. Einnig segir að orkustefna þurfi enn fremur að styðja við skynsamlega atvinnustefnu og líta á samspil orkumála við aðrar lykilatvinnugreinar. Starf starfshópsins skiptist í undirbúnings- og greiningarvinnu og samráðsferli sem ætlað er að mynda grundvöll fyrir mótun stefnunnar. Seinni áfanginn felur í sér mótun langtímaorkustefnu en miðað er við að stefnan verði sett til 20-30 ára og sæti endurskoðun á 5 ára fresti. Fyrsta áfanganum lýkur haustið 2019. Þegar hafa verið haldnar vinnustofur og þemafundir þar sem fengnir hafa verið fjölmargir sérfræðingar og kunnugir til að fjalla um ákveðin málefni hverju sinni. Stefnur annarra ríkja hafa verið skoðaðar

og til viðbótar kallaði hópurinn eftir umsögnum í opnu samráðsferli í gegnum samráðsgátt þar sem almenningi, félögum og fyrirtækjum gafst kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri áður en sjálf stefnumótunarvinnan hefst.

Í byrjun árs 2019 kynnti ráðherra þriggja ára átak í að flýta þrífösun rafmagns í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024. Átakið hefur einnig beina skírskotun til byggðaáætlunar sem Alþingi samþykkti síðastliðið sumar, þar sem áhersla er lögð á þrífösun. Meira en fjórðungur af öllu dreifikerfi RARIK er einfasa, sem takmarkar bæði flutningsgetu kerfisins og það hve öflugan rafbúnað er hægt er að nota á hverjum og einum stað. Þrífösun er því mikilvæg út frá orkuskiptum, byggðasjónarmiðum, ferðaþjónustu, landbúnaði og öðrum atvinnutækifærum. Til átaksins verður varið 80 milljónir kr. á ári í þrjú ár. Við forgangsröðun verkefna verður horft til þarfar fyrir þrífösun, samlegðaráhrifa með lagningu ljósleiðar og aldri núverandi raflína. Féð verður notað til að standa straum af flýtigjaldi sem RARIK tekur fyrir að flýta framkvæmdum. Í þessum þriggja ára áfanga, árin 2020-2022, verður lögð áhersla á að ljúka þrífösun á tveimur svæðum: Skaftárhreppi og Mýrum. Skaftárhreppur er eina sveitarfélagið á Suðurlandi sem ekki nýtur þriggja fasa rafmagns. Sveitarfélagið er hið næststærsta á landinu að flatarmáli og er skilgreint sem brothætt byggð. Mikill ferðamannastraumur á svæðinu veldur einnig álagi á innviði. Á Mýrum fer saman brýn þörf fyrir þrífösun vegna landbúnaðar og sú staðreynd að unnið er að útboði á lagningu ljósleiðara á svæðinu sem hefði í för með sér töluverð samlegðaráhrif.

**Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum**

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

**Breytingar á ramma milli áranna 2019 - 2020**




**Heildargjöld** Orkumála árið 2020 eru áætluð 4.488,4 m.kr. og aukast um 208,9 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga fyrir árið 2019, eða sem svarar til 5%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa

af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 312,6 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 7,5%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 174,7 m.kr. til hækkunar.
b. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 15,8 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
c. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 50 m.kr.
d. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 103,7 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 4.488,4 m.kr. Þar vega þyngst áhrif af áætluðum launahækkunum á árinu 2019 miðað við áhrif þeirra á ársgrundvelli og mati á launahækkunum sem áætlað er að taki gildi á árinu 2020 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa taka hækkunum samkvæmt spá um almennar verðbreytingar fyrir árið 2020. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytist milli ára sem hér segir:

| 15 Orkumál | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 643,7 | 767,4 | 867,8 | 13,1 | 34,8 |
| Rekstrartilfærslur | 3.367,9 | 3.402,2 | 3.614,2 | 6,2 | 7,3 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 6,2 | 6,4 | 3,2 | - |
| **Heildarútgjöld** | **4.011,6** | **4.175,8** | **4.488,4** | **7,5** | **11,9** |
| Rekstrartekjur | - | 226,6 | 233,4 | 3,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 3.949,2 | 4.255,0 | 7,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **4.175,8** | **4.488,4** | **7,5** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 867,8 m.kr. og hækka um 100,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Þar munar mest um tímabundna fjárveitingu vegna orkuskipta á Kili og flutning á fjárveitingu frá málefnasviði 16 vegna þrífösunar rafmagns.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 212 m.kr. og verða 3.614,2 m.kr. en eru 3.402,2 m.kr. í gildandi fjárlögum. Þar munar mest um aukna fjárveitingu til niðurgreiðslna á hitun íbúðarhúsnæðis og breytingu vegna tekna af jöfnunargjaldi.
c. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 6,4 m.kr. og er það 0,2 m.kr. hækkun milli ára.

### 15.1 Stjórnun og þróun orkumála

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum Orkustofnunar og Orkusjóðs.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Orkuskipti á Kili. | ANR | 2 |
| Átaksverkefni í að hraða þrífösun rafmagns. | ANR | 4 |
| Sjálfstætt raforkueftirlit – innleiðing reglugerðar. | Orkustofnun. | 1 |
| Vinna við gerð langtímaorkustefnu. | ANR | 1 |
| Aðgerðir í orkuskiptum. | Orkusjóður. | 1 |

### Fjárheimildir

| 15.10 Stjórnun og þróun orkumála | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 643,7 | 767,4 | 867,8 | 13,1 | 34,8 |
| Rekstrartilfærslur | 3.367,9 | 3.402,2 | 3.614,2 | 6,2 | 7,3 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 6,2 | 6,4 | 3,2 | - |
| **Heildarútgjöld** | **4.011,6** | **4.175,8** | **4.488,4** | **7,5** | **11,9** |
| Rekstrartekjur | - | 226,6 | 233,4 | 3,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 3.949,2 | 4.255,0 | 7,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **4.175,8** | **4.488,4** | **7,5** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 4.488,4 m.kr. og hækkar um 208,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 103,7 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 100 m.kr. til að niðurgreiðslur húshitunar komi til móts við raunverulega þörf á niðurgreiðslum. Framlag til niðurgreiðslna húshitunar hefur fram til þessa fylgt hefðbundnum verðlags- og vísitöluútreikningum fjárlaga og hækkað samkvæmt því milli ára. Margir aðrir þættir hafa áhrif á kostnaðinn, svo sem veðurfar. Framvegis verða niðurgreiðslur húshitunar utan hefðbundins launa- og verðlagsreiknings fjárlaga og þess í stað mun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti reikna út þær forsendur sem hafa áhrif á niðurgreiðslur húshitunar og þörf á uppfærslu framlags ríkissjóðs í fjárlögum hvers árs. Ráðuneytið hefur í nokkur ár séð um sambærilegan útreikning fyrir jöfnun kostnaðar á dreifingu raforku í dreifbýli og hafa

þær forsendur sem þar er litið til almennt verið í takt við þróun kostnaðar við dreifingu raforku.

b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 50 m.kr. tímabundið í eitt ár vegna orkuskipta á Kili, sbr. markmið nr. 2.
c. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 34,9 m.kr. í samræmi við áætlaðar tekjur af jöfnunargjaldi á árinu 2020. Jöfnunargjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku og tekur framlag ríkissjóðs til jöfnunar kostnaðar á dreifingu raforku í dreifbýli því mið af tekjum af gjaldinu.
d. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 30 m.kr. til að flýta þrífösun rafmagns, sbr. markmið nr. 4.
e. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 10 m.kr. með millifærslu af málefnasviði 7 *Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar* til að mæta auknum verkefnum í orkumálum.
f. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 0,2 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun Orkustofnunar.
g. Aðhaldskrafa málaflokksins nam 15,8 m.kr.

# 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar

Málefnasviðið *Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar* er á ábyrgð ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra og skiptist í tvo málaflokka: *Markaðseftirlit og neytendamál* og *Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar*. Framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj.sýsla atv.ma | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **16.10 Markaðseftirlit og neytendamál** | **2.913,4** | **3.142,1** | **3.210,7** | **2,2** | **10,2** |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | 795,7 | 770,9 | 827,7 | 7,4 | 4,0 |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 2.117,7 | 2.371,2 | 2.383,0 | 0,5 | 12,5 |
| **16.20 Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar** | **1.381,3** | **1.451,9** | **1.556,8** | **7,2** | **12,7** |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | 1.381,3 | 1.451,9 | 1.556,8 | 7,2 | 12,7 |
| **Samtals** | **4.294,7** | **4.594,0** | **4.767,5** | **3,8** | **11,0** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**BÆTT SAMKEPPNIS-HÆFNI**

**Aukið gagnsæi og skilvirkni** með virkri samkeppni og heilbrigðum viðskipaháttum.

**Aukið traust** með góðri upplýsingagjöf og rafrænni stjórnsýslu.

**Samstarf við OECD við mat á samkeppnisstöðu** ferðaþjónustu og byggingarstarfsemi.

Á árunum 2019–2020 mun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið í samvinnu við OECD, Samkeppniseftirlitið og önnur stjórnvöld vinna samkeppnismat á laga- og reglugerðarumhverfi ferðaþjónustu og byggingarstarfsemi. Tilgangur samkeppnismatsins er að greina gildandi laga- og reglugerðarumhverfi með það að leiðarljósi að fækka samkeppnishindrunum sem kunna að felast í regluverkinu sem atvinnulífið starfar samkvæmt og koma í veg fyrir óþarfa reglubyrði. Þjóðhagsleg verðmæti felast í því að fækka samkeppnishindrunum sem kunna að leiða af regluverkinu og það leiðir til aukinnar framleiðni og samkeppni sem knýr áfram nýsköpun og arðsemi atvinnulífsins. Kostnaður vegna verkefnisins er áætlaður 47 m.kr. á árinu 2020.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að átak verði gert í einföldun regluverks í þágu atvinnulífs og almennings og áhersla lögð á skilvirka og réttláta stjórnsýslu. Unnið er að aðgerðaáætlun um einföldun regluverks á málefnasviði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Er henni skipt í þrjá áfanga. Í fyrsta áfanga er bandormur um

lagabreytingar sem lagður verður fram nú á haustþingi og snýr að einföldun regluverks og leyfisveitinga, t.d. afnám iðnaðarleyfis og verslunarleyfis. Í öðrum áfanga eru atriði sem lúta að faggildingu, samræmismati, einni gátt, menntamálum, rafrænni útgáfu skuldabréfa o.fl. Í þriðja áfanga er síðan að finna innleiðingu tillagna um einföldun regluverks úr OECD verkefni um samkeppnismat, auk tillagna til einföldunar úr vinnu stýrihóps um endurmat eftirlitsreglna ANR. Gert er ráð fyrir að áfanga 1 verði lokið fyrir lok þessa árs og áfanga 2 og 3 fyrir árslok 2020. Áætlaður kostnaður vegna verkefnisins á árinu 2020 er 7 m.kr.

Í ársbyrjun 2020 munu Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið verða sameinuð í eina stofnun. Ein af mikilvægustu áherslum ársins er að tryggja farsæla sameiningu stofnananna tveggja. Leiðarljós vinnunnar við sameininguna var að efla traust, gagnsæi og skilvirkni við yfirstjórn efnahagsmála.

**Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum**

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2020 eru áætluð 4.767,5 m.kr. og aukast um 106,4 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga fyrir árið 2019, eða sem svarar til 2,3%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 173,5 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 3,8%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 60,9 m.kr. til hækkunar.
b. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 44,5 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.

c. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 90 m.kr.
d. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 67,1 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 4.767,5 m.kr. Þar vega þyngst áhrif af áætluðum launahækkunum á árinu 2019 miðað við áhrif þeirra á ársgrundvelli og mati á launahækkunum sem áætlað er að taki gildi á árinu 2020 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa taka hækkunum samkvæmt spá um almennar verðbreytingar fyrir árið 2020. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytist milli ára sem hér segir:

| 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj.sýsla atv.mála | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 4.096,0 | 4.387,0 | 4.545,8 | 3,6 | 11,0 |
| Rekstrartilfærslur | 198,7 | 174,2 | 183,1 | 5,1 | -7,9 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 32,8 | 38,6 | 17,7 | - |
| **Heildarútgjöld** | **4.294,7** | **4.594,0** | **4.767,5** | **3,8** | **11,0** |
| Rekstrartekjur | - | 245,0 | 285,2 | 16,4 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 4.349,0 | 4.482,3 | 3,1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **4.594,0** | **4.767,5** | **3,8** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 4.545,8 m.kr. og hækka um 158,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Þar munar mest um flutning á fjárveitingu vegna flutnings Búnaðarstofu frá Matvælastofnun til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Óveruleg hækkun verður á rekstrargjöldum Fjármálaeftirlitsins en þau eru fjármögnuð með eftirlitsgjaldi sem Fjármálaeftirlitið innheimtir af eftirlitsskyldum aðilum og rennur í ríkissjóð. Engin breyting verður á þessu fyrirkomulagi með sameiningu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins og mun eftirlit á fjármálamarkaði áfram verða fjármagnað af eftirlitsskyldum aðilum. Ráðherra ákvarðar á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum fjárveitingu til reksturs stofnunarinnar sem nemur að lágmarki áætlun fjárlaga um tekjur af eftirlitsgjaldi og greiðslur fyrir sértækar aðgerðir, sbr. 1. gr. laga nr. 99/1999.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 8,9 m.kr. og verða 183,1 m.kr. en eru 174,2 m.kr. í fjárlögum fyrir árið 2019.
c. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 38,6 m.kr. og er það 5,8 m.kr. hækkun milli ára.

### 16.1 Markaðseftirlit og neytendamál

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum Samkeppniseftirlitsins, Neytendastofu og Fjármálaeftirlitsins innan Seðlabanka Íslands (frá 1. janúar 2020).

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Meta þekkingu stjórnenda fyrirtækja á meginreglum samkeppnislaga og efla almenna fræðslu um áhrif markaðseftirlits, þ.m.t. neytendaverndar, á efnahagslífið. | ANR, Samkeppniseftirlitið, Neytendastofa. | 1 og 2 |
| Rafræn skil á öllum innsendum gögnum til FME fyrir lok ársins 2020. | FME innan Seðlabanka Íslands. | 1 |
| Sameining FME og Seðlabanka sem skilar auknu gagnsæi og trausti. | FME innan Seðlabanka Íslands. | 1 og 2 |
| Endurskoða tiltekna þætti í stjórnsýslu neytendamála. | ANR | 1 og 2 |
| Greina ástæður málsmeðferðartíma úrskurðarnefnda. | ANR | 1 og 2 |

### Fjárheimildir

| 16.10 Markaðseftirlit og neytendamál | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 2.871,6 | 3.109,0 | 3.172,2 | 2,0 | 10,5 |
| Rekstrartilfærslur | 41,8 | 11,1 | 11,1 | 0,0 | -73,4 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 22,0 | 27,4 | 24,5 | - |
| **Heildarútgjöld** | **2.913,4** | **3.142,1** | **3.210,7** | **2,2** | **10,2** |
| Rekstrartekjur | - | 77,9 | 117,6 | 51,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 3.064,2 | 3.093,1 | 0,9 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **3.142,1** | **3.210,7** | **2,2** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 3.210,7 m.kr. og hækkar um 43,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 25,3 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 13,5 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun Neytendastofu.
b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 13 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun Samkeppniseftirlitsins.
c. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 21 m.kr. vegna tímabundins flutnings á fjárveitingu til verkefna í traustþjónustu frá málaflokki 16.2.
d. Aðhaldskrafa málaflokksins nam 15,4 m.kr.

### 16.2 Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Einfalda regluverk og verkferla í þágu atvinnulífsins. | ANR | 1 |
| Framkvæma samkeppnismat í samvinnu við OECD. | ANR | 1 |
| Efling stjórnsýslu fiskeldis. | ANR | 2 |
| Efling stjórnsýslu landbúnaðarmála. | ANR | 2 |

**Fjárheimildir**

| 16.20 Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.224,4 | 1.278,0 | 1.373,6 | 7,5 | 12,2 |
| Rekstrartilfærslur | 156,9 | 163,1 | 172,0 | 5,5 | 9,6 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 10,8 | 11,2 | 3,7 | - |
| **Heildarútgjöld** | **1.381,3** | **1.451,9** | **1.556,8** | **7,2** | **12,7** |
| Rekstrartekjur | - | 167,1 | 167,6 | 0,3 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.284,8 | 1.389,2 | 8,1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **1.451,9** | **1.556,8** | **7,2** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 1.556,8 m.kr. og hækkar um 63,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 41,8 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 114,5 m.kr. vegna flutnings verkefna Búnaðarstofu frá Matvælastofnun til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sbr. markmið nr. 2.
b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 30 m.kr. vegna breytinga á lögum er varða fiskeldi, sbr. markmið nr. 2, þar af eru 10 m.kr. stofnkostnaður.
c. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 50 m.kr. vegna flutnings á fjárveitingum til hönnunarmála yfir á málefnasvið 7 *Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar*.
d. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 30 m.kr. vegna flutnings á fjárveitingum til verkefna um þrífösun rafmagns yfir á málefnasvið 15 *Orkumál*.

e. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 25 m.kr. vegna flutnings á fjárveitingum til eflingar eftirlits með heimagistingu yfir á málefnasvið 14 *Ferðaþjónusta*.
f. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 35 m.kr. vegna breytinga á lögum er varða kennitöluflakk.
g. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 21 m.kr. vegna breytinga á lögum er varða traustþjónustu. Fjárheimildin er flutt tímabundin yfir á málaflokk 16.1.
h. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 15,9 m.kr. vegna flutnings á fjárveitingum yfir á málefnasvið 13 *Sjávarútvegur og fiskeldi*. Verið er að sameina styrki til verkefna og viðburða á málefnasviðum ráðherra á málefnasviði 13.
i. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 5 m.kr. vegna flutnings á fjárveitingum af málefnasviði 7 *Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar*. Verið er að sameina styrki til verkefna og viðburða á málefnasviðum ráðherra á málefnasviði 16.
j. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 5,4 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun fjárlagaliða málaflokks 16.2. Gert er ráð fyrir að tekjustofnar ýmist hækki eða lækki með tilliti til umfangs verkefna. Samanlagt hafa breytingarnar þau áhrif að tekjur málaflokksins lækka um 5,4 m.kr.
k. Aðhaldskrafa málaflokksins nam 29,1 m.kr.

# 17 Umhverfismál

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð ráðherra umhverfis- og auðlindamála. Það skiptist í fimm málaflokka, en þeir eru: *Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla, Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands, Meðhöndlun úrgangs, Varnir gegn náttúruvá* og *Stjórnsýsla umhverfismála*. Framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 17 Umhverfismál | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla ..** | **5.625,6** | **5.412,0** | **5.531,0** | **2,2** | **-1,7** |
| 14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti ................... | 5.625,6 | 5.412,0 | 5.531,0 | 2,2 | -1,7 |
| **17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands ..** | **3.388,7** | **3.466,9** | **3.492,8** | **0,7** | **3,1** |
| 14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti ................... | 3.388,7 | 3.466,9 | 3.492,8 | 0,7 | 3,1 |
| **17.30 Meðhöndlun úrgangs ................................** | **4.630,9** | **4.879,0** | **5.607,0** | **14,9** | **21,1** |
| 14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti ................... | 4.630,9 | 4.879,0 | 5.607,0 | 14,9 | 21,1 |
| **17.40 Varnir vegna náttúruvá .............................** | **1.592,1** | **1.082,1** | **1.076,1** | **-0,6** | **-32,4** |
| 14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti ................... | 1.592,1 | 1.082,1 | 1.076,1 | -0,6 | -32,4 |
| **17.50 Stjórnsýsla umhverfismála .......................** | **3.687,5** | **4.175,9** | **4.747,6** | **13,7** | **28,7** |
| 14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti ................... | 3.687,5 | 4.175,9 | 4.747,6 | 13,7 | 28,7 |
| **Samtals ..................................................................** | **18.924,8** | **19.015,9** | **20.454,5** | **7,6** | **8,1** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**SJÁLF-BÆRT SAM-FÉLAG**

**Verndun náttúru og sjálfbær nýting** með rannsóknum, vöktun, verndaraðgerðum, landvörslu og setningu sjálfbærniviðmiða.

**Samdráttur í losun gróðurhúsaloft-tegunda** með áframhaldandi framkvæmd aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum.

**Efling hringrásarhagkerfis** með því að draga úr neyslu, lágmarka myndun úrgangs og auka endurnýtingu og endurvinnslu.

### Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2020 eru áætluð 20.454,5 m.kr. og aukast um 1.042,4 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019 eða sem svarar til 5,5%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.438,6 m.kr. milli ára eða sem svarar til 7,6%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 320,3 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög til ýmissa verkefna, alls 241 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 79,3 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 116,9 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun. Aðhaldskrafan til málefnasviðsins, sem reiknað var með í forsendum rammans, var hins vegar 271,9 m.kr. en ráðuneytið ákvað að nýta 155 m.kr. af 1.235 m.kr. útgjaldasvigrúmi í rammanum til nýrra verkefna til að fella í staðinn niður hluta af aðhaldskröfunni fremur en að stofna til nýrra útgjalda.
d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 1.080,0 m.kr. eftir að útgjaldasvigrúmið hefur verið lækkað um 155 m.kr. vegna aðhaldskröfu sem gerð er til málefnasviðsins.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 396,2 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 20.454,5 m.kr. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins *17 Umhverfismál* breytast milli ára sem hér segir:

| 17 Umhverfismál | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 11.937,0 | 12.181,8 | 13.057,5 | 7,2 | 9,4 |
| Rekstrartilfærslur | 4.355,5 | 5.153,3 | 5.757,3 | 11,7 | 32,2 |
| Fjármagnstilfærslur | 1.439,3 | 1.067,3 | 1.061,4 | -0,6 | -26,3 |
| Fjárfestingarframlög | 1.193,0 | 613,5 | 578,3 | -5,7 | -51,5 |
| **Heildarútgjöld** | **18.924,8** | **19.015,9** | **20.454,5** | **7,6** | **8,1** |
| Rekstrartekjur | - | 3.702,3 | 3.563,1 | -3,8 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 15.313,6 | 16.891,4 | 10,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **19.015,9** | **20.454,5** | **7,6** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 13.057,5 m.kr. og hækka um 875,7 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Að frátöldum launa- og verðlagsbótum og breytinga á rekstrarframlögum í tengslum við áætlun um sértekjur ríkisaðila munar mest um eftirfarandi: Framlög til loftslagsmála eru aukin um 440 m.kr. Um er að ræða framlög til bindingar kolefnis með skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis, framlög til sértækra aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem og framlög til vöktunar, eftirlits og rannsókna. Framlög til landvörslu eru aukin um 270 m.kr., framlög vegna miðhálendisþjóðgarðs eru aukin um 50 m.kr. og framlög til eflingar hringrásarhagkerfisins og grænnar nýsköpunar eru aukin um 100 m.kr.

b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 604,0 m.kr. og verða 5.757,3 m.kr. en eru 5.153,3 m.kr. í fjárlögum ársins 2019. Þar munar mest um 630 m.kr. aukningu á innheimtu skila- og umsýslugjalds á einnota drykkjavöruumbúðir og aukin framlög til Landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum að fjárhæð 220 m.kr. Á móti kemur að niður falla tilfærslur í tengslum við tilraunaverkefni á Hólasandi, 180 m.kr.

c. **Fjármagnstilfærslur** eru áætlaðar 1.061,4 m.kr. og er það 5,9 m.kr. lækkun milli ára. Þar vega þyngst lækkun framlaga til Ofanflóðasjóðs að fjárhæð 5,9 m.kr. vegna hagræðingarkröfu.

d. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 578,3 m.kr. og er það 35,2 m.kr. lækkun milli ára. Þar vega þyngst lækkun tímabundinna framlaga að fjárhæð 200 m.kr. vegna framkvæmda á Hakinu á Þingvöllum, aukin framlög vegna framkvæmda við þjóðgarðsmiðstöð á Kirkjubæjarklaustri að fjárhæð 50 m.kr. og 110 m.kr. aukning vegna framkvæmda við þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi.

### 17.1 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er að mestu leyti í höndum Landgræðslunnar, Skógræktarinnar, Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjóðgarðsins á Þingvöllum, auk þess sem hluti af starfsemi Umhverfisstofnunar fellur undir málaflokkinn.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Veittir verða styrkir til uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum í samræmi við landsáætlun um innviði til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 1 |
| Aukið verður við landvörslu til að bæta þjónustu á náttúruverndarsvæðum með aukinni fræðslu og stýringu ferðamanna. | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 1 |
| Koma á reglubundnu mati á ástandi skilgreindra áfangastaða innan náttúruverndarsvæða. | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarður, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | 1 |
| Umfang nýskógræktar, uppgræðslu og endurheimtar vistkerfa verður aukið. | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Landgræðslan, Skógræktin | 2 |

### Fjárheimildir

| 17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.511,0 | 3.675,7 | 3.677,7 | 0,1 | 4,7 |
| Rekstrartilfærslur | 1.054,4 | 1.253,3 | 1.409,1 | 12,4 | 33,6 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 1.060,2 | 483,0 | 444,2 | -8,0 | -58,1 |
| **Heildarútgjöld** | **5.625,6** | **5.412,0** | **5.531,0** | **2,2** | **-1,7** |
| Rekstrartekjur | - | 1.638,8 | 1.451,2 | -11,4 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 3.773,2 | 4.079,8 | 8,1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **5.412,0** | **5.531,0** | **2,2** | - |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 5.531,0 m.kr. og lækkar um 29,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en

þær nema 148,1 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins, að frátöldum breytingum á rekstrarframlögum í tengslum við áætlun um sértekjur ríkisaðila að fjárhæð 242,3 m.kr. til lækkunar, eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 220 m.kr. til Landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, sbr. markmið nr. 1.
b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 113 m.kr. vegna aukinnar endurheimtar landgæða, svo sem skógræktar, landgræðslu og votlendis, sbr. markmið nr. 2.
c. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 270 m.kr. vegna aukinnar landvörslu, sbr. markmið nr. 1.
d. Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið um 50 m.kr. vegna framkvæmda við þjóðgarðsmiðstöð á Kirkjubæjarklaustri.
e. Niðurfelld tímabundin 200 m.kr. fjárheimild vegna framkvæmda á Hakinu á Þingvöllum.
f. Niðurfelld tímabundin 76 m.kr. fjárheimild til fjögurra ára vegna ráðstöfunar eignarnámsbóta fyrir hluta af jörðinni Straumi í Hafnarfirði.
g. Hagræðingarkrafa á málaflokkinn nemur 13,8 m.kr.

### 17.2 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn og Veðurstofu Íslands.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Móta áætlun um rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga m.a. á grundvelli tillagna Veðurstofu Íslands. | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Veðurstofa Íslands | 2 |
| Framkvæmd vöktunaráætlunar fyrir náttúruverndarsvæði sem eru undir álagi af völdum ferðamanna. | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Náttúrufræðistofnun Íslands | 2, 1 í 17.1 |
| Hrinda í framkvæmd langtímaáætlun um eflingu vöktunarkerfa vegna náttúruvár. | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Veðurstofa Íslands | 1 |

**Fjárheimildir**

| 17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.185,2 | 3.210,2 | 3.230,2 | 0,6 | 1,4 |
| Rekstrartilfærslur | 203,5 | 182,7 | 186,2 | 1,9 | -8,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 74,0 | 76,4 | 3,2 | - |
| **Heildarútgjöld** | **3.388,7** | **3.466,9** | **3.492,8** | **0,7** | **3,1** |
| Rekstrartekjur | - | 1.616,4 | 1.565,0 | -3,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.850,5 | 1.927,8 | 4,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **3.466,9** | **3.492,8** | **0,7** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 3.492,8 m.kr. og lækkar um 82,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 108,4 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins að frátöldum breytingum á rekstrarframlögum í tengslum við áætlun um sértekjur ríkisaðila að fjárhæð 100,4 m.kr. til lækkunar eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 31 m.kr. í tengslum við rannsóknir og vöktun vegna áhrifa loftslagsbreytinga, sbr. markmið nr. 2.
b. Hagræðingarkrafa á málaflokkinn nemur 13,1 m.kr.

## 17.3 Meðhöndlun úrgangs

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er m.a. í höndum Endurvinnslunnar hf. og Úrvinnslusjóðs.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Framkvæmd aðgerða á grundvelli „Almennrar stefnu um meðhöndlun úrgangs 2019–2030“ sem verður gefin út á árinu 2019. | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 1 |
| Framkvæmd aðgerðaáætlunar um plast. | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 1 |
| Framkvæmd úrgangsforvarnastefnunnar Saman gegn sóun 2016–2027. | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Umhverfisstofnun | 1 |

## Fjárheimildir

| 17.30 Meðhöndlun úrgangs | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.975,7 | 1.947,8 | 2.045,8 | 5,0 | 3,5 |
| Rekstrartilfærslur | 2.655,2 | 2.930,0 | 3.560,0 | 21,5 | 34,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 1,2 | 1,2 | 0,0 | - |
| **Heildarútgjöld** | **4.630,9** | **4.879,0** | **5.607,0** | **14,9** | **21,1** |
| Rekstrartekjur | - | 69,0 | 69,0 | 0,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 4.810,0 | 5.538,0 | 15,1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **4.879,0** | **5.607,0** | **14,9** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 5.607,0 m.kr. og hækkar um 728,0 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 0,0 m.kr. Fjárheimild er aukin í málaflokki 17.5 sem tengist aðgerðum málaflokks 17.3 og markmiði 1 um að auka endurvinnslu heimilisúrgangs. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild vegna Endurvinnslunnar hf. er aukin um 630 m.kr. vegna áætlunar um aukningu í innheimtu á skila- og umsýslugjaldi frá fyrra ári.
b. Fjárheimild vegna Úrvinnslusjóðs er aukin um 98 m.kr. vegna áætlunar um aukningu í innheimtu á úrvinnslugjaldi frá fyrra ári.

### 17.4 Varnir gegn náttúruvá

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Helstu verkefni sem falla undir málaflokkinn eru gerð hættumats vegna ofanflóða, frumathugun, mat á umhverfisáhrifum og hönnun varnarmannvirkja og uppbygging og viðhald varnarmannvirkja. Einnig fellur tímabundið undir málaflokkinn gerð hættumats vegna eldgosa og vatns- og sjávarflóða. Einn ríkisaðili, Ofanflóðasjóður, tilheyrir málaflokknum.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Halda áfram vinnu við framkvæmdir undir Urðarbotnum í Neskaupstað.<br>Stefnt er að því að ljúka framkvæmdum 2021. | Ofanflóðasjóður | 1 |
| Halda áfram vinnu við framkvæmd 2, skv. gildandi fjármálaáætlun.<br>Um er að ræða framkvæmdir við varnir við Urðir, Hóla og Mýrar á Patreksfirði.<br>Stefnt er að því að ljúka framkvæmdum 2023. | Ofanflóðasjóður | 1 |

## Fjárheimildir

| 17.40 Varnir vegna náttúruvá | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 20,0 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | 1.439,3 | 1.067,3 | 1.061,4 | -0,6 | -26,3 |
| Fjárfestingarframlög | 132,8 | 14,8 | 14,7 | -0,7 | -88,9 |
| **Heildarútgjöld** | **1.592,1** | **1.082,1** | **1.076,1** | **-0,6** | **-32,4** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.082,1 | 1.076,1 | -0,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **1.082,1** | **1.076,1** | **-0,6** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 1.076,1 m.kr. og lækkar um 6,0 m.kr. vegna hagræðingarkröfu á málaflokkinn frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 0 m.kr.

### 17.5 Stjórnsýsla umhverfismála

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Skipulagsstofnunar, Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, Umhverfisstofnunar og úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Unninn verði vegvísir að kolefnishlutleysi Íslands 2040. | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 1 |
| Gerð og innleiðing áætlunar um samdrátt í losun frá landi og aukna kolefnisbindingu. | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 1, tengist einnig markmiði 2 í 17.1 |
| Úthlutun styrkja úr nýstofnuðum loftslagssjóði. | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 1 |
| Sértækar aðgerðir af hálfu stjórnvalda til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 1 |
| Samstarf við bændur um loftslagsvænni landbúnað. | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 1 |
| Átak í friðlýsingum. | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Umhverfisstofnun | 2 |
| Stofnun og uppbygging miðhálendisþjóðgarðs. | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 2 |
| Greining á ávinningi friðlýstra svæða fyrir nærsamfélög og samstarfs við landeigendur í náttúruvernd. | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 2 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Innleiðing skráningarskyldu í stað starfsleyfisútgáfu vegna starfsemi á grundvelli hollustuhátta og mengunarvarna. | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Umhverfisstofnun | 3 |
| Innleiðing rafrænna þjónustuleiða vegna leyfisveitinga. | Umhverfisstofnun | 3 |
| Innleiðing stafræns skipulags. | Skipulagsstofnun | 3 |
| Framkvæmd aðgerðaáætlunar í kjölfar 2. landskýrslu Íslands um innleiðingu Árósasamningsins. | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 3 |
| Strandsvæðaskipulag fyrir Austfirði og Vestfirði. | Skipulagsstofnun | 3 |
| Endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 3 |

## Fjárheimildir

| 17.50 Stjórnsýsla umhverfismála | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.245,1 | 3.348,1 | 4.103,8 | 22,6 | 26,5 |
| Rekstrartilfærslur | 442,4 | 787,3 | 602,0 | -23,5 | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 40,5 | 41,8 | 3,2 | - |
| **Heildarútgjöld** | **3.687,5** | **4.175,9** | **4.747,6** | **13,7** | **28,7** |
| Rekstrartekjur | - | 378,1 | 477,9 | 26,4 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 3.797,8 | 4.269,7 | 12,4 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **4.175,9** | **4.747,6** | **13,7** | - |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 4.747,6 m.kr. og hækkar um 432,0 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 139,7 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins að frátöldum breytingum á rekstrarframlögum í tengslum við áætlun um sértekjur ríkisaðila eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 211 m.kr. vegna sértækra aðgerða að frumkvæði stjórnvalda til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, sbr. markmið nr. 1.
b. Fjárheimild málaflokks aukin um 20 m.kr. vegna loftslagssjóðs, sbr. markmið nr. 1.
c. Fjárheimild málaflokks aukin um 95 m.kr., sbr. markmið nr. 2 í málaflokki 17.1.
d. Fjárheimild málaflokks er aukin um 50 m.kr. í tengslum við fyrirhugaðan miðhálendisþjóðgarð sbr. markmið nr. 2.
e. Fjárheimild málaflokks er aukin um 100 m.kr. í tengslum við áherslur um hringrásarhagkerfið sbr. markmið nr. 1.
f. Niðurfelld tímabundin 50 m.kr. fjárheimild í tengslum við rammaáætlun.
g. Niðurfelld tímabundin 180 m.kr. fjárheimild til eins árs í tengslum við uppgræðslu með seyru á Hólasandi.
h. Niðurfelld tímabundin 10 m.kr. fjárheimild til eins árs vegna rannsóknastöðvar á Rifi.
i. Hagræðingarkrafa málaflokksins nemur 84 m.kr.

# 18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð ráðherra mennta- og menningarmála. Það skiptist í fjóra málaflokka, en þeir eru: *Safnamál, Menningarstofnanir, Menningarsjóðir* og *Íþrótta- og æskulýðsmál*. Framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **18.10 Safnamál** | **4.379,5** | **4.451,0** | **4.632,5** | **4,1** | **5,8** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 4.379,5 | 4.451,0 | 4.632,5 | 4,1 | 5,8 |
| **18.20 Menningarstofnanir** | **5.174,8** | **5.325,1** | **5.404,9** | **1,5** | **4,4** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 5.174,8 | 5.325,1 | 5.404,9 | 1,5 | 4,4 |
| **18.30 Menningarsjóðir** | **3.573,8** | **4.492,8** | **4.843,7** | **7,8** | **35,5** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 3.573,8 | 4.492,8 | 4.843,7 | 7,8 | 35,5 |
| **18.40 Íþrótta- og æskulýðsmál** | **1.111,6** | **1.252,2** | **1.241,0** | **-0,9** | **11,6** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 1.111,6 | 1.252,2 | 1.241,0 | -0,9 | 11,6 |
| **Samtals** | **14.239,7** | **15.521,1** | **16.122,1** | **3,9** | **13,2** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

ÁFRAM ÍSLENSKA

**Menningarstefna til ársins 2030**

**Stafræn framtíð**

**Bókasafnssjóður höfunda 62% aukning**

### Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** menningar, lista, íþrótta- og æskulýðsmála árið 2020 eru áætluð 16.122,1 m.kr. og aukast um 233,9 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019, eða sem svarar til 1,5%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa vegna almennra launa- og verðlagsbreytinga hækka útgjöldin um 601 m.kr. milli ára eða sem svarar til 3,9%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum falla til á árinu 2020 en þær nema alls 103,6 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög til ýmissa verkefna, alls 92,0 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 11,6 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um -258,5 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun. Ráðuneytið nýtti 51,2 m.kr. af útgjaldasvigrúmi til að lækka aðhaldskröfu sem var 309,7 m.kr. í forsendum rammans.
d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 480,8 m.kr, eftir að útgjaldasvigrúmið var lækkað um 51,2 m.kr. aðhaldskröfu sem gerð er til málefnasviðsins.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020 sem eru áætlaðar 367,1 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 16.122,1 m.kr. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun til málefnasviðs *18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál* breytast milli ára sem hér segir:

| 18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 8.639,6 | 8.753,4 | 8.946,3 | 2,2 | 3,5 |
| Rekstrartilfærslur | 4.926,0 | 5.913,0 | 6.339,8 | 7,2 | 28,7 |
| Fjármagnstilfærslur | 647,1 | 588,6 | 564,1 | -4,2 | -12,8 |
| Fjárfestingarframlög | 27,0 | 266,1 | 271,9 | 2,2 | 907,0 |
| **Heildarútgjöld** | **14.239,7** | **15.521,1** | **16.122,1** | **3,9** | **13,2** |
| Rekstrartekjur | - | 1.609,2 | 1.621,9 | 0,8 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 13.911,9 | 14.500,2 | 4,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **15.521,1** | **16.122,1** | **3,9** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 8.946,3 m.kr. og hækka um 192,9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist m.a. af því að veittar eru 45 m.kr. til eflingar höfuðsafnanna þriggja til að fylgja betur eftir stefnu ríkisstjórnarinnar. Á móti er 143,3 m.kr. lækkun til að fylgja eftir aðhaldsmarkmiði ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum auk 37,1 m.kr. lækkunar vegna leiðréttingar á rekstrarumfangi sem fjármagnað er með sértekjum.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 426,8 m.kr. og verða 6.339,8 m.kr. en eru 5.913 m.kr. í fjárlögum ársins 2019. Breytingin skýrist einkum af 100 m.kr. hækkun framlags til Safnasjóðs og 150 m.kr. framlagi til Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna sem veitt verða á Íslandi árið 2020. Á móti er 82 m.kr. lækkun vegna niðurfellinga.
c. **Fjármagnstilfærslur** eru áætlaðar 564,1 m.kr. og er það 24,5 m.kr. lækkun milli ára. Þar vega þyngst lækkun framlaga um 12,1 m.kr. til að mæta aðhaldsmarkmiði ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum og 10 m.kr. lækkun vegna niðurfellinga.
d. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 271,9 m.kr. og er það 5,8 m.kr. hækkun milli ára sem skýristaf aðhaldsmarkmiði ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum um 1,5 m.kr. og 1,7 m.kr. leiðréttingu á rekstrarumfangi sem fjármagnað er með sértekjum auk launa- og verðlagsbreytinga.

**18.1 Safnamál**

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum safna á vegum ríkisins, sveitarfélaga, sjálfseignarstofnana og annarra aðila. Á vegum ríkisins eru rekin tíu söfn og 46 söfn í eigu annarra aðila sem njóta viðurkenningar samkvæmt ákvæðum safnalaga. Undir málaflokkinn heyra einnig málefni almenningsbókasafna, héraðsskjalasafna og annarra safna

sem ekki falla undir safnalög og loks málefni sem tengjast fjárhagslegum stuðningi við starfsemi safna á öllum sviðum, m.a. í gegnum samninga og úthlutanir úr lögbundnum sjóðum. Helstu stofnanir eru: Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Listasafn Einars Jónssonar, Listasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands, Hljóðbókasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Gljúfrasteinn – Hús skáldsins.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| **Vísindasafn fyrir börn og ungmenni.** Starfshópur stofnaður og unnið að útfærslu. | MRN | 1 |
| **Styrkja starfsemi höfuðsafna**. Unnið að uppbyggingu Náttúruminjasafns Íslands til framtíðar. | MRN og höfuðsöfn | 1, 2 og 3 |
| **Samstarf safna.** Stuðla að auknu samstarfi safna og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar. | MRN og viðeigandi söfn | 1 |
| **Stafræn varðveisla og endurgerð**. A) Stafræn lýsigögn um safneign skráð í auknum mæli í gagnagrunna. B) Skanna menningarsögulegt efni á stafrænt form. | MRN og söfn | 1 og 3 |
| **Bætt aðstaða**. Greina stöðu og þarfir safna fyrir húsnæði og búnað og gera áætlun um uppbyggingu. | MRN og söfn | 2 |
| **Hraun í Öxnadal:** Hugað verði að frekari framgangi þingsályktunar um uppbyggingu að Hrauni í Öxnadal til að heiðra minningu þjóðskáldsins Jónasar Hallgrímssonar. | MRN, UAR | 1 |
| **Menningarstefna**. Vinna að menningarstefnu. | MRN | Málaflokkar 18.1-18.3 |

## Fjárheimildir

| 18.10 Safnamál | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.836,8 | 3.768,0 | 3.873,8 | 2,8 | 1,0 |
| Rekstrartilfærslur | 298,5 | 305,8 | 385,3 | 26,0 | 29,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 244,2 | 256,6 | 251,5 | -2,0 | 3,0 |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 120,6 | 121,9 | 1,1 | - |
| **Heildarútgjöld** | **4.379,5** | **4.451,0** | **4.632,5** | **4,1** | **5,8** |
| Rekstrartekjur | - | 612,5 | 624,3 | 1,9 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 3.838,5 | 4.008,2 | 4,4 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **4.451,0** | **4.632,5** | **4,1** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 4.632,5 m.kr. og hækkar um 43,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 138 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild Safnasjóðs hækkar um 100 m.kr. til eflingar sjóðsins, sbr. markmið nr. 1–3, aðgerðir nr. 3 og 4.

b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 45 m.kr. til eflingar höfuðsafnanna þriggja sem er liður í stefnu ríkisstjórnarinnar, sem skiptist jafnt milli Þjóðminjasafns Íslands; Listasafns Íslands og Náttúruminjasafns Íslands, sbr. markmið nr. 1–3, aðgerðir nr. 2–4.
c. Fjárheimild málaflokksins hækkar um alls 22,6 m.kr. vegna breytinga á forgangsröðun innan málefnasviðsins.
d. Niður falla 27,5 m.kr. vegna tímabundinna verkefna.
e. Til að mæta aðhaldsmarkmiði um 2% lækkun á útgjaldaramma er fjárheimild málaflokksins lækkuð um 89 m.kr.
f. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 7,6 m.kr. í samræmi við leiðréttingu á rekstrarumfangi sem fjármagnað er með sértekjum.
g. Áætlaðar launa- og verðlagsbætur eru 138 m.kr.

## 18.2 Menningarstofnanir

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum ríkisins sem rekur eða er í samvinnu við aðra um rekstur menningarstofnana, og veitir fjárhagslegan stuðning. Stofnanirnar skapa m.a. undirstöðu fyrir aðra menningar- og listastarfsemi í landinu á viðkomandi sviði og þjóna landsmönnum öllum auk þess að sinna stjórnsýslu á sínu sviði. Helstu menningarstofnanir eru: Minjastofnun Íslands, Íslenski dansflokkurinn, Þjóðleikhúsið, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Kvikmyndamiðstöð Íslands.

| **Helstu verkefni 2020** | **Framkvæmdaraðili** | **Tengist markmiði** |
|---|---|---|
| **Hagvísar fyrir menningu og listir.** A) Endurskoða og samræma tölfræði um menningarstarfsemi. B) Afla upplýsinga um menningarþátttöku landsmanna. Tölfræðigögn liggi fyrir 2021. | MRN og Hagstofa Íslands | 3 |
| **Bætt aðstaða**. Greina stöðu og þörf menningarstofnana fyrir húsnæði og búnað og gera áætlun um endurbætur. | MRN og stofnanir | 1 |
| **Verndun fornleifa**. Vinna að heildarstefnu um vernd menningarminja. | MRN og stofnanir | 1 |
| **Skráning friðaðra fornleifa.** Gera átak í skráningu og miðlun friðaðra menningarminja. | MRN og Minjastofnun | 1 og 2 |
| **Skráning friðlýstra minja.** Gera átak í skráningu friðlýstra minja og miðlun þeirra í kortavefsjá. | Minjastofnun | 1 og 2 |
| **Menningarstefna.** Vinna að nýrri stefnu. | MRN | Málaflokkar 18.1–18.3 |

## Fjárheimildir

| 18.20 Menningarstofnanir | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 4.621,0 | 4.884,0 | 4.969,7 | 1,8 | 7,5 |
| Rekstrartilfærslur | 545,2 | 308,0 | 299,4 | -2,8 | -45,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 5,1 | 5,0 | -2,0 | - |
| Fjárfestingarframlög | 8,6 | 128,0 | 130,8 | 2,2 | 1.421 |
| **Heildarútgjöld** | **5.174,8** | **5.325,1** | **5.404,9** | **1,5** | **4,4** |
| Rekstrartekjur | - | 936,9 | 936,1 | -0,1 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 4.388,2 | 4.468,8 | 1,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **5.325,1** | **5.404,9** | **1,5** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 5.404,9 m.kr. og lækkar um 87,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 167,4 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um alls 23,7 m.kr. vegna breytinga á forgangsröðun innan málefnasviðsins.
b. Niður falla alls 11 m.kr. vegna tímabundinna verkefna.
c. Til að mæta aðhaldsmarkmiði um 2% lækkun á útgjaldaramma er fjárheimild málaflokksins lækkuð um 70,8 m.kr.
d. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 29,5 m.kr. í samræmi við leiðréttingu á rekstrarumfangi sem fjármagnað er með sértekjum.
e. Áætlaðar launa- og verðlagsbætur eru 167,4 m.kr.

### 18.3 Menningarsjóðir

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Hlutverk stjórnvalda er að skapa skilyrði fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviði lista- og menningarstarfs. Til að stuðla að þessu úthlutar ríkið fjárveitingum í gegnum lögbundna sjóði eða á grundvelli auglýsinga, þ.e. öðrum fjárveitingum en þeim sem renna til ríkisstofnana eða eru bundnar í samningum við einkaaðila vegna stuðnings við ákveðin verkefni á sviði menningar og lista. Sjóðunum er ætlað að stuðla að faglegri og sjálfstæðri lista- og menningarstarfsemi og samfellu í henni. Úthlutun styrkja byggist á opnu umsóknarferli og tillögum faglegra úthlutunarnefnda á grundvelli jafningjamats. Tilgangur með starfslaunum til listamanna er að efla listsköpun og stuðla að fjölbreyttri og öflugri menningar- og listastarfsemi í landinu, sbr. ákvæði laga þar að lútandi.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| **Efla íslenska tungu.** Unnið eftir aðgerðaáætlun á grundvelli þingsályktunartillögu. Meðal helstu verkefna:<br>A) Vitundarvakning um mikilvægi íslenskunnar og sett viðmið um notkun hennar á flestum sviðum.<br>B) Efling læsis. Aðgerðir sem hvetja til sumarlesturs barna, eflingu lesskilnings ungmenna, fræðslu til uppalenda um máltöku og málþroska í bernsku og stutt við fræðslu um áskoranir lesblindra og þeirra sem glíma við námsörðugleika.<br>C) Endurskoðun íslenskrar málstefnu.<br>D) Unnið að málstefnu um íslenskt táknmál.<br>E) Máltækni – stafræn framtíð íslenskunnar. Verkefni samkvæmt Máltækniáætlun 2018-2022.<br>F) Stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök hvött til að setja sér málstefnu.<br>G) Greining á stöðu nemenda með annað móðurmál en íslensku og mörkun stefnu um úrbætur í málefnum þeirra.<br>H) Tillögur um eflingu íslenskunnar í menntakerfinu, s.s. um fjölgun kennslustunda í grunnskóla, aukna áherslu á íslenskukennslu í kennaranámi og símenntun kennara.<br>I) Tillögur til eflingar starfsemi skólabókasafna.<br>J) Stuðlað verði að opnu aðgengi almennings að upplýsingaveitum. | MRN og samstarfsaðilar | 1 |
| **Menningarhús**. Bygging menningarhúsa á Fljótsdalshéraði og í Skagafirði. | MRN og samstarfsaðilar | 2 |
| **Kvikmyndastefna.** A) Mótun kvikmyndastefnu. B) Endurskoða reglur um úthlutanir úr Kvikmyndasjóði. | MRN | 1 og 2 |
| **Bókmenningarstefna**. Fylgja eftir stefnu og forgangsraða aðgerðum. | MRN | 1 og 2 |
| **Barnamenning.** Fjölga grunnskólum sem bjóða upp á listviðburði gegnum verkefnið List fyrir alla. | MRN og stofnanir | 1 |
| **Sameina kynningarmiðstöðvar listgreina og aðra starfsemi** sem fellur undir kynningarmál. | MRN og samstarfsaðilar | 2 |
| **Sjálfstæð listastarfsemi.** Endurskoða skiptingu fjárveitinga í sjóða- og stuðningskerfi sjálfstæðrar listastarfsemi. | MRN | 2 |
| **Menningarstefna.** Vinna að nýrri stefnu. | MRN | Málaflokkar 18.1, 18.2 og 18.3 |
| **Bókasafnssjóður höfunda:** Framlög til sjóðsins hækka. | MRN | 1,2 |
| **Skapandi greinar:** Aðgerðaáætlun unnin um eflingu skapandi greina. | MRN, UTR og ANR | 1,2 |

## Fjárheimildir

| 18.30 Menningarsjóðir | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 157,0 | 56,5 | 56,3 | -0,4 | -64,1 |
| Rekstrartilfærslur | 3.019,3 | 4.121,2 | 4.470,6 | 8,5 | 48,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 379,1 | 297,6 | 297,6 | 0,0 | -21,5 |
| Fjárfestingarframlög | 18,4 | 17,5 | 19,2 | 9,7 | 4,3 |
| **Heildarútgjöld** | **3.573,8** | **4.492,8** | **4.843,7** | **7,8** | **35,5** |
| Rekstrartekjur | - | 59,8 | 61,5 | 2,8 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 4.433,0 | 4.782,2 | 7,9 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **4.492,8** | **4.843,7** | **7,8** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 4.843,7 m.kr. og hækkar um 300,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 50,3 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Veitt er 150 m.kr. framlag til Evrópsku kvikmyndahátíðarinnar sem ráðgert er að verði haldin á Íslandi í árslok 2020.
b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 139 m.kr. vegna aðgerðaráætlunar um máltækni, sbr. markmið nr. 1, aðgerð nr. 1.
c. Veitt er alls 128,7 m.kr. til að styrkja starfslauna- og verkefnasjóði listamanna.
d. Niður falla alls 43,5 m.kr. vegna tímabundinna verkefna.
e. Til að mæta aðhaldsmarkmiði um 2% lækkun á útgjaldaramma er fjárheimild málaflokksins lækkuð um 73,7 m.kr.
f. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 1,7 m.kr. í samræmi við leiðréttingu á rekstrarumfangi sem fjármagnað er með sértekjum.
g. Framlag í varasjóð málaflokksins er lækkað um 1,5 m.kr.
h. Áætlaðar launa- og verðlagsbætur eru 50,3 m.kr.

## 18.4 Íþrótta- og æskulýðsmál

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er að mestu leyti í höndum frjálsra félaga og félagasamtaka sem og sveitarfélaga, í samstarfi við ríkið, enda byggist hún að stórum hluta á sjálfboðastarfi og eigin fjármögnun. Samningar eru gerðir um framlög til helstu heildarsamtaka.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| **Þjóðarleikvangur.** A) Vinna að uppbyggingu þjóðarleikvangs í Laugardal. B) Vinna starfshóps um þjóðarleikvanga annarra íþróttagreina. | MRN, FJR, Reykjavíkurborg og íþróttahreyfingin | 1 og 2 |
| **Rafræn sakaskrá.** Útfæra rafræna sakaskrá fyrir íþrótta- og æskulýðsstarf. | MRN, DMR, Ríkislögreglustjóri og íþrótta- og æskulýðssamtök | 1 |
| **Börn með annað móðurmál en íslensku**. A) Fylgjast með þátttöku þeirra í íþrótta- og æskulýðsstarfi. B) Setja áherslur í samninga við íþróttahreyfinguna og sjóði. | MRN, sveitarfélög og íþrótta- og æskulýðssamtök | 1 |
| **Íþróttastefna**. Fylgja eftir stefnu og forgangsraða aðgerðum m.a.: **Samskiptaráðgjafi.** Framkvæmd nýrra laga um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs. **#églíka-byltingin:** Aðgerðir í samræmi við tillögur starfshóps. | MRN og samstarfsaðilar | 1 og 2 |

## Fjárheimildir

| 18.40 Íþrótta- og æskulýðsmál | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 24,8 | 44,9 | 46,5 | 3,6 | 87,5 |
| Rekstrartilfærslur | 1.063,0 | 1.178,0 | 1.184,5 | 0,6 | 11,4 |
| Fjármagnstilfærslur | 23,8 | 29,3 | 10,0 | -65,9 | -58,0 |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **1.111,6** | **1.252,2** | **1.241,0** | **-0,9** | **11,6** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.252,2 | 1.241,0 | -0,9 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **1.252,2** | **1.241,0** | **-0,9** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 1.241 m.kr. og lækkar um 22,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 11,4 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um alls 12,4 m.kr. vegna breytinga á forgangsröðun innan málefnasviðsins.
b. Niður falla alls 10,0 m.kr. vegna tímabundins verkefnis.
c. Til að mæta aðhaldsmarkmiði um 2% lækkun á útgjaldaramma er fjárheimild málaflokksins lækkuð um 25 m.kr.
d. Áætlaðar launa- og verðlagsbætur eru 11,4 m.kr.

# 19 Fjölmiðlun

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð ráðherra mennta- og menningarmála. Undir málefnasviðinu er einn málaflokkur, *Fjölmiðlun*. Framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins á tímabilinu 2018–2020.

| 19 Fjölmiðlun | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **19.10 Fjölmiðlun** | **4.390,7** | **4.711,0** | **5.314,6** | **12,8** | **21,0** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 4.390,7 | 4.711,0 | 5.314,6 | 12,8 | 21,0 |
| **Samtals** | **4.390,7** | **4.711,0** | **5.314,6** | **12,8** | **21,0** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

BÆTA STARFS-UMHVERFI FJÖLMIÐLA

**Fjölmiðlafrumvarp: 25% endurgreiðsla ritstjórnarkostnaðar**

**Þjónustusamningur við RÚV endurnýjaður**

### Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins.




**Heildargjöld** málefnasviðs fjölmiðlun árið 2020 eru áætluð 5.314,6 m.kr. og aukast um 588,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019 eða sem svarar til 12,5%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 603,6 m.kr. milli ára eða sem svarar til 12,8 %. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 nema alls 190,0 m.kr. til hækkunar.
b. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 1,3 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
c. Gert er ráð fyrir 400 m.kr. útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins til stuðnings við einkarekna fjölmiðla.
d. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2019, sem eru áætlaðar 14,9 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 5.314,6 m.kr. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðs *19 Fjölmiðlun* breytast milli ára sem hér segir:

| 19 Fjölmiðlun | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 4.390,7 | 4.710,7 | 5.314,3 | 12,8 | 21,0 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,3 | 0,3 | 0,0 | - |
| **Heildarútgjöld** | **4.390,7** | **4.711,0** | **5.314,6** | **12,8** | **21,0** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 4.711,0 | 5.314,6 | 12,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **4.711,0** | **5.314,6** | **12,8** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins falla að stærstum hluta í flokkinn rekstrarframlög en þar er einkum um að ræða beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignarstofnunum og einkaaðilum. Rekstrarframlögin eru áætluð 5.314,3 m.kr. og hækka um 603,6 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Breytinguna má annars vegar rekja til 400 m.kr. framlags til stuðnings við rekstur einkarekinna fjölmiðla og hins vegar 190 m.kr. hækkunar til Ríkisútvarpsins í samræmi við tekjuáætlun um innheimtar tekjur af útvarpsgjaldi.

**19.1 Fjölmiðlun**

Markmiði málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum Fjölmiðlanefndar og Ríkisútvarpsins ohf. Aðkoma ríkisins að málum tengdum fjölmiðlum markast annars vegar af lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 og hins vegar af lögum um Ríkisútvarpið nr. 23/2013.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| **Styrkir.** Veita einkareknum fjölmiðlum styrki. | Fjölmiðlanefnd | 1 |

## Fjárheimildir

| 19.10 Fjölmiðlun | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 4.390,7 | 4.710,7 | 5.314,3 | 12,8 | 21,0 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,3 | 0,3 | 0,0 | - |
| **Heildarútgjöld** | **4.390,7** | **4.711,0** | **5.314,6** | **12,8** | **21,0** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 4.711,0 | 5.314,6 | 12,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **4.711,0** | **5.314,6** | **12,8** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2019 er áætluð 5.314,6 m.kr. og hækkar um 588,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 14,9 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 400 m.kr. til stuðnings við rekstur einkarekinna fjölmiðla, þar af eiga 50 m.kr. að renna til textunar og talsetningar, sbr. markmið nr. 1.
b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um alls 190 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun um innheimtar tekjur af útvarpsgjaldi.
c. Til að mæta aðhaldsmarkmiði um 2% lækkun á útgjaldaramma er fjárheimild málaflokksins lækkuð um 1,3 m.kr.
d. Áætlaðar launa- og verðlagsbætur eru 14,9 m.kr.

# 20 Framhaldsskólastig

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð ráðherra mennta- og menningarmála. Það skiptist í fjóra málaflokka, en þeir eru: *Framhaldsskólar, Tónlistarfræðsla, Vinnustaðanám og styrkir* og *Jöfnun námskostnaðar*. Framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 20 Framhaldsskólastig | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **20.10 Framhaldsskólar** | **29.836,1** | **33.770,4** | **34.928,1** | **3,4** | **17,1** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 29.836,1 | 33.770,4 | 34.928,1 | 3,4 | 17,1 |
| **20.20 Tónlistarfræðsla** | **545,3** | **556,5** | **572,2** | **2,8** | **4,9** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 545,3 | 556,5 | 572,2 | 2,8 | 4,9 |
| **20.30 Vinnustaðanám og styrkir** | **200,5** | **242,6** | **242,6** | **0,0** | **21,0** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 200,5 | 242,6 | 242,6 | 0,0 | 21,0 |
| **20.40 Jöfnun námskostnaðar** | **513,3** | **571,2** | **589,5** | **3,2** | **14,8** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 513,3 | 571,2 | 589,5 | 3,2 | 14,8 |
| **Samtals** | **31.095,2** | **35.140,7** | **36.332,4** | **3,4** | **16,8** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**MENNTA-STEFNA 2030**

**Starfsnám eflt**

**Vellíðan og árangur**

**Stafrænar smiðjur til að efla skapandi hugsun**

### Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** framhaldsskólastigsins árið 2020 eru áætluð 36.332,4 m.kr. og lækka um 76 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019 eða sem svarar til 0,2%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.191,7 m.kr. milli ára eða sem svarar til 3,4%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 2,3 m.kr. til lækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög til ýmissa verkefna, alls 90 m.kr. Nettólækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 92,3 m.kr.
c. Aðhaldskrafan til málefnasviðsins var 233,3 m.kr. Ráðuneytið ákvað að nýta 233,3 m.kr. af 249,6 m.kr. útgjaldasvigrúmi til nýrra verkefna til að mæta aðhaldskröfunni fremur en að stofna til nýrra útgjalda.
d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 16,3 m.kr. eftir að útgjaldasvigrúmið hefur verið lækkað um 233,3 m.kr. aðhaldskröfu sem gerð er til málefnasviðsins.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 1.267,7 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 36.332,4 m.kr. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðs *20 Framhaldsskólastig* breytast milli ára sem hér segir:

| 20 Framhaldsskólastig | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 28.080,1 | 32.358,4 | 33.494,2 | 3,5 | 19,3 |
| Rekstrartilfærslur | 2.986,6 | 2.090,6 | 2.134,3 | 2,1 | -28,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 20,0 | 186,4 | 186,4 | 0,0 | 832,0 |
| Fjárfestingarframlög | 8,5 | 505,3 | 517,5 | 2,4 | 5.988,2 |
| **Heildarútgjöld** | **31.095,2** | **35.140,7** | **36.332,4** | **3,4** | **16,8** |
| Rekstrartekjur | - | 1.301,7 | 1.341,0 | 3,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 33.839,0 | 34.991,4 | 3,4 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **35.140,7** | **36.332,4** | **3,4** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 32.494,2 m.kr. og hækka um 1.135,8 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um 75 m.kr. niðurfellingu framlags sem veitt var tímabundið í fjárlögum 2019 vegna breytts forgangs milli málefnasviða frá forsendum fjármálaáætlunar og 22,7 m.kr. lækkun framlags til safnliðar framhaldsskóla vegna tilfærslu verkefna til framhaldsskóla.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 43,7 m.kr. og verða 2.134,3 m.kr. en eru 2.090,6 m.kr. í fjárlögum ársins 2019. Breytingin skýrist af 15 m.kr. niðurfellingu tímabundins framlags í fjárlögum 2019.
c. **Fjármagnstilfærslur** eru áætlaðar 186,4 m.kr. og eru óbreyttar frá fyrra ári.
d. **Fjárfestingarframlög** hækka um 12,2 m.kr. eru áætluð 517,5 m.kr. en eru 505,3 m.kr. í fjárlögum ársins 2019.

**20.1 Framhaldsskólar**

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum opinberra framhaldsskóla og annarra framhaldsskóla, bæði skóla sem hlotið hafa viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi og skóla sem ekki hafa hlotið viðurkenningu. Um 50 skólar bjóða nám á framhaldsskólastigi, þar af bjóða um 30 fjölbreytt heildstætt nám skv. aðalnámskrá framhaldsskóla. Undir málaflokkinn falla einnig starfsþróun kennara, námskrárgerð, innleiðing og eftirfylgni með aðalnámskrá.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| **Menntastefna 2030.** Birta heildarrit með markmiðum og aðgerðum. Stofna samstarfsráð um menntun sem mun vinna að framtíðarsýn og meginmarkmiðum. Stefnan er þvert á skólastig. | MRN | Málefnasvið 20 |
| **Starfsnám eflt:** Verk-, iðn- og starfsnám. Vinna áfram að þróun, prófun og innleiðingu rafrænna ferilbóka. | MRN | 1 |
| **Námsumhverfi starfsnámsnemenda.** A) Kortleggja námsumhverfi starfsnámsnemenda og meta styrkleika og veikleika. B) Skilgreina verkferla þannig að framhaldsskólar taki ábyrgð á starfsnámsnemendum frá upphafi náms til loka. | MRN | 1 |
| **Brotthvarf.** Kortleggja áfram brotthvarfshættu og innleiða reglubundnar mælingar. Áhersla lögð á karlkyns nemendur og nemendur með annað móðurmál en íslensku og á landsbyggðina. | MRN | 2 |
| **Námstími**. Meta endurskipulagningu námstíma til stúdentsprófs. | Menntamála-stofnun | 3 |
| **Reiknilíkan.** Þróa líkanið áfram og innleiða það. Fyrirhugað að endurskoðað líkan verði að fullu komið til framkvæmda árið 2021. | MRN | 1, 2 og 3 |
| **Lykiltölur.** Skilgreina áfram lykiltölur, safna og birta menntatölfræði. Lykiltölum er ætlað að gefa upplýsingar um starfsemi á framhaldsskólastigi, brotthvarf og vísbendingar um gæði náms. | MRN | 1, 2 og 3 |
| **Stafræn smiðja:** Unnið verður að tillögu um framkvæmd þingsályktunar um aðgengi að stafrænum smiðjum. | MRN, ANR, Nýsköpunarmiðstöð og hagsmunaaðilar | 1, 2 og 3 |
| **Bætt aðstaða**. A) Þarfagreining á húsnæðisaðstöðu Menntaskólans í Reykjavík lokið og unnið verði að útfærslu á henni. B) Bæta verknámsaðstöðu í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og Borgarholtsskóla. C) Bæta félagsrými fyrir nemendur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. | MRN | 1 og 2 |
| **Heimavist:** Starfshópur leggur mat á þörf á heimavist á höfuðborgarsvæðinu. | MRN | 1, 2 og 3 |

## Fjárheimildir

| 20.10 Framhaldsskólar | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 28.069,6 | 32.358,4 | 33.494,2 | 3,5 | 19,3 |
| Rekstrartilfærslur | 1.738,0 | 720,3 | 730,0 | 1,3 | -58,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 20,0 | 186,4 | 186,4 | 0,0 | 832,0 |
| Fjárfestingarframlög | 8,5 | 505,3 | 517,5 | 2,4 | - |
| **Heildarútgjöld** | **29.836,1** | **33.770,4** | **34.928,1** | **3,4** | **17,1** |
| Rekstrartekjur | - | 1.301,7 | 1.341,0 | 3,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 32.468,7 | 33.587,1 | 3,4 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **33.770,4** | **34.928,1** | **3,4** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 34.928,1 m.kr. og lækkar um 76 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.233,7 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Útgjaldasvigrúm málefnasviðsins er 249 m.kr. og aðhaldskrafa málefnasviðsins er 233,3 m.kr. Nettóútgjaldasvigrúm er því 16,3 m.kr. og er það ásamt því svigrúmi sem myndast við fækkun nemenda m.a. nýtt til að efla verk-, iðn og starfsnám. Þá eru gerðar millifærslur að fjárhæð 22,7 m.kr. vegna sérverkefna. Framlag til framhaldsskóla lækkar ekki milli ára þrátt fyrir að reiknuðum nemendum fækki um 304. Svigrúmið er m.a. nýtt til að efla verk-, iðn- og starfsnám. Útgjaldasvigrúm er hækkað um 39 m.kr. sem er annars vegar vegna tilfærslu á fjármagni frá safnlið til skólanna sem nemur 22,7 m.kr. vegna sérverkefna. Hins vegar 16,3 m.kr. útgjaldasvigrúm, eftirstöðvar þegar búið var að nýta útgjaldasvigrúm á móti aðhaldskröfu.
b. Framlag til málaflokksins hækkar um 2,3 m.kr. vegna leiðréttinga á rekstrarumfangi sem fjármagnað er með sértekjum.
c. Niður falla 90 m.kr. vegna tímabundinna framlaga.
d. Framlag í varasjóð málaflokksins hækkar um 110 m.kr.
e. Áætlaðar launa- og verðlagsbætur eru 1.233,7 m.kr.

### 20.2 Tónlistarfræðsla

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Um málaflokkinn gilda lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og taka þau til tónlistarskóla sem reknir eru af sveitarfélögum og annarra sem njóta styrks skv. lögunum. Ríki og sveitarfélög hafa gert samkomulag um fjárhagslegan stuðning ríkisins við tónlistarnám á vegum sveitarfélaga á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og mið- og framhaldsstigi í söng. Gildistími samkomulagsins er 1. janúar 2019 til 31. desember 2021. Í tengslum við samkomulagið hefur verið settur á laggirnar vinnuhópur sem hefur það hlutverk að vinna að framgangi samningsins.

Árið 2020 verður lagaumhverfi tónlistarskóla skoðað með tilliti útgáfu aðalnámskrár og hvort ástæða er að gera heildstæð lög um listkennslu.

## Fjárheimildir

| 20.20 Tónlistarfræðsla | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Rekstrartilfærslur | 545,3 | 556,5 | 572,2 | 2,8 | 4,9 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **545,3** | **556,5** | **572,2** | **2,8** | **4,9** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 556,5 | 572,2 | 2,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **556,5** | **572,2** | **2,8** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 572,2 m.kr. Ekki eru gerðar breytingar frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 15,7 m.kr.

### 20.3 Vinnustaðanám og styrkir

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Um málaflokkinn gilda lög um vinnustaðanámssjóð nr. 71/2012. Styrkir eru veittir til fyrirtækja og stofnana vegna vinnustaðanáms og starfsþjálfunar sem er skilgreindur hluti af starfsnámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Styrkjunum er ætlað að auðvelda nemendum að ljúka starfsnámi og koma til móts við kostnað fyrirtækja og stofnana af vinnustaðanámi. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að markmið og aðgerðir í málaflokki *20.1 Framhaldsskólar* eru að hluta til leiðandi fyrir úthlutun úr vinnustaðanámssjóði.

## Fjárheimildir

| 20.30 Vinnustaðanám og styrkir | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Rekstrartilfærslur | 200,5 | 242,6 | 242,6 | 0,0 | 21,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **200,5** | **242,6** | **242,6** | **0,0** | **21,0** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 242,6 | 242,6 | 0,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **242,6** | **242,6** | **0,0** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 242,6 m.kr. Ekki eru gerðar breytingar frá gildandi fjárlögum.

## 20.4 Jöfnun námskostnaðar

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Undir málaflokkinn falla lög um námsstyrki nr. 79/2003. Námsstyrkir eru veittir til að jafna fjárhagslegan aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum. Árið 2020 er ráðgert að undirbúa úttekt á framkvæmd laganna og hvernig þau þjóna hlutverki sínu.

## Fjárheimildir

| 20.40 Jöfnun námskostnaðar | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 10,5 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Rekstrartilfærslur | 502,8 | 571,2 | 589,5 | 3,2 | 17,2 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **513,3** | **571,2** | **589,5** | **3,2** | **14,8** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 571,2 | 589,5 | 3,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **571,2** | **589,5** | **3,2** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 589,5 m.kr. Ekki eru gerðar breytingar frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 18,3 m.kr.

# 21 Háskólastig

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð ráðherra mennta- og menningarmála. Það skiptist í tvo málaflokka: en þeir eru: *Háskólar og rannsóknarstarfsemi* og *Stuðningur við námsmenn.* Framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 21 Háskólastig | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi .............** | **35.956,6** | **38.629,6** | **41.014,3** | **6,2** | **14,1** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti ............. | 35.724,6 | 38.420,4 | 40.833,6 | 6,3 | 14,3 |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti ......... | 232,0 | 209,2 | 180,7 | -13,6 | -22,1 |
| **21.30 Stuðningur við námsmenn .........................** | **6.494,5** | **8.247,8** | **4.157,8** | **-49,6** | **-36,0** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti ............. | 6.494,5 | 8.247,8 | 4.157,8 | -49,6 | -36,0 |
| **Samtals ....................................................................** | **42.451,1** | **46.877,4** | **45.172,1** | **-3,6** | **6,4** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**MENNTA-STEFNA 2030**

**Auka nýliðun kennara og starfsumhverfi eflt**

**Stuðningssjóður íslenskra námsmanna**

**Hús íslenskunnar rís**

### Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

**Breytingar á ramma milli áranna 2019 - 2020**




**Heildargjöld til háskóla og rannsóknastarfsemi** fyrir árið 2020 eru áætluð 41.014,3 m.kr. og hækka um 1.273,9 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019 eða sem svarar til 3,3%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 2.384,7 m.kr. á milli ára eða sem svarar til 6,2%.

**Heildargjöld til stuðnings við námsmenn** fyrir árið 2020 eru áætluð 4.157,8 m.kr. og lækka um 4.090 m.kr. frá gildandi fjárlögum vegna lækkaðs framlags til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Á undanförnum árum hefur sjóðurinn fengið framlög umfram raunþörf sjóðsins. Því er gert ráð fyrir að á árunum 2020–2022 verði framlög úr ríkissjóði lækkuð tímabundið sem því nemur og þess í stað verði gengið á uppsafnaða sjóði og eigið fé sjóðsins.

| 21 Háskólastig | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| 21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi ................... | 35.956,6 | 38.629,6 | 41.014,3 | 6,2 | 14,1 |
| 21.30 Stuðningur við námsmenn ............................ | 6.494,5 | 8.247,8 | 4.157,8 | -49,6 | -36,0 |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

**Heildargjöld** háskólastigsins árið 2020 eru áætluð 45.172,1 m.kr. og lækka um 2.816,1 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019 eða sem svarar til 6%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 1.705,3 m.kr. milli ára eða sem svarar til 3,6%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 4.431,2 m.kr. til lækkunar. Þar vegur þyngst 4.090 m.kr. lækkun til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Á undanförnum árum hefur sjóðurinn fengið framlög umfram raunþörf sjóðsins. Því er gert ráð fyrir að á árunum 2020–2022 verði framlög

úr ríkissjóði lækkuð tímabundið sem því nemur og þess í stað verði gengið á handbært fé sem er 13,4 ma.kr. í árlok 2018 og eigið fé sjóðsins sem er 104 ma.kr. í árslok 2018.

b. Til viðbótar lækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög til ýmissa verkefna, alls 83 m.kr. Lækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 4.514,2 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 4,2 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun. Aðhaldskrafan til málefnasviðsins sem reiknað var með í forsendum rammans var hins vegar 253,8 m.kr. en ráðuneytið nýtti hluta af útgjaldasvigrúmi til að fella niður stærstan hluta aðhaldskröfunnar.
d. Gert er ráð fyrir 1.951,8 m.kr. útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita annars vegar 1.702,3 framlög í ný eða aukin verkefni og hins vegar til að lækka aðhaldskröfu sem gerð er til málefnasviðsins um 249,5 m.kr.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020 sem eru áætlaðar 1.110,8 m.kr. þannig að heildargjöldin verða 45.172,1 m.kr. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun til málefnasviðsins *21 Háskólastig* breytast milli ára sem hér segir:

| 21 Háskólastig | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 33.581,4 | 35.175,8 | 36.312,4 | 3,2 | 8,1 |
| Rekstrartilfærslur | 8.186,6 | 9.283,9 | 5.415,4 | -41,7 | -33,9 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 683,1 | 2.417,7 | 3.444,3 | 42,5 | 404,2 |
| **Heildarútgjöld** | **42.451,1** | **46.877,4** | **45.172,1** | **-3,6** | **6,4** |
| Rekstrartekjur | - | 9.190,3 | 9.671,6 | 5,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 37.687,1 | 35.500,5 | -5,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **46.877,4** | **45.172,1** | **-3,6** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 36.312,4 m.kr. og hækka um 1.136,6 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Að frátöldum launa- og verðlagshækkunum, skýrist breytingin m.a. af 125 m.kr. framlagi til að styðja við alþjóðlega samkeppnishæfni háskóla og rannsóknastofnana, 50 m.kr. hækkun fjárveitingar til kennslu í háskólum auk þess sem fjárveitingar vegna aukinnar þátttöku í alþjóðlegum rannsóknarinnviðum hækka um 45 m.kr og framlög vegna ýmissa stofnkostnaðarframkvæmda um 95 m.kr.
b. **Rekstrartilfærslur** lækka um 3.868,5 m.kr. og verða 5.415,4 m.kr. en eru 9.283,9 m.kr. í fjárlögum ársins 2019. Þar munar mest um að framlag til Lánasjóðs íslenskra

námsmanna lækkar um 4.090 m.kr. Um er að ræða lækkun í samræmi við forsendur reiknilíkans auk þess sem á undanförnum árum hefur sjóðurinn fengið framlög umfram raunþörf sjóðsins. Því er gert ráð fyrir að á árunum 2020–2022 verði framlög úr ríkissjóði lækkuð tímabundið sem því nemur og þess í stað verði gengið á handbært fé sjóðsins sem er 13,4 ma.kr. í árslok 2018 og á eigið fé sjóðsins sem er 104 ma.kr. Þá hækkar framlag um 220 m.kr vegna aðgerða til að fjölga nemendum í kennaranámi, m.a. með styrkjum til þeirra sem ljúka kennaranámi innan tilskilins námstíma.

c. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 3.444,3 m.kr. og er það 1.026,6 m.kr. hækkun milli ára. Þar munar mest um aukið framlag til framkvæmda við Hús íslenskunnar auk útgjaldaheimildar Happdrættis Háskóla Íslands vegna viðhaldsframkvæmda við húsnæði skólans.

### 21.1.Háskólar og rannsóknarstarfsemi

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Málaflokkarnir undir málefnasviði 21 voru áður þrír. Tveir þeirra, *21.1 Háskólar* og *21.2 Rannsóknarstarfsemi á háskólastigi*, hafa nú verið sameinaðir í *21.1 Háskólar og rannsóknarstarfsemi*.

Starfsemi málaflokksins er í höndum háskóla og rannsóknarstofnana. Háskólar hér á landi eru sjö. Opinberir háskólar eru Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum. Einkareknir háskólar eru Háskólinn í Reykjavík, Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst. Enn fremur falla undir málaflokkinn Raunvísindastofnun, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, Stofnun rannsóknarsetra Háskóla Íslands og átta rannsóknar- , fræða- og þekkingarsetur á landsbyggðinni.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| **Menntastefna 2030.** Birta heildarrit með markmiðum og aðgerðum. Stefnan er þvert á skólastig. | MRN | Málaflokkur 21.1 |
| **Nýliðun og starfsþróun kennara.** A) Vinna áfram að nýliðun, m.a. hvernig fjölga megi körlum. B) Vinna að þróunarverkefni um starfsþróun. C) Innleiða ný lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara. D) Skipa kennararáð til að gera tillögur að endurskoðun reglugerðar á grundvelli 8. gr. laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara. Vinna reglugerðina og gefa út. E) Vinna greiningu á nýju húsnæði Menntavísindasviðs HÍ. | MRN í samstarfi við hagaðila | 1 |
| **Gæði í háskólastarfi og fjármögnun háskóla.** A) Innleiða tillögur um breytingar á reglum nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla. B) Gera úttekt á lögreglunámi á háskólastigi. C) Gera sértækar úttektir á gæðum fjarnáms og meistaranáms þvert á háskóla. Sérstaklega verður litið til kynja- og jafnréttissjónarmiða. D) Þróa áfram fagháskólanám. | MRN í samstarfi við háskóla | 1, 2 og 3 |
| **Stefna um starfsemi rannsóknar-, fræða- og þekkingarsetra.** Gerð stefnu um starfsemi sem hefur að markmiði að efla, samþætta og bæta starfsemi rannsóknar- fræða- og þekkingarsetra á landsbyggðinni. Samanber tillögu A.3 um eflingu rannsókna og vísindastarfsemi í þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024. | MRN í samstarfi við setur | 1, 2 og 3 |

| | | |
|---|---|---|
| **Opin vísindi.** Birta og hefja innleiðingu á stefnu um opinn aðgang að rannsóknarniðurstöðum og rannsóknargögnum (sjá einnig málaflokk 7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum). | MRN í samstarfi við hagaðila | 1 |
| **Rannsóknarinnviðir.** Skipa stjórn Innviðasjóðs og auglýsa eftir verkefnum í vegvísi um rannsóknarinnviði. Birta vegvísi (sjá einnig málaflokk 7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum). | Stjórn Innviðasjóðs | 2 |
| **Miðlun.** Gerð verkáætlunar um miðlun vísinda og tækni og framkvæmd hennar (sjá einnig málaflokk 7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum). | Vísinda- og tækniráð í samstarfi við háskóla og rannsóknarstofnanir | 3 |
| **Vísindamálaráðherrafundur norðurskautsríkja í Japan:** Ísland og Japan halda sameiginlega vísindamálaráðherrafund norðurskautsríkja í Japan þar sem áhersla er lögð á vísindi, loftslagsbreytingar og nýsköpun á norðurslóðum. | Vísinda- og tækniráð í samstarfi við háskóla og rannsóknarstofnanir | 3 |

## Fjárheimildir

| 21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 33.581,4 | 35.175,8 | 36.312,4 | 3,2 | 8,1 |
| Rekstrartilfærslur | 1.692,1 | 1.036,1 | 1.257,6 | 21,4 | -25,7 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 683,1 | 2.417,7 | 3.444,3 | 42,5 | 404,2 |
| **Heildarútgjöld** | **35.956,6** | **38.629,6** | **41.014,3** | **6,2** | **14,1** |
| Rekstrartekjur | - | 9.190,3 | 9.671,6 | 5,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 29.439,3 | 31.342,7 | 6,5 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **38.629,6** | **41.014,3** | **6,2** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 41.014,3 m.kr. og hækkar um 1.273,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.110,8 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Framlag til fjárfestinga er hækkað um 1.090 m.kr. vegna byggingar Húss íslenskunnar og verður það 1.935 m.kr. á árinu 2020. sbr. markmið nr. 2.
b. Framlag vegna aðgerða til að fjölga nemendum í kennaranámi er 220 m.kr. á árinu 2020 sbr. markmið nr. 1.
c. Framlag vegna fjárfestinga og viðhalds er aukið um 95 m.kr. Um er að ræða brýn viðhaldsverkefni ýmissa skóla og rannsóknastofnana.
d. Framlag til að styðja við alþjóðlega samkeppnishæfni háskóla og rannsóknastofnana er aukið um 125 m.kr. sbr. markmið nr. 2 og 3.
e. Niður falla 83 m.kr. framlög til ýmissa tímabundinna verkefna.
f. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 1,8 m.kr. vegna leiðréttinga á rekstrarumfangi sem fjármagnað er með sértekjum.

g. Framlag vegna aukinnar þátttöku í alþjóðlegum rannsóknarinnviðum er aukið um 45 m.kr. sbr. markmið nr. 2 og 3.
h. Framlag til kennslu er hækkað um 50 m.kr. sbr. markmið nr. 1.
i. Framlag í varasjóð málaflokksins hækkar um 99,8 m.kr. og verður 234,2 m.kr.
j. Áætlaðar launa- og verðlagsbætur eru 1.110,8 m.kr.

### 21.3 Stuðningur við námsmenn

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN). Áformað er að leggja fram frumvarp til laga um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna (SÍN) haustið 2019 og verði það að lögum mun lánasjóðurinn breytast í stuðningssjóð og nýtt námsaðstoðarkerfi taka gildi. Gert er ráð fyrir að þau sem þegar eru í gamla kerfinu geti lokið sínu námi í því kerfi. Því gæti áfram verði veitt námslán úr gildandi kerfi til sjö ára

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| **Stuðningssjóður íslenskra námsmanna.** Innleiða nýtt námsaðstoðarkerfi verði áformað frumvarp til laga um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna að lögum. | SÍN | 1, 2 og 3 |
| **Úthlutunarreglur.** Útbúa reglur fyrir SÍN og LÍN. | SÍN og LÍN | 1, 2 og 3 |

### Fjárheimildir

| 21.30 Stuðningur við námsmenn | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Rekstrartilfærslur | 6.494,5 | 8.247,8 | 4.157,8 | -49,6 | -36,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **6.494,5** | **8.247,8** | **4.157,8** | **-49,6** | **-36,0** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 8.247,8 | 4.157,8 | -49,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **8.247,8** | **4.157,8** | **-49,6** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 4.157,8 m.kr. og lækkar um 4.090 m.kr. frá gildandi fjárlögum vegna lækkaðs framlags til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Á undanförnum árum hefur sjóðurinn fengið framlög umfram raunþörf sjóðsins. Því er gert ráð fyrir að á árunum 2020–2022 verði framlög úr ríkissjóði lækkuð tímabundið sem því nemur og þess í stað verði gengið á handbært fé sem er 13,4 ma.kr. í árslok 2018 og eigið fé sjóðsins sem er 104 ma.kr. í árslok 2018.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um endurskoðun námslánakerfisins í samstarfi við námsmannahreyfingarnar. Markmið nýs stuðningskerfis íslenskra námsmanna er

jafnrétti til náms, aukin skilvirkni og að staða námsmanna sé sambærileg við aðrar Norðurlandaþjóðir. Breytingarnar felast meðal annars í því að námsstyrkur ríkisins verður gagnsærri og meira jafnræði verður á meðal námsmanna, þannig muni nýja kerfinu svipa meira til norrænu námsstyrkjakerfanna. Námsaðstoðin sem sjóðurinn veitir verður áfram í formi lána á hagstæðum kjörum og til viðbótar verða beinar styrkjagreiðslur vegna framfærslu barna og niðurfellingu á hluta af námslánum við lok prófgráðu innan skilgreinds tíma. Stefnt er að því að bæta fjárhagsstöðu nemenda, ekki síst þeirra sem hafa börn á framfæri, og hvetja nemendur til að klára nám sitt á tilsettum tíma. Í því felst ávinningur fyrir námsmenn sem og þjóðhagslegur ávinningur fyrir samfélagið allt.

Á undanförnum árum hefur sjóðurinn fengið framlög umfram raunþörf sjóðsins. Því er gert ráð fyrir að framlög til Lánasjóðsins verði lækkuð í frumvarpinu og að gengið verði á handbært fé sem er 13,4 ma.kr. í árslok 2018 og eigið fé sjóðsins sem er 104 ma.kr. í árslok 2018.

# 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð ráðherra mennta- og menningarmála. Það skiptist í þrjá málaflokka, en þeir eru: *Leikskóla- og grunnskólastig, Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig* og *Stjórnsýsla mennta- og menningarmála.* Framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menn.mála | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **22.10 Leikskóla- og grunnskólastig ....................** | **288,2** | **247,3** | **249,9** | **1,1** | **-13,3** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti ............. | 288,2 | 247,3 | 249,9 | 1,1 | -13,3 |
| **22.20 Framhaldsfr. og menntun óf. á skólastig ..** | **2.084,4** | **2.063,1** | **1.973,5** | **-4,3** | **-5,3** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti ............. | 2.084,4 | 2.063,1 | 1.973,5 | -4,3 | -5,3 |
| **22.30 Stjórnsýsla mennta- og menningarmála ..** | **3.072,7** | **3.016,8** | **3.195,1** | **5,9** | **4,0** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti ............. | 3.072,7 | 3.016,8 | 3.195,1 | 5,9 | 4,0 |
| **Samtals ..................................................................** | **5.445,3** | **5.327,2** | **5.418,5** | **1,7** | **-0,5** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**MENNTA-STEFNA 2030**

**Efla færni í lestri, stærðfræði og náttúrufræði**

**Styrkja stöðu nemenda með annað móðurmál en íslensku**

**Aukin áhersla á náms- og starfsráðgjafa**

### Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** til annarra skólastiga og stjórnsýslu mennta- og menningarmála árið 2020 eru áætluð 5.418,5 m.kr. og lækka um 74,1 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019 eða sem svarar til 1,4%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa almennra launa- og verðlagsbreytinga hækka útgjöldin um 91,3 m.kr. milli ára eða sem svarar 1,7 %. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 120,9 m.kr. til hækkunar
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög til ýmissa verkefna, alls 93 m.kr. Nettólækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 27,9 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 102 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
d. Ekki er gerð breyting á útgjaldasvigrúmi þessa málefnasviðs.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 165,4 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 5.418,5 m.kr. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðs *22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála* breytast milli ára sem hér segir:

| 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menn.mála | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.593,4 | 3.610,2 | 3.793,8 | 5,1 | 5,6 |
| Rekstrartilfærslur | 1.851,9 | 1.697,3 | 1.604,4 | -5,5 | -13,4 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 19,7 | 20,3 | 3,0 | - |
| **Heildarútgjöld** | **5.445,3** | **5.327,2** | **5.418,5** | **1,7** | **-0,5** |
| Rekstrartekjur | - | 659,5 | 804,7 | 22,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 4.667,7 | 4.613,8 | -1,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **5.327,2** | **5.418,5** | **1,7** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 3.793,8 m.kr. og hækka um 183,6 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um 118,2 m.kr. hækkun vegna almennra launa- og verðlagsbreytinga, 20 m.kr. lækkun á tímabundnum framlögum, lækkun um 35,5 m.kr. vegna aðhaldskröfu og hækkun um 120,9 m.kr. í samræmi við leiðréttingu á sértekjum.
b. **Rekstrartilfærslur** lækka um 92,9 m.kr. og verða 1.604,4 m.kr. en eru 1.697,3 m.kr. í fjárlögum ársins 2019. Þar munar mest um 46,6 m.kr. hækkun vegna almennra launa- og verðlagsbreytinga, 73 m.kr. niðurfellingar á tímabundnum verkefnum og lækkun um 66,5 m.kr. vegna aðhaldskröfu.
c. **Fjármagnstilfærslur** eru áætlaðar 0 kr. og eru óbreyttar frá fyrra ári.
d. **Fjárfestingarframlög** eru áætlaðar 20,3 m.kr. og hækka um 0,6 m.kr. frá fyrra ári.

### 22.1 Leikskóla- og grunnskólastig

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Í löggjöf um málaflokkinn kemur meðal annars fram að sveitarfélög bera ábyrgð á rekstri, kostnaði, stefnu, skipulagi, eftirliti, innra og ytra mati og miðlun upplýsinga um leikskóla og grunnskóla. Ráðuneytið fer með yfirstjórn á leik- og grunnskólastigi eins og lög kveða nánar á um og setur ýmsar reglugerðir, aðalnámskrár og markmið og viðmið um frístundastarf fyrir nemendur í yngri árgöngum grunnskóla. Það annast öflun, greiningu og miðlun upplýsinga um skólastarf og lagaframkvæmd á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum og eigin kannana og hefur úrskurðarvald í málum um réttindi og skyldur nemenda. Stjórnvöld leggja grunnskólum til námsgögn og styðja þróunarstarf gegnum Þróunarsjóð námsgagna og Sprotasjóð og er með samning við samtök höfundarréttarfélaga sem heimilar skólum að ljósrita höfundarréttarvarið efni.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| **Menntastefna 2030.** A) Birta heildarrit með markmiðum og aðgerðum. B) Stofna samstarfsráð um menntun sem mun vinna að framtíðarsýn og meginmarkmiðum. Stefnan er þvert á skólastig. | MRN | Málaflokkur 22.1 |
| **Lestrarfærni.** Klára að innleiða Lesferil og meta verkefnið í heild sinni. | MMS | 1 og 3 |
| **Nemendur með annað móðurmál en íslensku.** A) Innleiða stöðumat um námsfærni og miðla því til grunnskóla. B) Fylgja eftir niðurstöðum starfshóps og forgangsraða aðgerðum. | MMS | 1, 2 og 3 |
| **Færni í stærðfræði.** Fagráð um stærðfræði - Útbúa skimunarpróf. | MMS | 2 og 3 |
| **Menntun fyrir alla.** Áframhaldandi eftirfylgni með úttekt Evrópumiðstöðvar: A) Innleiða leiðbeiningar um ráðstöfun fjármuna í grunnskólum. B) Leggja línur að fyrirkomulagi þjónustusvæða þvert á mennta-, félags- og heilbrigðiskerfi. | MRN í víðtæku samstarfi við helstu hagsmunaaðila | 3 |
| **Samræmd könnunarpróf.** Fylgja eftir niðurstöðum starfshóps um endurskoðun prófanna. | MRN | 1, 2 og 3 |
| **Gæði náms- og starfsráðgjafar.** A) Fylgja eftir úttekt á fyrirkomulagi og gæðum náms- og starfsráðgjafar. B) Kalla eftir ástæðum frá fræðslustjórum og skólastjórum þar sem ekki starfa náms- og starfsráðgjafar. | MRN | 3 |
| **Námsgögn.** Fylgja eftir stefnumótun um námsgögn og forgangsraða aðgerðum. | MRN og MMS | 4 |
| **Aðalnámskrá leikskóla.** Undirbúa endurskoðun á námskránni. | MRN og MMS | 3 |
| **Aðalnámskrá grunnskóla.** A) Endurskoða innleiðingu breytinga á námskránni. B) Endurskoða 16. kafla um undanþágur frá skyldunámi og skólasókn og 9. kafla um námsmat. C) Undirbúa frekari endurskoðun. | MRN og MMS | 3 |
| **Brotthvarf.** Starfshópur skilar tillögum að leiðum til að styrkja líðan, félagstöðu og skólagöngu drengja og stúlkna í leik- og grunnskólum með það að markmiði að minnka brotthvarf úr námi. | MRN | 3 |

## Fjárheimildir

| 22.10 Leikskóla- og grunnskólastig | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 21,3 | 79,4 | 82,2 | 3,5 | 285,9 |
| Rekstrartilfærslur | 266,9 | 167,9 | 167,7 | -0,1 | -37,2 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **288,2** | **247,3** | **249,9** | **1,1** | **-13,3** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 247,3 | 249,9 | 1,1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **247,3** | **249,9** | **1,1** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 249,9 m.kr. og lækkar um 5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 7,6 m.kr. Lækkunin er vegna aðhaldskröfu sem sett er í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun. Heildargjöld hækka um 2,6 m.kr. á milli ára, eða sem svarar til 1,1% ef tekið er tillit til launa- og verðlagsbreytinga.

### 22.2 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Framhaldsfræðsla tengist samstarfi ríkisins við samtök á vinnumarkaði og samtök um málefni fatlaðra. Ráðuneytið ber ábyrgð á almennri stefnumótun í samráði við hagsmunaaðila, almennri stjórnsýslu og gæðaeftirliti, viðurkenningu fræðsluaðila og málefnum Fræðslusjóðs sem fjármagnar starfsemi framhaldsfræðslu. Starfsemin er að mestu í höndum sjálfseignarstofnana og félaga. Símenntunarmiðstöðvar eru ellefu talsins og tekur starfsemi þeirra mið af styrktarsamningum við ráðuneytið. Undir málaflokkinn falla Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og Fjölmennt, símenntunarmiðstöð sem þjónar fullorðnum fötluðum. Þá fellur íslenskukennsla fyrir útlendinga einnig undir málaflokkinn.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| **Fullorðið fólk með þroskahömlun.** Vinna með niðurstöður verkefnishóps um úrbætur í menntun, hæfingu, atvinnu og tómstundum fyrir nemendur sem lokið hafa námi á starfsbrautum framhaldsskóla. | MRN | 1 |
| **Menntun innflytjenda.** Kortleggja ferli við mat á menntun innflytjenda og meta styrkleika og veikleika. | MRN | 1 |
| **Hæfni fullorðinna.** Kortleggja ferli við mat á hæfni fullorðinna til áframhaldandi náms og starfsþróunar og meta styrkleika og veikleika. | MRN | 1 |
| **Gæði og nýsköpun í framhaldsfræðslu.** A) Endurmeta útgjöld, kortleggja dreifingu fjármagns í þeim tilgangi að einfalda hana og reglur um úthlutun fjárveitinga. B) Gera úttekt á árangri framhaldsfræðslukerfisins. | MRN og FRN | 1 |

**Fjárheimildir**

| 22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 546,0 | 582,8 | 577,4 | -0,9 | 5,8 |
| Rekstrartilfærslur | 1.538,4 | 1.479,3 | 1.395,1 | -5,7 | -9,3 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 1,0 | 1,0 | 0,0 | - |
| **Heildarútgjöld** | **2.084,4** | **2.063,1** | **1.973,5** | **-4,3** | **-5,3** |
| Rekstrartekjur | - | 94,4 | 87,7 | -7,1 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.968,7 | 1.885,8 | -4,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **2.063,1** | **1.973,5** | **-4,3** | - |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 1.973,5 m.kr. og lækkar um 149,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 60,1 m.kr. Heildargjöld lækka um 89,6 m.kr. á milli ára eða sem svarar til 4,3% ef tekið er tillit til launa- og verðlagsbreytinga. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Niður falla 83 m.kr. vegna tímabundinna verkefna.
b. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 9,4 m.kr. í samræmi við leiðréttingu á rekstrarumfangi sem fjármagna er með sértekjum.
c. Til að mæta aðhaldsmarkmiði á útgjaldaramma er fjárheimild málaflokksins lækkuð um 57,3 m.kr.

## 22.3 Stjórnsýsla mennta- og menningarmála

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Stjórnarmálefni mennta- og menningarmálaráðuneytisins eru menntamál, rannsóknar- og vísindastarfsemi, listir og menningararfur, fjölmiðlun, íþrótta- og æskulýðsstarfsemi og nær starfsemin yfir 15 málaflokka. Ráðherra fer með yfirstjórn þeirra stjórnvalda sem undir hann heyra og hefur eftirlit með starfrækslu, fjárreiðum og eignum á vegum þeirra. Undir málaflokkinn heyrir starfsemi Menntamálstofnunar (MMS) og Rannsóknarmiðstöðvar Íslands (Rannís).

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| **Aðgengi að tölfræðilegum gögnum.** Miðla helstu lykiltölum og fjárhagsupplýsingum hvers málefnasviðs í samræmdu notendaviðmóti. | MRN | 1 |

## Fjárheimildir

| 22.30 Stjórnsýsla mennta- og menningarmála | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.026,1 | 2.948,0 | 3.134,2 | 6,3 | 3,6 |
| Rekstrartilfærslur | 46,6 | 50,1 | 41,6 | -17,0 | -10,7 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 18,7 | 19,3 | 3,2 | - |
| **Heildarútgjöld** | **3.072,7** | **3.016,8** | **3.195,1** | **5,9** | **4,0** |
| Rekstrartekjur | - | 565,1 | 717,0 | 26,9 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.451,7 | 2.478,1 | 1,1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **3.016,8** | **3.195,1** | **5,9** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 3.195,1 m.kr. og hækkar um 80,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 97,7 m.kr. Heildargjöld hækka um 178,3 m.kr. á milli ára eða sem svarar til 5,9% ef tekið er tillit til launa- og verðlagsbreytinga. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Niður falla 10 m.kr. vegna tímabundinna verkefna.
b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 130,3 m.kr. í samræmi við leiðréttingu á rekstrarumfangi sem fjármagnað er með sértekjum.
c. Til að mæta aðhaldsmarkmiði á útgjaldaramma er fjárheimild málaflokksins lækkuð um 39,7 m.kr.

# 23 Sjúkrahúsþjónusta

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka en þeir eru *Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta, Almenn sjúkrahúsþjónusta* og *Erlend sjúkrahúsþjónusta.* Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 23 Sjúkrahúsþjónusta | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **23.10 Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta** | **86.279,9** | **87.733,9** | **95.506,3** | **8,9** | **10,7** |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti | 86.279,9 | 87.733,9 | 95.506,3 | 8,9 | 10,7 |
| **23.20 Almenn sjúkrahúsþjónusta** | **9.367,5** | **10.361,0** | **10.763,2** | **3,9** | **14,9** |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti | 9.367,5 | 10.361,0 | 10.763,2 | 3,9 | 14,9 |
| **23.30 Erlend sjúkrahúsþjónusta** | **2.608,4** | **2.586,9** | **2.688,1** | **3,9** | **3,1** |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti | 2.608,4 | 2.586,9 | 2.688,1 | 3,9 | 3,1 |
| **Samtals** | **98.255,8** | **100.681,8** | **108.957,6** | **8,2** | **10,9** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**ÖRYGGI**

**AÐGENGI**

**HAG-KVÆMNI**

**Undirbúa aðgerðir sem miða að því að bæta mönnun í hjúkrun.**

**Miðlun þjónustu milli heilbrigðis-stofnana með fjartækni.**

**Bygging nýs Landspítala við Hringbraut** með samtals 8.507 m.kr. framlagi úr ríkissjóði.

### Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Hún endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem kemur fram í stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.

**Breytingar á ramma milli áranna 2019-2020**




**Heildargjöld** sjúkrahúsþjónustu árið 2020 eru áætluð 108.958 m.kr. og aukast um 4.800-m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019 eða sem svarar til 4,8%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 8.275 m.kr. milli ára eða sem svarar til 8,2%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 2.147 m.kr. til hækkunar.
b. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 528 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
c. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 3.181 m.kr. Meginhluti framlagsins er til byggingar spítala við Hringbraut.
d. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 3.475 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 108.958 m.kr. Þar vegur þyngst áhrif af áætluðum launahækkunum á árinu 2019 miðað við áhrif þeirra á ársgrundvelli og mati á launahækkunum sem áætlað er að taki gildi á árinu 2020 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa taka hækkunum samkvæmt spá um almennar verðbreytingar fyrir árið 2020 en auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun sjúkrahúsþjónustu breytast milli ára sem hér segir:

| 23 Sjúkrahúsþjónusta | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 92.831,4 | 90.098,8 | 94.439,7 | 4,8 | 1,7 |
| Rekstrartilfærslur | 2.964,5 | 2.897,6 | 2.978,8 | 2,8 | 0,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 2.459,9 | 7.685,4 | 11.539,1 | 50,1 | 369,1 |
| **Heildarútgjöld** | **98.255,8** | **100.681,8** | **108.957,6** | **8,2** | **10,9** |
| Rekstrartekjur | - | 8.075,3 | 7.984,0 | -1,1 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 92.606,5 | 100.973,6 | 9,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **100.681,8** | **108.957,6** | **8,2** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 94.439,7 m.kr. og hækka um 4.340,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Þar munar mest um launa- og verðlagsbætur sem nema samtals 3.417,3 m.kr. En á móti kemur lækkun sértekna að fjárhæð 338,8 m.kr. auk 511 m.kr. til lækkunar útgjalda á málefnasviðinu í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun. Útgjaldasvigrúm hækkar um 1.995 m.kr. en þar munar mest um reiknaðan vöxt samtals 1.576 m.kr.

b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 81,2 m.kr. og verða 2.978,8 m.kr. en eru 2.897,6 m.kr. í fjárlögum ársins 2019 en það eru helst launa- og verðlagsbætur, auk kerfislægs vaxtar sem hækkar fjárheimildina.

c. **Fjármagnstilfærslur** eru engar á málefnasviðinu.

d. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 11.539,1 m.kr. og er það 3.853,7 m.kr. hækkun milli ára. Þar vega þyngst aukin framlög til uppbyggingar á nýjum spítala við Hringbraut, 3.767 m.kr. Í samræmi við markmið um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins eru framlög lækkuð um 16,8 m.kr.

**23.1 Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta**

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Með sérhæfðri sjúkrahúsþjónustu er átt við alla sjúkrahúsþjónustu sem ekki telst almenn sjúkrahúsþjónusta. Í því felst m.a. sérfræðiþjónusta í nær öllum viðurkenndum greinum læknisfræði, hjúkrunarfræði og eftir atvikum öðrum greinum heilbrigðisvísinda sem stundaðar eru hér á landi, með aðgengi að stoðdeildum og rannsóknardeildum.

Starfsemi málaflokksins er í höndum Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri. Landspítalinn er aðalsjúkrahús landsins og háskólasjúkrahús. Sjúkrahúsið á Akureyri er kennslusjúkrahús.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Undirbúa aðgerðir sem miða að því að bæta mönnun í hjúkrun. | Heilbrigðisráðuneytið | 1 |
| Uppsteypa meðferðarkjarna Landspítala við Hringbraut auk fullnaðarhönnunar rannsóknarhúss og meðferðarkjarna. Gera þarfagreiningu fyrir nýtt dag- og göngudeildarhús. | Nýr Landspítali ohf. | 1 |
| Efla samráð og samvinnu við stofnanir utan sérgreinasjúkrahúsa sem taka við sjúklingum eftir meðferð. | Heilbrigðisráðuneytið, Landspítali og Sjúkrahúsið á Akureyri | 2 |
| Miðlun þjónustu til annarra heilbrigðisstofnana með stuðningi fjarfundartækni. | Landspítali og Sjúkrahúsið á Akureyri | 2 |

## Fjárheimildir

| 23.10 Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 83.464,3 | 80.310,3 | 84.349,1 | 5,0 | 1,1 |
| Rekstrartilfærslur | 356,0 | 310,7 | 290,7 | -6,4 | -18,3 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 2.459,6 | 7.112,9 | 10.866,5 | 52,8 | 341,8 |
| **Heildarútgjöld** | **86.279,9** | **87.733,9** | **95.506,3** | **8,9** | **10,7** |
| Rekstrartekjur | - | 6.754,8 | 6.616,3 | -2,1 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 80.979,1 | 88.890,0 | 9,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **87.733,9** | **95.506,3** | **8,9** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 95.506,3 m.kr. og hækkar um 4.757,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 3.014,8 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Í samræmi við stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar er fjárheimild til málaflokksins aukin um 3.767,0 m.kr. vegna byggingar nýs Landspítala. Áformað er að hefja uppsteypu meðferðarkjarna á árinu og halda áfram fullnaðarhönnun hans auk þess sem hafin verður hönnun á rannsóknarhúsi. Að auki verður farið í þarfagreiningu á nýju dag- og göngudeildarhúsi.
b. Útgjaldasvigrúm málaflokksins hækkar um 559 m.kr. til ýmissa verkefna.
c. Rekstrarumfang Landspítala, sem fjármagnað er með sértekjum, lækkar um 332,3 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun stofnunarinnar. Lækkunin kemur að mestu leyti til vegna niðurfellingar þjónustusamninga en hækkun fjárveitingar kemur á móti.
d. Rekstrarumfang Sjúkrahússins á Akureyri, sem fjármagnað er með sértekjum, lækkar um 11,3 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun stofnunarinnar.
e. Reiknaður raunvöxtur í veittri þjónustu er 1,8% og nemur um 1.576 m.kr. Þar af hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri hækkar fjárveitingin um 151,3 m.kr. og hjá Landspítala um 1.255,8 m.kr.

f. Millifærðar eru 100 m.kr. á málefnasviðið *26 Lyf og lækningavörur* til að mæta kostnaði vegna upptöku nýrra S-merktra lyfja.
g. Gert er ráð fyrir samtals 469,0 m.kr. lækkun útgjalda í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um aðhald í útgjöldum ríkissjóðs. Þar af eru um 48,7 m.kr. hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri og um 405,2 m.kr. hjá Landspítala.

## 23.2 Almenn sjúkrahúsþjónusta

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Með almennri sjúkrahúsþjónustu er átt við almennar lyflækningar, göngudeildarþjónustu sérgreinalækninga, eftir atvikum skurðlæknisþjónusta ef um skilgreindan A, B og C fæðingarstað[1] er að ræða, hjúkrun, slysamóttöku, endurhæfingu og nauðsynlega stoðdeildaþjónustu.

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisstofnana í heilbrigðisumdæmum. Landspítalinn og Sjúkrahúsið á Akureyri veita almenna sjúkrahúsþjónustu fyrir íbúa sem búa í viðkomandi heilbrigðisumdæmi en allar fjárveitingar til þessara tveggja stofnana eru undir málaflokki 23.1.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Skilgreina og skýra verklag um samstarf heilbrigðisstofnana, Sjúkratrygginga Íslands og sérhæfðra sjúkrahúsa við veitingu sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu. | Heilbrigðisráðuneytið og heilbrigðisstofnanir | 1 |
| Skilgreina þjónustuviðmið um sjúkrarými á heilbrigðisstofnunum. | Heilbrigðisráðuneytið og heilbrigðisstofnanir | 1 |

### Fjárheimildir

| 23.20 Almenn sjúkrahúsþjónusta | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 9.367,1 | 9.788,5 | 10.090,6 | 3,1 | 7,7 |
| Rekstrartilfærslur | 0,1 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,3 | 572,5 | 672,6 | 17,5 | - |
| **Heildarútgjöld** | **9.367,5** | **10.361,0** | **10.763,2** | **3,9** | **14,9** |
| Rekstrartekjur | - | 1.320,5 | 1.367,7 | 3,6 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 9.040,5 | 9.395,5 | 3,9 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **10.361,0** | **10.763,2** | **3,9** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

[1] Skilgreiningar á þjónustustigi fæðingarstaða er að finna á vefsíðu Embættis landlæknis, www.landlaeknir.is

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 10.763,2 m.kr. og lækkar um 3,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 406 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 100 m.kr. vegna millifærslu á fjárveitingu af málefnasviði hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu yfir á sjúkrahúsþjónustu vegna byggingar hjúkrunarrýma við Heilbrigðisstofnun Vesturlands í Stykkishólmi.
b. Gert er ráð fyrir samtals 58,6 m.kr. lækkun útgjalda í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um aðhald í útgjöldum ríkissjóðs.

### 23.3 Erlend sjúkrahúsþjónusta

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Til erlendrar sjúkrahúsþjónustu telst sú heilbrigðisþjónusta sem veitt er erlendis og greitt er fyrir í gegnum Sjúkratryggingar Íslands að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sbr. reglugerðir 712/2010, 442/2012 og 484/2016.

Starfsemi málaflokksins er í höndum Sjúkratrygginga Íslands sem sjá um samningagerð við erlend sjúkrahús ásamt því að hafa milligöngu með greiðslum fyrir heilbrigðisþjónustu milli landa þar sem millirríkjasamningar gilda.

### Fjárheimildir

| 23.30 Erlend sjúkrahúsþjónusta | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Rekstrartilfærslur | 2.608,4 | 2.586,9 | 2.688,1 | 3,9 | 3,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **2.608,4** | **2.586,9** | **2.688,1** | **3,9** | **3,1** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.586,9 | 2.688,1 | 3,9 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **2.586,9** | **2.688,1** | **3,9** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 2.688,1 m.kr. og hækkar um 46,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 54,4 m.kr. Hækkunin skýrist nær alfarið af reiknuðum kerfislægum vexti í málaflokknum.

# 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka en þeir eru *Heilsugæsla, Sérfræðiþjónusta og hjúkrun, Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun* og *Sjúkraflutningar.* Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **24.10 Heilsugæsla** | **29.203,3** | **27.656,1** | **29.989,9** | **8,4** | **2,7** |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti | 29.203,3 | 27.656,1 | 29.989,9 | 8,4 | 2,7 |
| **24.20 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun** | **15.718,2** | **17.455,3** | **18.189,1** | **4,2** | **15,7** |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti | 15.718,2 | 17.455,3 | 18.189,1 | 4,2 | 15,7 |
| **24.30 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun** | **5.894,5** | **5.556,6** | **5.831,8** | **5,0** | **-1,1** |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti | 5.894,5 | 5.556,6 | 5.831,8 | 5,0 | -1,1 |
| **24.40 Sjúkraflutningar** | **2.589,4** | **2.728,8** | **2.869,2** | **5,1** | **10,8** |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti | 2.589,4 | 2.728,8 | 2.869,2 | 5,1 | 10,8 |
| **Samtals** | **53.405,4** | **53.396,8** | **56.880,0** | **6,5** | **6,5** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**AUKIÐ AÐGENGI**

**Heilsugæslan efld sem fyrsti viðkomustaður.**

**Jöfnun aðgangs að sérfræðiþjónustu.**

**Aðgerðaáætlun um málefni sjúkraflutninga og stefnumótun um endurhæfingu.**

### Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðs heilsugæslu árið 2020 eru áætluð 56.880 m.kr. og aukast um 1.560 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019, eða sem svarar til 2,9%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 3.483 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 6,5%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 601 kr. til hækkunar.
b. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 191 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
c. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, meðal annars til ýmissa verkefna undir heilsugæslu, samtals 1.150 m.kr.
d. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 1.923 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 56.880 m.kr. Þar vega þyngst áhrif af áætluðum launahækkunum á árinu 2019 miðað við áhrif þeirra á ársgrundvelli og mati á launahækkunum sem áætlað er að taki gildi á árinu 2020 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa taka hækkunum samkvæmt spá um almennar verðbreytingar fyrir árið 2020. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðs heilsugæslu breytast milli ára sem hér segir:

| 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 31.446,2 | 29.754,3 | 32.274,5 | 8,5 | 2,6 |
| Rekstrartilfærslur | 21.959,2 | 23.488,0 | 24.446,7 | 4,1 | 11,3 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 154,5 | 158,8 | 2,8 | - |
| **Heildarútgjöld** | **53.405,4** | **53.396,8** | **56.880,0** | **6,5** | **6,5** |
| Rekstrartekjur | - | 1.730,9 | 1.895,0 | 9,5 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 51.665,9 | 54.985,0 | 6,4 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **53.396,8** | **56.880,0** | **6,5** | - |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 32.274,5 m.kr. og hækka um 2.520,2 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um 1.174 m.kr. launa- og verðlagsbætur auk hækkun framlags til málefnasviðsins til að mæta kerfislægum vexti og til málaflokks heilsugæslu til að styrkja heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað í heilbrigðisþjónustunni.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 958,7 m.kr. og verða 24.446,7 m.kr. en eru 23.488 m.kr. í fjárlögum ársins 2019. Þar munar mest um kerfislægan vöxt í tilfærsluliðum og launa-, gengis-, og verðlagsreikningi á fjárlagafrumvarpi 2020. Raunhækkun í rekstrartilfærslum er 213,4 m.kr.
c. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 158,8 m.kr. og er það 4,3 m.kr. hækkun milli ára. Raunhækkun fjárfestingarframlaga er 0,3 m.kr.

**24.1 Heilsugæsla**

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og málefni/verkefni. Almennt er miðað við að heilsugæslan sé fyrsti viðkomustaður sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Undir starfsemi heilsugæslunnar falla almennar lækningar, hjúkrun, þ.m.t. heimahjúkrun, heilsuvernd, forvarnir, bráða- og slysamóttaka, sálfræðiþjónusta og önnur heilbrigðisþjónusta sem veitt er á vegum heilsugæslustöðva. Á heilsugæslustöðvum er unnið að forvörnum til að stuðla að auknu heilbrigði, þó mismunandi sé hverjar áherslur eru á hverjum stað. Má þar nefna mæðra- og ungbarnavernd, bólusetningar, heilsuvernd aldraðra og skólabarna og sálfræðiþjónusta.

Starfsemi málaflokksins er í höndum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana heilbrigðisumdæma og einkarekinna heilsugæslustöðva. Auk þess sinna sjálfstætt starfandi heimilislæknar ákveðnum þáttum heilsugæsluþjónustu.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Fjölga fagstéttum sem starfa í heilsugæslunni, t.d. sálfræðingum, sjúkraþjálfurum, iðjuþjálfum, lyfjafræðingum, félagsráðgjöfum og næringarfræðingum. | Heilsugæsla og heilbrigðisstofnanir | 1 |
| Auka þverfaglega teymisvinnu í heilsugæslu sem m.a. sinni fræðslu til skjólstæðinga varðandi lífshætti og sjúkdóma tengda þeim. | Heilsugæsla og heilbrigðisstofnanir | 1 og 3 |
| Innleiðing á skipulagðri heilsuvernd aldraðra í öllum heilbrigðisumdæmum m.a. með heilsueflandi heimsóknum. | Heilsugæsla og heilbrigðisstofnanir | 1 og 3 |
| Halda áfram eflingu geðheilsuteyma í samræmi við stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum. | Heilsugæsla og heilbrigðisstofnanir | 2 |
| Tækjakaup fyrir heimahjúkrun, til að auka öryggi hjá þeim sem búa heima og þurfa heimahjúkrun. | Heilbrigðisráðuneytið | 3 |
| Áætlanagerð vegna nýrrar heilsugæslustöðvar í Hlíðum í Reykjavík. | Heilbrigðisráðuneytið | 1 |
| Áætlanagerð vegna nýrrar heilsugæslustöðvar á Akureyri. | Heilbrigðisráðuneytið | 1 |
| Stækkun og bætt aðstaða við heilsugæslustöð í Mosfellsbæ. | Heilbrigðisráðuneytið | 1 |
| Undirbúningur skimana fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi í aldurshópnum 60-69 ára. | Heilbrigðisráðuneytið | 3 |
| Áfram unnið eftir aðgerðaáætlun um að draga úr greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðisþjónustu. | Heilbrigðisráðuneytið | 1 |

## Fjárheimildir

| 24.10 Heilsugæsla | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 29.145,1 | 27.466,0 | 29.795,7 | 8,5 | 2,2 |
| Rekstrartilfærslur | 58,2 | 42,7 | 42,7 | 0,0 | -26,6 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 147,4 | 151,5 | 2,8 | - |
| **Heildarútgjöld** | **29.203,3** | **27.656,1** | **29.989,9** | **8,4** | **2,7** |
| Rekstrartekjur | - | 1.498,7 | 1.655,4 | 10,5 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 26.157,4 | 28.334,5 | 8,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **27.656,1** | **29.989,9** | **8,4** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 29.989,9 m.kr. og hækkar um 1.254,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.078,9 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 1.232 m.kr.

b. Reiknaður raunvöxtur málaflokksins er 432 m.kr.
c. Fjárframlög til málaflokksins hækka um 200 m.kr. til að efla heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað í heilbrigðiskerfinu.
d. Gert er ráð fyrir að veitt verði 100 m.kr. framlag til málaflokksins til verkefna sem samþykkt voru í þingsályktun um stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum.
e. Framlög til málaflokksins hækka um 300 m.kr. til að lækka greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustunni.
f. Framlag til málaflokksins hækkar um 200 m.kr. vegna verkefnisins heilsueflandi heimsóknir í heilsugæslu.
g. Millifærðar verða 145,8 m.kr. af málaflokknum til eftirtalinna verkefna. Millifærðar eru 88 m.kr. á lið sjúkratrygginga til samninga um heilbrigðisþjónustu við fanga. Af málaflokknum eru millifærðar 25 m.kr. til aðalskrifstofu heilbrigðisráðuneytisins. Á málaflokk 24.40 eru millifærðar 17,8 m.kr. vegna samnings um kaup á sjúkrabifreiðum og á málaflokk 32.10 eru millifærðar 15 m.kr. , til að standa straum af kostnaði við varnir gegn sýklalyfjaónæmi. Loks eru millifærðar á málaflokkinn 147,3 m.kr. til að að mæta lækkun á greiðsluþátttöku lífeyrisþega í heilsugæslu.
h. Gert er ráð fyrir að veittar verði 40 m.kr. til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar til að mæta aukinni þjónustu sem skapast vegna aukins atvinnuleysis í heilbrigðisumdæminu.
i. Gert er ráð fyrir leiðréttingu á útgjaldaheimild heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana á Vesturlandi, Vestfjörðum, á Norðurlandi og Suðurnesjum um samtals 156,7 m.kr. gegn samsvarandi breytingum í sértekjum.
j. Þá lækka rekstrarframlög um 175,3 m.kr. í samræmi við aðhaldsmarkmið sem sett voru í áætlun um ríkisfjármálin.

**24.2 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun**

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Þjónustan er almennt veitt á grundvelli samninga Sjúkratrygginga Íslands við fyrirtæki heilbrigðisstarfsmanna og nær til rannsókna og meðferða. Allir landsmenn skulu hafa aðgang að skilgreindri sérhæfðri þjónustu óháð búsetu og efnahag. Þeir skulu hafa aðgang að starfsstöðvum þeirra sem veita sérhæfða þjónustu í heilbrigðisumdæmum eða með fjarheilbrigðisþjónustu.

Starfsemi málaflokksins er í höndum sérgreinalækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og ljósmæðra sem veita sérhæfða þjónustu utan sjúkrahúsa.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Þjónusta sérfræðilækna utan sjúkrahúsa verði endurskipulögð til að tryggja aðgang allra landsmanna að þjónustunni. | Heilbrigðisráðuneytið og Sjúkratryggingar Íslands | 2 |
| Sérhæfð líknar- og lífslokameðferð í öllum heilbrigðisumdæmum. | Heilbrigðisráðuneytið | 3 |

## Fjárheimildir

| 24.20 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 118,1 | 11,7 | 99,8 | 753,0 | -15,5 |
| Rekstrartilfærslur | 15.600,1 | 17.443,6 | 18.089,3 | 3,7 | 16,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **15.718,2** | **17.455,3** | **18.189,1** | **4,2** | **15,7** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 17.455,3 | 18.189,1 | 4,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **17.455,3** | **18.189,1** | **4,2** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 18.189,1 m.kr. og hækkar um 183,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 550,6 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Raunvöxtur til málaflokksins er 183,2 m.kr. og þar að baki eru ýmis tilefni til hækkunar eða lækkunar. Reiknaður kerfislægur vöxtur til málaflokksins að frádregnum raunvexti er 320,6 m.kr.
b. Millifærðar verða milli málefnasviða til tiltekinna verkefna. Af málaflokknum eru millifærðar 225,3 m.kr., annars vegar 78 m.kr. til að efla starfsemi Sjúkratrygginga Íslands og hins vegar 147,3 m.kr. til að mæta kostnaði við lækkun greiðsluþátttöku lífeyrisþega í heilsugæslu. Á málaflokkinn eru millifærðar 88 m.kr. til að mæta kostnaði við samninga um heilbrigðisþjónustu við fanga.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 0,1 m.kr. á málaflokknum í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.

### 24.3 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Þjónustan er almennt veitt á grundvelli samninga Sjúkratrygginga Íslands vegna viðkomandi faghópa en Heyrnar- og talmeinastöð Íslands heyrir einnig undir þennan þátt. Sjúklingar skulu hafa aðgang að starfsstöðvum þeirra er veita skilgreinda sérhæfða þjónustu í heilbrigðisumdæmum eða fá fjarheilbrigðisþjónustu.

Starfsemi málaflokksins er í höndum sjúkraþjálfara, iðjuþjálfa og talmeinafræðinga.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Unnið að gerð endurhæfingarstefnu | Heilbrigðisráðuneytið | 1 |

## Fjárheimildir

| 24.30 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 547,8 | 414,1 | 425,2 | 2,7 | -22,4 |
| Rekstrartilfærslur | 5.346,7 | 5.135,4 | 5.399,3 | 5,1 | 1,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 7,1 | 7,3 | 2,8 | - |
| **Heildarútgjöld** | **5.894,5** | **5.556,6** | **5.831,8** | **5,0** | **-1,1** |
| Rekstrartekjur | - | 232,2 | 239,6 | 3,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 5.324,4 | 5.592,2 | 5,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **5.556,6** | **5.831,8** | **5,0** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 5.831,8 m.kr. og hækkar um 94 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 181,2 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Reiknaður kerfislægur vöxtur til málaflokksins er 123,1 m.kr.
b. Millifærðar verða 25 m.kr. af málaflokknum til að efla starfsemi Sjúkratrygginga Íslands.
c. Þá lækka rekstrarframlög um 4,1 m.kr. í samræmi við aðhaldsmarkmið sem sett voru í áætlun um ríkisfjármálin.

### 24.4 Sjúkraflutningar

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Til sjúkraflutninga teljast allir flutningar sjúkra og slasaðra utan sjúkrahúsa, á landi og í lofti. Öruggir sjúkraflutningar eru mikilvægur þáttur til að tryggja markmið um jafnt aðgengi allra landsmanna að heilbrigðisþjónustunni. Undir þennan málaflokk falla einnig ferðir innanlands sem greiddar eru á grundvelli reglugerðar um ferðakostnað.

Starfsemi málaflokksins er í höndum rekstraraðila sem starfa samkvæmt samningum eða á vegum heilbrigðisstofnana.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Innleiðing aðgerðaáætlunar í sjúkraflutningum. | Heilbrigðisráðuneytið | 1 |
| Endurnýjun sjúkrabifreiða. | Heilbrigðisráðuneytið | 1 |

## Fjárheimildir

| 24.40 Sjúkraflutningar | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.635,2 | 1.862,5 | 1.953,8 | 4,9 | 19,5 |
| Rekstrartilfærslur | 954,2 | 866,3 | 915,4 | 5,7 | -4,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **2.589,4** | **2.728,8** | **2.869,2** | **5,1** | **10,8** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.728,8 | 2.869,2 | 5,1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **2.728,8** | **2.869,2** | **5,1** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 2.869,2 m.kr. og hækkar um 27,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 112,6 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Reiknaður kerfislægur vöxtur til málaflokksins er 21,5 m.kr.
b. Millifærðar eru 17,8 m.kr. á málaflokkinn til að mæta kostnaði við kaup á sjúkra-bifreiðum.
c. Þá lækka rekstrarframlög um 11,5 m.kr. í samræmi við aðhaldsmarkmið sem sett voru í áætlun um ríkisfjármálin.

# 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka en þeir eru *Hjúkrunar- og dvalarrými* og *Endurhæfingarþjónusta.* Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **25.10 Hjúkrunar- og dvalarrými** | **41.302,0** | **45.173,9** | **50.998,9** | **12,9** | **23,5** |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti | 41.302,0 | 45.173,9 | 50.998,9 | 12,9 | 23,5 |
| **25.20 Endurhæfingarþjónusta** | **5.238,1** | **5.673,4** | **5.760,3** | **1,5** | **10,0** |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti | 5.238,1 | 5.673,4 | 5.760,3 | 1,5 | 10,0 |
| **Samtals** | **46.540,1** | **50.847,3** | **56.759,2** | **11,6** | **22,0** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**BÆTTUR AÐBÚN-AÐUR**

**Áframhaldandi sókn í byggingu hjúkrunarrýma,.**

**Stefna og aðgerðaráætlun varðandi þjónustu fyrir fólk með heilabilun.**

**Viðhalda og efla færni með endurhæfingu.**

### Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu árið 2020 eru áætluð 56.759 m.kr. og aukast um 3.424 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019, eða sem svarar til 6,7%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 5.912 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 11,6%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 1.203,7 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið eru engar tillögur í frumvarpinu um niðurfelldar tímabundnar fjárveitingar. Nettó hækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því sú sama eins og í lið a.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 336,3 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 2.556,1 m.kr.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 2.488,4 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 56.759,2 m.kr. Þar vega þyngst áhrif af áætluðum launahækkunum á árinu 2019 miðað við áhrif þeirra á ársgrundvelli og mati á launahækkunum sem áætlað er að taki gildi á árinu 2020 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa taka hækkunum samkvæmt spá um almennar verðbreytingar fyrir árið 2020. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu breytast milli ára sem hér segir:

| 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 44.628,1 | 47.206,4 | 51.443,6 | 9,0 | 15,3 |
| Rekstrartilfærslur | 40,5 | 945,0 | 945,0 | 0,0 | - |
| Fjármagnstilfærslur | 817,3 | 1.991,6 | 1.991,5 | 0,0 | 143,7 |
| Fjárfestingarframlög | 1.054,2 | 704,3 | 2.379,1 | 237,8 | 125,7 |
| **Heildarútgjöld** | **46.540,1** | **50.847,3** | **56.759,2** | **11,6** | **22,0** |
| Rekstrartekjur | - | 2.600,2 | 2.877,4 | 10,7 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 48.247,1 | 53.881,8 | 11,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **50.847,3** | **56.759,2** | **11,6** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 51.443,6 m.kr. og hækka um 4.237,2 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um framlag til nýrra hjúkrunarrýma og endurmats launa og verðlags til hækkunar og til lækkunar vegur þyngst samdráttur í ríkisútgjöldum í samræmi við markmið um aðhald útgjalda.
b. **Rekstrartilfærslur** eru óbreyttar milli ára og verða 945 m.kr.
c. **Fjármagnstilfærslur** eru áætlaðar 1.991,5 m.kr. og er það 0,1 m.kr. lækkun milli ára.
d. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 2.379,1 m.kr. og er það 1.674,8 m.kr. hækkun milli ára. Þar vega þyngst aukin framlög til framkvæmdaáætlunar um byggingu hjúkrunarheimila.

## 25.1 Hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Undir málaflokkinn fellur starfsemi hjúkrunar- og dvalarrýma á hjúkrunar- og dvalarheimilum og á heilbrigðisstofnunum. Undir flokkinn fellur einnig dagdvöl og Framkvæmdasjóður aldraðra.

Starfsemi málaflokksins er í höndum sjálfseignarstofnana, sveitarfélaga og heilbrigðisstofnana.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Aðgerðaráætlun varðandi þjónustu fyrir fólk með heilabilun á grundvelli fyrirliggjandi stefnu. | Heilbrigðisráðuneytið | 1,2 og 3 |
| Ljúka við byggingu 99 hjúkrunarrýma í Reykjavík sem taka á í notkun 2020 og að halda áfram byggingu rýma sem taka á í notkun síðar. | Heilbrigðisráðuneytið | 1 |
| Setja á fót sérstaka einingu með hjúkrunarrýmum til að mæta þörfum fólks sem glímir við samþættan geðheilbrigðis- og fíknivanda. | Heilbrigðisráðuneytið | 2 |

## Fjárheimildir

| 25.10 Hjúkrunar- og dvalarrými | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 39.430,0 | 41.583,0 | 45.733,3 | 10,0 | 16,0 |
| Rekstrartilfærslur | 0,5 | 895,0 | 895,0 | 0,0 | - |
| Fjármagnstilfærslur | 817,3 | 1.991,6 | 1.991,5 | 0,0 | 143,7 |
| Fjárfestingarframlög | 1.054,2 | 704,3 | 2.379,1 | 237,8 | 125,7 |
| **Heildarútgjöld** | **41.302,0** | **45.173,9** | **50.998,9** | **12,9** | **23,5** |
| Rekstrartekjur | - | 2.600,2 | 2.877,4 | 10,7 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 42.573,7 | 48.121,5 | 13,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **45.173,9** | **50.998,9** | **12,9** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 50.998,9 m.kr. og hækkar um 3.559,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 2.265,1 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 1.155,1 m.kr. til reksturs nýrra hjúkrunarrýma sem eru í framkvæmdaáætlun um byggingu hjúkrunarrýma sbr. markmið nr. 1.
b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 1.782,1 m.kr. til framkvæmdaáætlunar í uppbyggingu hjúkrunarrýma sbr. markmið nr. 1 og 2.
c. Tímabundin lækkun fjárheimildar málaflokksins um 734 m.kr. til reksturs nýrra hjúkrunarrýma í fjárlögum 2019 gengur til baka í fjárlögum 2020.
d. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 268,3 m.kr. til samræmis við áætlaðar sértekjur öldrunarstofnana.
e. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 100 m.kr. vegna millifærslu af málefnasviði hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu yfir á málefnasvið sjúkrahúsþjónustu vegna byggingar hjúkrunarrýma við Heilbrigðisstofnun Vesturlands Stykkishólmi.
f. Gert er ráð fyrir samtals 279,6 m.kr. lækkun útgjalda í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um aðhald í útgjöldum ríkissjóðs.

## 25.2 Endurhæfingarþjónusta

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Undir málaflokkinn falla endurhæfingarrými sem ætluð eru fólki, óháð aldri, sem þarfnast þverfaglegrar endurhæfingar vegna færniskerðingar af völdum veikinda, slysa eða annarra vandamála. Rýmin eru rekin á grundvelli þjónustusamninga Sjúkratrygginga Íslands við rekstraraðila.

Starfsemi málaflokksins er í höndum Reykjalundar og Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands auk SÁÁ.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Unnið að gerð endurhæfingarstefnu | Heilbrigðisráðuneytið | 1 |

## Fjárheimildir

| 25.20 Endurhæfingarþjónusta | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 5.198,1 | 5.623,4 | 5.710,3 | 1,5 | 9,9 |
| Rekstrartilfærslur | 40,0 | 50,0 | 50,0 | 0,0 | 25,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **5.238,1** | **5.673,4** | **5.760,3** | **1,5** | **10,0** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 5.673,4 | 5.760,3 | 1,5 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **5.673,4** | **5.760,3** | **1,5** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 5.760,3 m.kr. og lækkar um 136,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 223,3 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 40 m.kr. til að styrkja rekstur endurhæfingarstofnana.
b. Framlög til málaflokksins lækka um 119,7 m.kr. þar sem umsjón með samningi um rekstur meðferðarheimilisins í Krýsuvík færist til félagsmálaráðuneytis.
c. Gert er ráð fyrir samtals 56,7 m.kr. lækkun útgjalda í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um aðhald í útgjöldum ríkissjóðs.

# 26 Lyf og lækningavörur

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka en þeir eru *Lyf, Lækningatæki* og *Hjálpartæki.* Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 26 Lyf og lækningavörur | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **26.10 Lyf** | **17.646,5** | **20.487,8** | **21.603,9** | **5,4** | **22,4** |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti | 17.646,5 | 20.487,8 | 21.603,9 | 5,4 | 22,4 |
| **26.30 Hjálpartæki** | **4.905,6** | **5.169,2** | **5.148,9** | **-0,4** | **5,0** |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti | 4.905,6 | 5.169,2 | 5.148,9 | -0,4 | 5,0 |
| **Samtals** | **22.552,1** | **25.657,0** | **26.752,8** | **4,3** | **18,6** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**BÆTT AÐGENGI OG AUKIÐ EFTIRLIT**

**Bætt aðgengi að lyfjum og unnið gegn mis- og ofnotkun.**

**Aukið eftirlit með lækningatækjum.**

**Aukin færni með hjálpartækjum.**

### Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhalds-markmiði.




**Heildargjöld** til lyfja og lækningavara árið 2020 eru áætluð 26.753 m.kr. og aukast um 690 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019, eða sem svarar til 2,7%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.095,8 m.kr. milli ára eða sem svarar til 4,3%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 671 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið eru engar tillögur í frumvarpinu um niðurfelldar tímabundnar fjárveitingar. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því sú sama og í lið a.
c. Ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir til að lækka útgjöld á árinu 2020 í samræmi við almenn markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 19 m.kr.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 406 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 26.753 m.kr. Þar vegur þyngst áhrif af áætluðum launahækkunum á árinu 2019 miðað við áhrif þeirra á ársgrundvelli og mati á launahækkunum sem áætlað er að taki gildi á árinu 2020 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa taka hækkunum samkvæmt spá um almennar verðbreytingar fyrir árið 2020 en auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun lyfja og lækningavara breytast milli ára sem hér segir:

| 26 Lyf og lækningavörur | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 8.643,3 | 10.819,7 | 11.634,0 | 7,5 | 34,6 |
| Rekstrartilfærslur | 13.908,8 | 14.837,3 | 15.118,8 | 1,9 | 8,7 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **22.552,1** | **25.657,0** | **26.752,8** | **4,3** | **18,6** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 25.657,0 | 26.752,8 | 4,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **25.657,0** | **26.752,8** | **4,3** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 11.634 m.kr. og hækka um 814,3 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um reiknaðan vöxt milli ára í S-merktum lyfjum að fjárhæð 576,5 m.kr. og kostnað vegna innleiðingar nýrra S- merktra lyfja að fjárhæð 100 m.kr.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 281,5 m.kr. og verða 15.118,8 m.kr. en eru 14.873,3 m.kr. í fjárlögum ársins 2019. Þar munar mest um gengis- og verðlagsreikning að upphæð 267,9 m.kr. Gert er ráð fyrir 13,6 m.kr. hækkun í útgjaldaskuldbindingum tilfærslukerfa ráðuneytisins sem leiðir af endurmati vegna lýðfræðilegrar þróunar og endurmati í ljósi útgjalda umfram áætlanir fjárlaga 2019.

## 26.1 Lyf

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Lyfjamál fjalla m.a. um framleiðslu, dreifingu, notkun og sölu lyfja og skyldra vara (blóð, frumur og vefir).

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisráðuneytisins, Lyfjastofnunar, Embættis landlæknis, Sjúkratrygginga Íslands og lyfjagreiðslunefndar. Auk þess hefur Landspítali með höndum undirbúning og framkvæmd útboða fyrir opinberar heilbrigðisstofnanir og sóttvarnalækni. Þar að auki ber Landspítalinn fjárhagslega og faglega ábyrgð á umsýslu leyfisskyldra og S-merktra lyfja. Landspítalinn kemur að kennslu og þjálfun heilbrigðisstétta sem að lyfjamálum koma. Geislavarnir ríkisins hafa eftirlit með geislavirkum efnum, þ.m.t. geislavirkum lyfjum og Matvælastofnun hefur eftirlit með ávísunum dýralækna á lyf handa dýrum og með lyfjanotkun handa dýrum.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Viðhalda fjölda innleiddra nýrra lyfja í sambærilegu hlutfalli og meðaltal Norðurlanda. Styrkja innkaup – útboð og | Lyfjastofnun og Landspítali | 1 |

| | | |
|---|---|---|
| samningsstöðu í samstarfi við hin Norðurlöndin og önnur EES ríki. | | |
| Færa hormónalyf til getnaðarvarna undir greiðsluþátttöku lyfja fyrir valda hópa. | Sjúkratryggingar Íslands | 2 |
| Kortleggja svefnlyfjanotkun og notkun sterkra verkjalyfja og koma með tillögur til úrbóta. Fylgja eftir tillögum úr skýrslu starfshóps „Aðgerðir til að sporna við misnotkun lyfja sem geta valdið ávana og fíkn“. | Heilbrigðisráðuneytið og Embætti Landlæknis | 3 |
| Fylgja eftir frumvarpi til nýrra lyfjalaga. Vinna reglugerðir sem þeim tengjast. | Heilbrigðisráðuneytið | 1 og 2 |
| Endurskoða skömmtun lyfja og meðferð lyfja á heilbrigðisstofnunum. | Heilbrigðisráðuneytið og Embætti landlæknis | 1 og 2 |
| Endurskoðun á lista um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni. | Lyfjastofnun | 2 |
| Undirbúningur að nýrri lyfjastefnu til samræmis við nýja heilbrigðisstefnu. | Heilbrigðisráðuneytið | 1 og 2 |

## Fjárheimildir

| 26.10 Lyf | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 8.521,7 | 10.819,7 | 11.634,0 | 7,5 | 36,5 |
| Rekstrartilfærslur | 9.124,8 | 9.668,1 | 9.969,9 | 3,1 | 9,3 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **17.646,5** | **20.487,8** | **21.603,9** | **5,4** | **22,4** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 20.487,8 | 21.603,9 | 5,4 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **20.487,8** | **21.603,9** | **5,4** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 21.603,9 m.kr. og hækkar um 831,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 285 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 743,1 m.kr. til að mæta kerfislægum vexti í kostnaði vegna lyfja.
b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 100 m.kr. af útgjaldasvigrúmi málaflokksins til að mæta kostnaði vegna innleiðingar nýrra S-merktra lyfja sbr. markmið nr. 1 og aðgerð nr. 1.

## 26.2 Lækningatæki

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Meginverkefni málaflokksins varða framleiðslu, sölu, markaðssetningu, markaðseftirlit, viðhald og notkun lækningatækja og eftirlit heilbrigðisyfirvalda með þeim.

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisráðuneytisins og Lyfjastofnunar sem annast eftirlit með lækningatækjum.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Innleiðing nýrrar lækningatækjareglugerðar EES. | Heilbrigðisráðuneytið og Lyfjastofnun | 1 |

## 26.3 Hjálpartæki

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Meginverkefni málaflokksins er að sjá fólki með skerta færni fyrir hjálpartækjum til að auðvelda því athafnir daglegs lífs og hjálpa því að takast á við umhverfi sitt, auka eða viðhalda færni og sjálfsbjargargetu eða auðvelda umönnun. Sjúkratryggðir einstaklingar eiga rétt á styrk til að afla nauðsynlegra hjálpartækja. Undir málaflokkinn heyra m.a. meðferðarhjálpartæki og flókin tæki til tjáskipta- og umhverfisstjórnunar ásamt einnota hjúkrunarvörum, næringarefnum og sérfæði.

Starfsemi málaflokksins er í höndum Sjúkratrygginga Íslands sem sjá að mestu um úthlutun hjálpartækja.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Eftirfylgni með árangri af starfi teymis sérfræðinga til að þjálfa og aðstoða starfsmenn í nærumhverfi einstaklinga sem þurfa flókin tæki til tjáskipta- og umhverfisstjórnunar. | Sjúkratryggingar Íslands | 1 |

## Fjárheimildir

| 26.30 Hjálpartæki | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 121,6 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Rekstrartilfærslur | 4.784,0 | 5.169,2 | 5.148,9 | -0,4 | 7,6 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **4.905,6** | **5.169,2** | **5.148,9** | **-0,4** | **5,0** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 5.169,2 | 5.148,9 | -0,4 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **5.169,2** | **5.148,9** | **-0,4** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 5.148,9 m.kr. og lækkar um 141 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 120,7 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 141 m.kr. Endurmat á fjárþörf málaflokksins og fleiri málaflokka heilbrigðisþjónustunnar stendur nú yfir og eru vonir bundnar við að niðurstaða þeirrar vinnu liggi fyrir við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins. Þá ætti að verða ljóst hvort lækkunin verði látin standa eða hvort hún verði dregin til baka að hluta eða öllu leyti.

# 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð félags- og barnamálaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í fimm málaflokka, en þeir eru; *Bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar – örorkulífeyrir, Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð – örorka, Málefni fatlaðs fólks, Aðrar örorkugreiðslur* og *Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða.* Málaflokkurinn jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra en aðrir málaflokkar eru á ábyrgð félags- og barnamálaráðherra. Framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **27.10 Bætur skv. lög. um almannatr., ör.líf. .......** | **40.380,5** | **46.094,7** | **50.556,8** | **9,7** | **25,2** |
| 07 Félagsmálaráðuneyti ...................................... | 40.380,5 | 46.094,7 | 50.556,8 | 9,7 | 25,2 |
| **27.20 Bætur skv. lög. um félagsl. aðstoð, örok. ..** | **15.926,8** | **16.897,3** | **17.800,8** | **5,3** | **11,8** |
| 07 Félagsmálaráðuneyti ...................................... | 15.926,8 | 16.897,3 | 17.800,8 | 5,3 | 11,8 |
| **27.30 Málefni fatlaðs fólks ..................................** | **528,7** | **610,5** | **601,0** | **-1,6** | **13,7** |
| 07 Félagsmálaráðuneyti ...................................... | 528,7 | 610,5 | 601,0 | -1,6 | 13,7 |
| **27.40 Aðrar örorkugreiðslur ...............................** | **104,8** | **171,6** | **193,8** | **12,9** | **84,9** |
| 07 Félagsmálaráðuneyti ...................................... | 104,8 | 171,6 | 193,8 | 12,9 | 84,9 |
| **27.50 Jöfnun á örorkubyrði alm. Lífeyrissj. .......** | **4.540,0** | **4.904,0** | **5.255,0** | **7,2** | **15,7** |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti ...................... | 4.540,0 | 4.904,0 | 5.255,0 | 7,2 | 15,7 |
| **Samtals ..................................................................** | **61.480,8** | **68.678,1** | **74.407,4** | **8,3** | **21,0** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**STYRKJA STÖÐU ÖRYRKJA OG FATLAÐS FÓLKS**

**Aukin gæði í þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra.**

**Áætlun um samþætta þverfaglega þjónustu við börn með röskun óháð búsetu.**

**Bætur og greiðslur stuðli að því að fólk með skerta starfsgetu geti lifað innihaldsríku og sjálfstæðu lífi.**

**Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum**

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** örorku og málefna fatlaðs fólks árið 2020 eru áætluð 74.407,4 m.kr. og aukast um 3.408,3 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019 eða sem svarar til 5% hækkunar. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 5.729,3 m.kr. milli ára eða sem svarar til 8,3%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum, sem falla til á árinu 2020, nema alls 2.320,5 m.kr. til hækkunar. Þar vegur þyngst 1.459 m.kr. vegna endurmats á lýðfræðilegri þróun, 500 m.kr. vegna breyttra forsendna búsetuútreikninga og 351 m.kr. vegna hækkunar á framlagi til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða.
b. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 12,2 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við aðhaldsmarkmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
c. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins í ný eða aukin verkefni, samtals 1.100 m.kr. vegna kerfisbreytinga í almannatryggingum til að bæta kjör öryrkja.
d. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020 eru áætlaðar 2.321 m.kr. þannig að heildargjöldin verða 74.407,4 m.kr. Þar vega þyngst áhrif af hækkunum á bótum almannatrygginga en þær nema 3,5% frá og með 1. janúar 2020. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun örorku og málefna fatlaðs fólks breytast milli ára sem hér segir:

| 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 161,9 | 294,5 | 291,3 | -1,1 | 79,9 |
| Rekstrartilfærslur | 61.318,9 | 68.383,6 | 74.116,1 | 8,4 | 20,9 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **61.480,8** | **68.678,1** | **74.407,4** | **8,3** | **21,0** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 10,5 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 68.678,1 | 74.396,9 | 8,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **68.678,1** | **74.407,4** | **8,3** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 291,3 m.kr. og lækka um 3,2 m.kr. frá fjárlögum þessa árs.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 5.732,5 m.kr. og verða 74.116,1 m.kr. en eru 68.383,6 m.kr. í fjárlögum ársins 2019. Þar munar mest um 1.100 m.kr. framlag til að bæta kjör öryrkja, 1.459 m.kr. aukning vegna endurmats lýðfræðilegrar þróunar, 2.321 m.kr. vegna launa- og verðlagsbóta, 500 m.kr. vegna breyttra forsendna búsetuútreikninga og 351 m.kr. vegna hækkunar á framlagi til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða.

## 27.1 Bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, örorka

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og málefni/verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum félagsmálaráðuneytisins og Tryggingastofnunar ríkisins.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Frumvarp til breytinga á lögum um almannatryggingar verður lagt fram sem miðar m.a. að því að tekið verði upp einfaldara og sveigjanlegra bótakerfi vegna skertrar starfsgetu. | FRN | 1 |
| Komið verður í veg fyrir víxlverkanir í samspili örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða. | FRN og FJR | 1 |
| Lagt verður fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar varðandi skilyrði til greiðslna í almannatryggingum, með hvaða hætti réttindi ávinnast í hlutfalli við búsetu á Íslandi og hvernig komið verði til móts við þá sem hafa áunnið sér lítil réttindi með búsetu hér á landi. | FRN | 1 |

## Fjárheimildir

| 27.10 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Rekstrartilfærslur | 40.380,5 | 46.094,7 | 50.556,8 | 9,7 | 25,2 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **40.380,5** | **46.094,7** | **50.556,8** | **9,7** | **25,2** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 46.094,7 | 50.556,8 | 9,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **46.094,7** | **50.556,8** | **9,7** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 50.556,8 m.kr. og hækkar um 2.752,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.709,7 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 1.100 m.kr. til að bæta kjör öryrkja sbr. markmið nr. 1.
b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 500 m.kr. vegna breyttra forsendna búsetuútreikninga sbr. markmið nr. 1.
c. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 1.152,4 m.kr. vegna endurmats lýðfræðilegrar þróunar.

### 27.2 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, örorka

Almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni er lýst í fjármálaáætlun. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki er fjallað um markmið og aðgerðir varðandi starfsemi hans. Undir málaflokkinn falla greiðslur endurhæfingarlífeyris og styrkir og uppbætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eins og heimilisuppbót, uppbót á lífeyri og sérstaka uppbót vegna framfærslu og uppbætur og styrki vegna bifreiðakaupa og reksturs bifreiða. Tryggingastofnun ríkisins ber ábyrgð á framkvæmd greiðslna sem falla undir málaflokkinn.

## Fjárheimildir

| 27.20 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Rekstrartilfærslur | 15.926,8 | 16.897,3 | 17.800,8 | 5,3 | 11,8 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **15.926,8** | **16.897,3** | **17.800,8** | **5,3** | **11,8** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 16.897,3 | 17.800,8 | 5,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **16.897,3** | **17.800,8** | **5,3** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 17.800,8 m.kr. og hækkar um 301,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 602,0 m.kr. Fjárheimild milli áranna er óbreytt fyrir utan endurmat á lýðfræðilegri þróun 301,5 m.kr.

### 27.3 Málefni fatlaðs fólks

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Félags- og barnamálaráðherra fer með yfirstjórn málaflokksins en almenn og sértæk þjónusta við fatlað fólk er fyrst og fremst á hendi sveitarfélaganna. Sveitarfélög bera ábyrgð á framkvæmd og skipulagi þjónustunnar. Sértæka þjónusta á landsvísu veitir Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins (GRR) og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda (ÞÞM). Málaflokkurinn snýr að þjónustu við fatlað fólk samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Kortleggja þörf barna sem þurfa snemmtæka og þverfaglega þjónustu. Á grundvelli kortlagningar verður þörf fyrir þjónustu á landsvísu greind og mælikvarðar verða þróaðir um árangur þjónustunnar. | FRN | 1 |
| Áætlun um samþætta þverfaglega þjónustu við börn með röskun og fjölskyldur þeirra óháð búsetu. Í áætlun verði lýsing á verkefni, skilgreindir samstarfsaðilar, tímaáætlun um þjónustu á mismunandi þjónustustigum, þ.e. þjónustu sveitarfélaga (1. stig), landshluta (2. stig) og ríkisstofnana (3. stig). | FRN | 1 |
| Tilraunaverkefni 2020–2023 um landshlutateymi til að auka þekkingu, efla og samþætta þjónustu við börn í heimabyggð. Verkefnin festi sig í sessi og starfsemi þeirra verði viðvarandi (sjá aðgerð G.3 í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017–2021). | FRN | 1 |

| | | |
|---|---|---|
| Áætlun um innleiðingu þeirra verkþátta sem ekki fullnægja ákvæðum greina samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks samkvæmt niðurstöðu starfshóps ráðuneyta um þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar í því skyni að efna skuldbindingar þess samkvæmt samningum. | FRN | 2 |
| Notendaráð fatlaðs fólks starfi í öllum sveitarfélögum til að auka áhrif fatlaðs fólks á þjónustu og hagsmunamál sín í sveitarfélaginu (sjá aðgerð F.6 í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017–2021). | FRN | 2 |
| Að stofnað verði til formlegs samráðsvettvangs milli ríkis, sveitarfélaga, frjálsra félagasamtaka og nærsamfélags um að beita hjálpartækjum og tæknitengdum lausnum við veitingu þjónustu sem stuðlar að auknu sjálfstæði notenda og gerir þjónustuveitendum kleift að sinna fleiri notendum (sjá markmið G.7 í framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks 2017–2021). | FRN | 2 |

## Fjárheimildir

| 27.30 Málefni fatlaðs fólks | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 130,4 | 294,5 | 291,3 | -1,1 | 123,4 |
| Rekstrartilfærslur | 398,3 | 316,0 | 309,7 | -2,0 | -22,2 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **528,7** | **610,5** | **601,0** | **-1,6** | **13,7** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 610,5 | 601,0 | -1,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **610,5** | **601,0** | **-1,6** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 601 m.kr. og lækkar um 12,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 2,7 m.kr. Helsta breyting á fjárheimildum málaflokksins er eftirtalin:

a. Framlög til réttindagæslu fatlaðra lækka um 12,2 m.kr. í samræmi við aðhaldsmarkmið sem sett voru í fjármálaáætlun.

### 27.4 Aðrar örorkugreiðslur

Hér er einkum um að ræða greiðslur samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra, nr. 113/1994. Starfsemi málaflokksins er með þeim hætti að ekki verður fjallað um markmið og aðgerðir vegna hans. Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni.

## Fjárheimildir

| 27.40 Aðrar örorkugreiðslur (Önnur velferðarmál, lífeyristrygg.) | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 31,5 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Rekstrartilfærslur | 73,3 | 171,6 | 193,8 | 12,9 | 164,4 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **104,8** | **171,6** | **193,8** | **12,9** | **84,9** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 10,5 | - | - |
| 31 Húsnæðisstuðningur | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **31.10 Húsnæðisstuðningur** | **12.968,5** | **13.412,4** | **13.497,2** | **0,6** | **4,1** |
| 07 Félagsmálaráðuneyti | 9.926,1 | 10.012,4 | 10.097,2 | 0,8 | 1,7 |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 3.042,4 | 3.400,0 | 3.400,0 | 0,0 | 11,8 |
| **Samtals** | **12.968,5** | **13.412,4** | **13.497,2** | **0,6** | **4,1** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**HÚSNÆÐI FYRIR ALLA**

**Húsnæðisaðgerðir fyrir fyrstu kaupendur**

**Stofnframlög til byggingar eða kaupa 600 almennra íbúða**

**Aðgerðir til að bregðast við húsnæðisvanda á landsbyggðinni**

### Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** húsnæðisstuðnings árið 2020 eru áætluð 13.497,2 m.kr. og aukast um 80,4 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019 eða sem svarar til 0,6%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 84,8 m.kr. milli ára eða sem svarar til 0,6%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum falla til á árinu 2020 sem nema alls 1.417 m.kr. til lækkunar. Þar vegur þyngst 1.466,8 m.kr. lækkun á heimild til stofnframlaga félagslegra leiguíbúða og 50 m.kr. hækkun á framlagi til húsnæðisbóta. Ákveðið var að framlengja heimild til stofnframlaga og bætast því 1.500 m.kr. við útgjaldasvigrúm málefnasviðsins.
b. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 2,8 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
c. Útgjaldasvigrúm hækkar um 1.500 m.kr. samanber skýringu á lið a.
d. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 4,4 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 13.497,2 m.kr.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun húsnæðisstuðnings breytast milli ára sem hér segir:

| 31 Húsnæðisstuðningur | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 136,3 | 141,0 | 142,6 | 1,1 | 4,6 |
| Rekstrartilfærslur | 9.171,8 | 9.568,2 | 9.618,2 | 0,5 | 4,9 |
| Fjármagnstilfærslur | 3.559,9 | 3.703,2 | 3.736,4 | 0,9 | 5,0 |
| Fjárfestingarframlög | 100,5 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| **Heildarútgjöld** | **12.968,5** | **13.412,4** | **13.497,2** | **0,6** | **4,1** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 14.078,5 | 14.163,3 | 0,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | -666,1 | -666,1 | 0,0 | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **13.412,4** | **13.497,2** | **0,6** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 142,6 m.kr. og hækka um 1,6 m.kr. frá fjárlögum þessa árs vegna 4,4 m.kr. hækkun með launa- og verðlagsbótum og 2,8 m.kr. lækkun í samræmi við aðhaldsmarkmið sem sett voru í fjármálaáætlun.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 50 m.kr. með framlagi til húsnæðisbóta og verða 9.618,2 m.kr. en eru 9.568,2 m.kr. í fjárlögum ársins 2019.
c. **Fjármagnstilfærslur** eru áætlaðar 3.736,4 m.kr. og er það 33,2 m.kr. hækkun milli ára vegna aukinna heimilda til stofnframlaga félagslegra leiguíbúða.

**31.1 Húsnæðisstuðningur**

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og málefni/verkefni. Starfsemi málaflokksins er í höndum félagsmálaráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Íbúðalánasjóðs og ríkisskattstjóra.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Stofnframlög til byggingar eða kaupa 600 almennra íbúða árið 2020. | Íbúðalánasjóður. | 1 og 2 |
| Miðlægum gagnagrunni með upplýsingum um húsnæðismál, sk. húsnæðisgrunni, komið á fót samhliða áframhaldandi samstarfi opinberra stofnana um upplýsingaöflun og -miðlun um húsnæðismarkaðinn. | Íbúðalánasjóður. | 1 |
| Lög sett um úrræði til að auðvelda ungu fólki og tekjulágum fyrstu kaup íbúðarhúsnæðis. | Félagsmálaráðuneytið. | 2 og 3 |

| | | |
|---|---|---|
| Byggingarkostnaður lækkaður með endurskoðun byggingar- og skipulagsmála. | Félagsmálaráðuneytið. | 2 og 3 |
| Sérstaklega verði tekið mið af stöðu einstæðra foreldra og einhleypra á leigumarkaði við stefnumótun á sviði húsnæðismála. | Félagsmálaráðuneytið. | 2 og 3 |
| Fræðsluátak um rétt til húsnæðisbóta o.fl. | Íbúðalánasjóður. | 2 og 3 |
| Aðgerðir til að bregðast við húsnæðisvanda á landsbyggðinni. | Íbúðalánasjóður. | 1, 2 og 3 |

## Fjárheimildir

| 31.10 Húsnæðisstuðningur | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 136,3 | 141,0 | 142,6 | 1,1 | 4,6 |
| Rekstrartilfærslur | 9.171,8 | 9.568,2 | 9.618,2 | 0,5 | 4,9 |
| Fjármagnstilfærslur | 3.559,9 | 3.703,2 | 3.736,4 | 0,9 | 5,0 |
| Fjárfestingarframlög | 100,5 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| **Heildarútgjöld** | **12.968,5** | **13.412,4** | **13.497,2** | **0,6** | **4,1** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 14.078,5 | 14.163,3 | 0,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | -666,1 | -666,1 | 0,0 | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **13.412,4** | **13.497,2** | **0,6** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 13.497,2 m.kr. og hækkar um 80,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 4,4 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 50 m.kr. með hærra framlagi til húsnæðisbóta sbr. markmið nr. 2 og 3 og aðgerð 5, 6 og 7.
b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 33,2 m.kr. með hærra framlagi til stofnframlaga félagslegra leiguíbúða.
c. Framlög lækka um 2,8 m.kr. í samræmi við aðhaldsmarkmið sem sett voru í fjármálaáætlun.

# 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra, forsætisráðherra og félags- og barnamálaráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka en þeir eru *Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit, Jafnréttismál, Stjórnsýsla heilbrigðismála* og *Stjórnsýsla félagsmála.* Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit** | **2.916,0** | **2.917,7** | **2.999,1** | **2,8** | **2,8** |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti | 2.916,0 | 2.917,7 | 2.999,1 | 2,8 | 2,8 |
| **32.20 Jafnréttismál** | **293,7** | **356,0** | **362,0** | **1,7** | **23,3** |
| 01 Forsætisráðuneyti | 293,7 | 356,0 | 362,0 | 1,7 | 23,3 |
| **32.30 Stjórnsýsla heilbrigðismála** | **3.958,1** | **3.569,7** | **4.302,5** | **20,5** | **8,7** |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti | 3.958,1 | 3.569,7 | 4.302,5 | 20,5 | 8,7 |
| **32.40 Stjórnsýsla félagsmála** | **2.683,7** | **3.454,2** | **3.421,1** | **-1,0** | **27,5** |
| 07 Félagsmálaráðuneyti | 2.683,7 | 3.454,2 | 3.421,1 | -1,0 | 27,5 |
| **Samtals** | **9.851,5** | **10.297,6** | **11.084,7** | **7,6** | **12,5** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**EFLING LÝÐ-- HEILSU**

**Fella markmið málaflokksins að heilbrigðisstefnu til ársins 2030.**

**Efling rafrænnar skráningar heilbrigðis-upplýsinga.**

**Sameiginlegt átak til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi.**

**SAM-ÞÆTTING JAFN-RÉTTI**

**Jafnlaunavottun innleidd og unnið á kynbundnum launamun.**

**Aðgerðir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og afleiðingum þess.**

**Réttindi hinsegin fólks tryggð.**

**Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum**

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** lýðheilsu og stjórnsýslu velferðarmála árið 2020 eru áætluð 11.085 m.kr. og aukast um 468m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019 eða sem svarar til 4,5%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 787 m.kr. milli ára eða sem svarar til 7,6%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 248 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög til ýmissa verkefna, alls 30 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 218 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 206 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun
d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 455 m.kr.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 319 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 11.085 m.kr. Þar vegur þyngst áhrif af áætluðum launahækkunum á árinu 2019 miðað við áhrif þeirra á ársgrundvelli og mati á launahækkunum sem áætlað er að taki gildi á árinu 2020 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa taka hækkunum samkvæmt spá um almennar verðbreytingar fyrir árið 2020 en auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

## Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun lýðheilsu og stjórnsýslu velferðarmála breytast milli ára sem hér segir:

| 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 8.990,9 | 9.286,7 | 9.853,3 | 6,1 | 9,6 |
| Rekstrartilfærslur | 860,6 | 904,3 | 1.123,3 | 24,2 | 30,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 106,6 | 108,1 | 1,4 | - |
| **Heildarútgjöld** | **9.851,5** | **10.297,6** | **11.084,7** | **7,6** | **12,5** |
| Rekstrartekjur | - | 1.645,4 | 1.677,0 | 1,9 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 8.652,2 | 9.407,7 | 8,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **10.297,6** | **11.084,7** | **7,6** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 9.853,3 m.kr. og hækka um 566,6 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um 304 m.kr. framlag vegna launa- og verðlagsbóta, 150 m.kr. vegna flutnings heilbrigðisráðuneytisins, samtals 150 m.kr. framlag til Ljóssins og 40 m.kr. framlag til að standa straum af kostnaði vegna bólusetninga við hlaupabólu.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 219 m.kr. og verða 1.123,3 m.kr. en eru 904,3 m.kr. í fjárlögum ársins 2019. Þar munar mest um millifærslur til heilbrigðisráðuneytis og Sjúkratrygginga Íslands sem ætlaðar eru til að efla starfsemi, greiningar og eftirlit, samtals 252 m.kr.
c. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 108,1 m.kr. og er það 1,5 m.kr. hækkun milli ára.

## 32.1 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Undir málaflokkinn falla aðgerðir hins opinbera til að viðhalda og bæta lýðheilsu þjóðarinnar. Helstu verkefni málaflokksins eru á sviði lýðheilsu og forvarna, þ.m.t. sóttvarna og geislavarna. Einnig eftirlit með heilbrigðisþjónustu, sjúkraskrár, lífvísindi, starfsréttindi og vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Heilbrigðisráðherra ber ábyrgð á málaflokknum en lögð er áhersla á samvinnu við aðra ráðherra varðandi málaflokka sem eiga sameiginlega tengifleti, svo sem vegna forvarna.

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisráðuneytisins, Embætti landlæknis, Geislavarna ríkisins og Lyfjastofnunar.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Efld og aukin nýting rafrænnar skráningar heilbrigðisupplýsinga. | Embætti landlæknis | 1, 2 og 3 |

| | | |
|---|---|---|
| Sameiginlegt átak til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi. | Embætti landlæknis | 1, 2 og 3 |
| Endurskoðun á stefnu í áfengis- og vímuvörnum og gerð aðgerðaáætlunar. | Heilbrigðisráðuneytið | 1 |
| Bólusetning hafin gegn hlaupabólu. | Embætti landlæknis | 1 |
| Gerð mannaflaspár fyrir fjölmennustu heilbrigðisstéttir í heilbrigðisþjónustunni. | Heilbrigðisráðuneytið | 2 og 3 |
| Framkvæmd áætlunar um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu til 2030. | Embætti landlæknis og heilbrigðisstofnanir | 2 og 3 |
| Aukin áhersla á gæðamál og vottun gæðakerfa í eftirliti með notkun geislatækja og geislavirkra efna. | Heilbrigðisráðuneytið og Geislavarnir ríkisins. | 3 |

## Fjárheimildir

| 32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 2.635,8 | 2.597,9 | 2.684,4 | 3,3 | 1,8 |
| Rekstrartilfærslur | 280,2 | 294,3 | 288,9 | -1,8 | 3,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 25,5 | 25,8 | 1,2 | - |
| **Heildarútgjöld** | **2.916,0** | **2.917,7** | **2.999,1** | **2,8** | **2,8** |
| Rekstrartekjur | - | 570,9 | 593,4 | 3,9 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.346,8 | 2.405,7 | 2,5 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **2.917,7** | **2.999,1** | **2,8** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 2.999,1 m.kr. og lækkar um 4,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 85,8 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 19,1 m.kr.
b. Útgjaldasvigrúm að fjárhæð 35 m.kr. er nýtt til að styrkja Lyfjastofnun ríkisins vegna aukinna verkefna.
c. Framlag lækkar um 58,5 m.kr. í samræmi við aðhaldsmarkmið sem sett voru í áætlun um ríkisfjármál.

### 32.2 Jafnréttismál

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og málefni / verkefni sem undir hann falla. Málaflokkurinn er í höndum forsætisráðherra í reglulegu samráði við önnur ráðuneyti um verkefni á sviði jafnréttismála. Forsætisráðuneytið fer einnig með Framkvæmdasjóð jafnréttismála og ábyrgð á starfsemi Jafnréttissjóðs Íslands. Stjórnsýsla Jafnréttissjóðs Íslands hefur verið færð yfir til Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís).

Jafnréttisstofa annast framkvæmd jafnréttismála í umboði forsætisráðherra og Jafnréttisráð er ráðherra til ráðgjafar. Hlutverk Jafnréttisstofu er jafnframt að hafa eftirlit með jafnréttislögum.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Framkvæmd verkefna um jafnrétti á vinnumarkaði og launajafnrétti kynja, þ.m.t. verkefni um jafnlaunavottun innan tímamarka laga nr. 56/2017. | Forsætisráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið | 1 |
| Ráðuneyti og stofnanir ríkisins sem hlotið hafa jafnlaunavottun viðhaldi vottunum með reglubundnum milliúttektum. innleiði staðalinn ÍST 85 og hljóti jafnlaunavottun innan tímamarka laga nr. 56/2017. | Forsætisráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið | 1 |
| Mótun stefnu um forvarnir og fræðslu til að útrýma kynferðislegu ofbeldi og áreitni, bætt réttarstaða brotaþola, aðgerðir gegn stafrænu kynferðisofbeldi og aukið þverfaglegt samstarf um forvarnir og þjónustu við þolendur og gerendur ofbeldis. | Forsætisráðuneyti í samstarfi við ráðuneyti félagsmála, dómsmála, heilbrigðismála og mennta- og menningarmála. | 2 |
| Innleiðing laga um kynrænt sjálfræði m.a. með stofnun starfshópa sbr. bráðabirgðaákvæði laganna | Forsætisráðuneytið | 3 |
| Framkvæmd laga um kynrænt sjálfræði. | Forsætisráðuneytið | 3 |

## Fjárheimildir

| 32.20 Jafnréttismál | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 199,6 | 226,0 | 233,4 | 3,3 | 16,9 |
| Rekstrartilfærslur | 94,1 | 129,3 | 127,9 | -1,1 | 35,9 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,7 | 0,7 | 0,0 | - |
| **Heildarútgjöld** | **293,7** | **356,0** | **362,0** | **1,7** | **23,3** |
| Rekstrartekjur | - | 23,0 | 23,7 | 3,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 333,0 | 338,3 | 1,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **356,0** | **362,0** | **1,7** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 362,0 m.kr. og lækkar um 2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 8 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 5 m.kr. til að efla félagslega stöðu hinsegin fólks. Sbr. markmið nr. 3.
b. Þá lækka framlög um 7 m.kr. vegna aðhaldskröfu.

### 32.3 Stjórnsýsla heilbrigðismála

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Innleiðing heilbrigðisstefnu og gerð aðgerðaáætlana. | Heilbrigðisráðuneytið | 1 |
| Þróun á gagnagrunni fyrir HRN sem tekur við tölulegum gögnum stofnana. | Heilbrigðisráðuneytið | 1 |

### Fjárheimildir

| 32.30 Stjórnsýsla heilbrigðismála | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.803,1 | 3.378,3 | 3.854,4 | 14,1 | 1,3 |
| Rekstrartilfærslur | 155,0 | 188,4 | 445,0 | 136,2 | 187,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 3,0 | 3,1 | 3,3 | - |
| **Heildarútgjöld** | **3.958,1** | **3.569,7** | **4.302,5** | **20,5** | **8,7** |
| Rekstrartekjur | - | 964,3 | 1.007,1 | 4,4 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.605,4 | 3.295,4 | 26,5 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **3.569,7** | **4.302,5** | **20,5** | - |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 4.302,5 m.kr. og hækkar um 607, 6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 125,2 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Millifærðar eru 132 m.kr. á málaflokkinn til að efla þjónustu heilbrigðisráðuneytisins sbr. markmið nr. 1.
b. Millifærðar eru 120 m.kr. til Sjúkratrygginga Íslands til að efla rekstur stofnunarinnar; samningateymi, kostnaðargreiningu, eftirlit og áætlanagerð.
c. Millifærðar eru 70 m.kr. frá félagsmálaráðuneytinu til heilbrigðisráðuneytis. Um er að ræða styrk til Ljóssins, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðvar fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein.
d. Útgjaldasvigrúm að fjárhæð 415 m.kr. er m.a. nýtt til að styrkja starfsemi Ljóssins með 80 m.kr. framlagi, standa straum af 40 m.kr. kostnaði vegna bólusetninga við hlaupabólu og 150 m.kr. kostnaði vegna fyrirhugaðs flutnings ráðuneytisins í varanlegt húsnæði.
e. Framlag lækkar um 71 m.kr. í samræmi við aðhaldsmarkmið sem sett voru í áætlun um ríkisfjármál.

## 32.4 Stjórnsýsla félagsmála

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni.

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins auk þess sem rekstur úrskurðarnefndar velferðarmála, Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar, Tryggingarstofnunar ríkisins og Mannvirkjastofnunar fellur undir málaflokkinn.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Árleg þjónustukönnun meðal forstöðumanna. | Félagsmálaráðuneytið | 1 |
| Fylgjast með gerðum í mótun hjá ESB og hefja innleiðingu fyrr í ferlinu. | Félagsmálaráðuneytið | 1 |
| Þróun á uppbyggingu gagnagrunna og vöruhúss gagna. | Félagsmálaráðuneytið | 1 |

## Fjárheimildir

| 32.40 Stjórnsýsla félagsmála | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 2.352,4 | 3.084,5 | 3.081,1 | -0,1 | 31,0 |
| Rekstrartilfærslur | 331,3 | 292,3 | 261,5 | -10,5 | -21,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 77,4 | 78,5 | 1,4 | - |
| **Heildarútgjöld** | **2.683,7** | **3.454,2** | **3.421,1** | **-1,0** | **27,5** |
| Rekstrartekjur | - | 87,2 | 52,8 | -39,4 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 3.367,0 | 3.368,3 | 0,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **3.454,2** | **3.421,1** | **-1,0** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 3.421.1 m.kr. og lækkar um 133,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 100,4 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 34,3 m.kr. vegna lækkunar gjalda á móti lækkuðum sértekjum.
b. Niðurfelld er 30 m.kr. tímabundin fjárheimild að fjárhæð 30 m.kr.

# 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka, en þeir eru; *Fjármagnskostnaður, Ríkisábyrgðir* og *Lífeyrisskuldbindingar ríkisins*. Framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **33.10 Fjármagnskostnaður** | **63.682,0** | **47.625,2** | **44.553,2** | **-6,5** | **-30,0** |
| 19 Vaxtagjöld ríkissjóðs | 63.682,0 | 47.625,2 | 44.553,2 | -6,5 | -30,0 |
| **33.20 Ríkisábyrgðir** | **149,2** | **110,0** | **110,0** | **0,0** | **-26,3** |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 149,2 | 110,0 | 110,0 | 0,0 | -26,3 |
| **33.30 Lífeyrisskuldbindingar** | **54.254,4** | **42.833,0** | **56.280,9** | **31,4** | **3,7** |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 54.254,4 | 42.833,0 | 56.280,9 | 31,4 | 3,7 |
| **Samtals** | **118.085,6** | **90.568,2** | **100.944,1** | **11,5** | **-14,5** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

**TREYSTA SJÁLFBÆRNI RÍKISFJÁRMÁLA**

**Sjálfbær og hagstæð** fjármögnun ríkissjóðs sem stuðlar að stöðugum og virkum skuldabréfamarkaði

**Ekki veita nýjar ríkisábyrgðir** eða endurnýja útistandandi.

**Endurfjármagna** útistandandi skuldir þegar tækifæri gefast **á betri vaxtakjörum**.

### Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðs fjármagnskostnaðar, ríkisábyrgða og lífeyrisskuldbindinga árið 2020 eru áætluð 100.944 m.kr. og aukast um 8.817 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019 eða sem svarar til 9,7%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 10.376 m.kr. milli ára eða sem svarar til 11,7%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020 en þær nema alls 8.817 m.kr. til hækkunar.
b. Gerðar hafa verið ýmsar ráðstafanir á árinu 2019 til þess að lækka útgjöld málefnasviðsins til framtíðar. Hluta þeirra var ráðist í eftir útgáfu fjármálaáætlunar og er þeim lýst nánar í kaflanum um einstaka málaflokka hér á eftir.
c. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 1.559 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 100.944 m.kr. Hækkunin er bæði til komin vegna almenns launa- , gengis- og verðlagsreiknings á frumvarpi til fjárlaga sem nemur 1.265,6 m.kr. og einnig endurmats á launaforsendum fjárlaga ársins 2019 miðað við áhrif á ársgrundvelli, 293,1 m.kr. Áhrif gengisbreytinga á höfuðstól erlendra lána og verðbótaþáttur innlendra lána er hér ekki meðtalinn en fjallað er sérstaklega um þá þætti í kafla um málaflokk 33.1.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Flokkun útgjalda og fjárheimilda fjármagnskostnaðar, ríkisábyrgða og lífeyrisskuldbindinga eftir hagrænni skiptingu á ekki við málefnasvið 33 og verður því ekki rakin hér.

| 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 117.936,4 | 90.458,2 | 100.834,1 | 11,5 | -14,5 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 149,2 | 110,0 | 110,0 | 0,0 | -26,3 |
| **Heildarútgjöld** | **118.085,6** | **90.568,2** | **100.944,1** | **11,5** | **-14,5** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 72.275,0 | 75.669,9 | 4,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 18.293,2 | 25.274,2 | 38,2 | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **90.568,2** | **100.944,1** | **11,5** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## 33.1 Fjármagnskostnaður

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Greiða niður skuldir með stöðugleikaframlagi slitabúa. | FJR | 1 |
| Nýta óreglulegar tekjur til niðurgreiðslu skulda. | FJR | 1 |
| Endurfjármagna útistandandi skuldir þegar tækifæri gefast á betri vaxtakjörum. | FJR | 2 |

## Fjárheimildir

| 33.10 Fjármagnskostnaður | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 63.682,0 | 47.625,2 | 44.553,2 | -6,5 | -30,0 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **63.682,0** | **47.625,2** | **44.553,2** | **-6,5** | **-30,0** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 49.987,0 | 39.934,0 | -20,1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | -2.361,8 | 4.619,2 | -295,6 | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **47.625,2** | **44.553,2** | **-6,5** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Fjármagnskostnaður ríkissjóðs lækkar um 3.072 m.kr. á milli áranna 2019 og 2020. Stærstu breytingarnar eru að óverðtryggði skuldabréfaflokkurinn RIKB 20 0205 er á gjalddaga í febrúar 2020 en stærð hans nemur nú um 76 ma.kr. og eru árlegir vextir af flokknum tæplega 4,8 ma.kr. Uppkaup á erlendum skuldabréfaflokki ríkissjóðs í evrum frá árinu 2014 fyrir 60 milljónir evra og útgáfa nýs flokks fyrir 500 milljónir evra í júní 2019 lækka vaxtagjöld um 0,4 ma.kr. á milli ára vegna hagstæðari vaxtakjara. Aðrir vextir hækka um 0,5 ma.kr. Forsendur um verðbólgu og vexti lækka í nýrri þjóðhagsspá fyrir árið 2020 frá forsendum fjárlaga ársins 2019. Áætlað meðaltal 12 mánaða verðbólgu lækkar úr 3,6% árið 2019 í 3,2% árið 2020 og áætlað meðaltal stýrivaxta lækkar úr 5,6% í 4,6%.

### 33.2 Ríkisábyrgðir

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Ekki veita nýjar ríkisábyrgðir eða endurnýja útistandandi. | FJR | 1 |
| Endurlána ríkisfyrirtækjum í B og C hluta beint í stað þess að heimila lántökur með ríkisábyrgð. | FJR | 1 |

### Fjárheimildir

| 33.20 Ríkisábyrgðir | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 149,2 | 110,0 | 110,0 | 0,0 | -26,3 |
| **Heildarútgjöld** | **149,2** | **110,0** | **110,0** | **0,0** | **-26,3** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 20,0 | 20,0 | 0,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 90,0 | 90,0 | 0,0 | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **110,0** | **110,0** | **0,0** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 110 m.kr. og stendur í stað frá gildandi fjárlögum. Ekki er gert ráð fyrir nýjum ríkisábyrgðum.

### 33.3 Lífeyrisskuldbindingar

Markmiðum málaflokksins er lýst í fjármálaáætlun, ásamt almennri umfjöllun um málaflokkinn og verkefni. Starfsemi málaflokksins er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra.

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Greiða árlega 7 ma.kr. inn á lífeyrisskuldbindingar. | FJR | 1 |
| Í tilfellum óreglulegs og einskiptis fjárstreymis í ríkissjóð verði hagstæðasta ráðstöfun þess metin, þ.e. hvort því verði varið til hraðari niðurgreiðslu skulda eða lækkunar á ófjármögnuðum lífeyrisskuldbindingum. | FJR | 1 |

## Fjárheimildir

| 33.30 Lífeyrisskuldbindingar | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 54.254,4 | 42.833,0 | 56.280,9 | 31,4 | 3,7 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **54.254,4** | **42.833,0** | **56.280,9** | **31,4** | **3,7** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 22.268,0 | 35.715,9 | 60,4 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 20.565,0 | 20.565,0 | 0,0 | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **42.833,0** | **56.280,9** | **31,4** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 56.280,9 m.kr. og hækkar um 11.889,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.558,7 m.kr. Þessi hækkun er áætluð út frá þróun ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs og verðbóta sem byggist á forsendum um ný áunnin réttindi virkra sjóðsfélaga, áætlaðrar hækkunar vísitölu lífeyrisskuldbindinga, greiddum iðgjöldum, fjölda lífeyrisþega og ávöxtun sérstaks sjóðs sem ríkissjóður hefur greitt viðbótarframlög í.

# 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir

Umsjón og ábyrgð á ráðstöfun fjárheimilda málefnasviðsins er á hendi fjármála- og efnahagsráðherra. Málefnasviðið skiptist í þrjá málaflokka en þeir eru; *Almennur varasjóður, Sértækar fjárráðstafanir* og *Afskriftir skattkrafna*. Framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **34.10 Almennur varasjóður** | **0,0** | **10.427,5** | **10.744,1** | **3,0** | **-** |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 0,0 | 10.427,5 | 10.744,1 | 3,0 | - |
| **34.20 Sértækar fjárráðstafanir** | **0,0** | **472,7** | **476,2** | **0,7** | **-** |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 0,0 | 472,7 | 476,2 | 0,7 | - |
| **34.30 Afskriftir skattkrafna** | **25.190,6** | **17.756,0** | **17.079,1** | **-3,8** | **-32,2** |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 25.190,6 | 17.756,0 | 17.079,1 | -3,8 | -32,2 |
| **Samtals** | **25.190,6** | **28.656,2** | **28.299,4** | **-1,2** | **12,3** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.



**Heildarframlög** málefnasviðs 34, Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir árið 2020 eru áætluð 28.299 m.kr. og lækka um 875 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019 eða sem svarar til 3,1%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 357 m.kr. milli ára eða sem svarar til 1,2%. Breytingarnar samanstanda af 317 m.kr. hækkun í samræmi við áform um kerfislægan vöxt almenns varasjóðs, 4 m.kr. hækkun sértækra fjárráðstafana vegna verðlags auk 677 m.kr. lækkun afskrifta skattkrafna vegna endurmats.

## Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun almenns varasjóðs og sértækra fjárráðstafanir breytast milli ára sem hér segir:

| 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 25.190,6 | 7.219,7 | 7.309,7 | 1,2 | -71,0 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 20.980,9 | 20.525,8 | -2,2 | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 455,6 | 463,9 | 1,8 | - |
| **Heildarútgjöld** | **25.190,6** | **28.656,2** | **28.299,4** | **-1,2** | **12,3** |
| Rekstrartekjur | - | 340,0 | 340,0 | 0,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 10.560,2 | 10.880,3 | 3,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 17.756,0 | 17.079,1 | -3,8 | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **28.656,2** | **28.299,4** | **-1,2** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Fjárheimildir málefnasviðsins eru greindar í þrjá þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, í rekstrarframlög, rekstrartilfærslur og fjárfestingarframlög. Ekki er gert ráð fyrir að málaflokkur 34.10 *Almennur varasjóður* beri útgjöld heldur er millifært úr honum af fjármála- og efnahagsráðuneyti í samræmi við þær reglur sem um það gilda. Heimilt er að gera millifærslur á fjárheimildum málaflokka 34.1 *Almennur varasjóður* og 34.2 *Sérstakar fjárráðstafanir* til annarra málaflokka óháð hagrænni skiptingu, í samræmi við ákvarðanir um ráðstöfun þeirra enda er fjárheimildum þessum ætlað að mæta útgjaldatilefnum án tillits til hvaða málaflokkur beri þau útgjöld. Útgjöld málaflokks 34.3 *Afskriftir skattkrafna* flokkast sem rekstrartilfærslur en afskriftir skattkrafna færast til gjalda í uppgjöri á rekstrargrunni án þess að það hafi í för með sér greiðslur úr ríkissjóði.

## 34.1 Almennur varasjóður

Samkvæmt 24. gr. laga um opinber fjármál er almennum varasjóði ætlað að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg og óhjákvæmileg. Almennum varasjóði er einkum ætlað að mæta frávikum í launa-, gengis- og verðlagsforsendum fjárlaga og meiriháttar ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum, svo sem vegna náttúruhamfara eða útgjöldum sem ókleift er að mæta með öðrum hætti samkvæmt fjárlögum. Starfsemi málaflokksins er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra.

## Fjárheimildir

| 34.10 Almennur varasjóður | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 0,0 | 7.111,7 | 7.198,2 | 1,2 | - |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 3.057,4 | 3.279,2 | 7,3 | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 258,4 | 266,7 | 3,2 | - |
| **Heildarútgjöld** | **0,0** | **10.427,5** | **10.744,1** | **3,0** | - |
| Rekstrartekjur | - | 340,0 | 340,0 | 0,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 10.087,5 | 10.404,1 | 3,1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **10.427,5** | **10.744,1** | **3,0** | - |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 10.744,1 m.kr. og hækkar um 316,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum í samræmi við áform um kerfislægan útgjaldavöxt. Samkvæmt lögum um opinber fjármál skal almennur varasjóður nema að lágmarki 1% af heildarfjárheimild fjárlaga.

## 34.2 Sértækar fjárráðstafanir

Sértækar fjárráðstafanir eru á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Markmið málaflokksins er að skapa svigrúm til að framfylgja aðgerðum sem fram koma í heimildargrein fjárlaga, s.s. til að kaupa fasteignir, skip, flugvélar eða aðrar eignir. Sömuleiðis að ríkisstjórn geti mætt tímabundnum útgjaldatilefnum sem upp geta komið á fjárlagaári og talið er nauðsynlegt að sinna. Jafnframt að hægt sé að mæta ýmsum ófyrirséðum útgjöldum af fyrrgreindum toga sem ekki teljast vera á ábyrgð einstakra ráðherra heldur ríkisstjórnarinnar allrar og verða ekki fjármögnuð úr varasjóðum annarra málaflokka.

## Fjárheimildir

| 34.20 Sértækar fjárráðstafanir | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 0,0 | 108,0 | 111,5 | 3,2 | - |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 167,5 | 167,5 | 0,0 | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 197,2 | 197,2 | 0,0 | - |
| **Heildarútgjöld** | **0,0** | **472,7** | **476,2** | **0,7** | - |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 472,7 | 476,2 | 0,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **472,7** | **476,2** | **0,7** | - |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 476,2 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 3,5 m.kr.

### 34.3 Afskriftir skattkrafna

Afskriftir skattkrafna eru á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki verður fjallað um markmið og aðgerðir varðandi starfsemi hans. Um er að ræða fjárheimild á móti gjaldfærslu á bæði beinum afskriftum krafna sem taldar eru sannanlega tapaðar, t.d. vegna gjaldþrota, og óbeinum afskriftum þar sem kröfur eru færðar niður um tiltekinn hluta sem reynslan hefur leitt í ljós að muni að líkindum ekki innheimtast.

**Fjárheimildir**

| 34.30 Afskriftir skattkrafna | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 25.190,6 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 17.756,0 | 17.079,1 | -3,8 | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **25.190,6** | **17.756,0** | **17.079,1** | **-3,8** | **-32,2** |
| Rekstrartekjur | - | - | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | - | 0,0 | - | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 17.756,0 | 17.079,1 | -3,8 | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **17.756,0** | **17.079,1** | **-3,8** | **-** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 17.079,1 m.kr. og lækkar um 676,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Rétt er að benda á að erfitt er að áætla fyrir þessum óreglulegu gjaldfærslum í fjárlögum en í áætlanagerðinni er byggt á reynslu fyrri ára. Einnig er vakin athygli á því að þótt afskrifaðar kröfur séu færðar til gjalda á þennan málaflokk í uppgjöri á rekstrargrunni þá hefur það ekki í för með sér greiðslur úr ríkissjóði.

# 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna

Málefnasviðið *Alþjóðleg þróunarsamvinna* er nýtt málefnasvið og undir það fellur einn málaflokkur, *Þróunarsamvinna*. Starfsemi málefnasviðs er á ábyrgð utanríkisráðherra. Meginverkefni sviðsins er tvíhliða og fjölþjóðleg þróunarsamvinna í samstarfi við valin samstarfslönd og svæði, fjölþjóðastofnanir og frjáls félagasamtök. Verkefnum er sinnt af þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins, tveimur sendiskrifstofum í Afríku, í Malaví og Úganda, og fastanefndum Íslands í New York, Genf, París og Róm.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2018–2020.

| 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **35.10 Þróunarsamvinna** | **6.152,1** | **5.860,2** | **5.645,8** | **-3,7** | **-8,2** |
| 03 Utanríkisráðuneyti | 6.152,1 | 5.860,2 | 5.645,8 | -3,7 | -8,2 |
| **Samtals** | **6.152,1** | **5.860,2** | **5.645,8** | **-3,7** | **-8,2** |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## HELSTU ÁHERSLUR 2020

| MANNRÉTT-INDI, KYNJA-JAFNRÉTTI OG SJÁLF-BÆR ÞRÓUN | **Verndun og sjálfbær nýting náttúru-auðlinda** með áherslu á endurnýjanlega orkugjafa, auðlindir hafsins og endurheimt landgæða. | **Sjálfbær hagvöxtur** með áherslu á mannsæmandi atvinnutækifæri fyrir alla, með aðstoð samstarfsjóðs við atvinnulífið, og frumkvöðlastarfsemi. | **Styrkja innviði** alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. |
|---|---|---|---|

### Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** alþjóðlegrar þróunarsamvinnu árið 2020 eru áætluð 5.645,8 m.kr. og lækka um 387,5 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019, eða sem svarar til 6,6%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 214,4 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 3,7%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar eru á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2020. Í fyrsta lagi lækka framlögin um 308,1 m.kr. vegna lækkunar á áætluðum vergum þjóðartekjum ársins 2020. Í öðru lækka framlögin um 446,2 m.kr. vegna breyttrar samsetningar á heildarútgjöldum til alþjóðlegar þróunarsamvinnu. Í þriðja lagi, í samræmi við ákvörðun Alþingis við þinglega meðferð fjármálaáætlunar 2020-2024, eru 300 m.kr. færðar af málefnasviðinu á málefnasvið *4 Utanríkismál*. Á sama tíma er gert ráð fyrir að framlög til þróunaraðstoðar verði endurskoðuð að nýju í meðferð þingsins á fjárlagafrumvarpinu til þess að tryggja megi að markmið stjórnarsáttmálans nái fram að ganga sem er að 0,35% af vergum þjóðartekjum verði varið til þróunarsamvinnu. Á móti hækkar útgjaldasvigrúm málaefnasviðsins um 668,7 m.kr. í samræmi við stefnu stjórnvalda um hækkun á framlögum til þróunarsamvinnu.
b. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 2,1 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við aðhaldsmarkmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
c. Hækkun á útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins, sem er samtals 668,7 m.kr., verður notað til að styrkja og efla verkefni og skuldbindingar sem til hefur verið stofnað. Lögð verður áhersla að efla málefnastarf í þágu þróunarsamvinnu innan fastanefnda Íslands. Einnig verður áhersla lögð á að efla vinnu við þverlæg málefni þróunarsamvinnuskrifstofu sem lúta að mannréttindunum, kynjajafnrétti og umhverfismálum.
d. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020, sem eru áætlaðar 173 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 5.646 m.kr. Þar vega þyngst áhrif af áætluðum launahækkunum á árinu 2019 miðað við áhrif þeirra á ársgrundvelli og mati á launahækkunum sem áætlað er að taki gildi á árinu 2020 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa taka hækkunum samkvæmt spá um almennar

verðbreytingar fyrir árið 2020. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun alþjóðlegrar þróunarsamvinnu breytist milli ára sem hér segir:

| 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.257,0 | 1.949,4 | 1.916,6 | -1,7 | 52,5 |
| Rekstrartilfærslur | 4.895,1 | 3.882,8 | 3.729,2 | -4,0 | -23,8 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 28,0 | 0,0 | -100,0 | - |
| **Heildarútgjöld** | **6.152,1** | **5.860,2** | **5.645,8** | **-3,7** | **-8,2** |
| Rekstrartekjur | - | 144,8 | 169,4 | 17,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 5.715,4 | 5.476,4 | -4,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **5.860,2** | **5.645,8** | **-3,7** | - |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 1.916.6 m.kr. og lækka um 32,8 m.kr. frá fjárlögum þessa árs.
b. **Rekstrartilfærslur** lækka um 153,6 m.kr. og verða 3.729,2 m.kr. en eru 3.882,8 m.kr. í gildandi fjárlögum.
c. **Fjármagnstilfærslur** eru engar líkt og í gildandi fjárlögum.
d. **Fjárfestingarframlög** eru engin áætluð.

Eins og kemur fram hér fyrr þá skýrast breytingarnar af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi lækka framlögin um 308,1 m.kr. vegna lækkunar á áætluðum vergum þjóðartekjum ársins 2020. Í öðru lagi lækka framlögin um 446,2 m.kr. vegna breyttrar samsetningar á heildarútgjöldum til alþjóðlegar þróunarsamvinnu. Í þriðja lagi, í samræmi ákvörðun Alþingis við þinglega meðferð fjármálaáætlunar 2020-2024, eru 300 m.kr. færðar á málefnasvið *4 Utanríkismál*, og eins og fyrr greinir á þessu málefnasviði er reiknað með að framlög til þróunaraðstoðar verði endurskoðuð í meðferð þingsins á fjárlagafrumvarpinu.

**35.1 Þróunarsamvinna**

**Verkefni**

Hér eru tilgreind dæmi um aðgerðir eða verkefni sem utanríkisráðuneytið mun ráðast í til að styðja við þróunarmarkmið Íslands.[2]

[2] Í aðgerðaáætlun sem lögð var fyrir Alþingi má sjá helstu markmið Íslands í þróunarsamvinnu, niðurstöður og aðgerðir. Áætlunina má finna hér: https://www.althingi.is/altext/pdf/149/fylgiskjol/s0416-f_I.pdf

| Helstu verkefni 2020 | Framkvæmdaraðili | Tengist markmiði |
|---|---|---|
| Byggðaþróunarverkefni í Mangochi-héraði í Malaví. | UTN | 1 |
| Byggðaþróunarverkefni í Úganda.[3] | UTN | 1 |
| Samstarfsverkefni við UNICEF á sviði vatns og hreinlætis í Sambesíu-fylki í Mósambík. | UTN | 1 |
| Jarðhitaskólinn býður nemendum frá þróunarríkjum upp á nám á Íslandi og heldur námskeið erlendis. | UTN og Jarðhitaskólinn. | 2 |
| Ráðgjafarlisti á sviði jarðhita er starfræktur í samvinnu við Alþjóðabankann. Íslenskir sérfræðingar leggja af mörkum til alþjóðlegra verkefna bankans. | UTN | 2 |
| Ráðgjafarlisti á sviði sjávarútvegs er starfræktur í samvinnu við Alþjóðabankann. Íslenskir sérfræðingar leggja af mörkum til alþjóðlegra verkefna bankans. | UTN | 2 |
| Sjávarútvegsskólinn býður nemendum frá þróunarríkjum upp á nám á Íslandi og heldur námskeið erlendis. | UTN og Sjávarútvegsskólinn. | 2 |
| Bygging heilsu- og umhverfisvænna reykofna fyrir sjávarþorp er hluti af svæðaverkefni Íslands í Síerra Leóne og Líberíu. | UTN | 2 |

## Fjárheimildir

| 35.10 Þróunarsamvinna | Reikningur[1] 2018 m.kr. | Fjárlög 2019 m.kr. | Frumvarp 2020 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.257,0 | 1.949,4 | 1.916,6 | -1,7 | 52,5 |
| Rekstrartilfærslur | 4.895,1 | 3.882,8 | 3.729,2 | -4,0 | -23,8 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 28,0 | 0,0 | -100,0 | - |
| **Heildarútgjöld** | **6.152,1** | **5.860,2** | **5.645,8** | **-3,7** | **-8,2** |
| Rekstrartekjur | - | 144,8 | 169,4 | 17,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 5.715,4 | 5.476,4 | -4,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **5.860,2** | **5.645,8** | **-3,7** | - |

[1] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2018 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

[3] Í samstarfi við stjórnvöld í Úganda er nú unnið að undirbúningi verkefnisins. Í fjármálaáætlun 2021 - 2025 verða mælikvarðar tilbúnir fyrir það verkefni.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2020 er áætluð 5.645,8 m.kr. og lækkar um 387,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 173,1 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimildir málaflokksins lækka um 214,4 m.kr. frá fjárlögum fyrir árið 2019 og verða 5.645,8 m.kr. Þessa lækkun má rekja til þriggja þátta. Í fyrsta lagi lækka framlögin um 308,1 m.kr. vegna lækkunar á áætluðum þjóðartekjum á næsta ári en framlög til þróunarsamvinnu ráðast af þróun þjóðartekna. Í öðru lagi lækka framlögin um 446,2 m.kr. vegna breyttar samsetningar á heildarútgjöldum til alþjóðlegar þróunarsamvinnu en hluti þeirra er vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd og kvótaflóttafólks. Í þriðja lagi, lækka fjárheimildir málefnasviðsins í samræmi ákvörðun Alþingis við þinglega meðferð fjármálaáætlunar 2020-2024, eru 300 m.kr. færðar á málefnasvið 4 Utanríkismálflokkinn. Á sama tíma er gert ráð fyrir að framlög til þróunaraðstoðar verði endurskoðuð að nýju í meðferð þingsins á fjárlagafrumvarpinu til þess að tryggja megi að markmið stjórnarsáttmálans nái fram að ganga sem er að 0,35% af vergum þjóðartekjum verði varið til þróunarsamvinnu.
b. Á móti hækkar útgjaldasvigrúm málefnasviðsins um 668,7 m.kr. í samræmi við ákvörðunar ríkisstjórnar um hækkun framlaga til opinberrar þróunarsamvinnu.
c. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2020 eru áætlaðar 173,1 m.kr. og því verða heildargjöldin 5.645,8 m.kr.
d. Til viðbótar útgjöldum þessa málaflokks koma önnur framlög sem teljast til opinberrar þróunaraðstoðar, þ.m.t. stofnfjárframlög sem færast ekki um rekstrarreikning heldur eru eignfærð í efnahagsreikningi ríkissjóðs, en þau geta numið 450–750 m.kr. á ári,[4] og hluti útgjalda á öðrum málefnasviðum vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd og móttöku kvótaflóttamanna, sem í þessu sambandi er áætlaður 3.759 m.kr.[5] árið 2020.
e. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 2,1 m.kr. á árinu 2020 í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
f. Hækkun á útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins nemur samtals 668,7 m.kr. og verður nýtt til að styrkja og efla þau verkefni og þær skuldbindingar sem til hefur verið stofnað.
g. Fjárheimildum málefnasviðsins verður ráðstafað í fjölmörg verkefni sviðsins og er vert að nefna nokkur dæmi. Undir fjárlagaviðfangið *03-390-1.11 Þróunarsamvinna í samstarfsríkjum* verður 452 m.kr. ráðstafað í byggðaþróunarverkefni í Mangochi-héraði í Malaví. Auk þess er ráðgert að veita 315 m.kr. til byggðaþróunarverkefnis í Buikwe-héraði í Úganda. Undir svæðasamstarfinu er ráðgert að veita 100 m.kr. í samstarfsverkefni í Sierra Leóne og Líberíu þar sem byggðir verða heilsu- og umhverfisvænir reykofnar fyrir sjávarþorp. Áfram mun verða starfræktur sjóður í samstarfi við atvinnulífið um heimsmarkmiðin, og er ráðgert að veita 100 m.kr. í styrki á árinu. Undir fjárlagaviðfanginu *03-390-1.22 Þekkingarmiðstöð þróunarlanda* verður unnið að auka færni og þekkingu í þróunarlöndum á sviðum fiskimála, kynjajafnréttis, jarðhita og landgræðslu, m.a. með þjálfun á Íslandi fyrir fagfólk frá þróunarlöndum. Yfirlit yfir fjárheimildir málefnasviðsins flokkaðar niður á einstaka fjárlagaliði má finna í fylgiriti

[4] Hér er um að ræða stofnfjárframlög til Alþjóðaframfarastofnunarinnar, Alþjóðabankans, Alþjóðalánastofnunarinnar og Norræna þróunarsjóðsins. Sjá yfirlit yfir stofnfjárframlög á bls.139.

[5] Miðað við 3ja ára áætlun í fylgiriti með fjárlögum 2019.

við fjárlagafrumvarpið auk þess sem hægt er að finna yfirlit yfir skuldbindandi samninga málefnasviðsins.

h. Umfang verkefna alþjóðlegrar þróunarsamvinnu hafa vaxið ört á undanförum árum og er gert ráð fyrir frekari vexti á komandi árum. Unnið hefur verið markvisst að því að styrkja umgjörð verkefna og efla eftirlit. Lokaskref í sameiningu Þróunarsamvinnustofnunar við utanríkisráðuneytið verður stigið á næstunni. Þróunarsamvinnan verður færð nær kjarna utanríkisstefnunnar og skipulag skrifstofa ráðuneytisins endurskoðað til þess að endurspegla áherslur ríkisstjórnarinnar á alþjóðlega þróunarsamvinnu. Einn þáttur í þessum breytingum er að færa starfsfólk úr öðrum verkefnum utanríkisþjónustunnar og nýta sérþekkingu þess til að efla málefnastarf, styrkja þverlæg málefni og innleiða stefnu um mannréttindamiðaða þróunarsamvinnu.

# Viðauki – Framsetning og uppgjör ríkisfjármála

Lög nr. 123/2015 um opinber fjármál kveða meðal annars á um að framsetning ríkisfjármála og reikningsskil skuli byggð á alþjóðlegum stöðlum. Í því fólst umtalsverð breyting frá eldri lögum nr. 88/1997, lögum um fjárreiður ríkisins, sem kváðu á um að fylgja skyldi ákvæðum laga um ársreikninga þó með veigamiklum undantekningum að því er varðaði meðferð á varanlegum rekstrarfjármunum og verðbótum.

Lögin kveða svo á að reikningsskil fyrir ríkissjóð í heild skuli byggð á alþjóðlegum reikningsskilastaðli um opinber fjármál, IPSAS (e. *International Public Sector Accounting Standard*). Hins vegar skuli reikningsskil einstakra ríkisaðila í A-hluta vera í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Þá er kveðið svo á að framsetning og flokkun upplýsinga um fjármál A-hluta ríkissjóðs skuli vera samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli, svokölluðum GFS-staðli (e. *Government Finance Statistics Manual*). Unnið er að því að þróa áætlanir og reikningsskil ríkisins að kröfum GFS- og IPSAS-staðlanna samkvæmt þriggja ára innleiðingaráætlun.

Í **1. gr. frumvarpsins er fjárstreymisyfirlit** sem sett er fram samkvæmt GFS-staðlinum með upplýsingum um meginstærðir ríkisfjármálanna. Þar er sett fram sundurliðuð áætlun á tekjum og gjöldum A-hluta ríkissjóðs eftir hagrænni flokkun ásamt breytingum á eignum og skuldum. Er þar um samstæðuupplýsingar að ræða þar sem tekið hefur verið tillit til innbyrðis viðskipta og tilfærslna milli ríkisaðila innan A-hlutans. Yfirlitið veitir góða sýn á áhrif ríkisfjármálanna í efnahagslegu tilliti, svo sem á eftirspurn, framleiðslu og tekjudreifingu. Aðrar greinar fjárlaga sem varða fjármál A-hluta ríkissjóðs eru byggðar á reikningsskilaaðferðum í samræmi við IPSAS. Ríkisreikningur skal gerður upp samkvæmt IPSAS-staðlinum en þar ber jafnframt að sýna tengingu á milli niðurstaðna reikningsskilanna við ofangreint fjárstreymisyfirlit A-hluta ríkissjóðs samkvæmt GFS-staðlinum.

**Í 2. gr. er áætlun um sjóðstreymi ríkissjóðs** með yfirliti um innheimtar tekjur og greidd rekstrargjöld, fjárfestingarhreyfingar og lánahreyfingar og breytingu á handbæru fé.

**Í 3. gr. frumvarpsins** er birt yfirlit um fjárheimildir fyrir 35 málefnasvið A-hluta ríkissjóðs á rekstrargrunni sem byggi á IPSAS-reikningsskilastaðlinum. Fjárheimildirnar eru greindar niður eftir hagrænni skiptingu útgjalda A-hlutans í rekstrarframlög, rekstrartilfærslur, fjármagnstilfærslur og fjárfestingarframlög. Tilfærsluframlögin renna til rekstrar og fjárfestinga annarra aðila en fjárfestingarframlögin eru til eignamyndunar hjá ríkisaðilum í A-hluta. Eignamyndunarframlagið færist í skuldahlið sem fyrirframgreitt framlag/frestaðar tekjur á móti eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna. Í yfirlitinu er einnig sýnt hvernig fjárheimildum er mætt með fjármögnun af rekstrartekjum ríkisaðila og framlögum úr ríkissjóði. Neðst í yfirlitinu má jafnframt sjá aðlögun að GFS-staðlinum og

heildarfjárheimildir samkvæmt þeim staðli.

**Í 4. gr. frumvarpsins** er birt yfirlit um fjárheimildir málefnasviða og málaflokka á rekstrargrunni byggt á IPSAS-reikningsskilastaðlinum, sundurliðaðar eftir ráðuneytum. Markmið greinarinnar er að draga fram heildarfjárheimild hvers málefnasviðs og málaflokks og þau ráðuneyti sem ábyrgð bera á viðkomandi málaflokki. Vakin er athygli á því að samkvæmt forsetaúrskurði nr. 85/2017, um skiptingu starfa ráðherra, fara tveir ráðherrar með málefni sem heyra undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Sú verkaskipting hefur ekki áhrif á skiptingu fjárheimilda milli ráðuneyta í frumvarpinu.

**Í sundurliðun 2** er sýnd skipting á fjárheimildum málefnasviða eftir málaflokkum og ráðuneytum ásamt upplýsingum um fjármögnun útgjalda með rekstrartekjum, framlagi úr ríkissjóði eða af efnahagsliðum. Nánari skipting fjárheimilda í fjárveitingar til ríkisaðila og verkefna og í varasjóði málaflokka er sett fram í fylgiriti með frumvarpinu. Í fylgiritinu er yfirlit um fjárveitingar til einstakra ríkisaðila og verkefna á rekstrargrunni og fjármögnun þeirra með rekstrartekjum ríkisaðila eða beinu framlagi úr ríkissjóði. Er sú framsetning gerð skv. IPSAS-reikningsskilastaðlinum á sama hátt og á við um 3. og 4. gr. frumvarpsins og sundurliðun 2.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 51. gr. laga um opinber fjármál skal færa allar tekjur ríkissjóðs í yfirlit um tekjur ríkissjóðs í heild, en í reikninga einstakra ríkisaðila í A-hluta færast einungis rekstrartekjur þeirra. Í athugasemdum við greinina segir að þær skatttekjur sem hingað til hafa verið markaðar tilteknum stofnunum færast nú eingöngu hjá ríkissjóði. Einnig kemur þar fram að gert sé ráð fyrir að tekjustofn sé tengdur málaflokki í heild sinni en ekki einstökum aðilum sem annast framkvæmd innan hans. Því beri að láta tekjurnar af honum renna í ríkissjóð, en það sé hlutverk Alþingis að ákveða með fjárheimildum í fjárlögum hverju sinni hversu miklu skuli ráðstafað til viðkomandi málaflokks. Til samræmis við þetta hefur viðkomandi lagaákvæðum um markaðar tekjur sem áður voru færðar í bókhaldi stofnana eða fjárlagaliða verið breytt með lögum nr. 47/2018, um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur.

Hér á eftir er gerð stutt grein annars vegar fyrir helstu breytingum sem felast í framsetningu ríkisfjármálanna samkvæmt GFS samanborið við eldri lög og hins vegar helstu atriðunum sem valda mismun á framsetningu ríkisfjármálanna samkvæmt GFS og IPSAS stöðlunum og hver heildarafkoma ríkissjóðs á árinu 2020 er áætluð samkvæmt hvorum staðli fyrir sig.

### Framsetning ríkisfjármála samkvæmt GFS

Með lögum um opinber fjármál verða nokkrar breytingar varðandi framsetningu og meðferð tekna og gjalda hjá ríkissjóði í heild, þ.e samstæðunni fyrir A-hluta ríkissjóðs. Fjárstreymisyfirlitið í 1. gr. fjárlaga er sem fyrr segir sett fram samkvæmt GFS-staðli en þar

er lögð áhersla á að gefa heildarmynd af tekjum, gjöldum og efnahagshreyfingum hjá ríkissjóði (A-hluta) gagnvart öðrum aðilum hagkerfisins og auðvelda mat á áhrifum opinberrar fjármálastefnu á hagkerfið. Yfirlitið felur í sér veigamiklar breytingar samanborið við framsetningu ríkisfjármálanna samkvæmt eldri lögum, en í aðalatriðum eru þær eftirfarandi:

a. rekstrartekjur ríkisstofnana eru innifaldar meðal tekna í stað þess að koma til frádráttar á gjaldahlið samkvæmt eldri framsetningu. Rekstrartekjurnar eru þó lækkaðar sem nemur innbyrðis viðskiptum milli ríkisstofnana í A-hluta en það var ekki gert í eldri framsetningu;
b. afskriftir skattkrafna koma til lækkunar á viðeigandi sköttum í stað þess að teljast meðal gjalda áður;
c. tekjur af fjármagnstekjuskatti eru lækkaðar sem nemur eigin greiðslum ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti en hann færðist áður meðal gjalda;
d. verðbætur af innlendum bankainnstæðum, verðtryggðum innlendum veittum og teknum lánum færast hér eftir um rekstrarreikning meðal vaxtatekna og vaxtagjalda. Hins vegar færist allur gengismunur af gengisbundnum bankainnstæðum, veittum og teknum lánum um endurmatsreikning yfir á efnahag. Samkvæmt fyrri uppgjörsaðferðum hafa allar verðbætur verið færðar utan rekstrarreiknings, þ.e. um endurmatsreikning yfir á efnahag. Áhrif þessa á rekstrarafkomu ríkissjóðs geta verið umtalsverð einkum við verðbólguaðstæður;
e. meðferð á breytingu lífeyrisskuldbindinga innan ársins breytist nokkuð með tilliti til þess hvað færist um rekstrarreikning eða um endurmat yfir á efnahagsreikning. Þessi breyting á reikningskilaaðferð hefur ekki áhrif á stöðu lífeyrisskuldbindinga í árslok. Samkvæmt GFS-staðli færast einungis breytingar á lífeyrisskuldbindingum vegna ávinnslu réttinda á árinu og reiknaðs vaxtakostnaðar af útistandandi lífeyrisskuldbindingu um rekstrarreikning. Aðrar breytingar á lífeyrisskuldbindingum svo sem vegna launabreytinga, breytinga á ávöxtunarprósentu, lífslíkum eða lífeyrisaldri færast um endurmat yfir á efnahag. Samkvæmt eldri uppgjörsaðferðum voru breytingar á lífeyrisskuldbindingum sem mátti rekja til launabreytinga ársins færðar um endurmatsreikning á efnahag en aðrar breytingar færðar um rekstrarreikning;
f. endurgreiðslur á virðisaukaskatti til opinberra aðila utan A-hluta, eins og sveitarfélaga, færast ekki til lækkunar á virðisaukaskatti heldur sem tilfærslur til viðkomandi aðila á gjaldahlið. Þessi breytta framsetning þarfnast ítarlegrar skoðunar og undirbúnings og hefur ekki verið innleidd;
g. varanlegir rekstrarfjármunir teljast meðal eigna og afskrifast í samræmi við líftíma

sinn. Í þessu felst að kaup og sala slíkra eigna færast ekki um rekstrarreikning eins og í fyrri reikningsskilum;

h. gert er ráð fyrir að hlutdeildaraðferð verði beitt við mat á eignarhluta ríkissjóðs í félögum og stofnunum. Er það töluverð breyting frá fyrri uppgjörsaðferðum sem almennt breyttu ekki eignamati á slíkum fyrirtækjum í efnahagsreikningi ríkissjóðs nema þegar hætt var við ofmati á virði eignarhlutar eða við sérstakar aðstæður.

**Helstu frávik á framsetningu ríkisfjármála samkvæmt GFS-staðli og IPSAS-staðli**

Báðum stöðlunum er ætlað að tryggja samkvæmni og alþjóðlega samanburðarhæfni en áherslur þeirra eru ólíkar. Í aðalatriðum sýna niðurstöður samkvæmt stöðlunum tveimur, GFS og IPSAS, sömu niðurstöður í efnahagsreikningi á hreinni eign í árslok. Hins vegar er í ákveðnum tilvikum mismunandi færslumeðferð með tilliti til þess hvað færist um rekstrarreikning eða um endurmat á efnahagsreikning. Ræðst það einkum af ólíkum markmiðum staðlanna þar sem GFS-staðlinum er ætlað að draga fram efnahagsleg áhrif viðkomandi einingar á hagkerfið á meðan IPSAS-staðallinn miðast við að sýna fjárhagslega afkomu og stöðu viðkomandi rekstraraðila. Frávik á milli staðlanna eru í aðalatriðum eftirfarandi:

a. allur gengismunur færist um endurmatsreikning yfir á efnahag samkvæmt GFS-staðli en samkvæmt IPSAS-staðli færist hann um rekstrarreikning;
b. IPSAS-staðallinn gerir almennt ráð fyrir að allar breytingar á lífeyrisskuldbindingum ársins færist um rekstrarreikning, svo sem vegna áhrifa af ávinnslu nýrra réttinda á árinu, launabreytinga og breytinga á tryggingafræðilegum forsendum. Færslumeðferð skv. GFS-staðli er lýst undir lið e) hér að framan en stærstu frávikin eru þau að þar eru áhrif launabreytinga á skuldbindingarnar færðar um endurmatsreikning yfir á efnahag. Staða lífeyrisskuldbindinga í efnahagsreikningi í árslok er hins vegar sú sama samkvæmt stöðlunum báðum;
c. samkvæmt báðum stöðlunum er gerð krafa um eignfærslu á varanlegum rekstrarfjármunum. Eignamat á öllum eignum, skuldum og varanlegum rekstrarfjármunum ríkissjóðs, þ.m.t. mannvirkjum á borð við vegakerfið, er umfangsmikið verkefni sem unnið er að en er ekki lokið að fullu. Innleiðing fyrrgreindra staðla fela í sér breytingar á framsetningu og innihaldi efnahagsreikninga hjá einstökum ríkisaðilum og þá sérstaklega er varðar meðferð varanlegra rekstrarfjármuna. Í stað þess að þessir fjármunir gjaldfærist við kaup verða þeir eignfærðir eins og vikið var að hér á undan. Það felur í sér að á móti eignfærslunni færist eignamyndunarframlag í skuldahlið sem fyrirframgreitt framlag. Yfir líftíma eignarinnar er hún síðan afskrifuð árlega og á móti þeirri gjald-

færslu er jafnan tekjufærður sambærilegur hluti af eignarmyndunarframlaginu. Í árlegum reikningsskilum fyrir þessar eignir er því lögð áhersla á að jafna saman gjöldum og tekjum í rekstrarreikningi og eignum og skuldum í efnahagsreikningi yfir líftíma viðkomandi eignar.

d. samkvæmt IPSAS-staðli eru afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna gjaldfærðar og hafa þannig áhrif á heildarafkomu, en samkvæmt GFS-staðlinum eru afskriftir færðar til gjalda á meðal rekstrarútgjalda en til lækkunar á fastafjárútgjöldum í sama mæli. Samkvæmt GFS-staðlinum hafa afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna þannig ekki áhrif á heildarafkomu.

e. IPSAS-staðallinn gerir ráð fyrir því að fjárfesting fari aðeins um efnahagsreikning en GFS-staðallinn gerir auk þess ráð fyrir gjaldfærslu. Þannig hafa fjárfestingar áhrif á heildarafkomu samkvæmt GFS-staðlinum en ekki samkvæmt IPSAS-staðlinum.

f. báðir staðlarnir gera almennt ráð fyrir að hlutdeildaraðferð sé beitt við mat á eignarhlutum í félögum og stofnunum. Niðurstöðutölur í árslok í efnahagsreikningi eru hinar sömu en frávik er á milli þess hvernig staðlarnir fara með breytingar ársins með tilliti til þess hvað færist um rekstrarreikning eða endurmatsreikning yfir á efnahag. IPSAS-staðallinn gerir kröfu um að öll breytingin færist um rekstrarreikning. GFS-staðallinn gerir hins vegar ráð fyrir að sá hluti breytingarinnar sem rekja má til viðskipta ársins færist um rekstrarreikning á meðan aðrar breytingar svo sem matsbreytingar færist um endurmatsreikning yfir á efnahag.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir yfirfærslu tekna og gjalda frá GFS- yfir í IPSAS-framsetningu og áætlaðan heildarjöfnuð ríkissjóðs á hvorum staðli fyrir sig. Eins og sjá má er munur á áætlaða afkomu á milli þessara tveggja staðla á árinu 2020. Þannig gerir GFS framsetningin ráð fyrir lítillega jákvæðum heildarjöfnuði en miðað við IPSAS er gert ráð fyrir að afkoman verði jákvæð um 9,9 ma.kr. Munur skýrist að mestu af framsetningu lífeyrisskuldbindinga sbr. lið b hér að framan og mismunandi meðhöndlun fjárfestinga og afskrifta sbr. lið d og e. Í yfirlitinu hefur einnig verið lagt mat á áhrif arðgreiðslna fjármálafyrirtækjanna á heildarafkomu samkvæmt GFS og IPSAS en bókun þeirra er mismunandi sbr. lið f hér að framan. Vakin er athygli á því að í þessari samantekt er ekki lagt mat á möguleg áhrif hlutdeildar í afkomu annarra hlutdeildarfélaga sem kunna að hafa mikil áhrif á heildarniðurstöðu ársins samkvæmt IPSAS staðlinum til hækkunar eða lækkunar.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Frumvarp 2020 |
|---|---|
| Heildartekjur samkvæmt GFS-staðli | 919.455 |
| Rekstrargjöld samkvæmt GFS-staðli | 890.396 |
| **Rekstrarjöfnuður samkvæmt GFS-staðli** | **29.058** |
| Fastafjárútgjöld | 28.691 |
| Heildargjöld samkvæmt GFS-staðli | 919.087 |
| **Heildarjöfnuður samkvæmt GFS-staðli** | **367** |
| Aðlaganir á tekjuhlið | 57.990 |
| Afskriftir skattkrafna koma til lækkunar á tekjum skv. GFS en hækkunar gjalda skv. IPSAS[1] | 17.079 |
| Innbyrðis viðskipti sem dregin eru frá í upplýsingum um samstæðu[2] | 28.211 |
| Mismunur á tekjufærðum hagnaði félaga skv. IPSAS og GFS[3] | 12.700 |
| Gengishagnaður af bankareikningum, veittum lánum og erlendu stofnfé[4] | 0 |
| Aðlaganir á gjaldahlið | 85.758 |
| Afskriftir skattkrafna koma til lækkunar á tekjum skv. GFS en hækkunar gjalda skv. IPSAS[1] | 17.079 |
| Innbyrðis viðskipti sem dregin eru frá í upplýsingum um samstæðu[2] | 28.211 |
| Lífeyrisskuldbindingar - s.s.launabreytingar,og aðrar forsendubreytingar | 40.378 |
| Aðlögun vegna tapaðra krafna | 90 |
| Heildartekjur samkvæmt IPSAS-staðli | 977.444 |
| Heildarfjárheimild til reksturs og fjárfestinga samkvæmt IPSAS-staðli | 1.004.845 |
| Fjárfestingaframlög ekki gjaldfærð samkvæmt IPSAS-staðli | -57.283 |
| Afskriftir gjaldfærðar samkvæmt IPSAS-staðli[5] | 19.965 |
| Heildargjöld samkvæmt IPSAS-staðli | 967.528 |
| **Heildarjöfnuður samkvæmt IPSAS-staðli** | **9.917** |

[1] Samkvæmt IPSAS eru afskriftir skattkrafna færðar meðal gjalda í rekstrarreikningi. Samkvæmt GFS eru þær hins vegar látnar koma til lækkunar á tekjum ríkissjóðs af viðkomandi sköttum.

[2] Í samstæðureikningi og í fjárstreymisyfirliti samkvæmt GFS er leiðrétt fyrir innbyrðis viðskiptum en hér er þeim bætt við til að sýna heildarfjárheimild eins og hún birtist í lagagreinum 3 og 4 í frumvarpinu.

[3] Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að munur á arðgreiðslum fjármálafyrirtækja skv. GFS-staðalinum og IPSAS reikningsskilum nemi 12.700 m.kr. Hér er ekki gert ráð fyrir breytingum sem tengjast afkomu ársins hjá öðrum félögum í ríkiseigu.

[4] Í frumvarpi til fjárlaga er ekki spáð fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla. Því er ekki gert ráð fyrir gengishagnaði/-tapi af bankareikningum, veittum lánum eða erlendu stofnfé.

[5]Áætlaðar afskriftir í ríkisreikningi. Um gróft mat er að ræða. Í fjárlögum eru afskriftir áætlaðar í samræmi við verklag Hagstofu Íslands. Unnið er að samræmingu á meðferð afskrifta í reikningshaldi og í þjóðhagsreikningum.

# Töfluviðauki

Bls.

1. Rekstraryfirlit ........ 382
2. Sjóðstreymi ........ 384
3. Tekjur ríkissjóðs ........ 385
4. Útgjöld ríkssjóðs eftir hagrænni skiptingu ........ 386
5. Útgjöld ríkissjóðs eftir málaefnasviðum ........ 387
6. Eignir og skuldir ríkissjóðs ........ 388
7. Efnahagsforsendur frumvarpsins, prósentubreytingar ........ 389
8. Efnahagsforsendur frumvarpsins, nafnstærðir ........ 390

**Tafla 1** **Rekstraryfirlit A-hluta ríkissjóðs**

| Þjóðhagsgrunnur[1], m.kr. | Reikn. 2017 | Reikn.[2] 2018 | Fjárlög 2019 | Áætlun 2019 | Frumvarp 2020 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Heildartekjur** | **850.489** | **882.653** | **892.026** | **869.899** | **919.455** |
| **Skatttekjur** | **632.042** | **650.108** | **698.003** | **676.682** | **714.912** |
| Skattar á tekjur og hagnað | 274.572 | 288.249 | 313.900 | 303.200 | 315.800 |
| Skattar á laungreiðslur og vinnuafl | 7.946 | 8.515 | 9.033 | 8.995 | 9.465 |
| Eignarskattar | 10.784 | 10.670 | 6.224 | 6.124 | 6.457 |
| Skattar á vöru og þjónustu | 318.380 | 321.451 | 347.107 | 336.965 | 360.855 |
| Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti | 3.912 | 4.222 | 3.516 | 3.166 | 3.371 |
| Aðrir skattar | 16.448 | 17.001 | 18.223 | 18.233 | 18.964 |
| **Tryggingagjöld** | **89.649** | **98.107** | **100.847** | **100.200** | **102.371** |
| **Fjárframlög** | **11.598** | **13.075** | **5.534** | **5.579** | **6.105** |
| **Aðrar tekjur** | **117.200** | **121.363** | **87.642** | **87.438** | **96.066** |
| Eignatekjur | 49.975 | 46.414 | 45.086 | 45.353 | 53.209 |
| þ.a. vaxtatekjur | 15.146 | 11.000 | 10.486 | 9.500 | 9.333 |
| þ.a. arðgreiðslur | 28.312 | 24.554 | 25.870 | 29.050 | 36.597 |
| Sala á vöru og þjónustu | 51.759 | 53.829 | 33.272 | 32.846 | 36.093 |
| Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur | 15.466 | 21.120 | 9.284 | 9.238 | 6.765 |
| **Heildargjöld** | **804.849** | **846.051** | **863.457** | **878.686** | **919.087** |
| **Rekstrarútgjöld** | **789.248** | **823.349** | **833.654** | **860.752** | **890.396** |
| Laun | 182.803 | 199.438 | 207.120 | 208.456 | 215.915 |
| Kaup á vöru og þjónustu | 129.563 | 133.765 | 123.446 | 123.374 | 131.439 |
| Afskriftir | 38.807 | 41.939 | 31.811 | 42.331 | 43.685 |
| Vaxtagjöld[3] | 90.129 | 74.679 | 60.442 | 60.442 | 57.353 |
| Framleiðslustyrkir | 30.116 | 31.591 | 37.511 | 40.311 | 39.400 |
| Fjárframlög | 256.422 | 278.298 | 304.226 | 318.612 | 336.009 |
| Félagslegar tilfærslur til heimila | 14.274 | 14.148 | 21.996 | 21.796 | 23.002 |
| Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög | 47.134 | 49.491 | 47.101 | 45.430 | 43.593 |
| **Fastafjárútgjöld** | **15.601** | **22.702** | **29.803** | **17.934** | **28.691** |
| Fjárfesting í efnislegum eignum | 54.408 | 64.641 | 61.614 | 60.264 | 72.376 |
| Afskriftir (-) | -38.807 | -41.939 | -31.811 | -42.331 | -43.685 |
| **Frumjöfnuður** | **120.623** | **100.281** | **78.526** | **42.155** | **48.388** |
| **Vaxtajöfnuður** | **-74.983** | **-63.679** | **-49.957** | **-50.943** | **-48.021** |
| **Heildarjöfnuður** | **45.640** | **36.602** | **28.569** | **-8.787** | **367** |

[1] Fjármál ríkissjóðs eru skv. lögum um opinber fjármál sett fram á alþjóðlegum hagskýrslustaðli (GFS) og er hann sá sami og Hagstofa Íslands notar við birtingu þjóðhagsreikninga. Unnið er að samræmingu á gögnum í talnagrunni fjárlaga og eldri gögnum og því kunna eftir atvikum að vera frávik á tekju- og gjaldahlið sem skýrast af breyttri framsetningu.

[2] Bráðabirgðatölur.

[3] Til vaxtagjalda teljast reiknuð vaxtagjöld vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga en þau eru áætluð um 12,8 ma.kr. í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2020.

**Tafla 1 - framhald** **Rekstraryfirlit A-hluta ríkissjóðs**

| Þjóðhagsgrunnur[1], % af VLF | Reikn. 2017 | Reikn.[2] 2018 | Fjárlög 2019 | Áætlun 2019 | Frumvarp 2020 |
|---|---|---|---|---|---|
| Frumtekjur | 31,9 | 31,1 | 30,7 | 29,8 | 29,6 |
| Frumgjöld | 27,3 | 27,5 | 28,0 | 28,3 | 28,1 |
| **Frumjöfnuður** | **4,6** | **3,6** | **2,7** | **1,5** | **1,6** |
| Vaxtatekjur | 0,6 | 0,4 | 0,4 | 0,3 | 0,3 |
| Vaxtagjöld[3] | 3,4 | 2,7 | 2,1 | 2,1 | 1,9 |
| **Vaxtajöfnuður** | **-2,9** | **-2,3** | **-1,7** | **-1,8** | **-1,6** |
| Heildartekjur | 32,5 | 31,5 | 31,1 | 30,1 | 30,0 |
| Heildargjöld | 30,8 | 30,2 | 30,1 | 30,4 | 29,9 |
| **Heildarjöfnuður** | **1,7** | **1,3** | **1,0** | **-0,3** | **0,0** |

[1] Fjármál ríkissjóðs eru skv. lögum um opinber fjármál sett fram á alþjóðlegum hagskýrslustaðli (GFS) og er hann sá sami og Hagstofa Íslands notar við birtingu þjóðhagsreikninga. Unnið er að samræmingu á gögnum í talnagrunni fjárlaga og eldri gögnum og því kunna eftir atvikum að vera frávik á tekju- og gjaldahlið sem skýrast af breyttri framsetningu.

[2] Bráðabirgðatölur.

[3] Til vaxtagjalda teljast reiknuð vaxtagjöld vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga en þau eru áætluð um 12,8 ma.kr. í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2020.

**Tafla 2** **Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs**

| Greiðslugrunnur, m.kr. | Fjárlög 2019 | Áætlun 2019 | Frumvarp 2020 |
|---|---|---|---|
| ***Rekstrarhreyfingar*** | | | |
| **Innheimta** | **870.569,7** | **843.970,9** | **867.238,9** |
| Skatttekjur | 687.302,7 | 667.421,3 | 702.001,6 |
| Tryggingagjöld | 99.731,0 | 99.390,0 | 101.423,0 |
| Fjárframlög | 5.534,1 | 5.578,9 | 6.105,4 |
| Fjármunatekjur | 9.269,4 | 8.625,9 | 8.328,6 |
| Stöðugleikaframlög | 19.500,0 | 14.800,0 | 0,0 |
| Aðrar tekjur | 49.232,5 | 48.154,8 | 49.380,3 |
| **Greiðslur** | **829.212,0** | **845.941,0** | **880.598,6** |
| Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar | 417.320,5 | 416.899,5 | 452.259,5 |
| Rekstrartilfærslur | 339.851,0 | 357.151,0 | 364.742,6 |
| Fjármagnstilfærslur | 22.053,5 | 21.903,5 | 23.662,5 |
| Fjármagnskostnaður | 49.987,0 | 49.987,0 | 39.934,0 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **41.357,7** | **-1.970,1** | **-13.359,7** |
| ***Fjárfestingarhreyfingar*** | | | |
| Fjárfesting | -43.620,7 | -42.120,7 | -55.316,6 |
| Sala eigna | 560,0 | 670,0 | 673,8 |
| Veitt löng lán | -16.000,0 | -9.000,0 | 0,0 |
| Innheimtar afborganir af veittum lánum | 3.500,0 | 3.500,0 | 3.513,0 |
| Móttekinn arður | 36.250,0 | 37.850,0 | 45.897,2 |
| Fyrirframgreiðsla til LSR | -7.000,0 | -7.000,0 | -7.000,0 |
| Eiginfjárframlög og hlutabréfakaup | -600,0 | -487,0 | -750,0 |
| **Fjárfestingarhreyfingar samtals** | **-26.910,7** | **-16.587,7** | **-12.982,6** |
| **Hreinn lánsfjárjöfnuður** | **14.447,0** | **-18.557,8** | **-26.342,3** |
| ***Fjármögnunarhreyfingar*** | | | |
| Tekin langtímalán | 40.000,0 | 108.600,0 | 40.000,0 |
| Afborganir af teknum lánum | -59.000,0 | -63.500,0 | -120.500,0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar samtals** | **-19.000,0** | **45.100,0** | **-80.500,0** |
| **Breyting á handbæru fé** | **-4.553,0** | **26.542,2** | **-106.842,3** |

**Tafla 3** **Skipting tekna ríkissjóðs**

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Fjárlög 2019 | Áætlun 2019 | Frumvarp 2020 | br. frá fjárl. m.kr. | br. frá fjárl. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **Skatttekjur** | **698.003** | **676.682** | **714.912** | **16.909** | **2,4** |
| Skattar á tekjur og hagnað | 313.900 | 303.200 | 315.800 | 1.900 | 0,6 |
| Tekjuskattur, einstaklingar | 197.100 | 195.700 | 205.900 | 8.800 | 4,5 |
| Tekjuskattur, lögaðilar | 75.000 | 72.500 | 73.500 | -1.500 | -2,0 |
| Sérstakur fjársýsluskattur | 3.800 | 3.800 | 3.900 | 100 | 2,6 |
| Fjármagnstekjuskattur | 38.000 | 31.200 | 32.500 | -5.500 | -14,5 |
| Skattar á launagr. og vinnuafl | 9.033 | 8.995 | 9.465 | 432 | 4,8 |
| Fjársýsluskattur | 3.370 | 3.320 | 3.410 | 40 | 1,2 |
| Aðrir skattar á launagreiðslur og vinnuafl | 5.663 | 5.675 | 6.055 | 392 | 6,9 |
| Eignarskattar | 6.224 | 6.124 | 6.457 | 233 | 3,7 |
| Erfðafjárskattur | 5.100 | 5.000 | 5.200 | 100 | 2,0 |
| Aðrir eignarskattar | 1.124 | 1.124 | 1.257 | 133 | 11,8 |
| Skattar á vöru og þjónustu | 347.107 | 336.965 | 360.855 | 13.748 | 4,0 |
| Virðisaukaskattur | 251.300 | 243.300 | 259.050 | 7.750 | 3,1 |
| Stimpilgjöld | 5.200 | 5.120 | 5.430 | 230 | 4,4 |
| Vörugjöld af ökutækjum | 8.900 | 7.700 | 7.500 | -1.400 | -15,7 |
| Vörugjöld af bensíni | 12.900 | 12.200 | 12.300 | -600 | -4,7 |
| Kolefnisgjald | 5.980 | 5.860 | 6.340 | 360 | 6,0 |
| Olíugjald | 12.100 | 12.300 | 12.600 | 500 | 4,1 |
| Áfengisgjald | 19.650 | 19.390 | 20.150 | 500 | 2,5 |
| Tóbaksgjald | 5.800 | 6.000 | 5.900 | 100 | 1,7 |
| Aðrir umhverfisskattar | 4.810 | 4.810 | 7.212 | 2.402 | 49,9 |
| Önnur vörugjöld | 1.938 | 1.979 | 2.052 | 114 | 5,9 |
| Sértækir þjónustuskattar | 6.721 | 6.611 | 9.336 | 2.615 | 38,9 |
| Kílómetragjald | 1.250 | 1.250 | 1.300 | 50 | 4,0 |
| Bifreiðagjald | 7.650 | 7.550 | 8.605 | 955 | 12,5 |
| Aðrir neyslu og leyfisskattar | 2.908 | 2.894 | 3.080 | 172 | 5,9 |
| Tollar og aðflutningsgjöld | 3.516 | 3.166 | 3.371 | -144 | -4,1 |
| Aðrir skattar | 18.223 | 18.233 | 18.964 | 741 | 4,1 |
| Bankaskattur | 10.100 | 10.100 | 10.450 | 350 | 3,5 |
| Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra | 2.550 | 2.560 | 2.660 | 110 | 4,3 |
| Útvarpsgjald | 4.620 | 4.620 | 4.780 | 160 | 3,5 |
| Ýmsir aðrir skattar | 953 | 953 | 1.074 | 121 | 12,7 |
| **Tryggingagjöld** | **100.847** | **100.200** | **102.371** | **1.524** | **1,5** |
| **Fjárframlög** | **5.534** | **5.579** | **6.105** | **571** | **10,3** |
| **Aðrar tekjur** | **87.642** | **87.438** | **96.066** | **8.424** | **9,6** |
| Eignatekjur | 45.086 | 45.471 | 53.209 | 8.122 | 18,0 |
| Vaxtatekjur | 10.486 | 9.500 | 9.333 | -1.153 | -11,0 |
| Arður og hluti af tekjum ríkisfyrirtækja | 27.450 | 29.050 | 36.597 | 9.147 | 33,3 |
| Veiðigjald | 7.033 | 6.803 | 7.153 | 120 | 1,7 |
| Aðrar eignatekjur | 117 | 117 | 125 | 8 | 6,6 |
| Sala á vöru og þjónustu | 33.272 | 32.846 | 36.093 | 2.821 | 8,5 |
| Sektir og skaðabætur | 3.036 | 2.563 | 3.210 | 174 | 5,7 |
| Fjármagnstilfærslur | 1.404 | 1.404 | 1.568 | 164 | 11,7 |
| Ýmsar tekjur | 284 | 284 | 313 | 29 | 10,4 |
| Sala eigna | 4.560 | 4.870 | 1.674 | -2.886 | -63,3 |
| **Heildartekjur ríkissjóðs** | **892.026** | **869.899** | **919.455** | **27.429** | **3,1** |
| þ.a. skatttekjur og tryggingagjöld | 798.850 | 776.882 | 817.283 | 18.433 | 2,3 |
| **Sjóðshreyfing** | **907.380** | **882.491** | **913.810** | **6.430** | **0,7** |

**Tafla 4** **Hagræn skipting útgjalda A-hluta ríkissjóðs[1]**

| Rekstrargrunnur - m.kr. | Reikn. 2017 | Reikn. 2018 | Fjárlög 2019 | Áætlun 2019 | Frumvarp 2020 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarframlög** | **413.114** | **452.389** | **461.897** | **464.072** | **500.067** |
| Laun og launatengd gjöld | 191.541 | 210.877 | 223.296 | 224.921 | 233.063 |
| Lífeyrisskuldbindingar[2] | 54.418 | 54.254 | 42.833 | 42.833 | 56.281 |
| Önnur gjöld | 167.155 | 187.258 | 195.768 | 196.318 | 210.723 |
| **Fjármagnskostnaður** | **81.357** | **63.682** | **47.625** | **47.625** | **44.553** |
| **Rekstrartilfærslur** | **293.693** | **337.531** | **357.607** | **374.907** | **381.822** |
| Lífeyristryggingar | 104.564 | 113.561 | 124.749 | 132.749 | 134.524 |
| Sjúkratryggingar | 34.392 | 38.139 | 40.609 | 41.659 | 41.945 |
| Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð | 17.161 | 19.792 | 21.309 | 21.809 | 22.558 |
| Jöfnunarsjóður sveitarfélaga | 18.523 | 19.348 | 20.698 | 20.698 | 21.505 |
| Afskriftir skattkrafna[2] | 9.491 | 25.191 | 17.756 | 17.756 | 17.079 |
| Atvinnuleysistryggingasjóður | 10.814 | 13.186 | 17.442 | 23.442 | 27.143 |
| Greiðslur vegna búvöruframleiðslu | 13.818 | 13.922 | 14.240 | 14.240 | 14.503 |
| Fæðingarorlof | 10.587 | 12.296 | 13.681 | 14.981 | 15.491 |
| Barnabætur | 9.562 | 10.606 | 12.100 | 12.100 | 13.100 |
| Lánasjóður íslenskra námsmanna | 7.967 | 6.495 | 8.248 | 8.248 | 4.158 |
| Húsnæðisbætur | 5.250 | 6.129 | 6.168 | 6.468 | 6.218 |
| Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða | 4.109 | 4.540 | 4.904 | 4.904 | 5.255 |
| Vaxtabætur | 4.405 | 3.042 | 3.400 | 2.900 | 3.400 |
| Aðrar rekstrartilfærslur | 43.051 | 51.283 | 52.302 | 52.952 | 54.944 |
| **Fjármagnstilfærslur** | **17.218** | **20.708** | **21.387** | **21.237** | **22.996** |
| Leiguíbúðir | 4.342 | 3.560 | 3.703 | 3.703 | 3.736 |
| Framkvæmdasjóður aldraðra | 109 | 817 | 1.938 | 1.938 | 1.938 |
| Ofanflóðasjóður | 1.406 | 1.439 | 1.067 | 1.067 | 1.061 |
| Framkvæmdasjóður ferðamannastaða | 625 | 641 | 524 | 524 | 514 |
| Rannsóknir og nýsköpun | 10.173 | 12.093 | 11.823 | 11.673 | 13.521 |
| Annað | 564 | 2.159 | 2.331 | 2.331 | 2.226 |
| **Fjárfestingarframlög[3]** | **29.086** | **30.681** | **43.711** | **42.211** | **55.407** |
| Vegagerðin | 19.458 | 22.584 | 24.953 | 24.953 | 28.377 |
| Háskóli Íslands | 937 | 647 | 1.201 | 1.201 | 1.591 |
| Bygging sjúkrahúss á lóð Landspítalans | 1.913 | 2.459 | 4.740 | 3.240 | 8.507 |
| Framkvæmdir á Alþingisreit | 198 | 106 | 104 | 104 | 1.600 |
| Annað | 6.580 | 4.885 | 12.713 | 12.713 | 15.332 |
| **Samtals heildargjöld** | **834.468** | **904.991** | **932.227** | **950.052** | **1.004.845** |
| **Samtals frumgjöld** | **753.111** | **841.309** | **884.602** | **902.427** | **960.292** |

[1] Útgjöldin eru hér sett fram samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli í samræmi við framsetningu fjárheimilda í lagagrein 3 í þessu frumvarpi. Í 1. grein frumvarpsins eru útgjöldin hins vegar sett fram samkvæmt staðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um framsetningu opinberra fjármála (GFS). Um muninn á framsetningu útjalda samkvæmt þessu stöðlum er fjallað í viðauka með greinargerð frumvarpsins.

[2] Innleiðing IPSAS reikningsskilastaðals í ríkisreikningi fyrir árið 2017 leiðir til breyttrar meðferðar lífeyrisskuldbindinga og afskrifta skattkrafna. Í ríkisreikningi 2017 og 2018 voru afskriftir skattkrafna færðar sem önnur gjöld. Unnið er að samræmingu á framsetningu í fjárlögum og ríkisreikningi.

[3] Fjárfestingarframlög eru ekki gjaldfærð í ríkisreikningi heldur verða þau eignfærð og afskrifuð yfir líftíma viðkomandi eignar.

**Tafla 5** **Útgjöld A-hluta ríkissjóðs eftir málefnasviðum[1]**

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Reikn.[2] 2017 | Reikn.[2] 2018 | Fjárlög 2019 | Áætlun 2019 | Frumvarp 2020 |
|---|---|---|---|---|---|
| 01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess | 4.731 | 5.269 | 5.148 | 5.148 | 6.890 |
| 02 Dómstólar | 2.434 | 3.058 | 3.307 | 3.307 | 3.384 |
| 03 Æðsta stjórnsýsla | 2.074 | 2.344 | 2.354 | 2.354 | 2.908 |
| 04 Utanríkismál | 8.751 | 9.367 | 11.208 | 10.958 | 12.495 |
| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla | 22.053 | 27.079 | 29.685 | 29.985 | 31.365 |
| 06 Hagskýrslugerð og grunnskrár | 1.699 | 4.013 | 3.896 | 3.896 | 4.058 |
| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar | 13.083 | 15.336 | 14.905 | 14.755 | 16.618 |
| 08 Sveitarfélög og byggðamál | 18.723 | 21.760 | 22.941 | 22.941 | 23.804 |
| 09 Almanna- og réttaröryggi | 26.728 | 28.531 | 30.188 | 30.388 | 31.009 |
| 10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála | 15.952 | 16.248 | 14.708 | 16.318 | 16.543 |
| 11 Samgöngu- og fjarskiptamál | 33.377 | 41.450 | 43.141 | 44.341 | 47.642 |
| 12 Landbúnaður | 16.488 | 16.041 | 16.429 | 16.429 | 16.660 |
| 13 Sjávarútvegur og fiskeldi | 6.407 | 6.381 | 6.688 | 6.928 | 7.292 |
| 14 Ferðaþjónusta | 1.921 | 2.022 | 2.276 | 2.276 | 2.006 |
| 15 Orkumál | 3.704 | 4.012 | 4.176 | 4.176 | 4.488 |
| 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj.sýsla atv.mála | 4.177 | 4.295 | 4.594 | 4.594 | 4.768 |
| 17 Umhverfismál | 15.284 | 18.925 | 19.016 | 19.016 | 20.455 |
| 18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál | 12.545 | 14.240 | 15.521 | 15.521 | 16.122 |
| 19 Fjölmiðlun | 4.186 | 4.391 | 4.711 | 4.711 | 5.315 |
| 20 Framhaldsskólastig | 29.205 | 31.095 | 35.141 | 35.141 | 36.332 |
| 21 Háskólastig | 41.784 | 42.451 | 46.877 | 47.102 | 45.172 |
| 22 Önnur skólastig og stjórns. mennta- og menn.mála | 5.131 | 5.445 | 5.327 | 5.327 | 5.419 |
| 23 Sjúkrahúsþjónusta | 88.418 | 98.256 | 100.682 | 103.532 | 108.958 |
| 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa | 49.234 | 53.405 | 53.397 | 54.097 | 56.880 |
| 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta | 42.571 | 46.540 | 50.847 | 50.847 | 56.759 |
| 26 Lyf og lækningavörur | 19.904 | 22.552 | 25.657 | 25.157 | 26.753 |
| 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks | 56.710 | 61.481 | 68.678 | 71.178 | 74.407 |
| 28 Málefni aldraðra | 66.932 | 74.188 | 79.927 | 85.927 | 85.309 |
| 29 Fjölskyldumál | 29.434 | 32.365 | 37.332 | 38.632 | 40.888 |
| 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi | 17.279 | 20.204 | 24.676 | 33.476 | 34.678 |
| 31 Húsnæðisstuðningur | 14.299 | 12.969 | 13.412 | 13.212 | 13.497 |
| 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála | 9.182 | 9.852 | 10.298 | 10.298 | 11.085 |
| 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldb. | 136.234 | 118.086 | 90.568 | 90.568 | 100.944 |
| 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir | 9.491 | 25.191 | 28.656 | 21.656 | 28.299 |
| 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna | 4.346 | 6.152 | 5.860 | 5.860 | 5.646 |
| **Samtals** | **834.468** | **904.991** | **932.227** | **950.052** | **1.004.845** |

[1] Útgjöldin eru hér sett fram samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli í samræmi við framsetningu fjárheimilda í lagagrein 3 í þessu frumvarpi. Í 1. grein frumvarpsins eru útgjöldin hins vegar sett fram samkvæmt staðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um framsetningu opinberra fjármála (GFS). Um muninn á framsetningu útjalda samkvæmt þessu stöðlum er fjallað í viðauka með greinargerð frumvarpsins.

[2] Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

**Tafla 6** **Eignir og skuldir A-hluta ríkissjóðs**

| Stöðutölur í m.kr. á verðlagi í lok hvers árs | 2016 | 2017 | 2018 | Áætlun 2019 | Frumvarp 2020 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Skuldir ríkissjóðs** | **1.128.471** | **916.570** | **840.924** | **891.588** | **819.950** |
| Ríkisbréf, ríkisvíxlar og spariskírteini | 676.374 | 683.676 | 676.996 | 668.538 | 639.696 |
| Vegna eiginfjárframlags til fjármálastofnana* | 200.214 | 69.985 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrir innlendir aðilar | 49.934 | 46.817 | 39.319 | 34.673 | 31.585 |
| Lántaka vegna gjaldeyrisforða | 201.949 | 116.092 | 124.609 | 188.377 | 148.669 |
| Önnur erlend lán | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Kröfur ríkissjóðs** | **262.482** | **167.285** | **151.399** | **155.500** | **159.200** |
| Veitt lán | 158.355 | 88.741 | 70.699 | 74.800 | 78.500 |
| Viðskiptareikningur, nettó | 104.127 | 78.544 | 80.700 | 80.700 | 80.700 |
| **Hreinar lántökur ríkissjóðs** | **865.989** | **749.284** | **689.525** | **736.088** | **660.750** |
| Handbært fé vegna gjaldeyrisvaraforða | 185.972 | 81.800 | 87.100 | 153.600 | 114.600 |
| Handbært fé, annað, nettó | 88.275 | 84.378 | 113.423 | 76.600 | 35.000 |
| **Hrein staða ríkissjóðs** | **-591.742** | **-583.106** | **-489.002** | **-505.888** | **-511.150** |
| Hlutafé, eignarhlutir, stofnfé og stöðugleikaframlög | 502.680 | 859.822 | 909.642 | 910.242 | 910.842 |
| **Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna** | **-89.062** | **276.716** | **420.640** | **404.354** | **399.692** |
| **Skuldir ríkissjóðs m.v. skuldareglu** | **854.224** | **750.392** | **640.401** | **653.188** | **670.350** |
| *Í hlutfalli af VLF (%)* | | | | | |
| **Skuldir ríkissjóðs** | **45,3** | **35,0** | **30,0** | **30,9** | **26,7** |
| **Kröfur ríkissjóðs** | **10,5** | **6,4** | **5,4** | **5,4** | **5,2** |
| **Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna** | **-3,6** | **10,6** | **15,0** | **14,0** | **13,0** |
| **Skuldir ríkissjóðs m.v. skuldareglu** | **34,3** | **28,7** | **22,8** | **22,6** | **21,8** |

**Skuldabréf útgefið til Seðlabanka Íslands meðtalið.*

## Tafla 7

| | Fjárlög 2019 [1] | Endurmat 2019 [2] | Frumvarp 2020 [2] |
|---|---|---|---|
| **I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %** | | | |
| Einkaneysla | 3,9 | 2,4 | 2,8 |
| Samneysla | 2,1 | 1,9 | 1,3 |
| Fjárfesting | 4,9 | -5,7 | 6,2 |
| Þjóðarútgjöld alls | 3,8 | 0,5 | 3,1 |
| Útflutningur vöru og þjónustu | 2,7 | -2,5 | 2,5 |
| Innflutningur vöru og þjónustu | 5,1 | -1,2 | 3,6 |
| Verg landsframleiðsla | 2,7 | -0,2 | 2,6 |
| Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu | 1,5 | 1,2 | 0,6 |
| **II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %** | | | |
| Vísitala neysluverðs | 2,9 | 3,4 | 3,2 |
| Launavísitala | 6,0 | 5,6 | 5,5 |
| Gengisvísitala | 0,3 | 7,8 | 0,2 |
| Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla | 3,3 | 3,7 | 3,8 |

[1] Þjóðhagsspá í júní 2018

[2] Þjóðhagsspá í maí 2019

**Tafla 8**

| | Fjárlög 2019 [1] | Endurmat 2019 [2] | Frumvarp 2020 [2] |
|---|---|---|---|
| **Helstu þjóðhagsstærðir, ma. kr.** | | | |
| Einkaneysla | 1.491,6 | 1.510,7 | 1.605,4 |
| Samneysla | 672,2 | 709,0 | 745,3 |
| Fjárfesting | 650,5 | 615,9 | 675,9 |
| Þjóðarútgjöld alls | 2.814,3 | 2.835,5 | 3.026,7 |
| Útflutningur vöru og þjónustu | 1.329,0 | 1.383,2 | 1.449,4 |
| Innflutningur vöru og þjónustu | 1.273,9 | 1.328,7 | 1.406,5 |
| Verg landsframleiðsla | 2.869,4 | 2.890,0 | 3.069,7 |
| Viðskiptajöfnuður | 43,0 | 33,5 | 18,4 |

[1] Þjóðhagsspá í júní 2018

[2] Þjóðhagsspá í maí 2019